SÓLVEIG GUÐMUNDSDÓTTIR

*Var fljót að styrkjast*

heilsa bílar ferðir

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




CATE BLANCHETT

## Stórleikkonan naut lífsins á Íslandi

Keypti íslenska hönnun á Búðum

FÓLK 38






FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

9. ágúst 2006 — 211. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

### Tilbreyting af hinu góða

Erna Kaaber hefur ákveðið að söðla um og opna tvo veitingastaði ásamt fleira fólki. Markmiðið er að framleiða hollan skyndibita og verður aðaláherslan lögð á fisk.

TÍMAMÓT 24

### Söng fyrir Eyrúnu

Eyrun Huld var viðstödd þegar Magni söng í Rock Star í nótt. Hann segir heimsókn fjölskyldunnar það besta sem hafi komið fyrir sig síðustu fimm vikurnar. „Ég er fyrst og fremst fjölskyldufaðir,“ sagði Magni.



FÓLK 33

### Veigar Páll áfram í Stabæk

Landsliðsmaðurinn Veigar Páll Gunnarsson hefur framlengt samning sinn við norska úrvalsdeildarliðið Stabæk til ársins 2009. Mörg lið víða um Evrópu hafa sýnt honum áhuga undanfarnar vikur en ekkert tilboð hefur enn borist í hann.



ÍÞRÓTTIR 34

### Friðarboðskapur við Tjörnina

Í kvöld verður árleg kertafleyting til minningar um fórnarlömb kjarnorkuárásanna á Hiroshima og Nagasaki við Reykjavíkurtjörn. Ræðumaður kvöldsins er Guðrún Margrét Guðmundsdóttir mannfræðingur, sem fjallar um stríðsmenningu og ástandið í Líbanon.

MENNING 28

### VEÐRIÐ Í DAG




**BEST SUNNAN TIL** - Í dag verður hæg breytileg átt. Léttskýjað sunnan og vestan til, hálfskýjað á Norðurlandi en skýjað og dálítil væta í fyrstu austan til.

VEÐUR 4

# Umfang olíusamráðs verður minna hjá Ríkissaksóknara

**Meðferð Ríkissaksóknara á samráði olíufélaganna lýkur í haust. Engin fordæmi eru fyrir því að einstaklingar séu sóttir til saka fyrir brot af þessu tagi. Umfangið verður minna en hjá samkeppnisyfirvöldum.**

**SAMRÁÐ** Búast má við því að umfang málsmeðferðar vegna samráðs olíufélaganna verði umtalsvert minna þegar niðurstaða liggur fyrir hjá Ríkissaksóknara, miðað við niðurstöðu Samkeppniseftirlits.

Þetta staðfesti Helgi Magnús Gunnarsson lögfræðingur, sem unnið hefur að málinu. Málsmeðferð hjá Ríkissaksóknara lýkur á haustmánuðum. „Það má búast við því að málið verði umtalsvert minna um sig heldur en það var í meðferð samkeppnisyfirvalda. Eðli málsins samkvæmt, er meðferð opinberra mála allt önnur en meðferð mála hjá samkeppnisyfirvöldum. Meginmunurinn liggur í því að það eru gerðar meiri kröfur í opinberum málum. Þess vegna verður umfang málsins minna,“ segir Helgi Magnús.

Hinn 28. október 2004 úrskurðaði samkeppnisráð að olíufélögin, sem til rannsóknar höfðu verið, skyldu greiða sektir upp á 2,6 milljarða króna fyrir brot á samkeppnislögum. Þremur mánuðum síðar var upphæðin lækkuð í 1,5 milljarða króna. Sektir Kers og Olíufélagsins voru lækkaðar, þar sem félögin störfuðu með samkeppnisyfirvöldum á meðan. Sektir sem Skeljungur hlaut voru ekki lækkaðar þar sem félagið sýndi ekki vilja til samstarfs við samkeppnisyfirvöld.

Bogi Nilsson ríkissaksóknari segir eðlilegt að einn maður hafi umsjón með samráðsmálinu sem er til meðferðar hjá embættinu. „Það er mikilvægt að samfellu sé haldið í málum af þessu tagi og þess vegna verður einn maður að hafa yfirumsjón með málinu. Síðan eru reglulegir samráðsfundir þar sem aðrir starfsmenn koma sínum sjónarmiðum á framfæri.“

Mál af þessari tegund hafa ekki komið inn á borð Ríkissaksóknara áður og segir Helgi Magnús brýnt að vandað verði til verka eftir fremsta megni. „Þetta er umfangsmikið og flókið mál sem mikilvægt er að fái vandaða málsmeðferð. Í nágrannalöndum okkar eru ekki fordæmi fyrir því að einstaklingar séu sóttir til saka vegna brota af þessu tagi, heldur eru það alltaf fyrirtækin sjálf. En það liggur ekki fyrir hver niðurstaðan verður í þessu máli.“ **- mh**



**KÁTIR SKÁTAR SKÝLA SÉR FYRIR RIGNINGUNNI** Alþjóðlegt ferðamót skáta, Nordjamb 2006, var sett í gærmorgun við Perluna. Bandalag íslenskra skáta stendur fyrir mótinu, sem er ætlað skátum á aldrinum 15 til 25 ára. Alls taka um 260 manns þátt í mótinu og þar af eru 230 erlendir skátar sem koma frá tíu þjóðlöndum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Norskur blaðamaður:

## Skáldaði viðtöl við frægt fólk

**NOREGUR, AP** Norski blaðamaðurinn Björn Benkow hefur viðurkennt að hafa skáldað upp viðtöl við frægt fólk á borð við Bill Gates og Oprah Winfrey. Viðtölin voru meðal annars birt í norska blaðinu Aftenposten.



BILL GATES

„Ég hef hitt og rætt við þessar heimsþekktu stjörnur, en aðstæðurnar og uppgefinn tími hafa ekki alltaf verið eins og ég lýsti þeim,“ sagði Benkow, en fjárhagskröggur munu hafa leitt hann út í að taka sér þetta skáldaleyfi.

Upp komst um málið þegar talsmaður Gates sagði tölvusnillinginn hvorki hafa rætt við Benkow né verið farþega í flugvélinni þar sem viðtalið átti að hafa verið tekið. **- smk**

Kennurum á Austurlandi bjóðast betur launuð störf við álverið á Reyðarfirði:

# Munar 1,5 milljónum á ári

**ATVINNUMÁL** Ekki hefur gengið að manna allar kennarastöður í grunnskólanum á Egilsstöðum, meðal annars vegna þess að kennurum skólans hafa boðist betur launuð störf við álverið á Reyðarfirði.

Róbert Gunnarsson, skólastjóri Egilsstaðaskóla, segir þessa stöðu ekki góða fyrir skólann en búið er að auglýsa kennarastöður við skólann án þess að náðst hafi að manna þær allar. Róbert segir þensluna á svæðinu setja strik í reikninginn en vonast til að ástandið lagist og að betur fari að ganga að fá kennara til starfa.

Þóroddur Helgason, skólastjóri Grunnskóla Reyðarfjarðar, segist hafa misst einn kennara yfir til Alcoa í fyrra og annan í starf hjá fjármálafyrirtæki sem tengist þenslunni á svæðinu.

Björgvin Valur Guðmundsson, kennari við Grunnskólann á Stöðvarfirði, segir að fari hann að starfa við álverið á Reyðarfirði bjóðist honum launahækkun upp á 1,5 milljónir árlega. „Hér er ég að miða við starf sem iðnaðarmaður hjá Alcoa,“ segir Björgvin, sem skilur vel að kennarar skoði störf hjá Alcoa vegna launamunarins.

„Grunnlaun mín yfir sumarið sem kennari eru um 190 þúsund á mánuði en með tölvuumsjón yfir veturinn næ ég mánaðarlaunum upp í 290 þúsund krónur.“ Björgvin segir að sem iðnaðarmaður hjá Alcoa myndi hann þéna rúmlega 400 þúsund krónur á mánuði.

Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambands Íslands, sagði það gömul sannindi og ný að þegar betur launuð störf byðust á almennum markaði hyrfu kennarar til annarra starfa en kæmu svo oft aftur í kennslu þegar harðnaði á dalnum. Eiríkur segir þetta sönnun þess að skólar verði að vera samkeppnishæfir í launum til að halda starfsfólki sínu. **- hs**

> **Markaðurinn**

*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG








## SPURNING DAGSINS

*Albert Þór, er sláttur á ykkur?*

„Það er stöðugur sláttur á okkur"

Albert Þór Magnússon, framkvæmdastjóri Atlantsolíu, vill heimila sölu litaðs bensíns á bensínstöðvum. Rökin séu meðal annars þau að fólk noti bensín á sláttuvélar.

Afgreiðsla tillögu um skiptingu menntaráðs gagnrýnd af minnihluta:

# Ólýðræðisleg vinnubrögð

**STJÓRNSÝSLA** Borgarfulltrúar Samfylkingar, Vinstri grænna og Frjálslyndra saka meirihlutaflokkana í borgarstjórn um ólýðræðisleg og ófagleg vinnubrögð við afgreiðslu tillögu um að skipta menntaráði í tvennt með því að aðskilja leikskólastig frá grunnskólastigi.

Borgarráð sendi tillöguna til stjórnkerfisnefndar í júlí þaðan sem hún var send menntaráði til umsagnar í seinustu viku. Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær var afgreiðsla umsagnarinnar í menntaráði gagnrýnd af fulltrúum minnihlutans vegna skorts á upplýsingum og fyrirvara. Sú umsögn var tekin fyrir á fundi stjórnkerfisnefndar í gærmorgun og verður síðan rædd í borgarráði á fimmtudaginn.

Gísli Marteinn Baldursson, formaður borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokks og formaður stjórnkerfisnefndar, segir viðbrögð minnihlutans valda sér vonbrigðum. „Í staðinn fyrir að fjalla efnislega um breytinguna er einblínt á aðferðirnar." Gísli segir að á öllum stigum málsins hafi fullt tillit verið tekið til þess sem minnihlutinn fór fram á nema það væri tillögur eingöngu ætlaðar til að tefja málið. „Ef við færum eftir þeim öllum þá værum við að afgreiða þetta mál eftir jól og það er engum greiði gerður með því að hafa þetta í óvissu allan þennan tíma." - sdg



**GÍSLI MARTEINN BALDURSSON** Segir nauðsynlegt að keyra málið í gegn en tillit sé tekið til allra sjónarmiða.

Evrópusambandið:

## Lekar hamla góðu starfi

**FINNLAND, AP** Finnski utanríkisráðherrann Erkki Tuomioja sakaði fulltrúa aðildarlanda Evrópusambandsins í gær um að leka mikilvægum upplýsingum til annarra landa. Löndin sem hann hafði mestar áhyggjur af voru Ísrael, Rússland og Bandaríkin.

„Það hefur lengi verið vitað að öll skjöl ESB, sem hafa með Mið-Austurlönd að gera, eru þekkt í Tel Aviv innan við klukkustund eftir að þeim hefur verið dreift til aðildarlandanna, og sennilega líka í Moskvu og í Washington," skrifaði Tuomioja í grein sem birt var í Hufvudstadsbladet. Finnar sitja nú í forsæti í ESB. - smk

# Löggæslumyndavélar verði við þjóðvegina

**Ákveðið hefur verið að setja upp löggæslumyndavélar við þjóðvegina. Fyrstu vélarnar verða settar upp á næstu vikum. Myndavélarnar geta bjargað mannslífum, segir yfirlögregluþjónn. Stefnt er að uppsetningu víðs vegar um landið.**

**HRAÐAKSTUR** Ákveðið hefur verið að setja upp löggæslumyndavélar við þjóðvegi landsins til þess að herða eftirlit með hraðakstri. Fyrstu löggæsluvélarnar verða settar upp við veginn á milli Hvalfjarðarganga og Borgarness á næstu vikum.

Auður Þóra Árnadóttir, forstöðumaður umferðardeildar Vegagerðarinnar, segir undirbúning hafinn að uppsetningu löggæslumyndavélanna. „Við ætlum okkur að setja upp myndavélar við þjóðvegi landsins til þess að draga úr umferðarhraða þar sem slys eru tíð. Hingað komu norskir sérfræðingar til þess að skoða aðstæður. Búnaðurinn verður fenginn frá Noregi og verður byrjað að setja hann upp á næstu vikum."



**AUÐUR ÞÓRA ÁRNADÓTTIR**

Ekki hefur enn verið ákveðið hversu margar vélar verða settar upp við þjóðvegina en Auður Þóra segir langtímamarkmið vera að setja vélarnar upp víðs vegar um landið. „Það hefur verið ákveðið að setja myndavélarnar upp með það að markmiði að draga úr hraðakstri og þar með slysum. Uppsetning þessara myndavéla er fyrsta skrefið af mörgum," segir Auður Þóra.

Guðbrandur Sigurðsson, varðstjóri í umferðardeild lögreglunnar í Reykjavík, fagnar því að myndavélarnar verði settar upp. Hann segir reynslu af vélunum innan borgar- og bæjarmarka góða. „Löggæslumyndavélar koma aldrei í staðinn fyrir sýnilega mannaða löggæslu en þær gegna mikilvægu hlutverki og geta komið í veg fyrir slys og dregið úr umferðarhraða. Myndavélarnar auðvelda störf lögreglu og fá ökumenn til þess að aka með skynsamlegri hætti. Við höfum notast við myndavélar innanbæjar um nokkurt skeið og reynslan af þeim er afar góð."

Jón Bjartmarz, yfirlögregluþjónn hjá embætti Ríkislögreglustjóra, vonast til þess að löggæslumyndavélar verði settar upp á öllum þeim stöðum þar sem hraðakstur hefur verið viðvarandi vandi. „Unnið verður áfram að því að finna út úr því hvar er mest þörf á því að lækka hraðann. Myndavélarnar hafa skilað miklum árangri þar sem þær hafa verið í notkun og það er ekki nokkur vafi á því að þær geta dregið úr umferðarhraða, fækkað slysum og bjargað mannslífum."

Tólf hafa látist í umferðarslysum það sem af er ári. Alls létust nítján í sextán umferðarslysum á síðasta ári en samtals hafa 235 látist í umferðarslysum hér á landi frá því árið 1996. magnush@frettabladid.is



**AF VETTVANGI UMFERÐARSLYSS** Tólf hafa látist í umferðarslysum það sem af er ári en á þriðja hundrað hafa látist í 193 umferðarslysum frá árinu 1996. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Meintir brennuvargar handteknir í gær:

# Eldarnir af mannavöldum

**SPÁNN** Fimm menn eru í haldi lögreglunnar í Galisíu á Spáni, grunaðir um að hafa komið skógareldum af stað. Spænska dagblaðið Diario Vasco hefur eftir yfirmanni umhverfismála á Spáni að um íkveikjur sé að ræða og að merkja megi „nýja aðferðafræði" brennuvarganna, en hún lýsir sér í því að litlir eldar eru kveiktir á dreifðu svæði með það að sjónarmiði að vindar sameini þá í einu stóru báli.

Alls eru um fimm þúsund hektarar sviðnir eftir skógareldana sem hafa geisað síðan á föstudaginn og þrjár manneskjur hafa látist. Í gær loguðu enn 67 eldar í Galisíu og hvassviðri gerði slökkviliðsmönnum erfitt fyrir að slökkva þá. Við bætist að þurrkar hafa hrjáð svæðið síðustu fimm ár.

Að meðaltali kvikna um 12.000 skógareldar í Galisíu árlega, en níu af hverjum tíu þeirra eru líklega kveiktir af ráðnum hug. Brennuvargar eru sumir haldnir einfaldri skemmdarfýsn, en einnig mun algengt að fólk grípi til þessa ráðs í von um endurskipulagningu landrýmis, til dæmis til að fá skóglendi breytt í land til ræktunar.

Í Katalóníu loguðu einnig sjö eldar í gær, en ekki er vitað hvort upptök þeirra megi rekja til brennuvarga. - kóþ



**SKÓGARVÖRÐUR Í GALISÍU** Litlir eldar virðast vera kveiktir á mörgum stöðum á dreifðu svæði til að þeir sameinist í einu stóru báli. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**FYRIR UTAN HÉRAÐSDÓM** Jón Ásgeir á að mæta í yfirheyrslu 16. ágúst.

Jón Ásgeir Jóhannesson:

## Yfirheyrður eftir viku

**BAUGSMÁL** Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, forstjóra Baugs Group hf., hefur verið gert að mæta í yfirheyrslu hjá Ríkislögreglustjóra 16. ágúst næstkomandi, samkvæmt lögmanni hans, Gesti Jónssyni. Yfirheyrt verður vegna meintra brota á skattalögum, lögum um bókhald og lögum um ársreikninga, í tengslum við rekstur Baugs Group hf, Fjárfestingafélagsins Gaums og Fjárfars ehf., á árunum 1998 til 2002.

Samkvæmt upplýsingum frá Ríkislögreglustjóra tengjast meint brot ekki efnisatriðum málsins sem tekið verður til efnismeðferðar í Héraðsdómi Reykjavíkur í haust. - mh

Kjaftasögur á vinnustað:

## Flestir slúðra

**SVÍÞJÓÐ** Slúður fyrirfinnst á 99 af hverjum 100 vinnustöðum, að því er kemur fram í nýrri sænskri rannsókn sem gerð var af sænska tímaritinu Du&Jobbet.

Vinsælasta slúðurefnið er samstarfsmenn sem vinna ekki nóg, en 57 prósent alls vinnustaðaslúðurs fellur undir þann flokk. Óhæfir og óréttlátir yfirmenn eru í öðru sæti, en 55 prósent slúðra um það.

Fjörutíu og sex prósent slúðra um samstarfsmenn sem koma of seint, 42 prósent um fólk sem sinnir einkaerindum í vinnutíma, 37 prósent um fólk sem er öðruvísi, 19 prósent um einkalíf annarra og 12 prósent um hver daðrar við hvern á vinnustaðnum. - smk

Banaslysið á Suðurlandsvegi:

## Nafn konunnar sem lést

Konan sem lést í umferðarslysi á Suðurlandsvegi, við Langastaði í Flóahreppi, aðfaranótt mánudagsins 7. ágúst síðastliðinn hét Rósa Björg Guðmundsdóttir. Hún var til heimilis að Vallarási 1 í Reykjavík.



**RÓSA BJÖRG GUÐMUNDSDÓTTIR**

Rósa Björg var fædd 4. apríl árið 1970 og var því 36 ára. Hún var ókvænt og barnslaus.

Fleiri fuglaflensutilvik:

## Tveir létust í Indónesíu

**INDÓNESÍA, AP** Alls má rekja 44 dauðsföll í Indónesíu til fuglaflensu eftir að tveir sextán ára unglingar létust þar nýverið, annar í gær og hinn í fyrradag. Annar piltanna hafði verið greindur með taugaveiki og sendur heim af læknum. Fjórum dögum síðar komst á kreik grunur um fuglaflensusýkingu, en þá var allt um seinan.

Í þorpi piltsins sem lést á mánudaginn eru hænsni alin í búrum og móðir hans sagðist einungis hafa heyrt fuglaflensu getið í sjónvarpinu. Nágranni hennar gagnrýndi yfirvöld fyrir að uppfræða ekki almenning um áhættuvalda fuglaflensusýkingar í mönnum. - kóþ

Nýjar mælingar í Noregi:

## Klaufdýr enn geislavirk

**NOREGUR** Þótt tuttugu ár séu liðin frá kjarnorkuslysinu í Tsjernóbyl í Úkraínu mælist enn geislavirkni í klaufdýrum í Noregi. Þetta kemur fram í frétt norska blaðsins Aftenposten.

Klaufdýr eru geislamæld árlega þar í landi og í nýjustu mælingunum fannst geislavirkni bæði í kjöti og mjólk kúa, geita og kinda. Engin ástæða mun þó vera til að hafa áhyggjur, því heilbrigðisyfirvöld fylgjast grannt með og grípa í taumana fari geislavirknin yfir ákveðin mörk, að sögn Anne Liv Rudjord sem starfar sem sérfræðingur hjá geislavörnum norska ríkisins.

Yfir tveimur milljónum klaufdýra hefur verið fargað vegna geislamengunar í Noregi frá árinu 1986. - smk

Bakteríur í Eystrasalti:

## Kólera við Svíþjóðarstrendur

**SVÍÞJÓÐ** Í sjónum meðfram mestallri strandlengju Svíþjóðar er nú að finna kólerubakteríur, sem þegar hafa sýkt nokkra. Sænskir læknar ráða fólki með opin sár frá sjóböðum, að því er greint er frá á fréttavef Jótlandspóstsins danska.

Fimmtug sænsk kona var í síðustu viku lögð inn á sjúkrahús í Blekinge smituð af kóleru. Hún var fjórða tilfellið sem fréest hefur af.

Ástæður kólerufaraldursins eru helst raktar til þess hve heitt hefur verið í veðri á þessum slóðum í sumar, en það hefur stuðlað að miklum þörungagróðri í sjónum sem er gróðrarstía fyrir bakteríur. - aa

## DANMÖRK:

**Ræðst á hjólreiðafólk** Kona á reiðhjóli var stungin með hníf í Kaupmannahöfn síðastliðið fimmtudagskvöld, þegar ókunnur maður á skellinöðru stakk hana í bakið um leið og hann þeysti fram hjá henni. Óttast lögregla að gerandinn hafi ráðist á fleiri konur með þessum hætti.




GOTT FÓLK McCANN

**LEIKUR ÁN FORDÓMA**

# ÍSLAND:SPÁNN

| | Forsala til og með 14. ágúst | Miðaverð á leikdag 15. ágúst |
|---|---|---|
| Sæti á rauðu eða bláu svæði | 2.500 kr. | 3.000 kr. |
| Sæti á grænu svæði | 1.000 kr. | 1.500 kr. |
| Stæði | 800 kr. | 1.000 kr. |

**Miðar geta selst upp í forsölu.**
**50% afsláttur fyrir 16 ára og yngri** í hvaða sæti eða stæði sem er.

Hver aðgöngumiði í stúku er merktur ákveðnu sæti. Sem fyrr er hægt að kaupa barnamiða í hvaða sæti sem er.

Athugið að reykingar eru stranglega bannaðar í báðum stúkum.
Öll meðferð áfengis er óheimil og eins að fara með drykkjarföng inn á völlinn.

KSÍ *Alltaf í boltanum*

FIFA *For the Good of the Game*

midi.is

*Alltaf í boltanum með KSÍ*

*Allir á völlinn.*
*Áfram Ísland!*

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 08.8.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 70,63 | 70,97 |
| Sterlingspund | 134,56 | 135,22 |
| Evra | 90,72 | 91,22 |
| Dönsk króna | 12,156 | 12,228 |
| Norsk króna | 11,465 | 11,533 |
| Sænsk króna | 9,879 | 9,937 |
| Japanskt jen | 0,6133 | 0,6169 |
| SDR | 105,23 | 105,85 |

*Gengisvísitala krónunnar*
125,4581

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ársskýrsla Rannsóknarnefndar flugslysa fyrir árið 2004 kom út í gær:

# Fjörutíu og eitt flugslys á árinu

**FLUGSLYS** Rannsóknarnefnd flugslysa tók fjörutíu og eitt flugslys eða alvarlegt flugatvik til formlegrar meðferðar og rannsóknar árið 2004. Samtals skráði nefndin 527 frávik í flugi íslenskra loftfara hérlendis og erlendis, svo og í flugi erlendra loftfara um íslenska lögsögu og um íslenska flugstjórnarsvæðið. Þetta kemur fram í ársskýrslu nefndarinnar fyrir árið 2004 sem kom út í gær.

Ekkert banaslys varð í flugi skráðra íslenskra loftfara á árinu 2004, líkt og árin þrjú þar áður. Rannsóknarnefnd flugslysa gerði samtals fjórtán tillögur til úrbóta í flugöryggismálum í kjölfar rannsókna sem hún lauk á árinu 2004. Tillögunum var flestum beint til Flugmálastjórnar Íslands en samkvæmt lögum um rannsókn flugslysa er flugmálayfirvöldum skylt að sjá til þess að úrbótatillögur nefndarinnar séu teknar til formlegrar afgreiðslu.

Í skýrslunni er sýnt fram á að fjölgun slysa og alvarlegra atvika haldist í hendur við þá miklu aukningu sem hefur verið á flugi síðastliðin tíu ár. Einnig hefur rannsóknarskylda nefndarinnar aukist á sama tíma og nýjungar í tækjabúnaði atvinnuflugvéla hafa orðið til þess að fleiri mál eru tekin til rannsóknar. - sþs



**NAUÐLENDING Í HÚSAFELLI** Ekkert banaslys varð í flugi skráðra íslenskra loftfara á árinu 2004, líkt og árin þrjú þar á undan.

Landvernd talar til ríkisstjórnar:

# Vilja rukka mengunarvald

**MENGUN** Landvernd vill að varnarsvæði Bandaríkjahers á Íslandi verði hreinsuð á kostnað mengunarvalds. Samtökin, ásamt systursamtökum á Norðurlöndum, beina því til ríkisstjórnar Íslands að sjá til þess að nauðsynlegar rannsóknir fari fram vegna mengunar sem Bandaríkjaher gæti skilið eftir sig þegar hann fer.

Einnig er mælst til þess að menguð svæði verði hreinsuð með fullnægjandi hætti á kostnað mengunarvalds í samræmi við mengunarbótaregluna. Þetta kemur fram í orðsendingu sem Landvernd og sex norræn náttúruverndarsamtök sendu ríkisstjórn Íslands. - sþs

Slys á Breiðholtsbrautinni:

# Árekstur fólksbíls og strætó

**LÖGREGLA** Strætisvagn og fólksbíll lentu í hörðum árekstri á gatnamótum Stangar og Breiðholtsbrautar á ellefta tímanum í gærmorgun. Bílstjórarnir voru fluttir á spítala auk farþega fólksbílsins en reyndust með minniháttar meiðsl, vagnstjórinn kenndi sér meins í hné og hinir voru með skurð á höfði.

Fyrstu fregnir af árekstrinum gáfu tilefni til að ætla að um mjög alvarlegt slys væri að ræða og sendi lögregla fimm bíla á staðinn og slökkvilið fjóra sjúkrabíla og einn dælubíl.

Bílarnir eru mikið skemmdir og var talsverð vinna að hreinsa ummerki árekstursins. - sh

Tveir tvítugir í haldi á Akureyri:

# Grunaðir um tvo bílþjófnaði

**LÖGREGLUMÁL** Tveir tæplega tvítugir menn voru handteknir á Akureyri í fyrrinótt grunaðir um innbrot og þjófnað á tveimur bílum. Mennirnir voru teknir á stolnum bíl og í honum fannst þýfi. Þeir eru grunaðir um að hafa stolið öðrum bíl sem enn er ófundinn.

Mennirnir tveir, sem voru gestkomandi í bænum, voru yfirheyrðir síðdegis, en ástand þeirra hafði hamlað yfirheyrslum fram að því.

Þá voru átta manns í haldi lögreglu á sunnudag grunaðir um aðild að nokkrum innbrotum og þjófnuðum, en þeir hafa allir verið látnir lausir og teljast þau mál upplýst að mestu. - sh

## LÖGREGLUFRÉTT

**Keyrði á blómapott** Ökumaður bifhjóls slapp lítið meiddur eftir að hann keyrði á steinblómapott við Klettaháls um sex leytið í gær, með þeim afleiðingum að hann féll. Bifhjólið skemmdist lítið.



**EIGUM BJARGAÐ** Óbreyttur líbanskur borgari reynir að bjarga eigum sínum úr rústum húss síns, sem hrundi í árásum Ísraelshers á þorpið Brital á þriðjudag. Árásirnar héldu áfram á báða bóga í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Svíar gagnrýna öryggisráðið

**Utanríkisráðherrar Svía og Asera létu hörð orð falla um öryggisráð Sameinuðu þjóðanna í gær. Sögðust þeir vonast eftir niðurstöðu ráðsins um orðalag ályktunar sem ætlað er að stuðla að vopnahléi í Líbanon.**

**LÍBANON, SVÍÞJÓÐ, AP** Utanríkisráðherrar Svíþjóðar og Aserbaídsjan gagnrýndu öryggisráð Sameinuðu þjóðanna í gær fyrir að hafa dregið á langinn samþykkt ályktunar sem kallar eftir vopnahléi milli Ísraelshers og Hizbollah-samtakanna í Líbanon. Átökin hafa staðið síðan 12. júlí síðastliðinn.

Stjórnir beggja landa hafa „sterkar vonir til þess að öryggisráð SÞ komist að niðurstöðu eins skjótt og unnt er, innan tveggja daga,“ sagði Jan Eliasson, utanríkisráðherra Svíþjóðar, eftir fundinn með Elmar Mammadjarov, utanríkisráðherra Aserbaídsjan, í Stokkhólmi í gær.

Eliasson, sem jafnframt er forseti allsherjarþings SÞ, sagði gríðarmiklar líkur á því að átökin yrðu umfangsmeiri. „Ástandið er nógu hættulegt nú þegar, og öryggisráðið hefði átt að taka þessa ábyrgð fyrr,“ sagði hann.

Mammadjarov sagði aðgerðir ísraelska hersins brjóta gegn alþjóðalögum og kallaði eftir umfangsmeiri aðstoð alþjóðasamfélagsins við líbönsku þjóðina.

Á meðan sátu sendifulltrúar hjá SÞ á rökstólum og komust enn einu sinni ekki að niðurstöðu um orðalag ályktunarinnar sem ætlað er binda enda á átök Ísraela og Hizbollah-liða. Talsmenn Arababandalagsins mættu fyrir fundinn og studdu kröfu Líbana um að Ísraelar yfirgefi Líbanon.

Svíar hafa boðist til að halda alþjóðlegan fjársöfnunarfund þar sem safnað yrði fé til endurbyggingar Líbanons, en ekki hefur verið ákveðið hvenær slíkur fundur gæti farið fram, að sögn Eliassons.

Yfir tíu þúsund ísraelskir hermenn berjast nú gegn nokkur hundruð Hizbollah-liðum í Suður-Líbanon og hélt sprengjum áfram að rigna yfir suðurhluta Líbanons í gær. Féllu minnst 26 óbreyttir borgarar í árásunum, þar af 13 sem voru í jarðarför annarra fórnarlamba árásanna. Svöruðu Hizbollah-liðsmenn í sömu mynt og sögðu talsmenn Ísraelshers að þrír hermenn hefðu farist þegar nítján sprengjur féllu á Ísrael.

Stjórn Líbanons hefur lagt fram tillögu um að senda fimmtán þúsund hermenn til Suður-Líbanons þegar Ísraelar kalla sitt herlið heim. Í gær tóku talsmenn Bandaríkjastjórnar vel í þá tillögu, en sögðu hana þurfa að vinna með ályktun SÞ, sem enn hefur ekki verið samþykkt, og þeim alþjóðaher sem hugsanlega yrði sendur á svæðið í kjölfarið. smk@frettabladid.is

### Látnir í Líbanon

**Minnst 746 manns hafa látist í Líbanon og Ísrael, en yfirvöld í Líbanon telja tölu látinna vera yfir 970, þegar þeir sem eru týndir eða hafa grafist í rústum húsa eru taldir með.**

| | |
|---|---|
| **Líbanon:** Látnir borgarar | **523** |
| Týndir, líklega látnir | Minnst **225** |
| Líbanski herinn | **29** |
| Hizbollah-andófsmenn | Minnst **55** |
| **Ísrael:** Látnir borgarar | **36** |
| Hermenn | **61** |
| **Önnur þjóðerni:** 23 Sýrlendingar, 8 Kanadamenn, 2 Kúvætar, 1 Íraki, 1 Srí Lanka-maður, 1 Jórdani | **36** |
| **Starfsmenn SÞ:** 1 Austurríkismaður, 1 Kanadamaður, 1 Kínverji, 1 Finni, 2 Nígeríumenn | **36** |

Mynd: AP. Heimildir: Heilbrigðisráðuneyti Líbanons, ísraelskar björgunarsveitir. © GRAPHIC NEWS


BÍLL DAGSINS

HYUNDAI SONATA GLS

Nýskr. 07.00 - Sjálfskiptur - Ekinn 101 þús. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00. Sími: 525 8020.


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**STUTT GAMAN** Það er ekki hægt að segja annað en breytileikinn í veðrinu sé algjör. Hvert veðurlag stoppar stutt við eða rétt um einn dag í einu. En í dag verður besta veðrið á Suðurlandi, bæði bjart og hlýtt en á morgun eintóm ský og væta. Ef við leyfum okkur að horfa framhjá morgundeginum þá eru horfurnar á föstudag og um helgina nokkuð góðar. Hægviðri, bjart með köflum og yfirleitt úrkomulaust.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG** Hægviðri og bjart en þykknar upp í kvöld. Hiti allt að 16 stig.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Sunnan eða suðaustan 5-10 m/s.

*» föstudagur*




Hæg breytileg átt. Hætt við lítilsháttar súld norðvestan til.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 23°C hálfskýjað | London | 22°C léttskýjað | Alicante | 29°C heiðskírt |
| Bergen | 16°C skúrir | París | 24°C skýjað | Mallorca | 27°C heiðskírt |
| Osló | 21°C skýjað | Frankfurt | 23°C léttskýjað | Algarve | 31°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 24°C léttskýjað | Friedrichshafen | 19°C skýjað | Krít | 29°C léttskýjað |
| Gautaborg | 21°C hálfskýjað | Berlín | 23°C léttskýjað | Las Palmas | 25°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.


Ódýrara
að hringja í
GSM síma*
HiveHeimasími frá 990 kr. á mánuði
Það er ódýrara að hringja í GSM síma frá Símanum þegar þú ert með heimasíma frá Hive.* Þú getur talað eins oft og eins lengi og þú vilt í alla heimasíma innanlands. Þú borgar lægra mánaðargjald og frá aðeins 4,90 kr. á mínútu til útlanda. Það er ekkert mál að skipta og þú getur haldið símanúmerinu þínu. Þetta færðu allt ef þú ert með heimasíma og ADSL hjá Hive. Hefur þú frá miklu að segja?
Hive.is Grensásvegi 16, Reykjavík. Þjónustusími: 414 1616 hive@hive.is
Hive
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is Ljósm. Svenni Speight



## KJÖRKASSINN

*Þarf að efla löggæslu á útihátíðum?*

| | |
|---|---|
| Já | 61% |
| Nei | 39% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Hefur lögregla gengið of hart fram gegn mótmælendum?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Átökin milli Tamílatígranna og stjórnarhersins á Srí Lanka enn hörð:

# Tamílatígrarnir opna fyrir vatnsveitu

**SRÍ LANKA, AP** Tamílatígrarnir sögðust í gær hafa opnað fyrir vatnsveitu sem þeir lokuðu fyrir nítján dögum, en lokunin leiddi til hörðustu átaka í Srí Lanka síðan samið var um vopnahlé milli Tamílatígranna og stjórnarhers landsins árið 2002. Mörgum tímum eftir yfirlýsingu Tígranna sögðu yfirvöld ekkert vatn hafa borist til þeirra 60.000 íbúa sem þolað hafa vatnsleysi og skömmu síðar sagði talsmaður hersins BBC-fréttastofunni herinn hafa hleypt vatni á.

Framtíð friðargæsluliðsins í Srí Lanka mun skýrast síðar í vikunni eftir fund sendifulltrúa norræna eftirlitsins, Jon Hanssen Bauer, með fulltrúum stríðandi fylkinga sem nú stendur yfir. Að kröfu Tígranna hafa Danir, Finnar og Svíar lofað að yfirgefa landið um næstu mánaðamót, en enn er óljóst hvort fjölga beri íslenskum og norskum friðargæsluliðum eða hvort önnur þjóð verði fengin til liðs við þá.

Útför sautján starfsmanna franskra hjálparsamtaka var haldin í gær, en þeir fundust myrtir á föstudag og á mánudag. Kenna stjórnarherinn og Tamílatígrarnir hverjir öðrum um morðin, sem stjórnvöld hafa lofað að láta rannsaka.

Tamílatígrarnir hafa barist síðan árið 1983 fyrir sjálfstæðu heimalandi Tamíla. - smk



**FLÓTTAMANNABÚÐIR** Þúsundir manna hafa flúið átök milli Tamílatígranna og stjórnarhersins undanfarnar vikur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**HVALFJARÐARGÖNG** Tæplega fjögur hundruð ökumenn fá senda hraðasekt í pósti eftir verslunarmannahelgina.

Hvalfjarðargöng:

## Tæplega 400 óku of hratt

**LÖGREGLUMÁL** Hraðamyndavélar í Hvalfjarðagöngunum mynduðu 391 ökumann sem ók yfir leyfilegum hámarkshraða um helgina.

Hámarkshraði í göngunum er sjötíu kílómetrar á klukkustund og eiga allir ofangreindir ökumenn sekt yfir höfði sér sem þeim verður send í pósti.

Að sögn lögreglu á umferðardeild hafði eftirlit í göngunum ekki verið hert, heldur gættu ökumenn ekki nægilega vel að hraðanum.

Annars staðar í umdæmi lögreglunnar í Reykjavík var 51 ökumaður tekinn fyrir hraðakstur og fimmtán fyrir ölvunarakstur. - æþe

# Sammála um að skoða megi stefnu lífeyrissjóða

**Athuga má hvort lífeyrissjóðir eigi að móta fjárfestingarstefnu sem leggi áherslu á félagslega ábyrgð fyrirtækja. Þetta eru þingmenn stjórnmálaflokka sammála um. Slíkt hafi verið gert erlendis með góðum árangri.**

**LÍFEYRISSJÓÐIR** Samstaða er meðal stjórnmálaflokka á Íslandi um athugun á því hvort lífeyrissjóðir eigi að móta fjárfestingarstefnu þar sem áhersla sé lögð á félagslega ábyrgð fyrirtækja til að sporna við aukinni misskiptingu í samfélaginu.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, telur að lífeyrissjóðir geti haft arðsemi að aðalmarkmiði ásamt því að fylgja einhvers konar siðareglum um fjárfestingar. „Ég vil skoða hvort hægt sé að notast við svipaðar siðareglur fyrir þá og norska olíusjóðinn. Það væri að mínu mati rétt að skapa svigrúm eða stöðu fyrir svona reglur í lögum um lífeyrissjóði.“

Samkvæmt Guðjóni A. Kristjánssyni, formanni Frjálslynda flokksins, ættu lífeyrissjóðir að geta velt fyrir sér að móta stefnu um það í hvernig félögum þeir fjárfesta. Ekkert sé óeðlilegt við að setja fram þá kröfu af hendi launamanna að í fyrirtækjum sé ekki verið að greiða það sem menn kalla í dag ofurlaun. „Ég hafna ekki að þessi leið verði skoðuð en hún er vandfarin. Stjórnir lífeyrissjóða hafa það hlutverk að ávaxta fé sitt og það er efitt að láta þetta haldast í hendur.“

„Þetta er ekkert sem hefur verið rætt hjá okkur en í sjálfu sér líst mér ágætlega á að þetta sé skoðað,“ segir Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins. „Það hlýtur alltaf að vera meginskylda hjá lífeyrissjóðunum að ávaxta peningana sem best, en maður hefur heyrt af álíka stefnum erlendis, til dæmis í Evrópu.“

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, segir fráleitt að halda því fram að það standist ekki lög að lífeyrissjóðirnir setji sér fjárfestingarstefnu sem hafi ákvæði in samfélagsleg viðmið. „Það er ekkert sem segir okkur það að fyrirtæki sem eru ábyrg gagnvart starfsmönnum sínum og sínu samfélagi séu ekki jafn arðbær og hin.“ Hún bendir á að svipaðar fjárfestingarstefnur lífeyrissjóða séu alþekktar í Bandaríkjunum.

Jónína Bjartmarz, umhverfisráðherra og þingmaður Framsóknarflokksins, segir að leita verði leiða til að sporna við þessari þróun og þetta sé ein leið til þess. „Lífeyrissjóðirnir eru í eigu allra landsmanna og það er kannski eðlilegt að þeir séu fyrirmynd að þessu leyti. Þetta er engin allsherjarlausn en það má horfa til þess með öðru.“

salvar@frettabladid.is



**VERKAMENN AÐ STÖRFUM** Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, segir ekkert óeðlilegt við að setja fram þá kröfu af hendi launamanna að í fyrirtækjum sé ekki verið að greiða það sem menn kalla í dag ofurlaun.




Maður sem hvarf af tjaldsvæðinu í Skaftafelli aðfaranótt mánudags fannst í gær:

# Svangur, kaldur og hrakinn

**BJÖRGUN** Jóhann Konráð Sveinsson, 45 ára maður sem leitað hafði verið í Skaftafelli frá því á mánudag, fannst heill á húfi á Skeiðarársandi í gærmorgun. Björgunarsveitarmenn á fjórhjólum höfðu fundið spor Jóhanns og eltu þau þar til þeir óku fram á hann. Jóhann var nokkuð kaldur, þreyttur, svangur og hrakinn þegar hann fannst. Rigning var á leitarsvæðinu í fyrrinótt og var Jóhann ekki vel búinn til útivistar. Hann leitaði sér þó skjóls í kofa á sandinum seinni nóttina og er það jafnvel talið hafa orðið honum til lífs.

Jóhann var ásamt konu sinni á tjaldsvæðinu í þjóðgarðinum í Skaftafelli en fór þaðan símalaus klukkan 1.30 aðfaranótt mánudags. Ekkert spurðist til hans morguninn eftir og var leit hafin á hádegi á mánudag. Hann fannst síðan klukkan átta í gærmorgun um fimm kílómetra sunnan þjóðvegar eitt, á Skeiðarársandi milli Skaftafellsár og Skeiðarár.

Um 170 björgunarsveitarmenn úr 25 björgunarsveitum víða af landinu leituðu mannsins á fjórog sexhjólum. Auk þess voru svæðisleitar- og sporhundar á svæðinu sem og þyrla Landhelgisgæslunnar. Læknir þyrlunnar leit á Jóhann við komuna á flugvöllinn í Skaftafelli en að því loknu hélt Jóhann heim á leið.

Ekki liggur fyrir hvert för Jóhanns var heitið um nóttina eða hvers vegna hann yfirgaf tjaldsvæðið. - sh



**AF VETTVANGI** Mikill fjöldi björgunarmanna kom að leitinni, sem stóð í um 20 klukkustundir.




TEMPUR®

# STÓRGLÆSILEG ÁGÚSTTILBOÐ Á TEMPUR OG STILLANLEGUM RÚMUM



Að sofa er eitt, að hvílast er annað.
Í ágúst bjóðum við Tempur heilsudýnur, stillanleg rúm og kodda á frábæru tilboði. Yfir 30 þúsund læknar, sjúkraþjálfarar og kíropraktorar um heim allan mæla með Tempur. Með Tempur heilsudýnunni nærðu hámarksslökun, hvíld og svefni sem er lykillinn að góðri andlegri og líkamlegri heilsu.

CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY™

EINA DÝNAN OG KODDINN SEM VIÐURKENND ERU AF **NASA** OG SKJALFEST AF GEIMFERÐA-STOFNUN BANDARÍKJANNA

AÐEINS FRÁ TEMPUR® ÓSVIKIÐ TEMPUR® EFNI



www.design.is ©2006

# EKKI MISSA AF ÞESSU!!!

Betra BAK

**Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**
**Opið virka daga frá kl. 10-18**
**Laugardaga frá 12. ágúst frá kl. 11-16**



## VEISTU SVARIÐ?

1. *Hvað heitir framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International?*
2. *Gegn hvaða mexíkóska liði skoraði Eiður Smári mark á sunnudaginn?*
3. *Hvað heitir nýjasta mynd kvikmyndaleikstjórans Olivers Stone?*

Landhelgisgæslan heldur árlega sprengjueyðingaræfingu í lok sumars:

# Sprengjueyðingaræfing á varnarsvæðinu

**ÆFING** Landhelgisgæsla Íslands mun halda árlega sprengjueyðingaræfingu í lok sumars. Æfingin, sem heitir „Northern Challenge,“ fer fram á varnarsvæði Atlantshafsbandalagsins í Keflavík og á öðrum svæðum innan áttatíu kílómetra við hervöllinn. Æfingin er studd af Atlantshafsbandalaginu.

Áhersla er lögð á sprengjueyðingaraðgerðir, bæði á landi og á sjó, sem vörn gegn hryðjuverkum. Þetta mun vera síðasta stóra æfingin sem haldin verður á varnarstöðinni í Keflavík á meðan hún er undir stjórn Bandaríkjahers. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Landhelgisgæslu Íslands.

Samkvæmt upplýsingafulltrúa Landhelgisgæslunnar er þessi æfing mikilvæg fyrir sprengjueyðingarstofnanir, þar sem sprengjur eru það vopn sem hryðjuverkasamtök nota helst um allan heim. Í ár taka áttatíu sprengjueyðingarsérfræðingar frá átta þjóðlöndum þátt. Æfingin var fyrst haldin árið 2002.

Sprengjudeild Landhelgisgæslunnar stjórnar æfingunni með stuðningi annarra deilda Landhelgisgæslunnar, varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, Bandaríkjahers og starfsmanna lögreglu og flugvallar í Keflavík. **- sþs**



**FRÁ ÆFINGUNNI** Í ár taka áttatíu sprengjueyðingarsérfræðingar frá átta þjóðlöndum þátt í æfingunni.

Þinglýsing kaupsamninga:

## Fækkar á höfuðborgarsvæðinu

**FASTEIGNIR** Færri kaupsamningum á höfuðborgarsvæðinu er nú þinglýst, en 107 samningum var þinglýst vikuna 28. júlí 2006 til og með 3. ágúst 2006. 135 samningum hefur verið þinglýst að meðaltali á viku síðustu tólf vikur.

Í síðustu viku var þinglýst 87 samningum um eignir í fjölbýli, 14 samningum um sérbýli og 6 samningum um annars konar eignir. Á sama tíma var 10 kaupsamningum þinglýst á Akureyri og 7 samningum á Árborgarsvæðinu. **- öhö**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Ekki fikt drengja** Lögreglan á Akranesi vísar því á bug sem fram hefur komið í fréttum að brunann í síldarverksmiðjunni þar á föstudag megi rekja til fikts ungra drengja. Málið sé enn í rannsókn. Sagt var frá því Fréttablaðinu að lögreglan teldi við brennuvarg að etja.

Bílstjóri með sextán farþega ók utan í vegrið:

# Grunur um ölvun

**LÖGREGLUMÁL** Ökumaður hópferðabíls sem lenti utan í vegriði í Kömbum á sunnudag er grunaður um ölvun við akstur. Sextán erlendir ferðamenn voru í bílnum og að sögn lögreglunnar á Selfossi voru þeir felmtri slegnir þegar ástand bílstjórans varð þeim ljóst. Bíllinn var á leið austur Suðurlandsveg og fyrir neðan útsýnispall í Kömbum var bílnum ekið yfir á öfugan vegarhelming og síðan nuddaðist hann utan í vegriðið langa vegalengd.



**ÁFENGISMÆLAR** Tryggingafélög bjóða nú viðskiptavinum sínum upp á áfengismæla.

Að sögn lögreglu hefði ekki þurft að spyrja að leikslokum ef vegriðið hefði ekki verið til staðar. Þá hafi blessunarlega enginn bíll komið úr gagnstæðri átt þegar rútan fór yfir á öfugan vegarhelming.

Vegfarendur tilkynntu um aksturslag bílstjórans samdægurs og síðar um daginn var tekin blóðprufa úr honum. Niðurstaða úr athugun á blóðprufunni er ekki ljós að svo komnu.

Að sögn lögreglu liggja engin sérstök viðurlög við því að aka hópferðabíl ölvaður, umfram þau sem gilda almennt um ölvunarakstur. **- sh**



**MANNRÉTTINDADÓMSTÓLL EVRÓPU** Dómurinn fjallaði fyrr á árinu um ákvæði í kjarasamningum sem skylda starfsmenn til að vera í tilteknum stéttarfélögum og komst að þeirri niðurstöðu að ákvæðið bryti gegn rétti starfsmanna til félagafrelsis.






# Brotið gegn félagafrelsi

**Forgangsréttarákvæði í íslenskum kjarasamningum standast hugsanlega ekki Mannréttindasáttmála. Slík ákvæði brjóta samkvæmt Mannréttindadómstóli Evrópu gegn rétti starfsmanna til félagafrelsis.**

**DÓMSMÁL** Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu, sem féll í janúar í máli tveggja Dana, hefur hugsanlega áhrif á forgangsréttarákvæði í kjarasamningum á Íslandi. Þetta kemur fram í grein Elínar Blöndal, lögfræðings, sem birtist í Tímariti lögfræðinga.

Dómurinn, sem fjallaði um ákvæði í kjarasamningum sem skylda starfsmenn til að vera í tilteknum stéttarfélögum, komst að þeirri niðurstöðu að ákvæðið bryti gegn rétti starfsmanna til félagafrelsis. Á Íslandi eru slík skylduaðildarákvæði hverfandi, enda ekki talin samræmast stjórnarskránni eftir breytingar sem gerðar voru árið 1995. Hins vegar eru forgangsréttarákvæði í flestum kjarasamningum og mæla þau fyrir um að félagsmenn viðkomandi stéttarfélags hafi forgang til vinnu á félagssvæði þess.

„Það var tekið fram í stjórnarskrárbreytingunni árið 1995 af hálfu stjórnarskrárnefndar Alþingis að breytingarnar ættu ekki að taka til forgangsréttarákvæðis,“ segir Elín. „Mannréttindadómstóllinn virðist hins vegar leggja skylduaðildarákvæðið og forgangsréttarákvæðið að jöfnu, og ef einhver á Íslandi teldi sig verða fyrir þvingun eða fengi ekki vinnu vegna slíkra ákvæða gæti hann leitað til Mannréttindadómstólsins,“ segir Elín. „Það yrði erfitt fyrir íslenska ríkið að nota sérstöðu íslenska vinnumarkaðsins sem mótrök,“ segir Elín.

Um 85 prósent starfsmanna á Íslandi eru í stéttarfélögum og stafar það hugsanlega af forgangsréttarákvæðinu, sem á sér langa sögu. Elín bendir á að komi til úrskurðar Mannréttindadómstólsins um ákvæðið á Íslandi myndi það að öllum líkindum valda einhverri röskun á skipulagi vinnumarkaðs hér á landi.



**ELÍN BLÖNDAL** Elín er dósent við Viðskiptaháskólann á Bifröst og forstöðumaður rannsóknarseturs í vinnuréttar- og jafnréttismálum.

Hún telur einnig að innheimta stéttarfélagsgjalda af launum starfsmanna óháð vilja þeirra sé vafasöm í ljósi túlkunar á dómnum, enda enginn greinarmunur gerður á hefðbundnum félagsgjöldum félagsmanna og slíkri gjaldtöku til stéttarfélaganna. Innheimta félagsgjalda er þó flóknara mál sem skoða þarf í hverju tilviki. „Það skiptir máli hvernig þessi þvingun snertir starfsmanninn. Það sem má leiða af dómnum er að það þarf ekki að vera mikil þvingun til að ákvæðið stangist á við mannréttindasáttmálann,“ segir Elín.

**rosag@frettabladid.is**

# HINSEGIN DAGAR Í REYKJAVÍK 2006

# GAY PRIDE



**10.–13. ÁGÚST**

### FIMMTUDAGUR 10. ÁGÚST

*Kl. 23*
**EUROVISION-DANSLEIKUR** á NASA
Regína Ósk og Friðrik Ómar ásamt átta manna hljómsveit
*Miðaverð: 1.000 kr*

### FÖSTUDAGUR 11. ÁGÚST

*Kl. 20:30 (Húsið opnar kl. 20)*
**OPNUNARHÁTÍÐ** í Loftkastalanum
Ruth & Vigdis ásamt The Queentastic frá Osló, Rósa Guðmundsdóttir, Shitting Glitter frá Los Angeles
**Gay Pride partý** í anddyri leikhússins að lokinni sýningu
*Miðaverð: 1.500 kr.*

*Á miðnætti* – **Stelpnaball** í Þjóðleikhúskjallaranum
**Strákaball** á Pravda – *Miðaverð 1.000 kr.*

### LAUGARDAGUR 12. ÁGÚST

*Kl. 14*
**GLEÐIGANGA**
Byrjað verður að stilla upp göngunni kl. 12 og lagt af stað kl. 14 í glæsilegri gleðigöngu frá Hlemmi eftir Laugavegi niður í Lækjargötu

*Kl. 15:15*
**HINSEGIN HÁTÍÐ Í LÆKJARGÖTU**
*Meðal skemmtikrafta:* Regína Ósk, Friðrik Ómar, Hljómsveitin Reykjavík, Bjartmar, The Nanas, Gabriel, Ruth & Vigdis & The Queentastic og fleiri.
*Hátíðarávarp:* Guðrún Ögmundsdóttir, alþingismaður

*Kl. 23*
**HINSEGIN HÁTÍÐARDANSLEIKUR**
NASA – DJ Páll Óskar – *Miðaverð 1.000 kr.*

### SUNNUDAGUR 13. ÁGÚST

*Kl. 16*
**REGNBOGAMESSA**
Sr. Pat Bumgardner frá söfnuði lesbía og homma og vina þeirra í New York, Metropolitan Community Church, predikar við guðsþjónustu í Hallgrímskirkju.

***VIP-kort***
*5.900 kr. gildir á alla viðburði á vegum Hinsegin daga yfir hátíðisdagana. Til sölu hjá Samtökunum '78.*

HINSEGIN DAGAR
REYKJAVÍK GAY PRIDE



**DRAUGAHÁTÍÐ Í TAÍVAN** Mánaðarlöng draugahátíð stendur nú yfir í Taívan, en fólk trúir því að þá opnist dyrnar á milli heima lifenda og dauðra. Meðan á hátíðinni stendur reyna hinir lifandi að skemmta hinum dauðu á sem bestan máta til að tryggja gott árferði.

Stígamót ósátt við vinnubrögð nokkurra fjölmiðla um verslunarmannahelgina:

# Villandi fréttaflutningur

**STÍGAMÓT** „Einhvers staðar hefur orðið til misskilningur í samskiptum fjölmiðla og Stígamóta, þannig að fréttir birtust í nokkrum miðlum sem byggðu hvorki á viðtölum né upplýsingum frá Stígamótum,“ segir Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta.

Í Blaðinu birtist á fimmtudag fyrir verslunarmannahelgi grein undir yfirfyrirsögninni „Stígamótakonur ósáttar við skipuleggjendur útihátíða“. Þar er gremja Stígamótakvenna rakin til þess að þjónustu þeirra um helgina hafi verið hafnað.

Við þessa fullyrðingu vill Guðrún ekki kannast. „Þetta höfum við aldrei sagt. Við höfum hvergi kvartað yfir að fá ekki að koma, heldur bara bent á að það þurfi að vera viðbúnaður til staðar og fólk til að sinna honum, og að þjónustan sé vel kynnt fyrir gestum.“

Morgunblaðið birti í gær grein þar sem greint var frá sárindum hjúkrunarforstjórans í Eyjum í garð Stígamótakvenna vegna meintra ummæla þeirra um gæði neyðarmóttökunnar í Eyjum. „Við höfum hvergi minnst einu orði um gæði neyðarmóttökunnar í Eyjum eða nokkurs staðar annars staðar,“ segir Guðrún. „Ég er búin að skrifa henni og við erum sáttar núna, þetta er allt til komið vegna villandi fréttaflutnings,“ segir Guðrún. **- æþe**



**GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR** Segir einstaka fréttaflutning um Stígamót ekki hafa byggt á heimildum. FRÉTTABLAÐIÐ/PÖK

420 umsóknir hjá Miðbergi:

## Styttri bið á frístundaheimili

**SKÓLAMÁL** Fjögur hundruð og tuttugu manns hafa sótt um störf á frístundaheimilum í Breiðholti en á sama tíma í fyrra voru umsóknirnar 340, að sögn Sóleyjar Tómasdóttur, deildarstýru barnasviðs hjá Miðbergi. „Það lítur út fyrir að biðlistar verði styttri hjá okkur nú en í fyrra en þá gekk mjög illa að ráða frístundaráðgjafa í Breiðholtinu.“

Sóley segir mikið ráðið af skólafólki í þessi störf og að margir sæki aftur í sömu störfin.

Sóley telur ástæðu fleiri umsókna nú vera að þenslan í þjóðfélaginu sé að minnka og þá ráði fólk sig frekar í láglaunastörf. **- hs**



**MORALES Í BARÁTTUNNI** Forsetinn var harður í horn að taka, en hann nefbrotnaði í fótboltaleik í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fótfrár forseti Bólivíu:

## Morales skoraði glæsimark

**BÓLIVÍA, AP** Forseti Bólivíu, Evo Morales, fagnaði samkomu um stjórnarskrárbreytingar með því að skora mark í knattspyrnuleik við opnunarhátíð samkomunnar á sunnudagskvöld. Hinn vinstrisinnaði Morales er fyrsti forseti Bólivíu úr röðum hins innfædda hluta þjóðarinnar, en með breytingunum vonast hann til að binda enda á margra alda yfirráð evrópsk-ættaða minnihlutans yfir fátæka indjánameirihlutanum.

Forsetinn, í grænum bol með töluna 10 og nafn sitt „Evo“ á bakinu, skoraði annað mark liðs síns í 5-0 sigri úr vítaspyrnu. Hafði Morales vonast til að Hugo Chavez, forseti Venesúela, spilaði með honum, en Chaves komst ekki. **- sgj**

# Eru beintengdir við lögreglu um helgar

**Aðeins þrír af sex skemmtistöðum sem boðið var að taka þátt í tilraunaverkefni lögreglunnar gegn ofbeldi taka þátt. Staðirnir þrír fengu talstöðvar og eru í beinu sambandi við lögregluna í neyðartilvikum.**

**LÖGGÆSLA** Þrír af sex skemmtistöðum sem boðið var að taka þátt í tilraunarverkefni lögreglunnar um aukna gæslu þáðu ekki boðið. Það voru Pravda, Nasa og Glaumbar. Forsvarsmenn tveggja staðanna segja það ekki hafa verið með vilja gert.

Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, segir lögregluna hafa haft í hyggju að grípa fyrr inn í ofbeldisverk á skemmtistöðunum en nú sé. Hann viti ekki hvers vegna skemmtistaðaeigendurnir skoruðust undan.

„Ég hélt að samstarf við lögregluna væri þeim til hagsbóta. Það hefur sýnt sig í samstarfi lögreglunnar við dyraverði og rekstraraðila á Café Amsterdam, Gauki á Stöng og The Dubliner sem þekktust boð okkar.“

Vésteinn Viðarsson, framkvæmdastjóri Pravda, segir forsvarsmennina hafa setið kynningarfundi en síðan ekki heyrt meir frá lögreglunni. Þeim hafi litist vel á hugmyndina og verið til í samstarf, enda gangi oft erfiðlega að fá lögregluna á staðinn sé kallað eftir aðstoð hennar. Hún virðist fáliðuð. Þeir bíði enn eftir að verkefnið hefjist. Spurður hvort hann hafi ekki undrast að heyra ekki meira í lögreglunni svaraði hann: „Við höfum bara haft nóg annað að hugsa um.“

Ingibjörg Örlygsdóttir, rekstrarstjóri Nasa, segir ekki meðvitaða ákvörðun að vera ekki með í átakinu: „Þetta hefur eitthvað farið ofan garðs og neðan. Jafnvel gleymst.“ Dyraverðir staðarins hafi fundað með lögreglu og litist vel á: „Lögreglan er alltaf velkomin. Aukin löggæsla er af hinu góða.“





**AUKA ÖRYGGIÐ UM HELGAR** Ari Schröder, veitingamaður á Café Amsterdam, er hér með vesti sem tengiliður við lögreglu klæðist á staðnum um helgar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Geir Jón segir þessa sex staði hafa verið sérstaklega valda til tilraunarinnar því þar sé lengst opið og flest fólkið. „Við ætluðum að byrja á þessum sex stöðum en þeir urðu aðeins þrír. Við viljum sjá fleiri staði og köllum eftir þeim til samstarfs.“

Ari Schröder, veitingamaður á Café Amsterdam, er ánægður með samstarfið. Hann segir viðbragðstíma lögreglu hafa styst. Staðurinn fái talstöð um helgar og þurfi því ekki að hringja í gegnum 112 eftir aðstoð. Talstöðin sé neyðarhnappur.

„Skref í rétta átt,“ segir Ari. „Núna er starfsmaður sérmerktur í appelsínugulu vesti. Hann er tengiliður við lögreglu og hún leitar til hans komi eitthvað upp á.“ Það flýti fyrir lausn mála og auki öryggi gesta á staðnum.

Ekki náðist í rekstrarstjóra Glaumbars. **gag@frettabladid.is**



**ÍÞRÓTTAÁLFURINN** Álfurinn og vinir hans sjá um upphitun fyrir hlaupið.

Reykjavíkurmaraþon:

## Börnin hlaupa með íþróttaálfi

**HLAUP** Latabæjarmaraþon er nýr liður á dagskrá Reykjavíkurmaraþons Glitnis sem fram fer 19. ágúst. Íþróttaálfurinn og vinir hans sjá um upphitun fyrir hlaupið en hlaupaleiðin er einn og hálfur kílómetri. Hlaupið er opið öllum börnum ellefu ára og yngri. Að hlaupi loknu fá allir þeir sem klæðast Latabæjarmaraþonsbol viðurkenninguna.

Þátttökugjald er 800 krónur á barn. Innifalinn í þátttökugjaldinu er Latabæjarbolur auk þess sem þátttakendur fá afhent verðlaun að hlaupi loknu. Foreldrar sem fylgja börnum í hlaupinu þurfa ekki að greiða þátttökugjald. **- sþs**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Skólaus maður á Ísafirði** Íbúar á Ísafirði höfðu samband við lögreglu á sunnudagsmorgun vegna þess að þar gekk skólaus maður um hverfið og reyndi inngöngu í hvert húsið á fætur öðru. Lögreglan handtók hann skömmu síðar í mjög annarlegu ástandi og fann á honum lítilræði af kannabisefnum.

**Trylltist af óþolinmæði** Maður trylltist í ölæði á Bakkaflugvelli á laugardag vegna þess hversu óþolinmóður hann var á að bíða eftir flugi til Eyja. Hann þurfti að bíða enn lengur því lögreglan handtók hann og fékk hann að gista fangageymslur yfir nóttina.

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**77 teknir fyrir hraðakstur** Alls voru 77 ökumenn teknir fyrir hraðakstur í umdæmi lögreglunnar í Árnessýslu um helgina. Lögregla býður þeim ökumönnum sem aka of hratt, að gera upp sekt sína á staðnum með greiðslukorti. Að sögn lögreglu nýttu þó nokkrir ökumenn sér þessa þjónustu nú um helgina. Alls voru sex ökumenn teknir í umdæmi lögreglunnar grunaðir um ölvun við akstur.

**Ill meðferð á dýrum** Tilkynning barst lögreglunni í Vík á föstudagsmorguninn um illa meðferð á skepnum. Kind og veturgamall sauður höfðu verið bundin við staur með þeim afleiðingum að kindin drapst og sauðurinn lemstraðist. Lögreglu grunar að skepnurnar hafi mátt dúsa bundnar í fleiri klukkutíma við staurinn. Eigandi skepnanna hefur ekki enn kært atvikið til lögreglu. Málið er í rannsókn að sögn lögreglumanns.







Stuðningsmenn Obradors sækja í sig veðrið:

# Hóta byltingu í Mexíkó

**MEXÍKÓ, AP** Stuðningsmenn vinstrimannsins López Obrador hertóku tollskýli á þremur þjóðvegum í Mexíkó í gær og leyfðu ökumönnum að aka um vegina án endurgjalds. Þetta er fyrsta eiginlega lögbrotið í víðtækum mótmælum sem hafa staðið yfir í rúma viku.

Þúsundir manna komu saman í miðborg Mexíkó á mánudaginn og hótuðu byltingu í landinu ef ekki yrði farið að kröfum Obradors um endurtalningu atkvæða úr forsetakosningunum í júlí. Kjördómstólar höfðu að nokkru komið til móts við kröfur hans með því að fyrirskipa að um níu prósent atkvæða yrðu endurtalin, en ólíklegt er að svo takmörkuð talning atkvæða dygði Obrador til sigurs. Hann hefur því hafnað henni og krefst „hundrað prósenta lýðræðis“ en það þýðir að hvert og eitt atkvæði skuli verða endurtalið.

Mótmæli stuðningsmanna Obradors hafa lamað miðborg landsins og er þjóðhagslegt tjón af þeim metið á um 1,6 milljarða króna á dag.

Obrador hét því að halda andófinu til streitu og sagði að hópur stuðningsmanna hans væri óðum að verða að varanlegri hreyfingu sem myndi umbreyta stofnunum landsins og þjóðinni allri. **- kóþ**

**STUÐNINGSMAÐUR OBRADORS** Obrador segir stuðningsmenn sína geta komið á varanlegum breytingum í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP





**ÞJÓÐHÁTÍÐ Á JAMAÍKA** Mikil gleði ríkti á Jamaíka á mánudag þegar haldið var upp á að liðin eru 44 ár síðan landið fékk sjálfstæði frá Bretlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Merkur fornleifafundur á Bretagne-skaga í Frakklandi:

# Fundu sjö þúsund ára bautasteinavöll

**FRAKKLAND** Á hæð nokkurri á sunnanverðum Bretagne-skaga í Frakklandi, þar sem til stóð að reisa sumarhúsaþyrpingu, stendur nú yfir umfangsmikill fornleifauppgröftur. Í ljós er komið að þarna liggja um fimmtíu forsögulegir bautasteinar.

Það sem steinaldarfræðingum þykir sérstaklega áhugavert við staðinn er að svo virðist sem bautasteinarnir hafi verið reistir fyrir um sjö þúsund árum, en um það bil þrjú þúsund árum síðar hafi þeir allir verið felldir. Þannig varðveittust þeir undir setlögum í fjögur þúsund ár og eru því betur varðveittir en þeir bautasteinar sem þegar eru þekktir, svo sem í Carnac, sem er þarna skammt frá.

Svæðið þar sem uppgröfturinn fer fram er um 3.000 fermetrar og er í grennd við bæinn Belz. Fréttavefur þýska tímaritsins Der Spiegel hefur eftir Jean-Paul Demoule, forseta fornleifarannsóknastofnunar Frakklands, Inrap, að hinir allt að tveggja metra háu steinar séu vitnisburður um skipulagt samfélag á steinöld. Til þess að færa úr stað þessi tuttugu tonna björg þurfti að minnsta kosti sameiginlegt átak 150 manna. Vegna þess hve allur bautasteinavöllurinn er vel varðveittur vonast fornleifafræðingar til að rannsóknir á honum geri kleift að varpa ljósi á einhverja af leyndardómum bautasteinamenningarinnar fornu. - aa



**BAUTASTEINAR Í CARNAC** Nýfundni bautasteinavöllurinn er skammt frá bautasteinunum frægu í Carnac á sunnanverðum Bretagne-skaga. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Lögreglan í Borgarnesi:

## Sextíu manns óku of hratt

**LÖGREGLA** Lögreglan í Borgarnesi tók um 60 manns fyrir hraðakstur um helgina, þar af 22 í fyrrakvöld. Þá voru tveir teknir ölvaðir undir stýri og einn undir áhrifum fíkniefna.

Lögreglan segir þetta hvorki mikið minna né meira en um verslunarmannahelgar undanfarin ár, en þó sé alltaf merkilegt hversu mörgum tekst að aka of hratt þrátt fyrir umferðarþungann. Fá tækifæri gefist til hraðaksturs en þau virðist vera nýtt. Þá verði að taka tillit til þess að nær öll umferð að norðan á leið til höfuðborgarinnar fer í gegnum Borgarnes. - sh

Leynd yfir réttarhöldum:

## Barði Afgana til bana í klefa

**BANDARÍKIN, AP** Réttarhöld yfir bandarískum leyniþjónustumanni, sem ákærður er fyrir að berja afganskan fanga til dauða, standa nú yfir fyrir luktum dyrum. Ákæruvaldið reyndi að hindra sakborninginn í að kalla til starfsmenn leyniþjónustunnar til vitnis. Leyniþjónustumaðurinn segir þá geta fullyrt að hann hafi einungis fylgt skipunum og beitt réttum yfirheyrsluaðferðum.

Vitni úr röðum hermanna saka manninn um að hafa barið Afganann með berum höndum og vasaljósi og sparkað í hann í tveggja daga yfirheyrslum um eldflaugaárásir gegn bandarískum og afgönskum hermönnum. Afganinn dó seinna í klefa sínum. - sgj



**MARGMENNI Á DALVÍK** Forseti Íslands verður heiðursgestur á Fiskideginum.

Fiskidagurinn mikli á Dalvík:

## Stærsti súpupottur landsins

**HÁTÍÐ** Fiskidagurinn mikli verður haldinn hátíðlegur í sjötta sinn laugardaginn 12. ágúst á Dalvík. Kvöldið áður verður Fiskisúpukvöldið mikla, þar sem íbúar Dalvíkur bjóða gestum og gangandi heim til sín í súpu. Forseti Íslands verður heiðursgestur dagsins.

Á Fiskideginum mikla munu allar götur Dalvíkur fá ný nöfn tímabundið í höfuðið á fisktegundum. Saltfiskvöfflur verða bakaðar í fimmtíu vöfflujárnum og asísk fiskisúpa verður framreidd í stærsta súpupotti landsins, sem er Íslandsmet. Ferskfiskasýning hátíðarinnar verður ein sú stærsta í Evrópu, með um 200 tegundir af fiski. - sgj


www.volkswagen.is




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 4068

**Caddy**

Lipur vinnuþjarkur með frábæra akstursegiginleika og vinnuaðstöðu fyrir bílstjórann. Caddy er með hleðsluhurðir báðum megin og tvöfalda afturhurð. Stigalúga að aftan er staðalbúnaður. Heildarflutningsrýmið er 3,2 m³. Bíllinn er afar vel búinn, ASR spólvörn ABS hemlalæsivörn og hljómflutningstæki með geislaspilara er staðalbúnaður. Vélarstærðir í boði eru 1,4 l bensín 75 hö. og 2,0 l dísil 70 hö.

**Verð frá 1.760.000 kr.**
**eða 28.300 kr. á mánuði***



Einnig fáanlegur í fimm sæta útfærslu með hliðargluggum.

**Transporter**

Fáir vinnubílar búa að jafn langri og glæstri hefð og Transporter. Burðargetan er 0,8–1,4 tonn. Hleðslurýmið er 5,0–9,3 m³. Allir bílarnir koma með hleðsluhurðum báðum megin* og hægt er að skipuleggja geymslurýmið á ótal vegu. Vélarstærðir sem eru í boði eru 1,9 l TDI® 104 hö., 2,5 l TDI® 130 hö., 2,5 l TDI® 174 hö. og 2,0 l bensín 115 hö.

*High roof er eingöngu með rennihurð hægra megin

**Verð frá 2.520.000 kr.**
**eða 40.973 kr. á mánuði***



Einnig fáanlegur í átta sæta útfærslu með hliðargluggum.

**Transporter Pickup**

Ný útfærsla á Transporter, með ótal atriðum sem greina hann frá keppinautunum í flokki léttari sendibíla. Pallurinn er 2,93 m langur og 1,94 m breiður. Vélarstærðir sem eru í boði eru 1,9 l TDI® 104 hö., 2,5 l TDI® 130 hö., 2,5 l TDI® 174 hö. og 2,0 l bensín 115 hö.

**Verð frá 2.625.000 kr.**
**eða 42.677 kr. á mánuði***



Einnig fáanlegur í sex manna Double-Cab útfærslu.

**Þú finnur hentugustu fjármögnunarleiðina með hjálp sölufulltrúa okkar**

Aus Liebe zum Automobil

*M.v. Bílasamning SP til 60 mánaða og 20% útborgun

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is



**SUMAR Í JAPAN** Þessi blóm eru nefnd eftir alheiminum. Tíu þúsund alheimsblómum hefur verið plantað í garði austan Tókýó og koma þangað margir ferðamenn á hverju sumri til að dást að fegurð þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tæplega 70 manns tefldu á Flugfélagsmóti Hróksins á Grænlandi um helgina:

# Nýr Grænlandsmeistari 2006

**SKÁK** Íslenski stórmeistarinn Henrik Danielsen sigraði á Flugfélagsmóti Hróksins á Grænlandi sem lauk á sunnudaginn. Var þetta fjórða alþjóðlega skákmótið sem Hrókurinn efnir til á Grænlandi, en fyrsta skákmótið í sögu Grænlands var haldið sumarið 2003.

Flugfélagsmótið markaði hápunkt vikulangrar skákhátíðar Hróksins á Grænlandi sem lauk á mánudag og tefldu alls 67 skákmenn á mótinu, þar af rúmlega þrjátíu Grænlendingar.

Henrik vann allar tíu skákir sínar á mótinu og hlaut með sigri sínum nafnbótina Grænlandsmeistarinn 2006. Henrik jafnaði þar með afrek Jóhanns Hjartarsonar frá árinu 2004 og Róberts Harðarsonar frá árinu 2005. Róbert varð í öðru sæti að þessu sinni með átta vinninga en jafnir í þriðja til fimmta sæti voru Ingvar Ásbjörnsson, Kjartan Guðmundsson og Hörður Aron Hauksson.

Efst kvenna á mótinu var hin kornunga Hrund Hauksdóttir, Hrefna Harðardóttir hreppti silfrið og Connie Reinholdt varð í þriðja sæti.

Í flokki grænlenskra barna sigraði Hans Larsen, Eik Daniel Bianco varð í öðru sæti og hinn sigursæli Mikisuluk Motzfeldt hlaut þriðja sæti. - sdg



**SKÁKUNNENDUR Á GRÆNLANDI** Hér eru keppendur staddir fyrir utan skákhöllina í Tasiilaq sem er höfuðstaður Austur-Grænlands. MYND/TIM VOLLMER

Höfuðborg Gíneu-Bissau:

# Bissau laus við jarðsprengjur

**GÍNEA-BISSAU, AP** Bissau, höfuðborg Gíneu-Bissau, eins af fátækustu löndum í heimi, er laus við jarðsprengjur eftir fimm ára langa herferð. Þessu lýstu stjórnvöld yfir í byrjun vikunnar.

Yfirvöld fjarlægðu 2.700 jarðsprengjur á þessu fimm ára tímabili, en flestar þeirra voru lagðar í borgarastyrjöldinni sem geisaði árin 1998 og 1999. Sumar þeirra voru lagðar í frelsisstríðinu gegn portúgölskum yfirráðum, sem lauk árið 1973.

Afríkuríkið er meðal tíu fátækustu ríkja heims. Fátæktina má meðal annars rekja til margra ára stríðs. - sgj

Kynlíf í aftursætinu:

# Rússum fleygt úr flugrútu

**NOREGUR** Rússnesku pari var nýverið vísað úr flugrútu í Noregi með aðstoð lögreglu þegar ástin bar það ofurliði.

Að sögn norska blaðsins Aftenposten var bílstjóranum og farþegum ofboðið þegar parið hóf að sýna ástina í verki og báðu það ítrekað um að hætta ástarleik sínum, en án árangurs. Að lokum lagði bílstjórinn rútunni í stæði og kallaði eftir aðstoð yfirvalda.

„Við fengum símtal frá rútubílstjóra í SAS-flugrútunni á leið til Ósló. Hann sagði að það væri par í bílnum sem héldi uppi ósæmilegu athæfi og hefði litla löngun til að hætta því," hefur Aftenposten eftir Ole Magne Mæle, talsmanns norsku lögreglunnar.

Fólkið yfirgaf rútuna af sjálfsdáðum þegar lögreglu bar að og síðast sást til þess þar sem það hélt gangandi í áttina að Osló. - smk

Áhrif barneigna á útivinnandi fólk í sambúð:

# Konur minnka vinnu

**ATVINNULÍF** Nærri níu af hverjum tíu útivinnandi foreldrum í sambúð telja að stundum eða oft sé ekki hægt að samrýma vinnu- og fjölskylduábyrgð, samkvæmt Þjóðarpúlsi Gallup í könnun um áhrif barneigna á þátttöku í atvinnulífinu. Konur telja frekar en karlar að barneignir hafi valdið auknu andlegu og líkamlegu álagi.

Konur segjast mun frekar þurfa að minnka við sig vinnu, en karlar segjast frekar þurfa að auka við sig vinnu vegna vaxandi fjárútláta. Nokkuð fleiri konur hafa þurft að skipta um vinnu vegna barneigna; um sautján prósent á móti sjö prósentum karla. Um átta prósent kvenna sögðust þurfa að gefa framavonir upp á bátinn vegna barneigna, en aðeins fimm prósent karla.

Almennt telja svarendur að atvinnurekendur taki meira tillit til kvenna en karla þegar þarf að sinna fjölskyldunni. Spurðir hvað skipti mestu máli til að auka jafnvægi vinnu og fjölskyldulífs nefndu karlar helst sveigjanlegan vinnutíma en konur settu styttri vinnutíma í fyrsta sæti. - sdg

**Hvað skiptir mestu máli vil að auka jafnvægi vinnu og fjölskyldu?**






**BANDARÍSKUR HERMAÐUR Í ÍRAK** Verjendur reyna að skýra gjörðir sakborninganna með „mikilli átakastreitu". Myndin tengist efni fréttarinnar ekki með beinum hætti. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

# Réttað í hrottalegu morðmáli

**Fimm bandarískir hermenn eru ákærðir fyrir að nauðga, myrða og kveikja í táningsstúlku milli þess sem þeir æfðu sig í golfi og grilluðu kjúkling.**

**BAGDAD, AP** Verjendur hermannanna fimm sem ákærðir eru fyrir að nauðga fjórtán ára íraskri stúlku og skjóta hana og fjölskyldu hennar bera því við að piltarnir hafi verið undir gífurlegu álagi. Daglegar árásir Íraka og tilheyrandi óöryggi bandarískra hermanna hafi reynst þeim ofviða. Einn sakborninganna lýsti ofsahræðslu hermannanna og sagði þá óttast um líf sitt „í hverju skrefi".

Nauðgunar- og morðmálið þykir hrottalegt en málsatvikum er lýst þannig að hermennirnir hafi setið að sumbli í óleyfi, drukkið íraskt viskí og gleypt verkjalyf meðan þeir spiluðu á spil. Einn sakborninganna mun hafa lýst margsinnis þeim vilja sínum að „drepa nokkra Íraka". Þeir hafi síðan ákveðið að fara á heimili nærri bækistöð hersins með þeim einbeitta ásetningi að fremja ódæðið. Þeir hafi fyrst æft sig við að skjóta nokkrum golfkúlum í loftið og lagt síðan af stað. Þeir gengu að húsi stúlkunnar og á einn þeirra að hafa haldið henni í einu herberginu meðan foreldrarnir og yngri dóttirin voru myrt í öðru. Þeir hafi svo nauðgað stúlkunni hver á fætur öðrum og hellt steinolíu yfir hana. Eftir að unglingsstúlkan bað sér vægðar mun einn hermaðurinn hafa skotið hana beint í andlitið. Þeir báru því næst eld að líkinu og kveiktu þannig í öllu húsinu. Að lokum munu þeir hafa snúið aftur á herstöðina og grillað sér kjúkling.



**EINN SAKBORNINGANNA** Hermaðurinn Steven D. Green, einn fimm sakborninga í málinu, á að hafa lýst því yfir margsinnis að hann vildi „drepa nokkra Íraka" þetta kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Málið hefur vakið mikinn óhug og ýtt undir óánægju með hersetu Bandaríkjamanna í Írak. Gagnrýnt er að bandarískir hermenn séu ekki undir íraska dómstóla settir og hefur forsætisráðherra Íraks krafist þess að málið verði rannsakað af óháðum aðilum. Bandarískir embættismenn óttast að það valdi kergju í samskiptum bandaríska herliðsins við íröksu ríkisstjórnina hljóti sakborningarnir vægan dóm.

steindor@frettabladid.is
klemens@frettabladid.is


VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



1. VERÐLAUN í Þýskalandi W2241WPS

Hreinn sparnaður

Ef þú kaupir Miele þvottavél færðu kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum þínum

ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR

**Miele þvottavélar** eru með nýrri tromlu með vaxkökumynstri sem fer betur með þvottinn. Einkaleyfi Miele.

**Miele þvottavélar** eru byggðar á stálgrind og eru með ytri þvottabelg úr ryðfríu stáli ólíkt flestum öðrum þvottavélum.

**Miele þvottavélar** endast lengur en aðrar þvottavélar.

MIELE ÞVOTTAVÉL - fjárfesting sem borgar sig

| Gerð | Listaverð | TILBOÐ |
|---|---|---|
| Þvottavél W2241 1400sn/mín/5 kg. | kr. 160.000 | kr. 114.800 |
| Þurrkari T223 útblástur/5 kg. | kr. 112.200 | kr. 78.540 |
| Þurrkari T233C rakaþéttir/5 kg. | kr. 131.000 | kr. 91.700 |

Íslenskt stjórnborð

Miele

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20 – 108 Reykjavík – Sími 588 0200 – www.eirvik.is


ALLTAF ÓDÝRARI
OFUR ÓDÝRT!!!
GRIFFILLS MÚV DAGSINS!!!
99 SETTIÐ
MINNISBÓK+BLÝANTUR
99 SETTIÐ
RITFANGASETT
9 KR. STK.
MILLISPJÖLD PAPPA 5 FÁNA
MUNIÐ SKIPTIBÆKURNAR ERU HJÁ OKKUR!!!
9 KR. STK.
PLASTMAPPA BANTEX
9 KR. STK.
STAEDTLER Mars plastic
STROKLEÐUR
OG ALLT HITT SKÓLADÓTIÐ OFUR ÓDÝRT
job
9 KR. STK.
ÁHERSLUPENNI APPELSÍNUGULUR
HJÁ OKKUR ERU NÆG BÍLASTÆÐI OG GOTT AÐGENGI
SKEIFUNNI 11
SÍMI 533 1010
OPIÐ VIRKA DAGA 10 -18
LAUGARDAGA 10 -16
SUNNUDAGA 13 -17
GRIFFILL

**lenovo**

# GÆÐI GETA BIRST



**ThinkPad**

- SJÁLFVIRK TENGING HVAR SEM ER
- GAGNABJÖRGUN MEÐ EINUM TAKKA
- FINGRAFARALESARI
- VÖKVAÞOLIÐ LYKLABORÐ
- ALLT AÐ 8 KLST. RAFHLÖÐUENDING
- FALLVÖRN VERNDAR HARÐA DISKINN

## FORSKOT FYRIR KRÖFUHARÐA

ThinkPad er heill tölvuheimur fyrir kröfuharða notendur og býr yfir ThinkVantage tækni sem einfaldar daglega notkun og tryggir öryggi. Yfirburða tækni, gæði, lág bilanatíðni, öryggi og einfaldleiki eru höfð í fyrirrúmi. ThinkPad er sniðin að þeim sem vilja ná lengra.

Frá því ThinkPad fartölvur komu á markað hafa þær unnið til meira en 1200 verðlauna og eru því mest verðlaunuðu fartölvur sögunnar.

**Kíktu á www.lenovo.is og finndu réttu fartölvuna fyrir þig.**



Verið velkomin í verslun Nýherja, Borgartúni 37, þar sem við aðstoðum við val á réttu fartölvunni. **Söluaðilar um land allt.**

NÝHERJI

www.lenovo.is

Nýherji hf. | Borgartúni 37 | 105 Reykjavík | Sími 569 7700 | www.nyherji.is

lenovo

# Í ÓLÍKUM MYNDUM

Lenovo er alþjóðlegur leiðtogi á tölvumarkaðnum sem framleiðir ThinkPad og Lenovo 3000 og er þriðji stærsti tölvuframleiðandi í heimi. Lenovo veitir viðskiptavinum sínum betri lausnir, eykur framleiðni og veitir forskot hvort sem er í leik eða starfi.



## Lenovo 3000

INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL
INNBYGGÐUR MINNISKORTALESARI
FINGRAFARALESARI
VÍRUSVARNARKERFI
AFAR EINFALT AÐ TENGJAST NETKERFUM

## NÝ LEIÐ TIL ÁRANGURS

3000 línan frá Lenovo boðar áhyggjulausa og auðvelda notkun á fartölvu. Hún er fyrir flotta frumkvöðulinn í okkur öllum sem horfir einbeittur fram á veginn og vill gæði í einföldu viðmóti.

Lenovo 3000 kemur frá sama framleiðanda og hinar þekktu og vönduðu ThinkPad fartölvur. Afkastamikil vél þar sem gæði og glæsileg hönnun fá að njóta sín á góðu verði.

**Kíktu á www.lenovo.is og finndu réttu fartölvuna fyrir þig.**



Verið velkomin í verslun Nýherja, Borgartúni 37, þar sem við aðstoðum við val á réttu fartölvunni. **Söluaðilar um land allt.**

NÝHERJI

www.lenovo.is

Nýherji hf. | Borgartúni 37 | 105 Reykjavík | Sími 569 7700 | www.nyherji.is

„ORÐRÉTT“

*Hlýddu samt*

**„Landsvirkjun fer hvorki með lögregluvald né dómsvald í ríkinu en lögreglan hlýddi þeim.“**

Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður gagnrýnir háttsemi lögreglunnar vegna mótmælabúða við Kárahnjúkavirkjun. Fréttablaðið, 8. ágúst.

*Keisaranum goldið*

**„Þessir menn verða að gjalda keisaranum það sem keisarans er, eins og sagt var, og það ríkulega.“**

Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra telur að ríkið verði að taka meira til sín af háum launum. Morgunblaðið, 8. ágúst.

*nær og fjær*

# tilveran

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? JÚLÍUS JÚLÍUSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI FISKIDAGSINS MIKLA

# Saltfiskvöfflur munu fá heimsathygli



„Það er allt gott að frétta, enda fiskidagurinn mikli í nánd,“ segir Júlíus Júlíusson, framkvæmdastjóri Fiskidagsins mikla. „Það er allt að gerast og allt að vera klárt fyrir eina stærstu hátíð landsins.“

Um næstu helgi verður Fiskidagurinn mikli haldinn í sjötta sinn á Dalvík. Þá bjóða fiskverkendur á svæðinu til fiskiveislu þar sem ekkert er til sparað og það sem meira er, allt er ókeypis. Í ár verður boðið upp á nokkrar nýjungar sem fólki gefst kostur á að smakka.

„Á meðal nýjunga á matseðlinum í ár eru svokallaðar saltfiskvöfflur. Það eru ekki hefðbundnar vöfflur með saltfiski ofan á, heldur er fiskurinn í vöfflunni og hér verður opnað saltfisksvöffluhús,“ segir Júlíus. „Þessar vöfflur eru algjör snilld á bragðið og ég lofa því að þetta mun fá gríðarlega athygli, jafnvel heimsathygli, því að það er búið að prófa þetta á útlendingum og þeir héldu ekki vatni.“

Á fiskideginum verður slegið Íslandsmet þegar 1,2 tonna fiskisúpa verður elduð fyrir gesti og gangandi. „Bjarni í Nings býr í Dalvíkurbyggð og ætlar að elda súpuna, hún verður auðvitað með austurlensku sniði,“ segir Júlíus.

Fjöldi hátíðargesta hefur farið ört vaxandi frá því að fyrsti Fiskidagurinn var haldinn. Í fyrra mættu um þrjátíu þúsund gestir á hátíðina. „Við sjáum enga ástæðu til þess að gestir verði færri þetta árið, við reiknum með rúmlega þrjátíu þúsund gestum,“ segir Júlíus.

Framkvæmdastjóri Fiskidagsins hefur litlar áhyggjur af veðrinu. „Veðrið hefur alltaf verið gott og við trúum því statt og stöðugt að svo verði áfram, við fylgjumst ekki einu sinni með veðurspánni,“ segir Júlíus. „Við treystum því, trúum og vitum að veðrið verður gott.“

## SJÓNARHÓLL

HANDTÖKUR MÓTMÆLENDA



BRAGI VALDIMAR SKÚLASON

# Vill hlekkja sig við hippa

„Það er greinilega ekkert betra að gera fyrir lögregluna en að vakta blessaða hippana,“ segir Bragi Valdimar Skúlason, einn Baggalútspilta. „Fyrst lögreglan er á annað borð að þessu þá finnst mér nú að það væri ekki nema maklegt og réttlátt að setja þessa mótmælendur í virkjanavinnu og hjálpa til við að reisa mannvirkið fyrst þeir eru nú mættir þarna. Það er óþarfi að sleppa þeim svona auðveldlega. Þetta gerir náttúrulega bara þetta, þetta eru svokallaðir atvinnumótmælendur og sjálfsagt að þeir fái kannski aðeins að kynnast raunverulegri vinnu heldur en að vera bara að borða nestið sitt og kyrja baráttusöngva einhvers staðar uppi á heiði. Það verður náttúrulega að nota lögregluna fyrst við erum með hana. Þeir hafa greinilega akkúrat ekkert betra að gera þarna fyrir austan. Fyrst þeir verða að nota allt lögregluliðið í að vakta þess meinleysisgrey þá er um að gera að grípa þá til dálítið róttækra aðgerða.“

Bragi sér ekki fram á að hann muni hlekkja sig við vinnuvélar í bráð. „Ég væri hins vegar alveg til í að láta hlekkja mig við einhverja af þessum mótmælendum, svo þeir fari nú ekki neitt.“

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Allar smáauglýsingar einnig frítt í viku á visir.is

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ



SIGURÐUR STEFÁNSSON KAFARI TIL Í SLAGINN Margs konar þrautir bíða Sigurðar þegar hann kemur sér neðansjávar. Losun veiðarfæra úr skrúfum skipa getur til dæmis verið mikill háskaleikur.

FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

# Á kafi í þrautum og ævintýrum

**Kafarar lenda í ýmsu sem er býsna langt frá þeim veruleika sem við landkrabbarnir upplifum. Sigurður Stefánsson sagði blaðamanni frá nokkrum eftirminnilegum verkefnum sem hann hefur sinnt.**

„Verkefnin geta verið býsna fjölbreytt,“ segir Sigurður Stefánsson kafari. „Eitt það erfiðasta sem ég hef lent í var þegar við vorum að ná flutningabíl upp úr sjó í Borgarfirði en hann hafði farið út af brúnni. Ökumaðurinn hafði látist svo þetta var þrúgandi andrúmsloft en svo eru aðstæður mjög erfiðar þarna þar sem straumurinn er mikill; einar 14 sjómílur sem er svipað og í meðalfljóti. Við vorum í tvo daga að ná flutningabílnum upp.“ Til allrar hamingju eru þó fæst verkefnin af þessum toga en flest útköll fær Sigurður vegna veiðarfæra sem fest hafa í skrúfum skipa. „Það eru einnig mjög erfið verkefni þar sem allt er á mikilli hreyfingu. Einnig er yfirleitt nokkur hætta á ferð þar sem kafarinn getur fest milli kjalar og veiðarfæranna. Þess vegna eru alltaf tveir kafarar við þetta og oftast þarf annar að losa hinn einhverju sinni þar sem hann hefur vafist í net.“



FLUTNINGABÍL NÁÐ UPP ÚR SJÓ Með erfiðari verkefnum sem Sigurður hefur fengist við var að ná flutningabíl upp úr sjónum í Borgarfirði.

Þó yfirleitt sé Sigurður kallaður til í neyð kemur það einnig fyrir að hann fái léttari verkefni þar sem ekki þarf neyðarástand til svo að Sigurðar sé þörf. „Ég var til dæmis fenginn til að vinna fyrir Clint Eastwood við tökur á myndinni Flags of Our Fathers, það var afskaplega skemmtilegt verkefni. Upphaflega átti það að vera mitt hlutverk að koma fyrir sprengjum sem sprengdar voru neðansjávar fyrir utan Sandvík til að mynda stórgusur á sjónum. En svo kom það að mestu í hlut sprengjusérfræðinga sem festu þær aftan í báta sem drógu þær svo á eftir sér. Í minn hlut kom að merkja leiðina með baujum sem bátarnir áttu að fara í tökunum, hreinsa úr skrúfum og ýmislegt fleira. Reyndar var ég farinn að sigla bátunum og orðinn svona „altmuligmand“.“

Milli anna náði Sigurður tali af Clint Eastwood og svo virðist sem vel hafi farið á með þeim. „Hann var mjög alþýðlegur og ekki til í honum stjörnustælar. Það var virkilega gaman að spjalla við hann.“



VIÐ TÖKUR Á MYNDINNI FLAGS OF OUR FATHERS Það var mikið líf í tuskunum við tökurnar og Sigurður fékk ýmislegt að sýsla.

Einnig var Sigurður tökuliði Pinewood-kvikmyndaversins innan handar þegar upptökur fóru fram í Jökulsárlóni árið 2002 á James Bond-myndinni Die Another Day. „Það var ekki sama fjörið þar og hjá Clint Eastwood enda vorum við þarna aðallega að gæta að öryggi manna og vera til taks ef ísinn myndi gefa sig undan bílunum og tækjunum sem á honum voru.“

Köfunin er ekki fullt starf hjá Sigurði og verður hann því að hlaupa í önnur störf. En það er sama hvar frómur flækist, ævintýrin virðast elta hann. „Ég er nú að sigla á hvalaskoðunarskipinu Eldingunni og þar kemur ýmislegt skemmtilegt upp á. Til dæmis sigldi ég að beinhákörlum í fyrradag og þeir voru svo gæfir að það var engu líkara en þeir vildu nudda sér utan í bátinn.“ Eflaust er ekkert leiðinlegt að fá að upplifa slíkt í vinnutímanum.



Á HÁLUM ÍS MEÐ ÁHÆTTULEIKARA Sigurður er hér með áhættuleikara milli anna við tökur á James Bond-myndinni Die Another Day.

jse@frettabladid.is

# Þetta allt í Bónus!

Gott að byrja daginn með...

London Fruit & Herb Company: Lemon & Lime Zest, Strawberry & Vanilla Fool, Green Tea & Jasmine Flower, Green Tea & Orange

20 BRÉF Í PAKKA 199 KR.

**2 lítrar í fernu**

2 LÍTRAR CHIQUITA 299 KR.

**Túnfiskur olía/vatn 185g**

185g DÓS 69 KR.

**Spagettí - kílópakkning**

SPAGETTÍ 69 KR. kílóið

**Heilir eða hakkaðir tómatar**

400g DÓS 39 KR.

400g dós

Komið aftur!

Frábærir skyndiréttir úr frystinum í 400g pakkningum í örbylgjuna/ofninn

Bolognese
Karrýkjúklingur
Chili con carne
Skinkupasta

400g skyndiréttur 198 KR.

**Skötuselur**

KLÁR Á GRILLIÐ!

ROÐ OG BRJÓSKLAUS SKÖTUSELUR 998 KR. 600g

SKÖTUSELUR roð- og brjósklaus, 600g
Frábær frosin afurð - frábært verð!

**Ávaxtamúslí - 1 kíló**

ES MÚSLÍ 159 KR. 1 KÍLÓ

MORGUNMÚSLÍ 98 KR. 454g

Stökkt múslí 454g

LAXAFIÐRILDI 299 KR. 500g

Frosin laxafiðrildi í 500g pakkningum

**Tortellini fyllt með osti/ kjöti KÍLÓPAKKNING**

TORTELLINI 399 KR. kg

**EUROSHOPPER dömubindi- pakkinn: 98KR.**

DÖMUBINDI 98 KR. PAKKINN

**Örtrefjaklútar**

ÖRTREFJAKLÚTUR 89 KR.

**Fatalímrúlla**

FATALÍMRÚLLA 69 KR. STYKKIÐ

Sjáðu verðið!

**EUROSHOPPER bleiur- pakkinn: 698KR.**

BLEIUR 698 KR. PAKKINN

80 bossaþurrkur: 139KR.

80 BOSSAÞURRKUR 139

**Euroshopperkaffi 500g**

KAFFIPAKKI 179 KR. 500g

Komið aftur!

**5 svampklútar**

5 SVAMPKLÚTAR 129 KR.

**4 Gillette Mach3: 599KR.**

4 rakblöð 599 KR.

www.bonus.is

bonus.is

ERAN/Landlist

## Svona erum við

> Tíðasti aldur mæðra við fæðingu fyrsta barns




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** WIKIPEDIA

## *Alfræðiorðabók skrifuð af lesendum*

Wikipedia, ókeypis alfræðiorðabókin á netinu, verður stærri og vinsælli með hverju árinu sem hún er starfandi. Um mitt þetta ár var fjöldi greina orðinn tæpar fimm milljónir á yfir tvö hundruð tungumálum, þar af rúm milljón á ensku. Samkvæmt vefsíðumælingum Alexa er Wikipedia ein af tuttugu mest sóttu vefsíðum á internetinu.

**Hverjir skrifa hana?**
Ólíkt hefðbundnum alfræðiorðabókum er Wikipedia skrifuð af lesendum hennar. Hver sem er getur skrifað, breytt eða bætt við grein og birtast breytingarnar samstundis án þess að neinn samþykki þær. Mikill fjöldi manns vinnur við að fylgjast með breytingum til að lagfæra skemmdarverk og rangfærslur. Þeir eru þó langflestir í sjálfboðavinnu því Wikimedia Foundation, fyrirtækið sem á og rekur Wikipedia, er ekki rekið í hagnaðarskyni.



**Nýjar og gamlar hugmyndir**
Hugmyndin að ókeypis alfræðiorðabók á netinu var ekki ný þegar Wikipedia varð til árið 2001. Alfræðiorðabókin Everything2 byggði á svipuðum hugmyndum og Wikipedia ásamt öðrum líkum vefsíðum sem voru starfandi á þessum tíma. Wikipedia var þó með þeim fyrstu sem leyfðu hverjum sem er að skrifa greinar eða breyta þeim, og var raunar spáð skjótum dauða vegna þess. Það kom þó ekki á daginn, í lok árs 2001 voru um 20.000 greinar í alfræðiorðabókinni, ein milljón í lok árs 2004 og tæpar fimm milljónir um mitt árið 2006.

**Kostir og gallar**
Einn helsti kostur Wikipedia, að allir notendur geta lagt sitt af mörkum í að skrifa alfræðiorðabókina, er líka stærsti galli hennar. Þrátt fyrir að fylgst sé með breytingum notenda er nokkuð um að skemmdarvargar breyti greinum þannig að þær fari með rangt eða órökstutt mál. Heimilda er einnig sjaldan getið þó átak hafi verið gert í þeim málum. Af þeim sökum er Wikipedia enn ekki viðurkennd sem „alvöru“ alfræðiorðabók og fáir þora að nota hana sem heimild í bókum og ritgerðum. Hún sinnir þó starfi sínu sem almenn alfræðiorðabók vel, svo lengi sem lesendur fara varlega í að trúa hverjum einasta staf.

## SPURT OG SVARAÐ

**MÓTMÆLENDABÚÐIRNAR Á KÁRAHNJÚKUM**



LÁRUS BJARNASON

## *Heimild til brottreksturs*

Búðum mótmælenda Kárahnjúkavirkjunar var lokað aðfaranótt mánudags á grundvelli 15. gr. lögreglulaga. 15. grein lögreglulaga er gjarnan notuð í tengslum við heimsóknir erlendra þjóðhöfðingja, en í greininni er lögreglu meðal annars gefin heimild til að „banna dvöl á ákveðnum svæðum“ og „fjarlægja fólk“. Lárus Bjarnason er sýslumaður á Seyðisfirði.

**Hvers vegna var það talið réttlætanlegt að grípa til 15. greinar lögreglulaga?** Búðirnar eru á svæði sem almennt er talið að menn eigi frjálsa för um og menn mega tjalda til einnar nætur með viðlegutjöld. En þegar menn eru farnir að reisa búðir til að stunda ólöglegt athæfi sem felst í því að vera að trufla lögmæta starfsemi getur lögreglan gripið til þessa lagaákvæðis til að halda uppi lögum og reglu.

**Hefði ekki verið hægt að gera þetta fyrr?** Landsvirkjun hefur umráð yfir landinu, þannig að í sjálfu sér hefur Landsvirkjun samþykkt að líða þetta í einhvern tíma. En þegar það kom beiðni frá Landsvirkjun ákváðum við að grípa til þessara ráða.




# Ríkisendurskoðun gagnrýnir framkvæmd fjárlaga harðlega

**Ríkisendurskoðun benti enn og aftur á mikilvægi þess að ráðuneyti og stofnanir ríkisins virði fjárlög, í skýrslu sinni um framkvæmd fjárlaga fyrir árið 2005. Agaleysi stjórnvalda við framfylgd fjárlaga er meira hér en í nágrannalöndunum, segir ríkisendurskoðandi.**

Sé mið tekið af viðbrögðum ríkisendurskoðunar, vegna framkvæmdar fjárlaga fyrir árið 2005, hafa stjórnvöld ástæðu til þess að taka fjármál ríkisvaldsins fastari tökum. Fjórðungur fjárlagaliða ráðstafaði fjármunum umfram heimildir árið 2005 en tæplega tveir þriðju fjárlagaliða áttu inneign hjá ríkissjóði, miðað við fjárlög sem samþykkt voru á Alþingi.

Í skýrslu ríkisendurskoðunar segir meðal annars, að ítrekað hafi verið bent á „mikil frávik frá fjárlögum ár eftir ár, sem séu til marks um meira agaleysi í fjárlagagerð og framkvæmd fjárlaga hér á landi en tíðkast í löndum sem Ísland er gjarnan borið saman við.“

**Ber að fara eftir fjárlögum**
Samkvæmt 41. grein stjórnarskrárinnar, þar sem segir að „ekkert gjald megi greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum,“ ber stjórnvöldum að fara eftir samþykktum fjárlögum í einu og öllu. Það er því hafið yfir vafa, að umfram eyðsla ráðuneyta og stofnana ríksins á fjármunum er óæskileg og stangast á við íslensku stjórnarskrána.

Ríkisendurskoðun gerir í skýrslu sinni athugasemdir við fjárlagaliði utanríkis-, fjármála-, samgöngu- og umhverfisráðuneyta þar sem þau hafa „vikið umtalsvert frá fjárheimildum,“ eins og segir orðrétt í skýrslunni.

Sérstaklega er gerð ítarleg grein fyrir fjárhagsstöðu utanríkisráðuneytisins en Ríkisendurskoðun hefur óskað eftir svörum frá ráðuneytinu, sem ekki höfðu borist áður en skýrslan var gefin út. Á undanförnum árum hefur kostnaður vegna aðalskrifstofu ráðuneytisins, sýslumannsembættisins á Keflavíkurflugvelli og sendiráða hækkað mikið.

Þrátt fyrir að ráðist hafi verið í breytingar sem miðuðu að því að lækka rekstrarkostnað, hefur ekki tekist að ná fram þeim markmiðum sem vonast var eftir. Þannig tókst aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins ekki að draga úr kostnaði, eins og áform voru uppi um, og var uppsafnaður vandi ráðuneytisins að mestu leystur með fjáraukalögum. Ríkisendurskoðun gerir í skýrslu sinni athugasemdir við eyðslu á fjármunum umfram heimildir og bendir á að „samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins eigi fjáraukalög almennt aðeins að taka til óvæntra útgjalda en er ekki ætlað að bæta hallarekstur af almennri starfsemi ráðuneyta eða stofnana.“

**Raunverulegur rekstrarvandi**
Einar Oddur Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sagði í viðtali við Fréttablaðið að nauðsynlegt væri fyrir stjórnvöld að horfast í augu við það, að rekstrarvandi ríkisvaldsins væri raunverulegur og á honum yrði að taka. Hann telur rót vandans felast í stofnanasamningum vegna launa, sem gerðir hafa verið á vegum ríkisvaldsins frá því 1997. „Ég tel nauðsynlegt að ríki og sveitarfélög taki höndum saman og geri launasamninga í sameiningu. Það hefur sýnt sig að gerð stofnanasamninga hefur ekki skilað árangri. Óábyrg ráðstöfun, þegar samið er um laun fyrir opinbera starfsmenn, skilar sér að lokum sem óheillaskref fyrir almenning í landinu. Það er því engum til góða að haga launamálum með þeim hætti sem gert hefur verið.“



**EINAR ODDUR KRISTJÁNSSON** Segir launasamninga ógna stöðugleika í ríkisfjármálum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




**ÁRNI MATHIESEN KYNNIR FJÁRLÖG FYRIR 2006** Gagnrýni ríkisendurskoðanda vegna framkvæmdar fjárlaga árið 2005 var nokkuð harðorð, en ríflega fjórðungur fjárlagaliða fór fram úr heimildum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fjármálaráðherra, Árni Mathiesen, segir ráðuneyti og stofnanir hafa unnið að því skipulega að reyna að bæta rekstur sinn sem mest, til þess að mæta kröfum ríkisendurskoðunar. Þetta hefur ekki tekist en í samtali við Fréttablaðið sagðist Árni vonast til þess að árangur næðist á þessu ári.

**Van- og ofnýttar heimildir**
Samtals var farið 8,9 milljörðum fram úr heimildum sem fjárlög mörkuðu, en ónýttar heimildir námu 26,9 milljörðum króna. Nauðsynlegt er að hafa það í huga að 11,2 milljarðar af ónýttum heimildum eru í bundnu fé en því má ekki ráðstafa nema til komi samþykki Alþingis.

Tæplega hundrað fjárlagaliðir, eða um fimmtungur þeirra allra, voru með að minnsta kosti fjögurra prósenta halla. Samkvæmt reglugerð um framkvæmd fjárlaga ber ríkisvaldinu að grípa til sérstakra aðgerða ef farið er yfir þessi mörk.

Reglugerð um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana, tekur meðal annars til eftirlitsskyldu forstöðumanna stofnana og ráðuneyta. Ríkisendurskoðun bendir á það í skýrslu sinni að „alltof mörg dæmi séu um að ákvæði reglugerðarinnar séu virt að vettugi.“

Ríkisvaldinu bíður nú, líkt og undanfarin ár, það verkefni að framfylgja fjárlögum með ákveðnari hætti heldur en árið á undan. Ríkisendurskoðun mat það svo að framkvæmd fjárlaga fyrir árið 2005 hefði ekki gengið vel og gagnrýndi stjórnvöld fyrir að fara ekki eftir fjárlögum, eins og gert er ráð fyrir í stjórnarskrá. Miðað við þær forsendur, virðist liggja ljóst fyrir, að ríkisvaldið hefur ekki aðra leið færa en að herða tökin á fjármálum ríksins.

**FJÁRLAGALIÐIR MEÐ OF- OG VANNÝTTAR FJÁRHEIMILDIR Í ÁRSLOK 2005**

| | Fjöldi fjárlagaliða | Fjöldi umfram heimild | Fjöldi a.m.k. 4% yfir | Þar af a.m.k . 10% yfir | Fjöldi með ónýtta heimild | Fjöldi a.m.k. 4% yfir | Þar af a.m.k. 10% yfir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Æðsta stjórn ríkisins | 7 | 2 | 1 | 1 | 5 | 4 | 1 |
| Forsætisráðuneytið | 15 | 1 | 1 | 1 | 14 | 14 | 9 |
| Menntamálaráðuneytið | 104 | 35 | 29 | 24 | 55 | 45 | 35 |
| Utanríkisráðuneytið | 10 | 4 | 1 | 1 | 5 | 5 | 4 |
| Landbúnaðarráðuneytið | 30 | 9 | 7 | 5 | 17 | 10 | 7 |
| Sjávarútvegsráðuneytið | 17 | 1 | 1 | 1 | 15 | 13 | 13 |
| Dómsmálaráðuneytið | 61 | 12 | 8 | 7 | 44 | 33 | 22 |
| Félagsmálaráðuneytið | 33 | 8 | 2 | 1 | 15 | 10 | 9 |
| Heilbrigðisráðuneytið | 112 | 43 | 29 | 18 | 55 | 37 | 24 |
| Fjármálaráðuneytið | 39 | 9 | 7 | 5 | 30 | 24 | 19 |
| Samgönguráðuneytið | 16 | 1 | 1 | 1 | 14 | 14 | 13 |
| Iðnaðarráðuneytið | 17 | 2 | 1 | 1 | 13 | 12 | 11 |
| Viðskiptaráðuneytið | 9 | 1 | 1 | 0 | 8 | 8 | 4 |
| Hagstofa Íslands | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Umhverfisráðuneytið | 17 | 6 | 6 | 5 | 9 | 8 | 7 |
| **Samtals** | **488** | **27,6%** | **19,6%** | **14,5%** | **61,1%** | **48,5%** | **36,4%** |



FRÉTTASKÝRING
MAGNÚS HALLDÓRSSON
magnush@frettabladid.is




## Bókhaldsnám

Í bókhaldsnámi NTV er lögð áhersla á að kenna vel öll grunnhugtökin og vinnubrögð við bókhald. Kennt er á Navision tölvubókhaldskerfið sem mjög víða er notað.

**Grunnnám í bókhaldi**

108 stundir - Verð: 99.000.- Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 11. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 11. september

**Navision viðbótarnám**

24 stundir - Verð: 29.000.- Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 30. október
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 30. október

## Sérhæft nám

NTV hefur frá stofnun skólans 1997 lagt mikla áherslu á sérhæft nám, sem tengt er alþjóðlegum prófum, og hefur námið verið í stöðugri þróun enda markmiðið að mæta þörfinni þar sem hún er mest fyrir störf á þessu sviði.

**Tölvuviðgerðir**

72 stundir - Verð: 98.000.- Næsta námskeið:
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 18. september

**MCP XP netstjórnun**

108 stundir - Verð: 139.000.- Næsta námskeið:
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 4. september

**MCSA 2003 netstjórnun**

150 stundir - Verð: 299.000.- Næsta námskeið:
Helgarnámskeið byrjar 16. september

**Kerfisstjórinn**

180 stundir - Verð: 219.000.- Næsta námskeið:
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 18. september

**Forritun og kerfisfræði**

240 stundir - Verð: 269.000.- Næsta námskeið:
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 12. september

## Margmiðlun og grafík

Þessi námskeið eru frábær undirbúningur fyrir þá sem hyggja á frekara nám eða vilja starfa á sviði margmiðlunar og/eða gerð kynningarefnis.

**Auglýsingatækni**

156 stundir - Verð: 174.900.- Næsta námskeið:
Kvöldnámskeið byrjar 11. september

**Photoshop Expert**

72 stundir - Verð: 99.000.- Næsta námskeið:
Kvöldnámskeið byrjar 12. september

**Photoshop grunnnám**

30 stundir - Verð: 28.500.- Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 12. september
Kvöldnámskeið byrjar 11. september

**Myndbandavinnsla með Adobe Premiere**

36 stundir - Verð: 37.000.- Næsta námskeið:
Kvöldnámskeið byrjar 27. september

**Vefsíðugerð MX 2004**

210 stundir - Verð: 189.000.- Næsta námskeið:
Kvöldnámskeið byrjar 19. september

## Almennt tölvunám

Frábær námskeið þar sem kennt er á flest þau forrit sem kunna þarf á til að geta nýtt sér tölvuna bæði í leik og starfi.

**Tölvunám - fyrstu skrefin**

30 stundir - Verð: 29.000.- Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 28. september
Kvöldnámskeið byrjar 18. október

**TÖK-tölvunám**

78 stundir - Verð: 64.900.- Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 4. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 30. október

## Starfsnám og námsbrautir

Markmið okkar hefur alltaf verið að bjóða upp á hnitmiðuð námskeið þar sem jafnrík áhersla er lögð á að styrkja einstaklinginn og þjálfa hann í verki og sjálfstæðum vinnubrögðum.

**Skrifstofu- og tölvunám**

258 stundir - Verð: 219.000.- Næstu námskeið:
2 morgunnámskeið byrja 4. september
- *annað 3 virka daga í viku en hitt alla virka daga*

Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 5. september

**Fjármál og rekstur**

132 stundir - Verð: 145.000.- Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 29. ágúst
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 28. ágúst

**Sölu- og markaðsnám**

264 stundir - Verð: 219.000.- Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 4. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 5. september

**Skrifstofunám & hönnun**

414 stundir - Verð: 369.000.- Næstu námskeið:
2 morgunnámskeið byrja 4. september
- *annað 3 virka daga í viku en hitt alla virka daga*

Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 5. september

**Sölunám & hönnun**

420 stundir - Verð: 369.000.- Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 4. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 5. september

**Skrifstofu- og rekstrarnám**

462 stundir - Verð: 428.000.- Næstu námskeið:
2 morgunnámskeið byrja 4. september
- *annað 3 virka daga í viku en hitt alla virka daga*

Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 5. september

**Sölu-, markaðs- og rekstrarnám**

396 stundir - Verð: 345.000.- Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 4. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 5. september

Upplýsingar og skráning í síma 544 4500 og á www.ntv.is

ntv.is

NTV | Hlíðasmára 9 | Kópavogi | Sími 544 4500 | www.ntv.is | - *viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi*

# skoðun

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Galdraofsóknir ... eða hvað?

Aðkoman var ekki glæsileg að Galdrasafninu á Hólmavík á sunnudag en einhverjir höfðu rifið plönturnar sem í garðinum voru upp með rótum og hent á víð og dreif. Ferðamenn sem urðu vitni að verknaðinum sögðu að plöntunum hefði verið hent að hröfnunum tveimur, þeim séra Páli og Brynjólfi biskupi, sem þarna halda til. Hrafnarnir náðu þó að koma sér undan svo líklega er Brynjólfur biskup óbarinn enn. Ekki var þó um galdraofsóknir að ræða heldur voru þetta ungir piltar í ljótum leik. „Ég skrifaði smá frétt um þetta á strandir.is til að segja strákunum að svona gerir maður ekki,“ sagði Sigurður Atlason, galdramaður og framkvæmdastjóri safnsins.



### Tveir veruleikar á virkjunarsvæðinu

Þær aðstæður sem nú eru komnar upp við Kárahnjúkavirkjun eru að mörgu leyti óvenjulegar fyrir okkar litla land. Sitt sýnist hverjum um framferði lögreglunnar og mótmælenda. Einn atburður getur tekið á sig ýmsar myndir í svona ástandi eins og sannaðist fyrir skemmstu þegar Ólafur Páll Sigurðsson sakaði lögreglu um að hafa reynt að keyra yfir sig. Lögreglan segir Ólaf Pál hins vegar hafa komið aðvífandi með alþjóðlegt fingurmerki, barið húddið og grýtt steinum á eftir bílnum þegar honum var ekið á brott. Ætli veruleiki virkjunarmanna og mótmælenda sé ekki jafn mikið á skjön og hjá lögreglu og mótmælendum.

### Komast ekki með efnin til Eyja

Yfir hundrað fíkniefnamál komu upp í landinu um verslunarmannahelgina, fleiri en nokkru sinni fyrr um þessa helgi. Þar af komu upp sextíu í umdæmi Akureyrarlögreglunnar en þar var einnig mesta fjölmennið. Í Vestmannaeyjum komu upp fjórtán fíkniefnamál, sem verður að teljast lítið í samanburði við það sem gerðist fyrir norðan en þar voru gestirnir mörgum þúsundum færri. Guðmundur Guðjónsson, yfirlögregluþjónn hjá Ríkislögreglustjóra, sagði að umfjöllun fjölmiðla um öflugt fíkniefnaeftirlit um verslunarmannahelgina hefði fælt fólk frá því að reyna að koma með fíkniefni á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum en eins og gefur að skilja er erfiðara að koma efnunum þangað en til annarra staða á landinu. Vonandi skýrir þetta þó ekki af hverju svona miklu fleiri fóru norður en til Eyja.

jse@frettabladid.is

**SJÓNARMIÐ**
**AUÐUNN ARNÓRSSON**

Stríðið í Líbanon:

## Skarar eld að köku öfgaafla

Það er auðvelt að hefja stríð en öllu erfiðara að binda enda á það. Þessi fornu sannindi hafa blasað við heimsbyggðinni við botn Miðjarðarhafs undanfarnar vikur. Þar sem herforingjar gera áætlanir ræður tæknihugsun för. Þar sem þannig háttar til gerist það gjarnan að farið er yfir þau mörk, þar sem „hliðartjón“ verður að stórhörmungum, bæði í mannúðlegu og pólitísku tilliti. Ráðamenn Ísraels virðast þessa dagana eiga erfitt með að gera sér grein fyrir hvar þessi mörk liggja.

Auðvitað hefur hvert ríki rétt til sjálfsvarnar, samanber 51. grein stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Og kveikjan að ófriðnum var árás Hizbollah-liða á ísraelska hermenn. En sjálf kenningin um hið réttláta stríð krefst þess að stríðsaðilar beiti stríðsaðferðum sem eru í samræmi við tilefnið.

Herforingjarnir hugsa: Það verður að stöðva aðföng til Hizbollah-skæruliða og því verður að eyðileggja vegakerfi Líbanons. Fjarskiptakerfi, útvarp, sjónvarp, raforkunet, flugvellir, hafnir - sprengjum er látið rigna á allt þetta í því yfirlýsta augnamiði að lama Hizbollah, og vísvitandi talið viðunandi að saklaust fólk, konur og börn, látið lífið í hundraðatali í leiðinni.

*Þessi staða gerir hlutverk væntanlegs fjölþjóðlegs friðargæzluliðs meira en lítið snúið. Hætt er við að slíkt lið yrði álitið handbendi Ísraels og Bandaríkjanna.*

En svo vill til að þessir innviðir eru innviðir alls landsins - lands sem komið var á góðan rekspöl með að græða sár borgarastríðs. Lands sem var „vestrænast“ allra Miðausturlanda utan Ísraels, og það þeirra sem einna næst hefur komizt því að búa við lýðræði. Afleiðing hernaðarins er að hinir ólíku hópar Líbana, kristnir, súnní- og sjía-múslimar, snúa bökum saman sem aldrei fyrr. Nú er svo til engan mun lengur að sjá á pólitískum kröfum Hizbollah og líbönsku ríkisstjórnarinnar. Hizbollah-samtökin njóta víðtækari stuðnings meðal landsmanna en nokkru sinni fyrr; í augum arabaheimsins eru Hizbollah-liðar hetjur sem bjóða herveldinu Ísrael - með Bandaríkin að bakhjarli - birginn. Hin nýja þjóðernis-sjálfsímynd Líbana beinist nú gegn Ísrael og Bandaríkjunum. Krafa Líbana, annarra en sjía-múslima, um að Hizbollah afvopnist hefur vikið fyrir samkenndinni andspænis hinni erlendu innrás.

Þessi staða gerir hlutverk væntanlegs fjölþjóðlegs friðargæzluliðs meira en lítið snúið. Ísraelar vonast til að slíkt lið taki af þeim ómakið að tryggja að Hizbollah-liðar geti ekki gert sprengiflaugaárásir á Ísrael frá Suður-Líbanon. Eins og málin hafa þróazt er hætt við að slíkt gæzlulið yrði þar með álitið handbendi Ísraels og Bandaríkjanna í augum flestra Miðausturlandabúa og myndi nær óhjákvæmilega dragast sjálft inn í hin vopnuðu átök. Þar með væri jafnvel hætta á að álíka illa færi fyrir þessu friðargæzluliði og því sem hraktist frá Líbanon árið 1983, eftir að Hizbollah-liðar beindu sprengjutilræðum að liðsmönnum þess. Svo ekki sé minnzt á hrakfarir Unosom II-friðargæzluliðs SÞ í Sómalíu, sem forðaði sér frá því landi árið 1995.

## Tekjutengingar - upp og niður, út og suður

**Í DAG**
AFSKRÆMING VELFERÐARKERFISINS



**ÓLAFUR HANNIBALSSON**

Undir forystu núverandi stjórnarflokka hefur velferðarríkið verið lagt í rúst. Grundvöllur velferðarríkisins er klár og einfaldur. Allir borga sinn skerf til velferðarkerfisins og fá greitt úr því þegar þeir verða fyrir skakkaföllum í lífinu og þegar þeir komast á elliár. Hafi menn lagt sérstaklega fyrir til elliáranna, hvort sem er með því að skapa sér inneign í lífeyrissjóðum, með því að kaupa sér einstakar tryggingar eða hreinlega sparað til elliáranna á ekki að koma stjórnvöldum nokkurn skapaðan hlut við, hvað þá leiða til skerðingar á þeirri inneign sem menn hafa skapað sér á lífsleiðinni með vinnu sinni og öðru framlagi til aukinnar hagsældar þjóðarinnar.

Þessi réttur á að vera einstaklingsbundinn og óháður því hvort menn eiga sér maka eða aðra aðstandendur, sem eru aflögufærir, þegar kemur að því að menn eiga rétt á bótum vegna elli eða örorku.

Í stað þessarar einföldu grunnhugmyndar hefur nú verið komið á flóknu kerfi skerðinga og umbunar, sem afskræmir allt velferðarkerfið, gerir alla að ölmusumönnum, sem sífellt deila innbyrðis og sjá ofsjónum yfir hvað öðrum fellur í skaut í stað þess að beina geirum sínum að þeim, sem með völdin fara hverju sinni, og því örlæti sem þeim þykir við hæfi að sýna öldruðum og öryrkjum.

Þeirri lygi hefur verið komið á flot, að með hinu flókna skerðingakerfi sé ríkisvaldinu gert kleift að gera betur við þá sem hafi lent utangarðs í velferðarkerfinu og séu á „strípuðum bótum“. Enginn hefur nokkru sinni getað sýnt fram á það að þeim peningum sem ríkið sparar sér með skerðingum hafi verið varið til að bæta hag hinna verst settu í velferðarkerfinu. Þvert á móti hefur þeim peningum verið sópað í ríkissjóð, þar sem „agaleysi og lausatök“ einkenna meðferð þess að sögn ríkisendurskoðanda.

*Sérkapítuli er svo það eftirlauna- og bótakerfi, sem hin pólitíska yfirstétt hefur komið upp fyrir sjálfa sig. Þar er ekki talin nein þörf á tekjutengingum bóta; alþingismenn og ráðherrar geta farið á full eftirlaun 55 ára og jafnframt gegnt hálaunastörfum starfsævina út og þeir og makar þeirra hlotið rífleg eftirlaun til æviloka.*

Lítum á nýleg dæmi um tekjutengingar, sem ganga þvert gegn þeim, sem þykja við hæfi fyrir aldraða og öryrkja.

Komið var á fót sjóði til að auðvelda fólki töku fæðingarorlofs. Fljótlega kom í ljós að þeir tekjuhæstu teldu sig ekki hafa efni á að taka fæðingarorlof vegna missis í launum. Sjóðurinn var því tekjutengdur upp á við: Menn skyldu fá fæðingarorlofspeninga sem hlutfall af launum. Þegar í ljós kom að með þessu lagi tæmdu hálaunamennirnir sjóðinn fljótlega var raunar sett þak á greiðslur úr honum, en haft ríflegt svo að fæðing barna hálaunafólksins gengi örugglega ekki of nærri efnahag þess.

Lengi vel voru atvinnuleysisbætur tekjutengdar niður á við, voru hlutfall af lægstu töxtum almennra verkalýðsfélaga. Nú, þegar viðurkennt er að fleiri geti misst atvinnuna en lágt launaðir daglaunamenn, voru þessar bætur tekjutengdar upp á við og eru nú hlutfall af þeim tekjum, sem menn hafa haft í fyrra starfi.

Sérkapítuli er svo það eftirlauna- og bótakerfi, sem hin pólitíska yfirstétt hefur komið upp fyrir sjálfa sig á síðustu árum. Þar er ekki talin þörf á neinum tekjutengingum bóta; alþingismenn og ráðherrar geta farið á full eftirlaun 55 ára og haldið áfram að gegna hálaunastörfum á vegum sama vinnuveitanda starfsævina út og þeir og makar þeirra hlotið rífleg eftirlaun til æviloka.

Það eru svo þessir sömu menn, sem svo hafa búið um sig og sína á kostnað ríkissjóðs, sem „sýna ráðdeild og aðhald“ þegar kemur að kjörum ellilífeyrisþega og öryrkja í almannatryggingakerfinu, þannig að frá fyrstu krónu sem þeir þéna umfram lífeyrinn eru bætur þeirra skertar samsvarandi, þeir læstir inn í fátæktargildru.

Ekki nóg með það. Stefán Ólafsson prófessor sýndi fram á fyrir skemmstu með útreikningum sem enginn hefur treyst sér til að véfengja, að yfir 70% þeirra umframtekna sem launþegar héldu að þeir hefðu hafa skapað sér með aðild að lífeyrissjóðum sínum á undanförnum 40 árum eru gerðar upptækar í ríkissjóð með skattlagningu og skerðingu á bótum almannatrygginga.

Þegar sömu stjórnmálamenn segjast vilja skapa aðstæður til að aldraðir og öryrkjar komist út á vinnumarkaðinn í samræmi við getu sína má segja að hræsnin sé fullkomnuð. Nú ættu aldraðir að treysta samtök sín og sameinast um að skapa þeim alþingismönnum sem komið hafa á þessu rangláta kerfi skerðinga og ölmusuumbununar „fagurt ævikvöld“ með því að kjósa þá ekki í næstu alþingiskosningum en veita þeim mönnum brautargengi, sem eru reiðubúnir að endurreisa hér velferðarkerfi sem stendur undir nafni, í líkingu við það sem nágrannar okkar á Norðurlöndum hafa haldið fast við frá upphafi. Þangað sóttum við fyrirmynd okkar á sínum tíma. Sú fyrirmynd á svo sannarlega við enn.


**Ekkert blað?**

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.

**550 5000**

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

**Sögurnar, tölurnar, fólkið.**



AUGLÝSINGASÍMI
**550 5000**



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



## REYNSLUAKSTUR

Jepplingur fólksins á góðu verði

BÍLAR 2



## MIKIL NÁTTÚRU-FEGURÐ

Fögrufjöll standa undir nafni að mati Gyðu Siggeirsdóttur.

FERÐIR 7

allt



## ALLT HITT

[ HEILSA BÍLAR FERÐIR ]

**Fjölskylduferð** Útivistar í Básа í Goðalandi verður farin dagana 11.-13. ágúst. Brottför er kl. 17.00 frá BSÍ. Í þessari árlegu og vinsælu ferð eru börn á öllum aldri í aðalhlutverki og brugðið verður á leik, sagðar sögur, föndrað, sungið og farið í ógleymanlegar gönguferðir. Verðið er 10.300 kr. fyrir félagsmenn en 11.900 kr. fyrir aðra. Frítt fyrir börn 11 ára og yngri og 12-15 ára greiða hálft gjald.



**Tengsl** mataræðis og blóðþrýstings er viðfangsefni fyrirlestrar sem haldinn verður á morgun, fimmtudag, á 2. hæð á Laugar Café í Laugardalnum. Farið verður yfir hvernig hægt er að ná árangri í blóðþrýstingsmeðferð með breytingum á mataræði. Lagðar verða fram tillögur um matseðla og veitt aðstoð við val á mataræði. Aðgangur er ókeypis og öllum opinn. Fyrirlesturinn byrjar kl. 17.00.

**Jeppatilboð** Hertz bílaleigunnar kemur sér vel ef skipuleggja á sumarfrí á hálendinu. Hægt er að fá stóran jeppa leigðan á 11.900 kr. á dag með 100 kílómetra akstri inniföldum. Minni jeppar kosta 9.900 kr. á dag. Trygging og skattur er innifalinn í báðum tilfellum. Tilboðið gildir til 15. ágúst.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 9. ágúst, 221. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.59 | 13.33 | 22.05 |
| Akureyri | 5.02 | 13.33 | 22.02 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Sólveig stundar jóga og syndir kílómetra tvisvar til þrisvar sinnum í viku. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

# Var fljót að styrkjast

***Sólveig Guðmundsdóttir leikkona syndir og stundar asthanga jóga til að halda heilsunni í lagi.***

„Maður þarf að vera bæði í líkamlegu og andlegu jafnvægi til þess að geta sinnt leiklistinni af fullum krafti," útskýrir Sólveig og bætir við að þess vegna stundi hún asthanga jóga, sem er kraftmikið afbrigði af jóga.

„Hver tími hefst á svokallaðri sólarhyllingu, sem er ákveðin líkamsstaða, og svo er farið í hinar og þessar stellingar," segir hún. „Þetta byggist að miklu leyti á teygjum og styrktar- og öndunaræfingum. Ég hefði ekki getað trúað því hversu miklum líkamlegum styrk og andlegu jafnvægi hægt er að ná á skömmum tíma fyrr en ég prófaði þetta sjálf. Þetta er sjálfsagt ein besta líkamsrækt sem ég hef farið í."

Sólveig fékk áhuga á asthanga jóga þegar hún sótti tíma hjá Ingibjörgu Stefánsdóttur, leikkonu og jógakennara, í Kramhúsinu. „Ingibjörg hefur síðan opnað frábæra stöð í Engjateigi 5, sem kallast Yoga Shala," segir hún. „Hægt er að fara fjórum sinnum í viku, einn og hálfan tíma í senn, en ég læt mér nægja tvö skipti þar sem ég syndi líka."

Sólveig syndir kílómetra tvisvar til þrisvar sinnum í viku og þykir gott að fara annað hvort í Vesturbæjar- eða Seltjarnarneslaug. „Mér finnst nýja laugin á Nesinu vel heppnuð, þar sem búið er að koma upp góðum útiklefum og heitum pottum," segir hún. „Svo er gott að baða sig í sólinni á meðan enn sést til hennar. Markmiðið er að fara snemma á morgnana. Ég veit ekki hvort það tekst þar sem ég er nú enginn morgunhani en borgar sig ekki að halda í bjartsýnina?" segir Sólveig sem æfir nú fyrir uppsetningu á Gunnlaðarsögu, sem byggir á samnefndri sögu Svövu Jakobsdóttur. Leikstjórn er í höndum Þórhildar Þorleifsdóttur en Kvenfélagið Garpur framleiðir í samvinnu við Hafnarfjarðarleikhúsið og þar verður leikritið frumsýnt 15. september.

roald@frettabladid.is







**Akstur bifreiðar** þarfnast allrar athygli þinnar. Sleppum því að tala í símann rétt á meðan við keyrum. Ef það er ekki hægt munið þá eftir handfrjálsa búnaðinum.



Öll hönnun bílsins er ný og aðeins nafnið hefur lifað áfram frá fyrri útgáfu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Jepplingur fólksins á góðu verði

***Reynsluakstur Kia Sportage 2,0 CRDi.***

Gamli Sportage bíllinn, sem var settur á markað 1995, kom Kia á kortið svo um munaði. Lítill en traustur og sparneytinn jepplingur á kostakjörum – það kunni almenningur að meta. Svo mjög reyndar að Sportage varð þekktara nafn í Bandaríkjunum en Kia.

Nýr Sportage á fátt sameiginlegt með þeim gamla, en ekki endilega á slæman hátt. Sá gamli var grindarbíll en sá nýi með sambyggðu burðarvirki. Sá nýi er stærri á alla kanta og með aukna sporvídd, sem gerir bílinn stöðugri, til dæmis í beygjum. Hann er líka búinn fjórhjóladrifi sem læsir sjálfkrafa 90% á milli fram- og afturhjóla, eða 100% með hnappi í mælaborði. Á íslensku þýðir það að bíllinn dreifir afli til hjóla eftir þörfum, en ef maður festist er hægt að ýta á einn hnapp og fá hámarksdrifgetu.

Útlit bílsins er einnig gjörbreytt, og hefur sú breyting tekist ágætlega, ekki síst að innan. Framsæti eru ágæt, maður situr hátt og bílstjórasetan er stillanleg. Miðjustokkurinn hefur að geyma tvö opin hólf, eitt lokað, 12V úttak og tvo glasahaldara, sem eru alltaf plús í mínum bókum. Lokaða hólfið mætti hins vegar vera hærra til að styðja undir olnboga á keyrslu. Átta árekstrarpúðar sjá svo um að vernda farþegana komi til árekstrar.

Prufubíllinn var með 140 hestafla 2,0 lítra dísilvél. Hún er lágvær, jafnvel á háum snúningi, og vinnur mjög skemmtilega. Í lægri gírunum tekur hún viðbragð í 2.000 snúningum og minnstu munaði að maður færi að svipast um eftir unglingum til að spyrna við. Gírkassinn er sex gíra og mjög léttur. Gaman er að spila á gírana í sveitavegaakstri, en það er þó ekki nauðsynlegt því tog vélarinnar er nægilegt til að skila góðri vinnslu á mjög breiðu snúningssviði. Ekki skemmir fyrir að bíllinn vegur ekki nema um það bil eitt og hálft tonn. Eini gallinn við gírskiptingar var staðsetning gírstangarinnar, en mér fannst ég vera farinn að teygja mig svolítið til að komast í 5. og 6. gír.

Léttleiki bílsins kemur reyndar niður á honum á malarvegum þar sem þyngri bílar hefðu enn meiri rásfestu. Hægt er að fá ESP stöðugleikabúnað sem aukabúnað í bílinn fyrir aðeins 80.000 kr. og í mínum huga væri þeim peningum vel varið. Hann er reyndar búinn spólvörn sem staðalbúnaði en í kröppum beygjum gerir hún ekki sama gagn.

Mælaborð og stjórntæki eru með einfaldara móti en hönnun þeirra hefur tekist mjög vel. Ég var sérlega hrifinn af miðstöðinni sem er álíka flókin í notkun og rennilás. Aftursæti eru ágæt en bílbelti fyrir miðjufarþega er einkennilegt: Það er eitt belti sem er dregið úr toppnum og smellt sitthvorum megin við farþegann. Farangursrými er gott, sæti leggjast alveg niður og afturrúða bílsins er opnanleg ein og sér.

Hvort sem ekið var á malbiki eða möl var bíllinn léttur og hljóðlátur. Fjöðrun bílsins spilar þar stórt hlutverk en mýkt hennar dregur úr umhverfishljóðum. Eyðsla var samkvæmt aksturstölvu frá 10,5 til 11,5 lítrum, sem verður að teljast temmilegt í reynsluakstri fyrir þó þetta stóran og kraftmikinn fjórhjóladrifsbíl.

Sem fyrr segir á bíllinn fátt sameiginlegt með eldri útgáfunni, en þó eitt. Kia spilar Sportage áfram út sem jepplingi fólksins og heldur sterkri samkeppnisstöðu með lágu verði.

*einareli@frettabladid.is*



Miðað við litla og einfalda innréttingu er bíllinn einkar laglegur að innan og hönnunin miðar að tilfinningu fyrir plássi.



Bíllinn er á 16 tommu felgum og dekkjum sem henta vel á og utan malbiks. Þokuljós eru staðalbúnaður.



Sex gíra kassinn er léttur og skemmtilegur til að spila á. Gírstöngin hefði mátt vera aðeins nær bílstjórasætinu.



Afturhlerinn opnast í heilu lagi en einnig er hægt að opna afturrúðuna eina og sér.

### KIA SPORTAGE 2,0 CDRI

**Vél:** 2,0 l Common Rail dísil
140 hestöfl / 245,2 Nm
**Eyðsla, bl. akstur:** 8 l/100 km
**Farangursrými:** Allt að 1.866 lítrar
**Aftursæti:** 60/40 leggst flatt
**Verð:** 2.790.000 kr.

**PLÚS**
Léttur og sprækur
Rúmgóður miðað við stærð
Lágt verð

**MÍNUS**
Rásar á möl
Staðsetning gírstangar

Full búð af flottum græjum
Bíltæki, bassar, hátalarar, skjáir, DVD spilarar, magnarar, bassabox
Kíkið í heimsókn eða fylgist með á netversluninni.


ÁG Mótorsport - Klettháls 9
110 Reykjavík - s. 587 5547
Verslun á netinu : www.agmotorsport.is




## Til sölu



**Nýr Blue Camp Sky 20 húsbíll.** Lengd 6,3 m Svefnpláss fyrir 4, tvíbreitt rúm aftur í. Þriggja punkta öryggisbelti fyrir fjóra. 125 hestafla vél, 2,0 l. Command rail diesel. Aircondition - Hjólagrind - 2 x airbag (öryggispúðar). Geislaspilari með usb-tengi og útvarp mp3 með fjarstýringu. Rafmagn í rúðum - Stór dekk 215/75 R16".
**Verð 4.600.000 kr** með vsk.



**Notaður Auto Roller húsbíll.** Fyrst skráður apríl 2000. Framleiðsluár 1998. Ekinn aðeins 118.000 km. Fiat Ducato turbo Diesel vél. Svefnpláss fyrir 5 - Þriggja punkta öryggisbelti fyrir fjóra. **Verð 2.150.000 kr** með vsk.



**Notaður Rockwood húsbíll.** Einn með öllu - Íbúð á hjólum Ford Econoline V8 - Sjálfskiptur. Ekinn 100 þ.km - Árgerð 1993. Svefnpláss f. 6-8. Ísskápur-Bakaraofn-Örbylgjuofn-Sturta og baðkar.
**Verð 3.300.000 kr** með vsk.

**Bílexport á Íslandi ehf.**
**Bóas sími 0049-175-271-1783**
**Eðvald sími 896-6456**
**bilexport.dk**

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
**Stórmarkaður í stofunni heima**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ



Íslenski hópurinn við bíla sína. Alls voru 48 manns og sex bílar í hópnum. LJÓSMYNDIR: ARNAR EINARSSON



Algeng sjón á íslenska svæðinu. Handbragð og útfærslur á breytingum vöktu aðdáun gesta.

# Íslendingar slá í gegn á alþjóðlegu Land Rover-móti

***Sýndu myndir úr íslenskum vetrarferðum í breskri hitabylgju.***

Arnar Einarsson er formaður Ísland Rover, félagsskaps ríflega 150 Land Rover-eigenda og -áhugamanna á Íslandi. Í júlí fór hann ásamt 47 öðrum Íslendingum á alþjóðlegt mót í Mekka Land Rover-eigenda, Bretlandi.

„Í Bretlandi eru gefin út fjögur mánaðarrit sem fjalla bara um Land Rover-bíla og allt sem þeim tengist. Eitt þessara tímarita, Land Rover Enthusiast, heldur stór mót á hverju ári þar sem eigendur og fyrirtæki safnast saman, sína sig og vörur sínar og bíla og sjá aðra,“ segir Arnar. „Á mótinu sem við fórum á voru um 50.000 manns og 10.000 bílar. Fimm af bílunum sem við vorum með voru breyttir jeppar á 37-44 tommu dekkjum en þeim sjötta hafði verið breytt á annan hátt; sá bíll er Series 2A, gamall bíll sem er búið að lengja og breyta í ferðabíl.“

Hugmyndin að ferðinni kviknaði fyrir tveimur árum en fyrir einu ári var ákveðið að setja ferlið í gang og sjá hvernig gengi. Dýrasti hluti ferðarinnar var flutningurinn á bílunum út. „Ólafur Kristinsson, verslunarstjóri í varahlutaverslun B&L, tók að sér að ræða við Eimskip og fékk frábær kjör á flutningum. Þegar þessi stóri hluti var kominn varð ekki aftur snúið. Þá hófst vinna hjá eigendum við að græja bílana og hjá mér að undirbúa ferðina, setja mig í samband við mótshaldara og þess háttar.“

Arnar segir að íslenska hópnum hafi verið einstaklega vel tekið. Venjan er sú að sýningarsvæði eru leigð út en mótshaldarar buðu Íslendingunum frítt svæði og sýndu mikinn áhuga á að fá þá á sýninguna. „Það stóðst allt sem okkur hafði verið lofað. Mótshaldarar bjuggu líka til fimm km langa torfæruleið sem fólk gat keypt sig inn á. Okkur var sérstaklega boðið frítt á hana og bílarnir myndaðir í bak og fyrir af tímaritinu. Það verður víst sér grein um Íslendingana og ferðina okkar í næsta blaði sem kemur út seinnipartinn í mánuðinum,“ segir Arnar og bætir við að samkvæmt nýjustu fréttum bendi allt til þess að þeir lendi á forsíðu blaðsins, sem dreift er um allan heim.

Ferðin hófst 14. júlí og mótið sjálft var helgina 21.-23. júlí. Þeir hörðustu mættu þó mánudeginum áður og þegar Íslendingarnir komu á áfangastað á miðvikudeginum var múgur og margmenni á svæðinu. „Á mótinu eru bæði einstaklingar að sýna bílana sína og eins fyrirtæki sem sýna allt sem hugsanlega getur tengst Land Rover; tjöld, útilegubúnað og safaríferðir til dæmis,“ segir Arnar. „Svæðið okkar var mjög vel sótt. Við vorum með sex bíla og tjald þar sem við sýndum myndir og myndbönd frá Íslandi. Myndirnar voru mikið úr vetrarferðum og við vorum úti í hitabylgju. Það var alltaf einhver fyrir framan bílana að taka myndir, enda í fyrsta sinn sem íslenskir bílar koma á mótið sem hefur verið haldið árlega í 15 ár.“

Arnar segir að mótshaldarar hafi sýnt mikinn áhuga á að fá íslenska heimsókn aftur. „Land Rover var stofnað 1948 og 2008, á sextíu ára afmælinu, verður mótið enn stærra. Við vorum spurðir hvort við ætluðum ekki örugglega að koma aftur þá. Á mótinu voru menn frá Land Rover-verksmiðjunum sjálfum sem komu og skoðuðu hjá okkur, brostu breitt og fannst þetta alveg magnað. Allir sögðu það sama: Mig langar að koma til Íslands og þegar ég kem, má ég þá koma með ykkur í jeppaferð? Það var gaman að vera Íslendingur þessa daga,“ segir Arnar brosandi.

„Það var mjög oft að maður leit á bílana og sá bara lappir standa útundan þeim. Þá var einhver skriðinn undir þá til að skoða hvernig þetta væri gert á Íslandi. Við sáum alveg 38 og 44 tommu dekk þarna út en hvernig þeir breyta bílunum, það fékk Íslendingana bara til að standa og hrista hausinn. Annar eins fíflaskapur hefur ekki sést,“ segir Arnar að lokum.

*einareli@frettabladid.is*



Dæmi um breska breytingu. Yfirbyggingin er hækkuð um 30 sm með klossum. Bretti eru ósnert.



Þessi er í eigu Land Rover-verksmiðjanna og var notaður til að ferja gesti um framleiðslusvæðið.



Úr íslenska sýningartjaldinu. Hópurinn var ítrekað spurður hvort hægt væri að komast í jeppaferðir með honum.



Frá íslenska sýningarsvæðinu. Plássið var ekki mikið en bílarnir og myndir úr íslenskum jeppaferðum vöktu óskipta athygli.



Íslendingarnir lýsa bílunum fyrir kynni á mótinu. Bíllinn í bakgrunni er gamall Series 2A sem hefur verið lengdur, breikkaður og hækkaður. Aukahurðir hafa verið settar á hann og raunar fátt eftir úr upprunalega bílnum annað en hvalbakurinn.



Páll Halldórsson frá Öskju (til vinstri) og Benedikt Harðarson frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins.

# Nýir Sprinter-sjúkrabílar

***Rauði krossinn tók nýlega við tveimur nýjum sjúkrabílum af gerðinni Mercedes Benz Sprinter.***

Á næstu vikum og mánuðum stendur til að afhenda sex aðra bíla sömu gerðar, en þeir eru sjálfskiptir með fjórhjólabúnaði frá Iglhaut GmbH í Þýskalandi. Iglhaut sá einnig um aflaukningu á mótornum, sem er nú 186 hestöfl. Öll önnur breytingavinna og smíði inn í bílana var unnin af Sigurjóni Magnússyni á Ólafsfirði í samstarfi við Rauða krossinn og starfsmenn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.

Bíllinn, sem er einungis um 2,5 tonn að eigin þyngd, mun leysa af hólmi eldri bíla af Ford-gerð, sem hafa verið í notkun síðustu ár.



**Það nægir ekki** að bursta tennurnar vel. Það þarf einnig að nota tannþráð til að koma í veg fyrir skemmdir í tönnum.



# Bóluefni gegn offitu

***Kemur í veg fyrir hæg efnaskipti.***



Rannsóknir á rottum gefa góðar vonir um bóluefni við offitu.

Vísindamenn við Scribbs rannsóknarstofnunina í Kaliforníu hafa þróað þrjú tilbúin bóluefni sem gætu verið fyrirmyndin að bóluefni gegn offitu. Hvert bóluefnanna virkar gegn mismunandi hlutum ghrelin-hormónsins sem hægir á efnaskiptum líkamans og hefur áhrif á geymslu fituforða.

Tilraunir sýna að rottur sem voru sprautaðar með bóluefninu þyngdust minna en aðrar rottur, þótt þær ætu það sama. Sérstaklega var áberandi að fitumyndun í líkama þeirra var minni.

Á fréttavef BBC kemur fram að vísindamenn telja rannsóknina lofa góðu en treysta sér ekki til að hefja tilraunir á mönnum. Til þess sé virkni bóluefnanna of óljós, en vitað er að þau hafa einhver áhrif á heilastarfsemina.

*- elí*

# Bætir Bjarni tímann?

***Reykjavíkurmaraþon er rétt handan við hornið og nú leggur Bjarni Ármannsson, bankastjóri Glitnis, lokahönd á undirbúning sinn.***

Að því tilefni tók hann þátt í hlaupagreiningu, sem er ný aðferð þróuð af Agnari Steinarssyni, sem á einfaldan og auðveldan hátt gefur ýmsar upplýsingar um hlaupagetu íþróttamanna. Prófið fer þannig fram að eftir upphitun eru teknir nokkrir 20 metra sprettir og tíminn mældur. Að því loknu hvílast íþróttamennirnir og hlaupa svo lengri vegalengd, 800 metra eða lengra.

Með þessum tveimur mælingum reiknar Agnar út ýmsa stuðla eftir kúnstarinnar reglum. Úr prófinu fæst t.d. mjólkursýruþröskuldur, en til að ná bestum árangri ætti íþróttamaður að þjálfa við mörk þröskuldsins. Einnig fæst Formstuðull (F) en hann segir til um í hversu góðu formi þátttakandi er miðað við aldur og kyn.

Bjarni mætti skokkandi og í æfingagallanum inn í Laugardal og það var varla hægt að fá hann til að stoppa og útskýra greininguna, svo mikil var hlaupaþörfin. Með honum í för voru Una Steinsdóttir, skíðaafreksmaðurinn Vilhelm Már Þorsteinsson og Bala Kamallakharan en þau tóku einnig þátt í greiningunni.



Bjarni og Una hita upp fyrir hlaupagreiningu á Laugardalsvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Bjarni hefur sett stefnuna á tímann þrjár klukkustundir og 50 mínútur, en síðast er hann hljóp maraþon tók það hann rúma 4 tíma að komast í mark. Ef hlaupagreiningin stenst ætti hann að ná markmiðum sínum og gott betur. Spátíminn er þrjár klukkustundir og 41 mínúta. Una getur sett markið á tvær klukkustundir og fimm mínútur í hálfmaraþoninu en Vilhelm ætti að skilja þau eftir í startholunum og hlaupa maraþonið á rúmum þremur tímum.

F stuðull Bjarna er 5,4 en að sögn Agnars er það mjög gott. Skalinn er frá 1 upp í 10 þar sem heimsmeistari í maraþoni skríður upp í 10 en kyrrsetumaðurinn hangir í 2. Una er aðeins lakari en Bjarni með 5,1, Vilhelm skyggir algjörlega á þau með 6,2 en Bala rekur lestina með 4,1 sem þó er á pari við góðan skokkara.

Þeim sem vilja býður Agnar upp á hlaupagreiningu á Laugardalsvelli í dag og á morgun milli 17 og 18. Greiningin kostar ekkert og það eina sem þarf að gera er að mæta í hlaupafötum í anddyri líkamsræktarstöðvarinnar Lauga og rölta með Agnari út á völl.

Reykjavíkurmaraþon fer fram 19. ágúst og spennandi verður að sjá hvort spár Agnars standist jafn vel og verðbólguspár bankanna.




YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT
Síðumúla 15, s. 5885711 og 6946103
YOGA YOGA YOGA
Líkamsæfingar, öndunaræfingar
slökun og hugleiðsla
Sértímar fyrir barnshafandi
og kraftyoga
Allir yoga unnendur velkomnir
www.yogaheilsa.is • yogaheilsa@yogaheilsa.is





Ómissandi Omega 3 fitusýrur auk Omega 6 og 9 fitusýrur auðmeltanleg
Póstsendum um land allt
Heilsuhornið
S: 462-1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet.is/heilsuhorn
Útsölustaðir m.a: Yggdrasill, Fjarðarkaup, Maður lifandi í Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind í Hagkaupum, Lyfjaval í Mjódd og Hæðarsmára og Lyfja á Selfossi.









## Persona.is

EYJÓLFUR ÖRN JÓNSSON
SÁLFRÆÐINGUR SKRIFAR

## Hjálp í boði

Frá því að ég skrifaði hér síðast um áfallahjálp hafa mér borist ótal sögur af því hvernig fólk þarf að komast af án hjálpar eftir mikil áföll. Hér á landi er sálfræðiþjónusta almennt ekki niðurgreidd og svo virðist sem oft á tíðum sé hún feimnismál hjá mörgum. Ef fólk vill eða þarf á sálfræðiþjónustu að halda þá þarf það að leita sér aðstoðar hjá Landspítalanum eða Félagsþjónustunni og það auðveldar vissulega ekki fólki að leita sér hjálpar. Þetta gerist vegna þess að í huga margra þarf maður að eiga við alvarlegan vanda að etja til að fara á spítala og það að fara til Féló er sér stimpill út af fyrir sig. Auk þessa er fólki hreinlega ekki sagt frá þeirri þjónustu sem stendur til boða líkt og þar sé um hernaðarleyndarmál að ræða, en þannig er staðan til dæmis með áfallahjálpina hér á landi. Svo virðist sem það skipti ekki máli hvort fólk lendi í bílslysi, missi ástvin skyndilega af völdum sjúkdóms eða sjálfsvígs, verði vitni að hrikalegum atburðum eða öðru álíka, það virðist vera handahófskennt hverjum er boðin aðstoð og hverjum ekki. Það er ekki verið að setja út á þá aðstoð sem boðin er, heldur hreinlega, að hún er ekki boðin í öllum þeim tilfellum þar sem hennar er þörf.

Það kann að vera erfitt að átta sig á því hvenær maður þarf á hjálp að halda en í kerfi eins og okkar verður það mun erfiðara fyrir fólk og oft jafnvel ómögulegt. Hvað á einstaklingur að gera sem á erfitt með að umgangast fólk og er jafnframt óöruggur með sjálfan sig og mun því ekki leita sér aðstoðar á spítala, og er jafnvel illa við að leita sér aðstoðar félagskerfisins? Almennt er fólki ekki sagt frá því hvaða aðstoð stendur til boða og má leiða rök að því að það stafi hreinlega af því að sú aðstoð nægi ekki ef margir leiti í hana. Þetta er til dæmis málið hjá háskólanum, en þar er boðið upp á sálfræðiaðstoð fyrir námsmenn en öll þau ár sem ég eyddi þar heyrði ég aldrei einu orði á það minnst og í dag vekur það furðu fólks í háskólanum þegar það fréttir af því. Reynslan og rannsóknir hafa sýnt að án hjálpar eru miklar líkur á að þeim einstaklingum muni hraka til muna, fara á mis við ýmislegt og ekki njóta lífsins eins og ætti að vera mögulegt. Þetta verður mun meira áberandi þegar fólk hefur upplifað áföll af einhverjum toga og fær ekki aðstoð við að vinna úr því. Fólk sem ekki nær að vinna úr alvarlegum áföllum þjáist gjarnan af ýmsum vandamálum sem tengjast beint upplifun þeirra og hefði mátt koma í veg fyrir með því að bjóða aðstoð á réttum tíma. Vegna vandamálanna verður þetta fólk illa starfshæft og hefur verið sýnt fram á að í álagsmiklum störfum verður oft mikil mannekla þegar starfsmönnunum er ekki boðin aðstoð. Vegna þessa hafa flestar þjóðir innlimað sálfræðiþjónustu sem grunnþjónustu við starfsstéttir eins og lögreglu, slökkvilið, sjúkraflutninga og her. Þetta höfum við ekki gert.

Hjá nágrönnum okkar Dönum þurfti stórslys til þess að hrinda hlutunum í framkvæmd. Árið 1990 kviknaði í ferjunni Scandinavian Star með þeim afleiðingum að 158 manns fórust. Vegna gífurlegs þrýstings frá eftirlifendum, ættingjum og þjóðinni allri brást danska ríkisstjórnin við og setti sálfræðiaðstoð og þá einkum og sér í lagi áfallahjálp í almannatryggingakerfið. Það er sorglegt ef við þurfum álíka hörmungar til þess að vekja fólk til umhugsunar um rétt sinn til hjálpar en svo virðist þó oft vera. Hér á landi er nóg um áföll og ætti því að vera kappsmál að standa rétt við bakið á þeim sem upplifa þau á einhvern hátt. Það að gera ekkert kostar okkur sem þjóðfélag mun meira til lengri tíma litið en að bjóða þá aðstoð sem þarf og þannig getum við einnig tryggt að það verði ekkert feimnismál fyrir fólk að leita sér hjálpar þegar því líður illa og á erfitt með að takast á við lífið.






## Bólusetningarþing í Reykjavík

NORRÆNT BÓLUSETNINGARÞING VERÐUR HALDIÐ Í REYKJAVÍK Í LOK MÁNAÐARINS.150 NORRÆNIR VÍSINDA- OG EMBÆTTISMENN ERU SKRÁÐIR Á ÞINGIÐ.

Dagana 25. og 26. ágúst 2006 verður norrænt bólusetningarþing haldið á Grand hóteli í Reykjavík. Embætti sóttvarnalæknis hefur undirbúið ráðstefnuna, en norrænt bólusetningaþing er haldið annað hvert ár í einhverju Norðurlandanna.
Helstu viðfangsefni ráðstefnunnar í ár eru bólusetningar gegn meningókokkum, ný bóluefni, ný vitneskja um eldri bóluefni og áherslur og árangur Norðurlandanna í málefnum bólusetninga. Ráðstefnuna sækja bæði vísindamenn og embættismenn allra Norðurlandanna og hafa um 150 manns skráð þátttöku.

*(www.landlaeknir.is)*



Áherslur og árangur Norðurlandanna í málefnum bólusetninga er meðal umræðuefna á bólusetningarþinginu. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

# Afsláttur af tæknifrjóvgun

***Breskar komur sem gefa egg til stofnfrumurannsókna fá góð kjör á tæknifrjóvgun.***

Tæknifrjóvgunarstöð í Bretlandi hefur fengið leyfi yfirvalda til þess að spyrja kvenskjólstæðinga sína hvort þær vilji gefa egg úr eggjastokkum sínum til stofnfrumurannsókna í skiptum fyrir ódýra tæknifrjóvgun. Ekki hefur áður verið leyft í Bretlandi að eiga slík viðskipti i þágu vísindanna.

Stofnunin heitir North East England Stem Cell Institute og hefur fengið þetta leyfi með þeví skilyrði að konurnar hljóti nákvæmar upplýsingar um tilgang rannsóknanna og eggjagjafarinnar. Menn óttast að konum finnist þær tilneyddar að láta eggin af hendi. Eggin verða frjóvguð og þegar fósturvísar myndast verða stofnfrumulínur notaðar úr þeim til rannsókna. *(www.doktor.is)*


Í fyrsta sinn er nú heimilt í Bretlandi að bjóða afsláttakjör í þágu vísindanna.

# Ofbeldi gerir fólk ónæmt

***Tölvuleikir venja fólk við ofbeldi svo það verður líkamlega ónæmt.***

Ný rannsókn frá háskólanum í Iowa hefur nú sannreynt að áhorf á ofbeldisfullt efni getur gert einstaklinga ónæma fyrir raunverulegu ofbeldi. Rannsóknin sem framkvæmd var við sálfræðideild háskólans sýndi að einstaklingar sem höfðu horft á ofbeldisfullt efni sýndu minni lífræna svörun við raunverulegu ofbeldi. Rannsóknin sýndi að fólk sem hafði spilað ofbeldisfulla tölvuleiki hafði hægari hjartslátt og minni svörun frá húðinni en samanburðarhópur sem spilaði ofbeldislausa leiki. Rannsakendurnir segja að þetta sýni að það eitt að spila ofbeldisfullan tölvuleik í stuttan tíma leiðir til þess að fólk verði fyrir minni líkamlegri örvun af raunverulegu ofbeldi. Svo virðist sem fólk hreinlega venjist ofbeldinu vegna þess sem það er að horfa á og verði svo líkamlega ónæmt fyrir því.

(www.persona.is)


Það þarf aðeins að spila ofbeldisfulla tölvuleiki í stutta stund til að verða ónæmur fyrir ofbeldi.

## Skemmtilegar staðreyndir um maraþon

- Nafnið Maraþon kemur frá Grikkjanum Pheidippides sem er sagður hafa hlaupið frá bænum Maraþon til Aþenu til þess að tilkynna fólki að Persarnir hefðu verið sigraðir í baráttunni um Maraþon. Stuttu eftir að hafa tilkynnt þessi gleðtíðindi er Pheidippides sagður hafa dottið niður dauður.
- Heimsmet karla í maraþonhlaupi er 2 klukkutímar, 4 mínútur og 55 sekúndur. Paul Tergat frá Kenýu setti metið í Berlínarmaraþoninu í september árið 2003.
- Heimsmet kvenna á Paula Radcliffe frá Bretlandi en í apríl árið 2003 setti hún metið í Lundúnamaraþoninu. Tími Radcliffe var 2 klukkutímar, 15 mínútur og 25 sekúndur.
- Líkaminn breytir kolvetnum í glýkógen sem líkaminn geymir. Glýkógen brennur hratt og gefur mikla orku og geta hlauparar geymt sem samsvarar 2000 kalóríum af glýkógeni í forðabúri líkamans sem er nóg til þess að hlaupa um það bil 30 kílómetra. „Að lenda á veggnum," er það kallað þegar glýkógenið klárast en þá fer líkaminn að brenna fitu til þess að fá orku. Þegar þetta gerist minnkar líkamleg geta mikið og margir hlauparar segja hlaupið þyngjast mikið við það.
- Spiridon „Spiros" Louis var grískur fjárhirðir, sem sigraði í fyrsta maraþonhlaupinu á Ólympíuleikunum árið 1896 á 2 klukkustundum, 58 mínútum og 50 sekúndum. Það sem er hvað merkilegast við afrek hans er að á leiðinni stoppaði hann hjá frændfólki sínu og drakk með þeim vínglas áður en hann hélt hlaupinu áfram.
- Reykjavíkurmaraþon var fyrst haldið árið 1984 og tóku 214 þátttakendur frá 8 þjóðum þátt í hlaupinu. Í fyrra hlupu 3500 manns, þar af um 500 erlendir keppendur.
- 12 af 20 bestu maraþon hlaupurum heims eru af Kalenjin-ættbálknum í Keníu. Samkvæmt niðurstöðum danskrar rannsóknar var hjartsláttur Kalenjin-hlaupara hægari en danskra hlaupara eftir löng hlaup. Þá leiddu rannsóknir einnig í ljós að líkami Kalenjinmanna er fljótari að breyta súrefni í orku heldur en líkamar danskra kollega þeirra.



allt
heimili
Alla fimmtudaga









Ragnar Þór Ingólfsson, verslunarstjóri Arnarins. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

# Hjólreiðatúr með börnin

***Á síðustu árum hefur orðið mikil aukning í sölu á alls kyns hjólabúnaði fyrir börnin. Ragnar Þór Ingólfsson, verslunarstjóri hjá Erninum, segir að með aukinni hjólamenningu hafi úrvalið í búðunum orðið betra.***



Einstaklingskerra sem er afar hentug fyrir skokkið enda er hún létt og lipur.

„Áður fyrr voru mánuðir eins og janúar og febrúar gjörsamlega dauðir mánuðir. Núna erum við með fullmannað á verkstæðinu allt árið um kring sem sýnir okkur að fólk notar hjólin sín mun meira. Þar að auki hefur sala á hjólavögnum og tengihjólum aukist gríðarlega enda eru margar fjölskyldur sem njóta útivistar og samverunnar með því að fara í hjólatúr,“ segir Ragnar og segir að ástæðurnar fyrir aukinni hjólamenningu geti meðal annars stafað af betra veðurfari á veturna, betri göngu- og hjólastígum, aukinni heilsumeðvitund og betri hjólabúnaði.

„Hjólavagnarnir eru mjög vinsælir enda eru þeir ofsalega þægilegir í notkun. Flestum vögnunum er hægt að breyta í skokkkerrur eða nota þá sem venjulega kerru þannig að notkunin takmarkast ekki bara við hjól. Vagnarnir eru léttir og með góðum hjólum þannig að það er létt að ýta þeim áfram hvernig sem aðstæður eru,“ segir Ragnar.

Það er bæði hægt að fá litla einstaklingsvagna og vagna fyrir tvö börn. Stærri vagnarnir bera 50 kíló en minni vagnarnir 35 kíló. En þó að vagnarnir beri mikið þá er ekki erfitt að hjóla með þá. „Vagnarnir tengjast í aftari öxul hjólsins þannig að þyngdarpunkturinn er mjög neðarlega. Það reynir því ekkert á jafnvægið og það kemur flestum á óvart hvað það er létt að hjóla með vagnana. Svo eru vagnarnir öruggari en stólarnir þar sem börnin eru vel varin inni í vagninum, með fjögurra punkta belti og ef sá fullorðni dettur af sínu hjóli þá er öxullinn þannig útbúinn að vagninn veltur ekki,“ segir Ragnar, en þessir vagnar henta börnum upp að sex ára aldri mjög vel. Eftir þann aldur taka tengihjólin við.



Tveggjamanna vagn sem hægt er að breyta í venjulega kerru með því að skella þriðja hjólinu undir hann. Einnig er hægt að binda vagninn við sig og labba með hann á eftir sér upp á fjall eða skella skíðum undir hann og fara á gönguskíði með börnin í eftirdragi.



Tengihjólið er frá Trek en það er hægt að tengja það við hvaða tegund af hjóli sem er. Hægt er að fá tvær stærðir; 20 tommu fyrir fimm til átta ára börn og 24 tommu fyrir sjö til tíu ára gömul börn.

„Tengihjólin henta vel krökkum á aldrinum fjögurra til sjö ára. Það getur nefnilega verið erfitt fyrir krakka á þessum aldri að fara í langa hjólatúra. En þegar barnið er aftan við þá hjálpar það til í erfiðum brekkum, en svo getur það hvílt sig inn á milli. Það er mikið sport á mínu heimili að fá að tengjast mínu hjóli og fara á þeim hraða sem fullorðnir fara,“ segir Ragnar að lokum.

Það ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi í hjólaverslunum landsins þar sem úrvalið er gott og hægt er að finna vörur í mörgum verðflokkum. Í Erninum kosta vagnarnir á bilinu 35.000 og upp í 89.000 krónur. Tengihjólin koma í tveimur stærðum, með eða án gíra, og kosta frá 13.900 til 18.900 krónur í Erninum. *erlabjorg@frettabladid.is*


Hinn fullkomni þjálfari!

Life Fitness – vænstu þess besta

X9i

- Allt að 50% meiri hitaeininganotkun



ARGUS 06-0350

Life Fitness
þrekhjól, hlaupabrautir, þrekþjálfar og æfingastöðvar

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

Hagstæð greiðslukjör | Opið 10-18 mán.-fös. | www.hreysti.is

allt matur
Alla föstudaga





Gengið niður Hvanngilsbrúnir. MYND/GYÐA

# Fögrufjöll standa undir nafni

***Gyða Siggeirsdóttir upplifði mikla náttúrufegurð en líka þreytu, storm og bleytu er hún gekk frá norðurenda Langasjávar niður í Hólaskjól.***



Fagrifjörður í Langasjó blasir við og í honum eyjan Ást. MYND/GYÐA

„Þetta er ofboðslega fallegt svæði eins og örnefnin Fögrufjöll, Fagralón og Fagrifjörður bera með sér. En hún var erfið þessi ganga meðfram Langasjó. Það var svo mikið rok,“ segir Gyða sem krafin var um ferðasögu fljótlega eftir heimkomuna.

Gyða er frá Kirkjubæjarklaustri og tilheyrir gönguhópi Skaftfellinga á höfuðborgarsvæðinu sem heitir Skálm. Kveðst hafa verið aldursforsetinn í þeim fjórtán manna hópi sem gekk um Fögrufjöll. „Ég hefði getað verið mamma þeirra allra,“ segir hún hlæjandi. Svo hefst frásögnin.

„Þetta var þriggja daga ganga og það var gist í skálum við Sveinstind, í Skælingum og Hólaskjóli. Við vorum keyrð inn fyrir Langasjó og hófum gönguna þar þann 13. júlí. Sluppum við að bera viðlegubúnaðinn fyrsta daginn og það var mikil blessun. Þann dag vorum við tæpa tólf tíma á göngu í hífandi roki þannig að varla var stætt og svo sviptivindasamt að blés úr öllum áttum. En þetta var mjög gaman og landslagið alveg æðislegt þó við hefðum notið þess betur ef veðrið hefði verið stilltara. Við þvældumst dálítið um Fögrufjöllin því við vorum að leita að betra veðri, héldum að það væri kannski lygnara við Skaftá en svo var ekki. Þarna eru mörg vötn inn á milli fjallanna. Stærðarvötn sem maður vissi ekkert um áður. Sumir úr hópnum gengu á Sveinstind í lok dagsins en ég sveigði fram hjá honum á leið í skálann.

Næsta dag var haldið niður í Skælinga í ágætu veðri. Þá löbbuðum við um fallegt gljúfur framhjá Uxatindum. Fínar gönguleiðir og mjög góður dagur. Hins vegar rigndi á okkur þriðja daginn og ég var blaut inn að beini þegar ég kom í Hólaskjól. En alltaf er jafn gaman í svona ferðum og góður andi innan um skemmtilegt fólk.“

*gun@frettabladid.is*



Ekki var göngugarpurinn Gyða fyrr komin frá Langasjó en hún var byrjuð að undirbúa næstu ferð og nú í Héðinsfjörð með viðlegubúnað á bakinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA








Varsjá
45.640 kr. á mann
Innifalið: Flug, gisting í 3 nætur á Novotel Centrum 21. september m/morgunverði, flugvallarskattar og ísl. fararstjórn.

Dublin
53.400 kr. á mann
Innifalið: Flug, gisting í 3 nætur á Camden Court Hótel í 2ja manna herb. m/morgunverði, flugvallarskattar og ísl. fararstjórn.

Luxemborg
57.960 kr. á mann
Innifalið: Flug, gisting í 3 nætur á Mercure Centre Gare 30. nóvember m/morgunverði, flugvallarskattar og ísl. fararstjórn.

Madrid
58.070 kr. á mann
Innifalið: Flug, gisting í 3 nætur á Regina 5. október í 2ja manna herb. m/morgunverði, flugvallarskattar og ísl. fararstjórn.

Lubljana
62.160 kr. á mann
Innifalið: Flug, gisting í 3 nætur á Grand Hótel Union Garni 12., 19. október og 2. nóvember í 2ja manna herb. m/morgunverði, flugvallarskattar og ísl. fararstjórn.

Róm
65.550 kr. á mann
Innifalið: Flug, gisting í 4 nætur á Hótel Jolly Leonardo 10. nóvember í 2ja manna herb. m/morgunverði, flugvallarskattar og ísl. fararstjórn

Allt verð er netverð. Ef bókað er í síma eða á skrifstofu bætast 2.000 kr. við hverja bókun.

plús FERÐIR
www.plusferdir.is
Lágmúla 4 • Sími 535 2100

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 9. ágúst 2006 – 30. tölublað – 2. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir



MAXWELL HOUSE

Gott til síðasta dropa




**Amerískir bílar**

Bensínhákar á undanhaldi

4



**Verslunarmannahelgin að baki**

Haustar að í hjörtum Íslendinga?

8-9

**Uppgjör bankanna**

Af vöxtunum skuluð þið þekkja þá



6



## Svartsýnisspár ótímabærar

International Herald Tribune segir á vefsíðu sinni að hrakspár um íslensku bankana hafi verið ótímabærar og vitnar í álit matsfyrirtækisins Moody´s sem birt var fyrir verslunarmannahelgi. Þá segir að öllu tali um bankakreppu megi vísa á bug.

Fram kemur í greininni að þrátt fyrir að íslenska krónan hafi veikst um átján prósent gagnvart evru á árinu, gríðarlegar erlendar skuldir, metviðskiptahalla, hárra vaxta auk 8,4 prósenta verðbólgu sé ekki hætta á bankakrísu á Íslandi.

„Fólk er að átta sig á því að íslensku bankarnir standa hreint ágætlega,“ hefur blaðið eftir Beat Sigenthaler, sérfræðingi TD Securities í Lundúnum. „Aðilar markaðarins virðast líka reiðubúnir að taka smá áhættu og mér sýnist sem fjárfestar séu að taka við sér.“ - jsk

## OECD fjallar um horfur hér

Efnahags- og framfarastofnunin, OECD, kynnir í dag nýja skýrslu um efnahagsmál á Íslandi.

Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra kynnir sendinefnd OECD á blaðamannafundi í Þjóðmenningarhúsinu fyrir hádegi, en þar verður jafnframt farið yfir efni skýrslunnar. Í henni er að finna stöðumat og ráðleggingar varðandi hagstjórnina hér og ábendingar um leiðir til að bæta framkvæmd peningastefnunnar og stjórn opinberra fjármála.

Í forútgáfu skýrslunnar í lok maí var áhersla lögð á aðhald í opinberum fjármálum þar til tök næðust á verðbólgu hér. - óká

### FRÉTTIR VIKUNNAR

**Ofmátu hættu** | Í nýrri ársskýrslu matsfyrirtækisins Moody's kom fram sú skoðun sérfræðings fyrirtækisins að markaðsaðilar hefðu ofmetið hættu á bankakreppu á Íslandi.

**Jákvæður tónn** | Erlend fjármálafyrirtæki á borð við Credit Suisse og Société Générale hafa gefið út jákvæðari umsóknir um bankana eftir að þeir birtu afkomutölur sínar.

**Velta snarminnkar** | Velta á íbúðamarkaði í júlí dróst saman um þrjátíu prósent milli ára. Veltan nam 10,4 milljörðum króna í júlí miðað við 16,1 milljarð í fyrra.



**Tvöföldun hagnaðar** | Hagnaður Sjóvár nam 4,1 milljarði króna fyrir skatta á fyrri árshelmingi sem er 141 prósents aukning frá sama tíma í fyrra.

**Undirbúa yfirtöku** | Dótturfélag Avion Group hefur gert 37 milljarða króna yfirtökutilboð í kanadíska kælifyrirtækið Atlas Cold Storage sem nemur 443 krónum á hlut.

**Aukið samstarf** | Kauphöll Íslands og OMX eiga í viðræðum um aukið samstarf sem gæti leitt til samruna þeirrar íslensku við sameiginlegar kauphallir í sex löndum.

**Kaupir banka** | Landsbanki Íslands hefur náð samkomulagi um kaup á Cheshire Guernsey Limited sem er banki með höfuðstöðvar á eynni Guernsey í Ermarsundi.

# Áfram samdráttur á fasteignamarkaði

## Velta á fasteignamarkaði hefur dregist saman um 45 prósent frá því þegar mest lét. Sérfræðingar segja samdrátt í veltu undanfara verðlækkana.

**Jón Skaftason**
skrifar

„Við reiknum með fimm til tíu prósenta lækkun íbúðaverðs á næstu tveimur árum. Ég tel ekki útilokað að merki um verðlækkanir sjáist nú strax á haustdögum,“ segir Ingvar Arnarson, sérfræðingur greiningardeildar Glitnis.

Hundrað og sjö fasteignasamningum var þinglýst á höfuðborgarsvæðinu vikuna 28. júlí til 3. ágúst og nam heildarveltan rúmum 2,7 milljörðum króna. Rúmlega tuttugu og sjö prósenta meiri velta var á fasteignamarkaði vikuna fyrir verslunarmannahelgi í fyrra; 148 kaupsamningum var þinglýst og veltan nam 3,5 milljörðum króna.

Ingvar segir kólnun á fasteignamarkaði þegar komna fram í minni veltu. Eftirspurn sé minni en áður en framboð umtalsvert. „Það er þrýstingur í átt að verðlækkun. Það sem liggur að baki eru vaxtahækkanir, minni aðgangur að fjármagni auk þess sem verðbólga hefur látið á sér kræla. Allt þetta stuðlar að minni eftirspurn eftir íbúðum á sama tíma og framboð er meira en áður.“

Tvisvar hefur velta á fasteignamarkaði farið yfir 4,9 milljarða króna á viku; í desember 2004 og vikuna 11. til 17. nóvember 2005. Veltan hefur því dregist saman um fjörutíu og fimm prósent frá því þegar mest lét.

Þorleifur Guðmundsson, einn eigenda fasteignasölunnar Eignamiðlunar, segir markaðinn líflegri heldur en fréttir hafi gefið í skyn. Hann telur verð hafa náð nokkru jafnvægi, minna sé um að eignir séu verðlagðar upp úr öllu valdi „Markaðurinn er vissulega ekki jafn líflegur og í fyrra. Góðar eignir á réttu verði seljast þó sem fyrr.“

Þorleifur segist telja að nafnverð komi til með að haldast nokkuð stöðugt. „Það er mikil tregða í markaðnum og verðlækkanir sjaldgæfar. Ef kemur til verðlækkana að raunvirði má rekja þær til verðbólgu.“

Velta á fasteignamarkaði hefur dregist saman víðar en á höfuðborgarsvæðinu; 144 samningum var þinglýst í síðustu viku á Akureyri samanborið við 638 þegar mest lét snemma á þessu ári. Þá var sjö samningum þinglýst í Árborg en níu samningum hefur verið þinglýst að meðaltali á viku undanfarna þrjá mánuði.

# Hagnast um 280 milljarða frá lokum einkavæðingar

Frá árinu 2003, er einkavæðingu ríkisbankanna lauk og hlutabréfaverð tók að rísa hratt hér á landi, hafa viðskiptabankarnir þrír og Straumur-Burðarás fjárfestingabanki hagnast alls um 280 milljarða króna.

Afkoman hefur farið síhækkandi með hverju árinu og met slegin nær undantekningalaust á milli ársfjórðunga þar til á öðrum ársfjórðungi í ár að afkoma félaganna dróst saman um helming samanborið við fyrsta ársfjórðung.

Allt árið í fyrra högnuðust fjármálafyrirtækin fjögur um tæpa 120 milljarða króna eftir skatta en það sem af er þessu ári nemur heildarhagnaður félaganna yfir 91 milljarði króna og verður því að telja sennilegt að gamla metið falli í ár nema áföll dynji yfir á seinni hluta ársins.

Árið 2003 skiluðu fjármálafyrirtækin fjögur yfir tuttugu milljarða hagnaði sem er það sama og Glitnir og Landsbankinn skiluðu hvor um sig á fyrri hluta ársins. KB banki og Straumur högnuðust á fyrsta ársfjórðungi 2006 vel yfir nítján milljarða króna, eða tæpum einum milljarði minna en sem nam öllum hagnaði fjármálafyrirtækjanna árið 2003. - eþa / 

sjá síðu 10

**SAMANLAGÐUR HAGNAÐUR BANKANNA 2003-2006***

| | |
|---|---|
| 2003 | 20.225 |
| 2004 | 48.558 |
| 2005 | 120.094 |
| 2006** | 91.749 |

*** Hagnaður fyrstu sex mánaða*

**Hagnaður hvers félags fyrir sig 2003-´06**

| | |
|---|---|
| Glitnir | 56.491 |
| KB banki | 106.319 |
| Landsbanki | 61.213 |
| Straumur | 56.603 |

** Allar upphæðir í milljónum króna*


120 1886 2006

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Peningabréf Landsbankans

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK 13,3%*

GBP 5,4%*

USD 5,3%*

EUR 3,2%*

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 3. júlí - 1. ágúst 2006.

GOTT FÓLK McCANN

**GENGISÞRÓUN**

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis | -2% | 24% |
| Alfesca | -3% | 0% |
| Atlantic Petroleum | -3% | 31% |
| Atorka Group | -6% | -9% |
| Avion Group | -2% | -29% |
| Bakkavör | 0% | -5% |
| Dagsbrún | -4% | -12% |
| FL Group | -4% | -18% |
| Glitnir | 2% | 1% |
| KB banki | -3% | -5% |
| Landsbankinn | -2% | -18% |
| Marel | 4% | 18% |
| Mosaic Fashions | -1% | -11% |
| Straumur | -3% | -1% |
| Össur | -4% | -6% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn*

# Fjöldi farþega FlyMe þrefaldast

FlyMe flutti þrefalt fleiri farþega í júlí en í sama mánuði í fyrra. Alls ferðuðust um 64 þúsund farþegar með félaginu í síðasta mánuði samanborið við sautján þúsund manns í júlí 2005.

Aukningin kemur til vegna fjölgunar á nýjum áfangastöðum utan Svíþjóðar en tólf nýjar flugleiðir hafa bæst við síðan í fyrra.

Fredrik Skanselid, forstjóri sænska lággjaldaflugfélagsins, er ánægður með að sætanýting er komin yfir 70 prósent á erlendu flugi en sætanýting fyrir öll flug er rúm 69 prósent. Þetta er tólf prósentustiga aukning á milli ára.

FlyMe tapaði um 630 milljónum króna á fyrsta ársfjórðungi. Á næstunni verður lagt til við hluthafafund að hlutafé verði aukið um þrettán milljarða króna til þess að standa undir kaupum á öðrum lággjaldaflugfélögum. **- eþa**

# Skrefi nær yfirtöku

Tryggingamiðstöðin er skrefi nær yfirtöku á norska tryggingafélaginu NEMI forsikring ASA en Fjármálaeftirlit Noregs veitti TM fyrir helgi heimild til að eiga milli 74,5 og 100 prósent af útistandandi hlutum í félaginu. Þann 12. apríl síðastliðinn gerði Tryggingamiðstöðin öllum hluthöfum félagsins yfirtökutilboð með fyrirvara um samþykki samkeppnisyfirvalda og áreiðanleikakönnunar.

Heimild Samkeppniseftirlitsins er því háð að TM kaupi að minnsta kosti 74,5 prósent hlutafjár í NEMI innan þriggja mánaða frá dagsetningu samþykkisins. Jafnframt eru sett skilyrði fyrir því að leita þurfi samþykkis fyrir ráðstöfun umtalsverðra eigna eða hluta starfsemi NEMI til þriðja aðila og að möguleg viðskipti milli NEMI og TM fari fram eins og um óskylda aðila sé að ræða.

Í tilkynningu TM til Kauphallar Íslands segir að þetta þýði að skilyrði í tilboðinu um jákvæða umfjöllun norskra fjármálayfirvalda hefur verið rutt úr vegi. Eina óuppfyllta skilyrði tilboðsins sé nú að NEMI standist áreiðanleikakönnun. Áætlað er að henni ljúki ekki síðar en 25. ágúst. **- hhs**

# Bankar mæla með öðrum bönkum

Greiningardeild Landsbankans mælir með kaupum og yfirvogun á hlutabréfum í Glitni eftir að Glitnir birti „sannfærandi“ hálfs árs uppgjör sem var langt yfir væntingum annan ársfjórðunginn í röð.

Metur Landsbankinn markaðsvirði Glitnis á 271,9 milljarða króna sem gefur gengið 19,4 og telur að hlutabréf Glitnis gefi betri ávöxtun en önnur hlutabréf til skamms tíma í vel dreifðu eignasafni.

Þá hefur Landsbankinn birt nýtt verðmat á KB banka sem hljóðar upp á 545 milljarða króna sem gefur gengið 808 krónur á hlut. Mælir bankinn með kaupum á bréfum KB banka en breytir ráðgjöf sinni úr yfirvogun í markaðsvogun í vel dreifðu eignasafni. Það er því skoðun Landsbankans að gengi KB banka muni þróast með sama hætti og markaðurinn til skamms tíma.

Þá hefur KB banki uppfært verðmat sitt á Landsbankanum úr 27,4 krónum á hlut í 26,5 krónur. Er mælt með kaupum í bankanum.

Glitnir hefur ekki uppfært verðmat sitt á hinum bönkunum eftir að þeir birtu sex mánaða uppgjör sín en í maí var mælt með kaupum bæði í KB banka og Landsbankanum. **- eþa**

**NÝTT VERÐMAT Á BÖNKUNUM**

| | A* | B** | Greinandi |
|---|---|---|---|
| Glitnir | 19,4 | 17,5 | Landsbankinn |
| KB banki | 808 | 707 | Landsbankinn |
| Landsbankinn | 26,5 | 20,8 | KB banki |

**A = Verðmatsgengi **B= Markaðsgengi*

# Lokatilboð í Atlas

Avion Group hækkar ekki tilboð sitt í Atlas Cold Storage.



MAGNÚS ÞORSTEINSSON

Magnús Þorsteinsson, stjórnarformaður Avion Group, segir að félagið muni leita á önnur mið fari svo að tilboði Avion í kanadíska kælifyrirtækið Atlas Cold Storage verði hafnað.

“Við teljum að sjö kanadískir dalir á hlut sé sanngjarnt verð. Við kaupum einungis fyrir rétt verð og þetta er rétt verð að okkar mati”, sagði Magnús í viðtali við kanadíska viðskiptablaðið Financial Post.

Tilboð Avion upp á sjö kanadadali á hlut eða sem nemur rúmum 440 íslenskum krónum. Heildarvirði Atlas Cold Storage er samkvæmt því 37 milljarðar króna.

Bréf í Atlas Cold Storage hafa rokið upp í Kauphöllinni í Toronto í kjölfar frétta af væntanlegri yfirtöku Avion Group. Bréf í í Atlas Cold Storage standa nú í 7,67 kanadadölum á hlut. Gríðarleg viðskipti hafa verið með bréf í félaginu.

Tilboð Avion hefur vakið mikla athygli í Kanada og var meðal annars flennistór mynd af Magnúsi á forsíðu viðskiptablaðsins Financial Post. Þá var rúmlega sex mínútna viðtal við Magnús í aðalfréttatíma viðskiptasjónvarpsstöðvarinnar Rob TV. **-jsk**

# Salan jókst um 38% milli ársfjórðunga

## Marel skilaði mesta rekstrarhagnaði sínum á einum ársfjórðungi til þessa á öðrum fjórðungi þessa árs. Gengisþróun gjaldmiðla hefur verið félaginu hagstæð.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

Forstjóri Marel fagnar viðsnúningi í rekstri eftir erfiðar aðstæður sem dregið hafi úr hagnaði síðustu ársfjórðunga. Fyrirtækið birti í gær hálfsársuppgjör þar sem fram kemur að fyrstu sex mánuði ársins hafi sala fyrirtækisins aukist um tæpan fjórðung og um 38 prósent ef bara eru bornir saman annar ársfjórðungur þessa árs og síðasta árs.

„Rekstur félagsins á öðrum ársfjórðungi gekk vel. Ánægjulegt er að sjá að vöxtur tekna er um 38 prósent samhliða því að rekstarhagnaðinum hefur verið komið í ásættanlegt horf, 9,3 prósent af sölu, eftir slakan árangur í erfiðu rekstarumhverfi síðustu ársfjórðunga þar á undan,“ segir Hörður Arnarson, forstjóri Marels, og bætir við að samhliða hefðbundnum rekstri hafi Marel unnið samkvæmt stefnu sem kynnt var á síðasta aðalfundi um aukna áherslu á ytri vöxt. „Samtímis birtingu þessa uppgjörs tilkynnum við um kaup Marels á danska félaginu Scanvaegt. Samþætting á milli Marels, AEW Delford og Carnitech gengur samkvæmt áætlun og framundan er einnig mjög spennandi samþætting við Scanvægt. Seinni hluti þessa árs mun mótast af umfangsmiklum samþættingaraðgerðum og einskiptiskostnaði þeim tengdum en horfur til lengri tíma eru góðar,“ segir hann, en með vexti ársins er gert ráð fyrir að velta Marels aukist um yfir 100 prósent á árinu.

Gengið var frá kaupum Marels á Scanvaegt á mánudag. Kaupverðið var 109,2 milljónir evra, eða tæplega 9,9 milljarðar íslenskra króna. Með viðskiptunum eignast Lars Grundtvig, stjórnarformaður Scanvaegt, og fjölskylda hans átján prósenta hlut í Marel og verða þar þriðji stærsti hluthafi.

Samstæða Marels samanstendur af nítján fyrirtækjum með starfsemi í fimmtán löndum þar sem nú starfa yfir 2000 starfsmenn, þar af um 350 á Íslandi, 795 í Danmörku, 380 í Bretlandi, auk starfsmanna á yfir 30 söluskrifstofum.



**KAUPIN HANDSÖLUÐ Í ÁRÓSUM** Hörður Arnarson, forstjóri Marels, og Lars Gruntvig, stjórnarformaður Scanvaegt, gengu frá kaupum Marels á Scanvaegt á mánudag. „Yfirtökur og sameiningar á þessum markaði hafa leitt af sér æ stærri fyrirtæki,“ segir Lars.

Sala Marels á öðrum ársfjórðungi þessa árs nam 46,6 milljónum evra, eða 4,3 milljörðum króna, samanborið við 33,9 milljónir evra, eða 2,7 milljarða króna í fyrra. Rekstrarhagnaður fyrirtækisins á öðrum ársfjórðungi var 4,3 milljónir evra, eða um 399 milljónir króna, samanborið við 3,3 milljónir evra, eða 262 milljónir króna í fyrra. Er þetta sagt vera mesti rekstrarhagnaður fyrirtækisins í einum ársfjórðungi til þessa.

Í uppgjöri Marels kemur fram að söluhorfur fyrir árið séu áfram taldar góðar og nýjar vörur sem kynntar hafa verið á síðustu mánuðum hafa fengið góðar viðtökur. „Þriðji ársfjórðungur mun þó eins og áður mótast nokkuð af sumarfríum og jafnframt minni afhendingum og tekjufærslu af þeim sökum,“ benda forsvarsmenn á, en bæta um leið við að gengisþróun gjaldmiðla hefur verið félaginu hagstæð að undanförnu. „Leiðrétting íslensku krónunnar lækkar íslenskan kostnað félagsins og eykur rekstrarhagnað þess. Félagið hefur gert framvirka samninga sem tryggja hagstætt gengi krónunar fram í nóvember á næsta ári.“


Hvað ætlar þú að gera þegar þú verður stór?

Með viðbótarlífeyrissparnaði getur þú lagt 2–4% af launum þínum í sparnað og fengið 2% mótframlag frá launagreiðanda. Þannig leggur þú grunn að lífsgæðum síðar á ævinni.

SPRON Verðbréf bjóða upp á ýmsar fjárfestingarleiðir og persónulega og faglega ráðgjöf til að finna þá leið sem hentar hverjum og einum.

Ármúla 13a – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spron.is

spron VERÐBRÉF













pgv

## LENGDU SUMARIÐ ...

- ENGIN MÁLNINGAVINNA
- HVORKI FÚI NÉ RYÐ
- FRÁBÆR HITA OG HLJÓÐEINANGRUN
- FALLEGT ÚTLIT
- MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR
- ÖRUGG VIND OG VATNSÞÉTTING

PGV ehf. framleiðir viðhaldsfríar sólstofur og svalalokanir úr PVC-u.
Þeim fylgir 10 ára ábyrgð.

Sólstofurnar eru á frábæru verði og eru einfaldar og fljótlegar í uppsetningu.

Framleiðum einnig viðhaldsfría PVC-u glugga og hurðir á sambærilegum verðum og gluggar sem stöðugt þarfnast viðhalds.

Hafðu samband og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

PGV ehf. · Bæjarhrauni 6 · 220 Hafnafjörður · Sími: 564 6080 · Fax: 564 6081 · www.pgv.is

# Rússar auka bjórdrykkju

Danska bjórrisanum Carslberg hefur vegnað vel á Rússlands- og Eystrasaltsmarkaði. Carslberg rekur brugg-verksmiðju ásamt breska fram-leiðandanum Scottisch & Newcastle og jókst hagnaður verksmiðj-unnar um tæp þrjátíu og tvö prósent á öðrum ársfjórðungi.

Neysla á bjór hefur aukist gríðar-lega í Rússlandi og við Eystrasalt undanfarin misseri og er því spáð að salan aukist um fimm prósent á þessu ári. -jsk




# Starbucks svitnar í hitabylgju

## Uppgjör Starbucks olli vonbrigðum. Vandamálum við framleiðslu kaldra drykkja kennt um.

Bandaríski kaffihúsarisinn Starbuck kennir heitu veðri um að ekki gekk betur í júlí en raun ber vitni. Sala fyrirtækisins jókst um fjögur prósent miðað við sama tíma í fyrra, en sérfræð-ingar gerðu ráð fyrir allt að sjö prósenta söluaukningu.

Í tilkynningu frá Starbucks sagði að vegna hitabylgju hefðu fleiri en ella pantað kalda kaffi-drykki. Slíkir drykkir tækju mun lengri tíma í framleiðslu en hefð-bundnir kaffidrykkir og því hefði salan valdið vonbrigðum í mán-uðinum.

Jim Donald forstjóri sagði að til stæði að ráða afleysingafólk í mestu sumarhitunum til að auka afköst "Það er vissulega vanda-mál hversu langan tíma tekur að útbúa kalda kaffidrykki. Við vitum af vandamálinu og leitum allra leiða til að leysa það."

Hagnaður Starbucks nam engu að síður tæpum ellefu milljörð-um króna á öðrum ársfjórðungi og jókst um sextán prósent frá því í fyrra. Það kom hins vegar ekki í veg fyrir að hlutabréf í Starbucks í Kauphöllinni í New York féllu um níu prósent er upp-gjörið var kunngjört. -jsk




**STARBUCKS KAFFIHÚS** Hagnaður Starbucks nam ellefu millj-örðum króna á öðrum árs-fjórðungi en olli greiningaraðil-um vonbrigðum.

# BMW hagnast

## Allt stefnir í besta ár í sögu BMW. Tekjur félags-ins námu 1200 milljörðum á öðrum ársfjórðungi.

Hagnaður þýska bílarisans BMW nam tæpum hundrað milljörð-um íslenskra króna á öðrum árs-fjórðungi og jókst um þriðjung milli fjórðunga.

Sala á bifreiðum fyrirtæk-isins; sem framleiðir klassíska BMW-bíla auk Mini Cooper- og Rolls Royce-bifreiða, jókst um 3,2 prósent. Tekjur BMW jukust um 8,5 prósent og námu rúmum 1200 milljörðum íslenskra króna.

„Við erum á góðri leið með að ná markmiðum okkar fyrir árið 2006. Það stefnir allt í að þetta verði besta ár í sögu fyr-irtækisins," sagði Helmut Panke forstjóri BMW.

Hagnaðaraukningin var tals-vert meiri en greiningaraðilar höfðu gert ráð fyrir og hækkuðu bréf í BMW, sem skráð eru í kauphöllina í Frankfurt, um rúm-lega tvö prósent í kjölfar fregn-anna. -jsk



**BMW GLÆSIBIFREIÐ** Tekjur þýska bílarisans jukust um þriðjung á síðasta ársfjórðungi sem er langt umfram spár.

# Stýrivaxtahækkun í Ástralíu

Seðlabanki Ástralíu hefur hækk-að stýrivexti um fjórðung úr pró-senti. Þetta er í annað skipti á þremur mánuðum sem stýrivext-ir hækka í landinu en þeir standa nú í sex prósentum og hafa ekki verið hærri í sex ár.

Ástralska hagkerfið stendur styrkum fótum þrátt fyrir að verð-bólga sé nú um fjögur prósent. Verðbólgumarkmið Seðlabanka Ástralíu er þrjú prósent.

„Það er mikill vöxtur í hagkerf-inu og verðbólguþrýstingur hefur aukist," sagði Ian Macfarlane, seðlabankastjóri. Spáð er hag-vexti upp á þrjú prósent í Ástralíu á árinu. -jsk



**FRÁ SYDNEY** Stýrivextir í Ástralíu eru nú sex prósent og hafa ekki verið hærri í sex ár.

# Kodak í miklum vanda

## Gamli myndavélarisinn Kodak riðar til falls. Stafræna byltingin fór framhjá fyrirtækinu sem tapaði 21 milljarði á þriðja ársfjórðungi.

**Jón Skaftason**
skrifar

Myndavélaframleiðandinn Kodak tapaði tæplega 21 milljarði króna á þriðja ársfjórðungi og jókst tap fyrirtækisins um rúm áttatíu prósent milli fjórð-unga. Bréf í fyrirtækinu féllu um tæp fjórtán pró-sent í Kauphöllinni í New York í kjölfar fregnanna.

Tekjur fyrirtækisins námu tæpum tvö hundr-uð og fimmtíu milljörðum króna á þriðja ársfjórðungi og drógust saman um níu prósent.

Kodak hefur átt í mesta basli síðan stafrænar myndavélar hófu innreið sína á markaðinn en fyrirtækið hafði löngum sér-hæft sig í framleiðslu hefðbundinna mynda-véla með filmu. „Rekstrargrundvöllur Kodak eins og við þekkjum það er nánast horfinn. Það er ljóst að skipuleggja þarf fyrirtækið upp á nýtt og þ einbeita sér að því að finna aðra möguleika til að afla sér tekna," sagði Shannon Cross hjá grein-ingarfyrirtækinu Cross Research.

Kodak hefur tilkynnt að tuttugu og sjö þúsund starfsmenn fyrirtækisins eigi von á uppsagnarbréf-um. Dan Carp, fyrrverandi forstjóra Kodak, er að mestu kennt um að fyrirtækinu hafi ekki tekist að aðlagast breyttu umhverfi á myndavélamarkaði. Carp tók pokann sinn í maí á þessu ári og kvaddi.



**STAFRÆN MYNDAVÉL FRÁ KODAK** Kodak þykir ekki hafa náð að mæta kröfum neytenda hvað varðar stafrænar myndavélar. Félagið var í fremstu röð í framleiðslu hefðbund-inna myndavéla með filmu.

# Opnað fyrir viðskipti í Beirút

## Bréf í Kauphöllinni í Beirút féllu um fjögur prósent á fyrsta degi viðskipta eftir að Ísraelar hófu árásir á Líbanon.

Hlutabréfamarkaðurinn í Beirút opnaði á ný í síðustu viku í fyrsta skipti síðan Ísraelar hófu árásir á Líbanon. BLOM-vísitalan, sem er nokkurs konar úrvalsvísitala Kauphallarinnar, lækkaði um 4,1 prósent á fyrsta degi viðskipta.

Viðskipti námu rúmum sjö-tíu milljónum íslenskra króna. Hlutabréf í hverju félagi gátu einungis lækkað um fimm pró-sent en þá var lokað fyrir við-skipti í viðkomandi félagi. Var þetta gert til að koma í veg fyrir of miklar sveiflur á markaðnum.

Bréf í fjöldamörgum félögum náðu fimm prósenta hámarkinu; þeirra á meðal bréf í fasteigna-félaginu Solidere, sem var í eigu Rafik Hariri, fyrrverandi for-sætisráðherra, og Blom sem er stærsti banki Líbanon.

„Við ákváðum að opna fyrir viðskipti en tíminn verður að leiða í ljós hversu lengi verð-ur opið. Við töldum nauðsynlegt að setja ýmsar takmarkanir og þær standa þar til annað verður ákveðið," sagði Fadi Khalaf, for-stjóri Kauphallarinnar. -jsk




FOCAL SOFTWARE & CONSULTING

GÆÐASTJÓRNUNARSKÓLINN

*Býður upp á 10 vikna nám með vinnu í*

HAGNÝTRI GÆÐASTJÓRNUN

...hefst 12. september

MARKMIÐ námsins er veita nemendum heildaryfirsýn yfir aðferðafræði gæðastjórnunar.



Svala Rún Sigurðardóttir
Ábyrgðarmaður

Halldóra Káradóttir
Fagstjóri

Á NÁMSKEIÐINU verður m.a. farið yfir:

- Hvað er gæðastjórnun?
- Gæðakostnað
- Stefnumótun og stjórnun gæðamála
- Hvað er gæðakerfi?
- ISO-staðla
- Ferlastjórnun og mælingar á ferlum
- Innri úttektir
- Verkefnastjórnun og umbótaverkefni
- Rafræna gæða– og skjalastjórnun

KENNARAR SKÓLANS hafa mikla reynslu af gæðastjórnun bæði sem stjórnendur, ráðgjafar og kennarar á háskólastigi.

KENNT verður á þriðjudögum frá kl. 13:00-17:00
SKRÁNING og nánari upplýsingar eru í síma 540-0900 og á www.focal.is, þar má einnig sjá yfirlit yfir fjölda annarra námskeiða.


# Bensínshákar á undanhaldi

## Bandarískir bílaframleiðendur eru í vandræðum. Ökumenn vilja smærri og meðfærilegri bíla.

Enn syrtir í álinn hjá bandarísk-um bílaframleiðendum; sala Ford-bifreiða dróst saman um þrjátíu og fimm prósent í júlí miðað við sama tíma í fyrra, tæplega fjörutíu prósent færri Chrysler-bílar seld-ust og um tuttugu prósent færri bifreiðar frá General Motors.

Aukinn eldsneytiskostn-aður auk stýrivaxtahækkana í Bandaríkjunum eru sagðir helstu orsakavaldar samdráttar-ins.

Bandarískir neytendur virðast nú kjósa sparneytnari og smærri japanska bíla á kostnað hinna stóru og bensínfreku bandarísku. Sala Toyota-bíla í Bandaríkjunum jókst um sextán prósent í júlí. Tíu prósenta söluaukning varð hjá Honda og hún varðrúmlega sex prósent hjá Hyundai. Toyota hefur nú næstmesta markaðs-hlutdeild í Bandaríkjunum á eftir General Motors.

Sala á stórum bensínfrek-um jeppum dróst mest saman frá fyrra ári; um tæp fimmtíu prósent. Ford setti hins vegar á markað nokkrar gerðir smærri og meðfærilegri bíla og seld-ust þeir framar vonum. "Það er greinilegt að ökumenn vilja nú heldur smærri og meðfærilegri bíla," sagði Al Giombetti stjórn-arformaður Ford, og bætti við: „nýir bílar á borð við Ford Fusion, sem eru minni og sparneytnari en eldri tegundir, eru greinilega það sem koma skal." -jsk



**BENSÍNHÁKUR FRÁ FORD** Sala á eldsneytisfrekum risajeppum hefur dreg-ist saman um tæp fimmtíu prósent í Bandaríkjunum. Neytendur virðast heldur kjósa japanska bíla.

# GOÐSÖGN



# GÆÐAVARA

Í dag er hin byltingarkennda Eldsmiðja 20 ára gömul. Á Bragagötu 38a fyrir nákvæmlega 20 árum síðan hófst bylting í pizzugerð á Íslandi sem stendur enn.

Eldsmiðjan er fyrir löngu orðin goðsögn vegna mikilla og stöðugra gæða og þora að feta ótroðnar slóðir, sem síðan aðrir hafa fylgt og mótað sig í vel sköpuðum förum hennar.

Þannig verða goðsagnir til.

**Í dag og á morgun (9. og 10. ágúst) veitum við viðskiptavinum okkar 20% afslátt í tilefni dagsins, en eftir það munum við halda áfram að umbylta pizzumarkaðnum.**

**Lifi byltingin!!**

Eld Smiðjan
STOFNAÐ 1986

BRAGAGÖTU 38A - 101 REYKJAVÍK SÍMI (TEL.) 562 • 38 •38
www.eldsmidjan.is

Grafíska smiðjan ehf. / Ljósmynd, myndvinnsla: Ragnar Högni Ragnarsson

# Af vöxtunum skuluð þið þekkja þá

**Heildarafkoma fjármálafyrirtækjanna dróst saman á milli fyrsta og annars ársfjórðungs. Gengistap af fjármálastarfsemi var staðreynd í fyrsta skipti í langan tíma en tekjur af grunnstarfsemi, s.s. hreinar vaxtatekjur, reyndust drjúgar. Uppgjör bankanna voru fyrir ofan spár markaðsaðila en Morgan Stanley telur að uppgjör Glitnis hafi verið það besta. *Eggert Þór Aðalsteinsson* kynnti sér uppgjör bankanna.**

Um uppgjör fjármálafyrirtækjanna á öðrum ársfjórðungi má almennt segja að þau hafi öll verið fyrir ofan væntingar markaðsaðila en alls högnuðust þau um rúma þrjátíu milljarða króna.

Hagnaður Glitnis var 46 prósentum fyrir ofan meðaltalsspár, KB banki skilaði þrjátíu prósenta betra uppgjöri en spáð var og Landsbankinn var sextán prósentum fyrir ofan spár. Straumur kom skemmtilega kom á óvart með því að skila um þrjú hundruð milljóna króna hagnaði en fyrirfram var honum spáð allt að þriggja milljarða tapi.

### GENGISTAP OG VEXTIR

Það bar þó til tíðinda á öðrum ársfjórðungi að samanlagður hagnaður bankanna dróst saman frá fjórðungnum á undan. Heildarhagnaður á fyrsta ársfjórðungi var 61 milljarður króna en var helmingi minni á öðrum ársfjórðungi eða 31 milljarður króna.

Hreinar rekstrartekjur bankanna, að Straumi undanskildum, námu 68,7 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi samanborið við 79,7 milljarða á þeim fyrsta. Glitnir skaut hinum bönkunum ref fyrir rass og skilaði bæði meiri hagnaði og auknum rekstrartekjum á öðrum ársfjórðungi samanborið við þann fyrsta.

Er þessi samdráttur hagnaðar og hreinna rekstrartekna rakinn til óhagstæðs umhverfis á fjármálamörkuðum sem olli um 6,3 milljarða gengistapi af fjármálastarfsemi á ársfjórðungi tvö en aðeins Glitnir skilaði gengishagnaði á tímabilinu. Á fyrstu þremur mánuðum ársins högnuðust bankarnir hins vegar mikið á fjármálastarfsemi, enda var mikil hækkun á öllum hlutabréfamörkuðum.

Afkoma af grunnstarfsemi vó upp á móti gengistapi en hreinar vaxtatekjur bankanna jukust gríðarlega á milli fyrsta og annars árshluta. Námu þær 39,5 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi og hækkuðu um rúma tólf milljarða króna frá þeim fyrsta. Með öðrum orðum námu nettó vaxtatekjur bankanna 439 milljónum króna á dag frá byrjun apríl til loka júní. Tvennt átti stóran þátt í þessari aukningu. Í fyrsta lagi mældist verðbólga há á öðrum ársfjórðungi en vísitala neysluverðs hækkaði um 3,8 prósent. Í annan stað lækkaði gengi krónunnar sem skilaði sér í auknum vaxtatekjum fyrir bankana.

Af bönkunum þremur er Landsbankinn með hæsta hlutfall hreinna vaxtatekna af hreinum rekstrartekjum, um 71 prósent, Glitnir er með 54 prósent og KB banki 46 prósent.

Hreinar vaxtatekjur eru því 66,8 milljarðar króna á fyrri hluta ársins samanborið við 78 milljarða allt árið 2005.

### HÆKKANDI KOSTNAÐUR

Aðrar grunntekjur bankanna, hreinar þóknunartekjur, voru alls 22 milljarðar króna á öðrum ársfjórðungi og alls 43,1 milljarður á öllu árinu þannig að þær stóðu í stað.

Aftur er það Landsbankinn sem er með hæsta hlutfall þóknunartekna af hreinum rekstrartekjum, eða 36 prósent á móti 30 prósentum hjá KB banka og 28 prósentum hjá Glitni.

Þótt gengistap bankanna hafi verið mikið af hlutabréfaeign þá skiluðu óskráðir eignarhlutir miklum hagnaði. Bankarnir fengu alls um 16,1 milljarð króna í aðrar tekjur á öðrum ársfjórðungi sem féllu fyrst og fremst í skaut KB banka, sem seldi eignarhlut í VÍS, og Glitnis, sem seldi þriðjungshlut í Sjóvá. KB banki er með hæsta hlutfall fjárfestingartekna og annarra tekna af hreinum rekstrartekjum eða 24 prósent á móti átján prósentum hjá Glitni. Þessi liður var neikvæð stærð hjá Landsbankanum.

Rekstrargjöld bankanna voru alls um 57,7 milljarðar á fyrstu sex mánuðum ársins, þar af 31 milljarður á öðrum ársfjórðungi. Allir bankarnir juku rekstrarkostnað á milli fjórðunga, mismikið þó. Rekstrargjöld jukust um fimmtung hjá Landsbankanum, 17,4 prósent hjá KB banka og um 13,7 prósent hjá Glitni. Hlutfall launakostnaðar af rekstrargjöldum er hæst hjá Landsbankanum eða 64 prósent en 54-56 prósent hjá hinum bönkunum.

Á öðrum ársfjórðungi var Landsbankinn aukinheldur með hæsta kostnaðarhlutfallið, það er hlutfall annarra rekstrargjalda af hreinum rekstrartekjum. Nam það 51 prósenti, 47,7 prósentum hjá KB banka en aðeins 31,6 prósentum hjá Glitni.

### MORGAN STANLEY KRYFUR BANKANA

Eftir uppgjörin hafa erlendir greiningaraðilar keppst við að senda frá sér skýrslur um stöðu og horfur í rekstri bankanna um þessar mundir. Morgan Stanley telur í skýrslu sem birtist fyrir verslunarmannahelgi að uppgjör Glitnis hafi verið það besta, Landsbankinn í samræmi við væntingar en KB banki valdið vonbrigðum. Morgan Stanley hrósar öllum bönkunum fyrir það hversu virðisrýrnun útlána (útlánatöp) er lág sem hlutfall af útlánum. Um Glitni segir Morgan Stanley meðal annars að það sé jákvætt hversu kostnaðarhlutfall bankans er lágt, hækkandi eiginfjárhlutfall (CAD) er talið bankanum til tekna sem og að hann hafi skilað gengishagnaði á sama tíma og hinir bankarnir hafi sýnt gengistap. Hins vegar er það neikvætt hversu hátt hlutfall hagnaðar komi frá fjárfestingabankastarfsemi. Einnig er fundið að uppgjöri Glitnis að lausafjárstaða bankans hafi helmingast frá áramótum.

Morgan Stanley hrósar Landsbankanum fyrir mikinn vöxt hreinna rekstrartekna á milli fyrsta og annars ársfjórðungs sem og lágt kostnaðarhlutfall og sterkan eiginfjárþátt A (12,9%). Aftur á móti er það meðal annars neikvætt að sextíu prósent útlána eru á Íslandi, gengistap af fjármálastarfsemi og að bankinn eigi langt í land, alveg eins og KB banki, í að ganga frá endurfjármögnun fyrir næsta ár.

Það sem Morgan Stanley telur meðal annars jákvætt við uppgjör KB banka er stöðugur bankarekstur sem skili góðum tekjuvexti á milli fjórðunga. Þá sé óvissa í tengslum við skráningu Exista á markað að öllum líkindum frá. Neikvæðir þættir eru þónokkrir og er til dæmis nefndur mikill söluhagnaður af eignarhlut í VÍS, mikill vöxtur kostnaðar á milli fyrri hluta áranna 2005 og 2006 og lágt hlutfall eiginfjárþáttar A (8,7%) sem hafi lækkað frá áramótum.

### BANKARNIR ÓDÝRARI

Lækkun á hlutabréfaverði og aukin hagnaður bankanna veldur því að verðkennitölur hafa orðið lægri og þar með hagstæðari á undanförnum viku. Ein vinsælasta kennitalan til að átta sig á virði hlutabréfa er svokallað V/H-hlutfall sem segir til um hversu lengi hagnaður fyrirtækis er að ná upp í markaðsvirði þess. Miðað við hagnað síðustu tólf mánaða er Straumur ódýrastur með V/H-hlutfallið 4,2. LÍ kemur þar næstur með 6,2, Glitnir er með 7,6 og KB banki 8,3. Þetta lága hlutfall getur einnig þýtt að markaðurinn telji að hagnaður bankanna muni dragast saman á næstu misserum.

Innra virði (V/I-hlutfall) allra bankanna, sem er hlutfall markaðsvirðis á móti eigin fé, er komið undir tvo en á síðasta ári voru sum gildi nærri 2,5. Bankarnir eru með V/I-hlutföll á bilinu 1,69-1,95 en Straumur með hlutfallið 1,26.



**AFKOMA BANKANNA Á ÖÐRUM ÁRSFJÓRÐUNGI MARKAÐIST ANNARS VEGAR AF LÆKKUN FJÁRFESTINGARTEKNA OG HINS VEGAR MIKILLI HÆKKUN VAXTATEKNA** Hagnaður fjármálafyrirtækja dróst saman um helming milli fyrsta og annars ársfjórðungs og var borinn uppi af vaxtatekjum og öðrum tekjum, svo sem söluhagnaði óskráðra eignarhluta.

**HELSTU TÖLUR ÚR REKSTRI BANKANNA Á 2. ÁRSFJÓRÐUNGI** (ALLAR UPPHÆÐIR Í MILLJÓNUM KRÓNA)

| | Hreinar vaxtatekjur | Þóknunartekjur | Fjárfestingatekjur | Aðrar tekjur | Rekstrargjöld | Virðisrýrnun útlána | Hagnaður eftir skatta |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Glitnir | 11.477 | 5.915 | 996 | 2.755 | -6.674 | -1.354 | 11.014 |
| KB banki | 14.385 | 9.184 | -5.802 | 13.297 | -14.805 | -961 | 12.680 |
| Landsbankinn | 13.662 | 6.943 | -1.537 | 58 | -9.752 | -1.660 | 6.142 |
| Straumur | 1.393 | 1.102 | -2.507 | 1.215 | -756 | -296 | 307 |

| | Prósent af hreinum rekstrartekjum | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Hreinar vaxtatekjur | Þóknunartekjur | Fjárfestinga- og aðrar tekjur | Vaxtamunur | Arðsemi eiginfjár | CAD-hlutfall | Eginfjárþáttur A |
| Glitnir | 54% | 28% | 18% | 2,45% | 45,50% | 13,70% | 9,10% |
| KB banki | 46% | 30% | 24% | 1,74% | 36,20% | 12,10% | 8,70% |
| Landsbankinn | 71% | 36% | -8% | 3.05% | 40,00% | 15,10% | 12,90% |
| Straumur | 116% | 92% | -107% | 1,66% | 38,80% | 31,70% | 30,20% |

**HELSTU KENNITÖLUR OG STÆRÐIR BANKANNA**

| | V/H-hlutfall | V/I-hlutfall | Eigið fé | Heildareignir | Markaðsvirði 31. júlí |
|---|---|---|---|---|---|
| Glitnir | 7,6 | 1,75 | 125.763 | 2.023.185 | 238.222 |
| KB banki | 8,3 | 1,95 | 238.705 | 3.552.232 | 467.181 |
| Landsbankinn | 6,2 | 1,69 | 123.088 | 1.811.468 | 228.128 |
| Straumur | 4,2 | 1,26 | 126.977 | 340.884 | 163.674 |




Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is

515 6100 I SYN.IS I SKÍFAN I OG VODAFONE

M12 ÁSKRIFENDUR STÖÐVAR 2 FÁ SÝN Á 2.465 KR.

MEISTARADEILD EVRÓPU
- STERKASTA DEILDIN

ENSKA ÚRVALSDEILDIN
- Á DIGITAL ÍSLANDI FRÁ 15. SEPTEMBER

# STÆRSTU VIÐBURÐIRNIR



**Íslensku nördarnir** (hefst 31. ágúst)
**Fyrstu leikir Eiðs Smára**
**Undankeppni EM 2008**
**Landsbankadeildin**
**Íslenska landsliðið**
**Enska landsliðið**
**Ensku bikarkeppnirnar**
**Enski samfélagsskjöldurinn**
**Evrópukeppni félagsliða**
**Enska 1. deildin**
**Copa America 2007**
**Stærstu golfmótin**
**Box**
**NFL**
**NBA, ofl.**

sýn
besta sætið

# Vel heppnuð *verslunarm*

Búðarkassar kaupmanna um allt land eru vafalaust yfirfullir af seðlum og greiðslukortanótum eftir helgina. Á meðan hefur ótímabært haust kannski sest í hjörtu sumra sem þurfa að horfast í augu við neyslufylliríi undanfarinna daga. Verslunarmannahelgin á sér ýmsar hliðar og *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* kíkti á nokkrar þeirra.



Ætla má að pyngja flestra þeirra er tóku þátt í skemmtanahaldi liðinnar helgi hafi lést eilítið sökum neyslufylliríis. Íslendingar ferðuðust landshorna á milli og fyrirtæki í verslun og þjónustu blómstruðu, enda voru haldnar á annan tug hátíða um land allt. Í ár mættu fleiri en tíu þúsund manns á þrjár hátíðir, á Eina með öllu á Akureyri, á þjóðhátíð í Eyjum og á Unglingalandsmót UMFÍ að Laugum.

Veðurguðirnir voru afar stríðnir í upphafi helgarinnar og helst að þeir létu eiga sig að hrella gesti fyrir norðan og austan. Það var því heppilegt að í þetta sinn voru þrjár útihátíðir á Austurlandi: Neistaflug í Neskaupstað, Álfaborgarsjens á Borgarfirði eystri og harmónikkuhátíð í Svartaskógi.

**SAMGÖNGUFLÖSKUHÁLS Í EYJUM**

Í krónum og aurum talið hefur helgin sennilega verið flestum nokkuð dýr, nema þeim sem ákváðu að nota tækifærið og gera alls ekki neitt á meðan hinir ruku upp um fjöll og firnindi. Jafnvel þeir sem skruppu bara í bústaðinn yfir helgina þurftu að splæsa bensíni á bílinn, sem getur verið sárt um þessar mundir, og gerðu vafalaust betur við sig en venjulega í mat og drykk. Það er því öruggt að óvenjumiklar fjárhæðir hafi skipt um hendur um helgina.

Helgin var sennilega dýrust þeim sem lögðu leið sína út í Eyjar og fæstir þeirra sloppið með minna en þrjátíu þúsund krónur sé tekið tillit til aðgöngugjalds, ferðarinnar yfir hafið, gistingar og uppihalds. Kostnaðurinn hefur þó aldrei staðið í vegi fyrir sönnum aðdáendum þjóðhátíðar enda er hún í hugum fjölmarga Íslendinga ein öruggasta skemmtun sumarsins sem skyldumæting er á. Þjóðhátíðin í ár var engin undantekning og um tíu þúsund manns voru á staðnum þegar mest var, þrátt fyrir að veðrið hafi ekki beinlínis leikið við gesti hátíðarinnar allan tímann.

**SAMHUGUR Í MINNI SAMFÉLÖGUM**

Birgir Guðjónsson, formaður þjóðhátíðarnefndar, segir Vestmannaeyjar fá mikið út úr þjóðhátíðinni, bæði hvað varðar verslun og þjónustu en ekki síst geri hún mikið fyrir samfélagssálina. „Um þrjú hundruð manns vinna mikið og óeigingjarnt starf í sjálfboðavinnu við undirbúning hátíðarinnar. Það er kannski lýsandi fyrir þá stemningu sem myndast í minni samfélögum þegar mikið er undir. Í Vestmannaeyjum er bara einn maður á launum við þjóðhátíð,“ segir Birgir og á þar við sjálfan sig. „Það sem gerir þjóðhátíð að því sem hún er, er að Eyjamönnum þykir vænt um sína þjóðhátíð og vilja að hún fari vel fram. Menn eru tilbúnir að leggja ýmislegt á sig til þess að svo geti orðið.“ Birgir segir að það sem helst standi því fyrir þrifum að hátíðin geti orðið enn stærri og betur sótt sé samgönguflöskuhálsinn mikli, enda oft ýmist fullt í allar ferðir eða ófært. Hann segir að helst þyrftu Eyjamenn að hafa tvö skip til umráða þessa helgi til þess að allir þeir sem hafa áhuga á komist með góðu móti til Eyja.

## Upphaf gleðinnar

Frídagur verslunarmanna var fyrst haldinn hátíðlegur á fimmtudegi þann 13. september árið 1894. Var ákvörðun tekin um það eftir að tilkynnt var á félagsfundi Verzlunarmannafélags Reykjavíkur að allir kaupmenn og verslunarstjórar stærri verslana í Reykjavík hefðu boðist til að gefa starfsmönnum sínum frídag svo þeir gætu skemmt sér.

Íslendingar voru ekki þá, frekar en nú, þekktir fyrir að hafna boði um góða skemmtun og fjölmenntu flestir verslunarmenn í Reykjavík til hátíðahaldanna ásamt fjölda gesta. Safnaðist mannfjöldinn saman á Lækjartorgi fyrir hádegi og gekk fylktu liði undir fánum og lúðraþyt að Ártúni. Þegar þangað var komið voru haldnar ræður og skemmtiatriði og flutt minni Íslands og verslunarstéttarinnar, kvenna og gesta á svæðinu.

Þessum fyrsta frídegi verslunarmanna lauk með göngu til Reykjavíkur þar sem gerður var stuttur stans á Lækjartorgi, sungin nokkur lög og göngumenn hrópuðu nífalt húrra fyrir deginum, í þeirri von að menn sæjust aftur að ári.

Frídagur verslunarmanna varð almennur frídagur upp úr miðri síðustu öld og þar sem hann ber alltaf upp á mánudag hefur verslunarmannahelgin orðið ein mesta ferðahelgi Íslendinga.

**Heimild: www.vr.is**

# annahelgi að baki



**Sigurvegari útihátíðanna í ár var án efa Ein með öllu á Akureyri en alls lögðu átján þúsund manns leið sína þangað. Hátíðin var af flestum talin sérstaklega vel heppnuð ef undanskildar eru raddir nokkurra íbúa á Akureyri sem telja sig nánast í herkví þessa daga þegar aðkomumenn fylla bæinn og ónáða þá sem kunna best að meta friðsældina í sínum heimabæ.**

**EIN MEÐ ÖLLU SIGURVEGARI ÚTIHÁTÍÐANNA**

Sigurvegari útihátíðanna í ár var án efa Ein með öllu á Akureyri en alls lögðu átján þúsund manns leið sína þangað. Hátíðin var af flestum talin sérstaklega vel heppnuð ef undanskildar eru raddir nokkurra íbúa á Akureyri sem telja sig nánast í herkví þessa daga þegar aðkomumenn fylla bæinn og ónáða þá sem kunna best að meta friðsældina í sínum heimabæ. Verslunarmenn, veitingahúsaeigendur og þjónustuaðilar í höfuðstað Norðurlands voru ábyggilega ekki meðal þeirra sem kvörtuðu og má gera ráð fyrir að velta þeirra þessa helgina hafi margfaldast miðað við aðrar helgar í sumar. Kaupmenn fíkniefnadjöfulsins voru kannski þeir einu sem ekki kættust, en upp komst um óvenjumörg fíkniefnabrot á Akureyri um helgina, eins og reyndar víða annars staðar.

**STENDUR UTAN VIÐ OFÞENSLUNA**

Engin ástæða er þó til að óttast að liðin helgi hafi stuðlað frekar að ofhitnun hagkerfisins þótt landsmenn hafi eindregið verið hvattir til að draga saman seglin og minnka neysluna að undanförnu. „Það er ekki svona neysla sem hvatningin til að minnka neyslu liggur í. Það er frekar átt við kaup á stórum rafmagnstækjum, bílum, utanlandsferðum og öðru því um líku," segir Stefán Þór Jansen, deildarstjóri í þjóðhagsreikningadeild Hagstofunnar. „En þetta er góð innspýting fyrir smærri byggðarlög og vissulega eru staðir þar sem þetta skyndilega innflæði peninga hefur gífurleg áhrif á fyrirtæki í verslun og þjónustu," bætir hann við og bendir á að þótt miklar fjárhæðir hafi vissulega skipt um hendur um helgina séu áhrifin á þjóðarbúið í heild óveruleg. Magn neyslu eigi ekki að hafa nein áhrif á verðbólguna því hún mæli fyrst og fremst breytingu á verðlagi. Í einhverjum tilfellum gæti verð hækkað, en Stefán hefur ekki trú á að það geri það á eins stuttu tímabili og verslunarmannahelginni. Þeir sem hafa haft samviskubit yfir eyðslufyllirí helgarinnar þurfa því ekki að óttast að hafa með henni lagt lóð á vogarskálar verðbólgunnar.

## Jól skáka sumri

Áhrifa af ferða- og skemmtanagleði Íslendinga um verslunarmannahelgina gætir víða og ekki síst hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Útilegum og skemmtunum fylgir oftar en ekki mikil neysla áfengis, jafnvel þó að margar útihátíðirnar séu stílaðar inn á fjölskyldufólk og ekki gert ráð fyrir mikilli drykkju. Í lítrum talið má gera ráð fyrir að um þessa helgi hafi 730 þúsund lítrar af áfengi horfið ofan í Íslendinga sem er hvorki meira né minna en tveir og hálfur lítri á hvern Íslending.

Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR, segir að mikill erill hafi verið í verslunum ÁTVR fyrir helgina. Samkvæmt lauslegri áætlun má gera ráð fyrir að áfengi hafi selst fyrir um 525 milljónir króna ef miðað er við svipaða þróun og verið hefur á heildarsölu áfengis á þessu ári.

Í fyrra var áfengi selt fyrir 489.709 þúsund krónur í Ríkinu og standist áætlun er nokkra aukningu að ræða milli ára. Einungis einu sinni á ári er meira magn af áfengi selt en fyrir verslunarmannahelgina. Vikuna fyrir síðustu jól var náði salan 559.827 þúsund krónum og því skáka jólin verslunarmannahelginni.



**ÍSLENDINGUM ÞYKIR SOPINN GÓÐUR** Aðeins í kringum jólin drekka Íslendingar meira en um verslunarmannahelgina.



**ÍSLANDSAUGLÝSINGAR ICELANDAIR Í NEÐANJARÐARLESTARSTÖÐ Í PARÍS** Fjölmargir útlendingar eru staddir hér á landi um þessar mundir og víst er að margir þeirra hafa tekið þátt í hátíðahöldum um helgina.

## Ekki bara Íslendingar

Fleiri en Íslendingar kunna að meta góða skemmtun. Allar flugvélar með stefnu hingað til lands hafa verið fullar að undanförnu og virðist vera að einhverjir hafi haft spurnir af verslunarmannahelgargleði okkar Íslendinga og ákveðið að vera með.

Icelandair er um þessar mundir með 140 flug til landsins í viku hverri og um fjögur þúsund farþegar koma á þeirra vegum til landsins á dag. Þannig er það meira og minna í júní, júlí og ágúst að sögn Guðjóns Arngrímssonar, upplýsingastjóra Icelandair. „Á þessum tíma eru allar vélar meira og minna fullbókaðar. Það tengist ekki verslunarmannahelginni, eða útihátíðum á neinn hátt, enda hafa þær ekki verið sniðnar að erlendum ferðamönnum og ekki markaðssettar erlendis af okkur," segir Guðjón.

Iceland Express auglýsir heldur ekki verslunarmannahelgina sérstaklega í útlöndum en að sögn Jóns Ómars Erlingssonar, tekjustjóra hjá Iceland Express, var sérstaklega mikil eftirspurn eftir sætum hingað fyrir verslunarmannahelgina. Hann segir annars sumarið í heild hafa verið sérstaklega vel heppnað. Tölur um erlenda gesti um Leifsstöð styðja það, en samkvæmt þeim hefur ferðamönnum hér fjölgað nokkuð í ár. Hvort sem þeir komu hingað til lands gagngert fyrir verslunarmannahelgina eða ekki er deginum ljósara að úr nógu hefur verið að velja um helgina.

En flugvélarnar hafa heldur ekki farið tómar til baka og streymdu Íslendingar úr landi fyrir verslunarmannahelgina. Margir virðast hafa nýtt sér aukafrídaginn og skroppið í langa helgarferð til útlanda, þar sem er ef til vill að finna betra veður.

## Frægasta floppið

Eins og með önnur viðskiptaævintýri er ekki á vísan að róa þegar kemur að hátíðahöldum um verslunarmannahelgi. Nokkur dæmi eru um tilraunir sem lofuðu góðu en fengu svo vænan skell með tilheyrandi vonbrigðum og stundum fjárhagslegum skaða fyrir skipuleggjendur þeirra.

Tónlistarmaðurinn góðkunni, Magnús Kjartansson, sem tekið hefur þátt í skemmtanahaldi tengdu ófáum verslunarmannahelgum, er einn þeirra sem á slíka sögu. Hann heldur nú upp á tuttugu ára afmæli Viðeyjarhátíðarinnar sem er sennilega hvað frægust þeirra er ekki hafa gengið. Magnús hafði fengið fjöldann allan af hljómsveitum, söngvurum og listamönnum til að troða upp og allt leit út fyrir að flott hátíð væri í uppsigi. Gæfan varð honum hins vegar ekki hliðholl og gerði illskuveður þegar helgin nálgaðist. Þar að auki stóð lögreglunni í Reykjavík stuggur af hátíðinni og var hún með stranga gæslu við hlið Viðeyjarferjunnar þar sem leitað var vel í farangri allra gestanna. Illviðri og þorsti hafa því sennilega riðið hátíðinni að fullu.

Gárungarnir segja söguna svo að til Viðeyjar hafi komið fimm Akureyringar í pakkaferð og fleiri hafi gestirnir ekki verið. Það er ekki alls kostar rétt en þangað kom þó ekki nema tíundi hluti þess fjölda er búist var við. Í reynd voru flestir á svæðinu aðstandendur hátíðarinnar auk lækna og hjálparsveita, löggæslumanna og fjölda hljómsveita, söngvara og annarra listamanna.

Magnúsi er ekkert á móti skapi að rifja upp Viðeyjarhátíðina, þótt hann hafi á sínum tíma að mestu borið kostnaðinn af því tapi sem af henni hlaust, enda efast hann ekki um ágæti hugmyndarinnar. „Einn góðan veðurdag munu augu höfuðborgarbúa opnast fyrir þessari dásamlegu perlu sem er fyrir framan nefið á þeim alla daga. Ef veðurguðirnir hefðu verið okkur hliðhollir á þessum tíma, og ýmis önnur öfl, þá hefðum við kannski átt heiðurinn af því með Viðeyjarhátíðinni," segir Magnús, sem þessa verslunarmannahelgina hélt sig til hlés og lét nægja að njóta þess sem Innipúkinn í Reykjavík hafði upp á að bjóða.



**MAGNÚS KJARTANSSON TÓNLISTARMAÐUR** Magnús stóð fyrir Viðeyjarhátíðinni frægu fyrir tuttugu árum sem gárungarnir segja að einungis fimm Akureyringar hafi sótt.

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Er ástæða til þess að hafa áhyggjur af því að forstjórar njóti árangurs fyrirtækjanna?

# *Lúxusvandamálið ofurlaun*

**Hafliði Helgason**

Laun nokkurra forstjóra stærstu fyrirtækja landsins hafa verið til umræðu eftir að tekjublað Frjálsrar verslunar kom út. Þeir forstjórar sem hæst hafa launin eiga eitt sammerkt. Verðmæti fyrirtækjanna sem þeir stýra hefur margfaldast.

Þessir forstjórar innleystu á síðasta ári kauréttarsamninga sem þeir gerðu fyrir þremur til fimm árum. Þá hefur sennilega engan óráð fyrir vexti og viðgangi þessara fyrirtækja. Niðurstaðan er semsagt sú að kaupréttirnir hafa orðið geysiverðmætir. Hvers vegna? Jú vegna þess að verðmæti hluta fyrirtækjanna hefur margfaldast á tímabilinu. Þau breyttust úr fyrirækjum á þröngum heimamarkaði í meðalstór alþjóðleg fyrirtæki.

Samhliða þessu hefur tekjuaukning þeirra orðið veruleg og vöxtur tekna og hagnaðar komið erlendis frá. Það er því ekki fráleit samlíking að miða þá við aflaskipstjóra með hlut. Hér á landi er rík hefð fyrir því launakerfi í sjávarútvegi að skipstjóri og áhöfn deili ávinningi af góðum árangri með eigendum útgerðarfyrirtækjanna. Slíkt kerfi er heldur á engan hátt fráleitt þegar almenningshlutafélög eiga í hlut.

> **Spurningin er hvort að það eitt sé nægjanlegt til að tapa svefni og tala samfélagið í átt til fyrri tíma lokaðs hagkerfis þar sem fleiri höfðu það skítt og færri of gott.**

Þær upphæðir sem birtast eru vitanlega úr öllu samhengi við almennan veruleika launafólks á Íslandi af þeirri einföldu ástæðu að vöxtur og viðgangur þessara fyrirtækja er einnig úr öllu samhengi við það sem hingað til hefur mátt venjast.

Ef sá vöxtur sem birtist í hagnaði af kaupréttarsamningum stjórnenda stærstu fyrirtækjanna er vandamál, þá er líklega eina raunhæfa lausnin til að ná tökum á því vandamáli að ná verri árangri í heimi alþjóðaviðskipta. Er það hagur þjóðarinnar?

Þeir sem hæst hrópa nú yfir háum launum og ójöfnum kjörum landsmanna voru sumir andstæðingar þess að lækkun skatta færi í gegnum persónuafslátt í stað flatrar prósentulækkunar. Það er upp að einhverju marki hægt að jafna kjör fólks í gegnum skattkerfið. Það er vandrataður meðalvegur að auka jöfnuð, án þess að draga mátt úr samfélaginu.

Hagvöxtur hefur verið gríðarlegur í landinu undanfarin ár. Hans sér stað í launaumslagi venjulegs fólks. Kjör almennings á Íslandi hafa aldrei verið betri. Ástæðan er róttækar kerfisbreytingar sem hafa fært hagkerfið frá miðstýringu til frelsis og gert það sambærilegt við hagkerfi nágrannaþjóða okkar. Það kann að vera að einhverjir séu þeirrar skoðunar að sú vegferð hafi verið mistök, en það má fullyrða að án hennar væru almenn kjör í landinu mun lakari en nú er. Fórnarkostnaður þessarar vegferðar er að fjárfestar hafa grætt verulega fjármuni og margir stjórnendur og lykilstarfsmenn fyrirtækja hafa notið mikils ávinnings af uppbyggingarstarfinu. Spurningin er hvort það eitt sé nægjanlegt til að tapa svefni og tala samfélagið í átt til fyrri tíma lokaðs hagkerfis þar sem fleiri höfðu það skítt og færri of gott.

Hitt er svo annað að launastrúktúr í fyrirtækjunum þarf að vera til sífelldrar endurskoðunar. Mikilvægt er að sá strúktur þjóni því markmiði að byggja upp öflug fyrirtæki. Ef menn missa sjónar á því þá er fyrst ástæða til að ræða launakjörin af festu og alvöru.

eggert@markadurinn.is | haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markaðurinn.is | olikr@markadurinn.is

**Betri leið til að vinna á tímaskorti**

"Hópurinn mjög ánægður með námskeiðið og allir sáu greinilegar framfarir á lestrarhraða. ...mun nýtast okkur vel í starfi."
**Hópur frá Upplýsingatæknisviði Landsbankans.**

"...hvergi áður náð jafn hárri ávöxtun á tímasparnað ..."
**Fylkir Sævarsson, 39 ára Iðnfræðingur.**

**Meiri tími - Aukið forskot – Sterkari sérstaða**
**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
Frábært, markvisst, hnitmiðað, krefjandi, mikil aðstoð, árangursríkt, góð þjónusta.

6 vikna námskeið **4. september** **(nokkur sæti laus)**
6 vikna námskeið hefst **12. september**
**Akureyri** 3 vikna hraðnámskeið **31. ágúst**

**Náðu árangri með okkur í sumar og skráðu þig á sumarnámskeið Hraðlestrarskólans.**
**Skráning hafin á www.h.is og í síma 586-9400**
**Gerum föst verðtilboð í fyrirtækjanámskeið**

HRAÐLESTRARSKÓLINN

**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

# Bankarnir skila góðu milliuppgjöri

Viðskiptabankarnir hafa allir skilað mjög góðu milliuppgjöri og er afkoman töluvert betri en greiningardeildir áttu von á. Þrátt fyrir samdrátt í gengishagnaði á hlutabréfum er afkoman að batna. Vaxta- og þóknanatekjur hafa vaxið verulega. Tekjur af erlendri starfsemi aukast enn og eru nú orðnar um 45 prósent hjá Landsbankanum, hjá KB banka er þetta hæst eða um 70 prósent.

Arðsemi eiginfjár er mjög há hjá bönkunum, hæst er hún hjá Glitni eða 45 prósent og er 38 prósent ef söluhagnaður af Sjóvá er tekinn út.

**ARÐSEMIN GÓÐ**

Arðsemi hjá Landsbankanum er 40 prósent og arðsemi KB banka er 36 prósent. Þetta er geysilega fín arðsemi. Hækkun skuldabréfavaxta hefur sett hærri kröfur á arðsemi eiginfjár í hlutafélögum og lægst er hún hjá stórum skráðum fyrirtækjum. Almennt má segja að arðsemi eiginfjár eigi að vera um 18 prósent hjá þessum fyrirtækjum. En þau skila nú tvöfaldri þeirri tölu og ríflega það.

Eiginfjárstaða viðskiptabankanna er góð og hefur styrkst um

ORÐ Í BELG

**Jafet S. Ólafsson,**
framkvæmdastjóri VBS fjárfestingarbanka hf.



100 milljarða frá áramótum og er hún nú 488 milljarðar fyrir viðskiptabankana þrjá og þegar Straumi-Burðarási er bætt við er hún 616 milljarðar.

Moody´s skilaði nýlega skýrslu um íslenska bankakerfið sem hlýtur að teljast mjög jákvæð. Sérfræðingar fyrirtækisins telja að bönkunum sé vel stýrt og eiginfjárhlutfall og lausafjárstaða séu mjög góð.

Í skýrslunni segir að á bak við mikla skuldaaukningu standi arðbærar fjárfestingar innanlands jafnt sem erlendis og því fylgist erlendar skuldir og eignir bankanna að.

**ÖFUNDARSKRIF?**

Væri ekki úr vegi að bjóða höfundum bankaskýrslunnar frá Den Danske Bank og hlýða þeim yfir hvað Moody´s segir. Við eigum ekkert sameiginlegt með svonefndum nýmarkaðslöndum eins Danirnir héldu svo sterklega fram í mjög neikvæðri skýrslu um íslenskt efnahagskerfi. Er þetta nokkuð sprottið af öfund? Ljótt ef satt væri.

Viðskiptabankarnir hafa brugðist mjög vel við tilmælum um krosseignarhald, fjármögnun sína og fleiri atriði. Við sjáum að KB banki selur 6,1 prósents hlut í Exista til níu lífeyrissjóða; áformar að greiða 10 prósenta eignarhlut í Exista sem auka á arð til sinna hluthafa og síðan að losa restina í Exista, rúm 4 prósent, til fagfjárfesta. Landsbankinn seldi Carnegie og svo má lengi telja.

**VANTAR BARA HERSLUMUNINN**

Stóra málið í starfsemi viðskiptabankanna er að þeir séu vel fjármagnaðir, sala á skuldabréfum erlendis hefur gengið vel og nú vantar aðeins herslumuninn að fjármögnun fyrir árið 2007 sé að fullu lokið.

Þegar öllu er á botninn hvolft má fullyrða að góð afkoma ásamt góðri útkomu í skýrslu Moody´s efli trú erlendra fjárfesta á íslenska bankakerfinu. Á því hagnast allir landsmenn.

> **Moody´s skilaði nýlega skýrslu um íslenska bankakerfið sem hlýtur að teljast mjög jákvæð. Sérfræðingar fyrirtækisins telja að bönkunum sé vel stýrt, eiginfjárhlutfall og lausfjárstaða séu mjög góð.**




**YS OG ÞYS Í FJÁRMÁLAHVERFI TÓKÝÓ** Tekjur íslensku bankanna eru að stórum hluta til tilkomnar í erlendri mynt og vaxa enn. Í grein Jafets S. Ólafssonar, framkvæmdastjóra VBS fjárfestingarbanka, er bent á að arðsemi bankanna sé geysilega fín, enda hafi Moody's nýlega skilað skýrslu um bankana sem staðfesti það.

STARFSMANNAMÁL

## Innri og ytri leit

Ferli við öflun umsækjenda felur í sér innri eða ytri leit.

Innri leit felur í sér að leitað er til núverandi eða fyrrverandi starfsmanna fyrirtækisins eða leitað er til vina og kunningja. Ytri leit felur m.a. í sér að fyrirtæki leita að umsækjendum með blaðaauglýsingum, með aðstoð menntastofnana, með auglýsingum á heimasíðu fyrirtækisins, aðstoð ráðningarþjónustu eða notaðar eru ábendingar starfsmanna um mögulega umsækjendur. Ytri leit felst líka í því að leitað er til fyrirtækja sem sérhæfa sig í stjórnendaleit.

Innri leit að umsækjendum hefur einnig verið kölluð óformleg leið til öflunar umsækjenda. Innri leit felur m.a. í sér að fyrirtækið leitar fyrst til núverandi eða fyrrverandi starfsmanna sinna, hækkar stöðu þeirra innan fyrirtækisins eða færir þá milli deilda. Til þess að ná til núverandi starfsmanna er m.a. notað innranet, samtöl, fundir, fréttablöð og auglýsingatöflur. Margir stjórnendur telja að sú aðferð, að leita fyrst til starfsmanna innan fyrirtækis, bæti félagsandann og þannig fáist starfsmenn sem vilja vera hjá fyrirtækinu og eru ánægðir þar. Í slíkum tilfellum þekkir starfsmaðurinn til aðstæðna og hefur kynnst menningu fyrirtækisins. Gallinn við þessa aðferð getur verið sá að það skapist kergja á milli starfsmanns sem fær stöðuna og hinna í fyrirtækinu sem hafa sótt um.

Í innri leit er einnig leitað til fyrrverandi starfsmanna. Með því að ráða fyrrverandi starfsmenn sem e.t.v. hafa verið frá vegna barneigna eða náms er ekki einungis hægt að spara sér kostnað, heldur eru þeir starfsmenn sem koma aftur til fyrirtækisins óbeint að segja við hina sem fyrir eru að grasið sé ekkert grænna hinum megin.

Árangursríkasta leiðin við öflun umsækjenda er að nýta sér bæði innri og ytri leit. Þannig næst mesta breidd í umsækjendahópinn og því stærri sem hann er því meiri líkur eru á að finna hæfan starfsmann.



**Sif Sigfúsdóttir**
**M.A. í mannauðsstjórnun.**

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Jón Skaftason, Óli Kristján Ármannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Anna Elinborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Ferðaþjónusta blómstrar

Greiningardeild Glitnis segir útlit fyrir myndarlegan vöxt í ferðaþjónustu á árinu. Ísland sé í tísku meðal erlendra ferðamanna og breytingar á gengi krónu geri ferðir hingað hagstæðari kost en áður. Landsmenn virðist auk þess bregða undir sig betri fætinum innanlands í auknum mæli. „Gistinætur á hótelum voru tæplega 134 þúsund í júní síðastliðnum samkvæmt nýbirtum tölum frá Hagstofu og fjölgaði þeim um átta prósent milli ára. Fjölgunin var raunar örari meðal Íslendinga, eða 22 prósent, en gistinóttum erlendra ferðamanna fjölgaði um fimm prósent

ÞJÓÐARBÚSKAPURINN

frá júní í fyrra. Á fyrri helmingi ársins voru gistinætur alls ríflega 485 þúsund sem jafngildir tíu prósenta aukningu frá sama tímabili 2005. Er aukningin hlutfallslega svipuð meðal íslenskra ferðamanna og erlendra.“

Þá kemur fram að tölur frá Ferðamálaráði Íslands um fjölda erlendra gesta í Leifsstöð segi sömu sögu. Erlendir gestir hafi verið rúmlega 149 þúsund á fyrri helmingi árs og fjölgað um tólf prósent miðað við sama tíma í fyrra. „Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur um fjölda erlendra ferðamanna með Norrænu í ár en þó virðist sem þar sé um svipaða aukningu að ræða og í fluginu. Við þetta bætast komur skemmtiferðaskipa, en þar lítur einnig út fyrir einhverja fjölgun frá síðasta ári.“ Seðlabankinn áætlar að gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum hafi verið tæplega 40 milljarðar króna á síðasta ári sem jafngildir um 12,5 prósentum af útflutningi vöru og þjónustu það ár. Greiningardeild Glitnis telur líkur á að tekjurnar verði umtalsvert hærri í ár vegna lægra gengis krónu og fjölgunar ferðamanna.



AURASÁLIN

# Kaupa og flýja skatta

**Aurasálin er ánægð** með þau hörðu viðbrögð nokkurra hæstvirtra þingmanna og auðvitað Morgunblaðsins sem blöskra þau óforsvaranlegu laun sem fermingardrengirnir og verðbréfaguttarnir í bönkunum þiggja þessa dagana. Auðvitað er engin vitglóra í þessu. Ríkið á að bregðast hratt við og taka meira af þessum ofurlaunum í formi skatta áður en hagnaður bankanna fer að dragast saman eins og augljóslega mun gerast og laun bankamanna lækka. Helst vildi aurasálin sjá launaþak svona eins og í íþróttunum.

**Einnig er augljóst** að ekki veitir af að kenna þessum bankamönnum smá ráðvendni í peningamálum og væri það besta leiðin að taka peninga af þeim áður en þeir sóa auðnum í einhverja vitleysu eins og laxveiðar og sportbíla. Þessir nýríku Íslendingar bera sök á því ójafnvægi sem ríkir í hagkerfinu með gífurlegri óráðsíu. Sjáið bara allan bílainnflutninginn af amerískum bensínfákum og stórum jeppum sem gera lítið annað en að bryðja upp vegakerfið. Afleiðingin er sú að stjórnvöld og Seðlabanki eiga við ofurefli að etja, hækka vexti sem daglaunamenn, hornsteinar framfara og hagvaxtar, fá beint í smettið.

**Verst er auðvitað** að bankar og starfsmenn þeirra ætla að bregðast við þessari umræðu með því að færa eigur og tekjur til skattaparadísa á borð við Guernsey og Luxemborg. Í síðustu viku keypti Landsbankinn heilan banka á Ermarsundseyjum til þess að hjálpa bankamönnum og öðrum auðmönnum að koma peningunum sínum í öruggt skjól fyrir Skattmann. Aurasálin skorar á íslensk stjórnvöld að koma í veg fyrir að bönkunum takist að framkvæma lúaleg bellibrögð sem þetta.

**Aurasálin er afar trúuð sál** og biður á hverju kveldi fyrir nýríkum bankamönnum þessa lands sem vita ekki aura sinna tal. Óskar hún þeim alls hins besta þótt laun þeirra séu í engu samræmi við vinnuframlag. Vill hún að endingu rifja upp frásögn í Lúkasarguðspjalli um auðuga höfðingjann sem spurði frelsarann hvernig hann gæti öðlast eilíft líf. Svaraði frelsarinn: „Auðveldara er úlfalda að fara gegnum nálarauga en auðmanni að komast inn í Guðs ríki.“



Markmál
Þýðingar og skjalagerð
Aðsetur í ReykjavíkurAkademíunni - Hringbraut 121
www.markmal.is - markmal@markmal.is - S: 660 5003

Skrifstofuhúsgögn

Hirzlan
Smiðsbúð 6 Garðabæ Sími 564 5040



ALDREI STÆRRI OG VINSÆLLI!
Langöflugasti miðill unga fólksins er enn að vaxa.
FM957
Auglýsingasími: 550 5000

# Mikið af ruslpósti

Allt að 95 prósent allra tölvuskeyta er ruslpóstur, villuboð og vírusar en aðeins tæp 4 prósent allra skeyta innihalda eitthvað gagnlegt. Þetta er niðurstaða könnunar breska netfyrirtækisins Return Path.

Í könnuninni kemur fram að langstærstur hluti veirutölvuskeyta eru áframsend skeyti sem veirur eða tölvuormar stela úr tölvum netverja og senda áfram í aðrar tölvur. Að sögn forsvarsmanna fyrirtækisins nappa veirurnar netföngum frá allt að 20 milljón tölvum til að senda ruslapóstinn áfram.

Sérfræðingar kenna aukinni notkun sítenginga á háhraðaneti um magn ruslpóstsins. Því sé nauðsynlegt að hafa öflugar vírusvarnir og uppfæra þær reglulega.

Vírusbanafyrirtækið Sophos birti á dögunum lista yfir þau lönd þar sem ruslpóstsendingar eiga upptök sín. Í 23,2 prósentum tilvika hófst ferð ruslpósts um netið í Bandaríkjunum en það er hæsta gildið. Í öðru sæti var ruslpóstur frá Kína, sem var um fimmtungur. Þá hófu 7,5 prósent ruslpóstsins ferð sína um netið frá Suður-Kóreu, 5,2 prósent frá Frakklandi og 4,8 prósent frá Spáni. 1,8 prósent ruslpóstsins var upprunninn í Bretlandi og lenti landið í 10. sæti, að sögn breska ríkisútvarpsins, BBC.

- jab


**SETIÐ VIÐ TÖLVUNA** Aðeins um fjögur prósent af öllum tölvupósti er ekki ruslpóstur, villuboð eða vírusar.

# Skipulag MS í endurskoðun

Skipulagsbreytingar hjá MS, sem ákveðið var í vor að ráðast í, ganga samkvæmt áætlun að sögn Magnúsar H. Sigurðssonar, stjórnarformanns MS.

„Starfsstöðin í Reykjavík sérhæfir sig í dreifingunni og það er svona stærsta breytingin sem núna er framundan og svo er verið að vinna að undirbúningi annarra breytinga," segir Magnús. Meðal breytinga er að sérostavinnsla, sem nú er að hluta til í mjólkurbúinu á Selfossi, verður flutt í Búðardal.



Ákveðið var að ráðast í breytingarnar í mars, um ári eftir að Mjólkursamsalan og MBF (Mjólkurbú Flóamanna) voru sameinuð. Samkvæmt áætlun MS eiga breytingarnar að skila félaginu um 300 milljóna króna ávinningi á næstu tveimur til þremur árum.

- óká

# Honda í loftið

Japanski bílaframleiðandinn Honda, sem hingað til hefur verið þekktastur fyrir að framleiða bíla, hyggst byrja að taka við pöntunum á einkaþotunni HondaJet í haust. Honda er í þann mund að setja á fót fyrirtæki í Bandaríkjunum sem ætlað er að greiða fyrir um framleiðslu, markaðssetningu og sölu á einkaþotunni sem á að fara í loftið árið 2010.

Fyrirtækið tilkynnti í síðasta mánuði um ráðagerðir þess efnis að hanna sjö sæta flugvél og teygja sig þannig inn á markaðinn fyrir einkaflugvélar. Segja forsvarsmenn HondaJet að vélin verði rúmbetri, hraðfleygari og sparneytnari en aðrar einkaflugvélar.

Japanski bílaframleiðandinn er aðeins einn margra sem horfa girndaraugum til markaðarins með einkaflugvélar sem fer ört stækkandi. Þykir þessi ferðamáti einkar hentugur fyrir bandaríska forstjóra sem þurfa að oft að skjótast frá einu landshorni til annars og jafnvel út fyrir landsteinana, helst á augabragði.

- hhs


**HONDAJET UNDIRBÝR ÆFINGAFLUG** Honda flýgur inn á nýjan markað árið 2010 þegar fyrirhugað að HondaJet fari í loftið.




LIFÐU Í ÖRYGGI. VELDU VOLVO XC90.

Áratugum saman hafa hönnuðir Volvo leitað sannleikans líkt og Albert Einstein, rannsakað bíla við ólíkar aðstæður, reiknað út og safnað þekkingu. Hér er eitt dæmið. Volvo XC90, tækni sem hrífur alla sem henni kynnast. Slík afburðatækni hefur ekki áður sést í jeppum enda flókin stærðfræði. Skoðaðu eiginleika Volvo XC90 af nákvæmni.

Lifðu heilbrigðu lífi

Skoðaðu lífið. Sérstök tækni vaktar gæði andrúmsloftsins umhverfis Volvo XC90 og breytir 75 prósent af slæmu ósóni (sem liggur við jörðu) í hreint súrefni. Hugsaðu um börnin.

Fjórhjóladrifið er sjálfvirkt og eitt hið fullkomnasta sem til er.

Hönnuðir Volvo fundu snilldarleið til að lækka þyngdarpunktinn í Volvo XC90 en of hár þyngdarpunktur hefur verið vandamál við hönnun jeppa þar sem hann dregur úr öryggi og aksturseiginleikum. Veldu Volvo.

Þar sem öryggi farþega er Volvo efst í huga létu hönnuðirnir ekki þar við sitja því að auki bættu þeir við tveimur nýjum tækniuppfinningum: nýja stöðugleikastýrikerfinu DSTC og RSC veltivörninni. DSTC leiðréttir mistök í akstri en RSC síreiknar líkur á veltu og bregst við ef þurfa þykir. Rúsínan í pylsuendanum er sérstyrkt Boronstálið í burðarvirki yfirbyggingarinnar sem er 5 sinnum sterkara en venjulegt stál. Útkoman úr dæminu er hámarksöryggi í Volvo XC90, sem veitir honum algera sérstöðu í samkeppni um öryggi bíla. Gefðu þér tíma og skoðaðu yfirburðatækni Volvo XC90.

Þetta er Volvo XC90. Öryggi fyrir allt að sjö manns og aðra vegfarendur einnig. Þú prófar hann og færð faglega ráðgjöf í afburðartækni sem einkennir Volvo XC90. Öryggi er lúxus – lífðu í lúxus. Komdu í Brimborg og spurðu sérfræðinga Volvo á Íslandi um lúxus sportjeppann Volvo XC90.


*Sérvalið tau- eða leðurefni eru í stýri, lyklum og öðrum snertiflötum og eru laus við ofnæmisvaka samkvæmt alþjóðastaðli Öko-Tex. Spurðu um skynvæddu miðstöðina sem hindrar að mengun berist inn í farþegarýmið.*

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.volvo.is




Volvo XC90 AWD bensín.
Verð frá 5.990.000 kr.*

Volvo XC90 AWD dísil.
Verð 6.390.000 kr.*

* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# Leitarsíður og netsamfélög vinsælust




**Opera Software sem framleiðir internetvafra fyrir farsíma, tölvur og önnur tæki upplýsti í gær að notendur símavafrans Opera Mini hefðu vafrað um meira en milljarð vefsíðna frá því vafrinn var kynntur fyrir sjö mánuðum síðan. Vinsælustu síðurnar eru leitarsíður og einnig svokölluð netsamfélög og stefnumótasíður.**

Norska hugbúnaðarfyrirtækið Opera Software vakti í gær athygli á því hve farsímanotendur víða um heim hefðu tekið vel á móti nýbreytninni sem felst í Opera Mini-internetvafranum sem sérhannaður er fyrir farsíma. Opera notar eigin tækni til að endurhanna vefsíður þannig að þægilegt sé að skoða þær á litlum skjám, eða skjám í óvenjulegum stærðum.

Fyrirtækið segir að á þeim sjö mánuðum sem liðnir eru frá því Opera Mini kom út hafi notendur forritsins vafrað um meira milljarð vefsíðna. Vinsælustu vefirnir eru leitarvefur Google, netsamfélög og stefnumótasíður, auk blautlegri vefja sem bjóða upp á efni sem tæpast telst við hæfi barna.

Vafrinn litli er notaður af yfir fimm milljón virkum notendum um heim allan og hefur í auknum mæli verið boðið upp á hann uppsettan í nýjum símum. Aðrir geta sótt sér gripinn á vef Opera eða fengið þar um hann upplýsingar á slóðinni http://mini.opera.com.

Uppsafnaðar tölur Opera sýna að á eftir leit á Google, sem er langvinsælust hjá farsímanotendum komi síðurnar Gmail.com, Friendster.com, MySpace.com, Yahoo Messenger og hi5.com. „Þetta bendir til að upplýsingaleit og leiðir til að halda sambandi við annað fólk sé það sem fólk hefur helst í huga við notkun Opera Mini-farsímavafrans,“ segir Opera. Meðal annarra vinsælla síðna í Bandaríkjunum, Bretlandi og Þýskalandi eru fréttasíður, kortasíður og afþreyingarvefir á borð við USAToday.com, news.bbc.co.uk, mapquest.com og eBay.

Mest er farsímavafrinn notaður í Rússlandi og Bandaríkjunum, en þar á eftir koma Indland, Norðurlöndin og Bretland.

„Tímamót þessi eru ekki einvörðungu mikilsverð fyrir Opera, heldur skipta þau höfuðmáli fyrir iðnaðinn sem sér um afþreyingu í farsíma og fyrir fjarskiptafyrirtæki um allan heim,“ segir Jón S. von Tetzchner, forstjóri Opera Software. „Velgengni Opera Mini sýnir að þjónusta í gagnaflutningi til farsíma felur í sér gífurlega möguleika, svo fremi sem gæði þjónustunnar uppfylla og fara fram úr þeim væntingum sem fólk gerir til hennar. Að ná milljarði síðuflettinga á sjö mánuðum er merkur áfangi sem sannar að fólk er svo ánægt með getu og hægindi Opera Mini að það notar vafrann oft og reglulega.“

Að sögn Opera hefur fjöldi stærri fjarskiptafyrirtækja og framleiðendur farsíma þegar áttað sig á möguleikunum sem felast í Opera Mini. Þannig hefur T-Mobile þegar sent frá sér farsíma þar sem búið er að setja upp vafrann sem hluta af „Web'n'Walk“-þjónustu sem fyrirtækið býður upp á í Evrópu auk þess sem fjöldi annarra fyrirtækja er að skoða kosti vafrans. Opera Mini sem er ókeypis hefur því á sjö mánuðum náð að verða eitthvert vinsælasta Java-forrit sem boðið er upp á í farsíma og smátölvur. **- óká**



**JÓN S. VON TETZCHNER** Íslendingurinn Jón Tetzchner er forstjóri og annar stofnenda norska hugbúnaðarfyrirtækisins Opera Software. MARKAÐURINN/VILHELM



VOLVO
for life

*Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú lítir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!*

brimborg
**Öruggur staður til að vera á**

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.volvo.is

TILBOÐ
LÆKKAÐ VERÐ
Stór og smá loftkælikerfi!
Skrifstofur
Tölvurými
Fundasalir
Færanleg loftkælikerfi
ís-húsið 566 6000
kælivélalagerinn

# Gistinóttum fjölgar milli ára

## Tíu prósent fleiri gistu á hótelum landsins fyrstu sex mánuði ársins en á sama tíma í fyrra.

Gistinætur á hótelum í júní voru 133.700 og fjölgaði um átta prósent frá fyrra ári, samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni. Gistinóttum fjölgaði í öllum landshlutum.

Mest fjölgaði nóttum á samanlögðu svæði Suðurnesja, Vesturlands og Vestfjarða þar sem þær voru 14.100 og jukust um sautján prósent milli ára. Fjölgunin nam fjórtán prósentum á Norðurlandi, þar sem gistinætur voru 12.900. Gistinætur voru 83.300 á höfuðborgarsvæðinu og fjölgaði um fimm prósent milli ára.

Í tilkynningu frá Hagstofunni segir að fjölgun gistinátta á hótelum í júní megir bæði rekja til Íslendinga og útlendinga. Gistinóttum Íslendinga hafi fjölgað um tuttugu og tvö prósent en útlendinga um fimm prósent.

Gistinóttum fjölgaði alls um tíu prósent á fyrstu sex mánuðum árs. Gistinóttum Íslendinga fjölgaði um ellefu prósent og gistinóttum útlendinga um níu prósent. -jsk



VEITINGASALUR Á HÓTEL BORG

SONATA
Sigurvegari í alþjóðlegum gæðakönnunum
- ESP stöðugleikastýring
- TCS spólvörn
- ABS með EBD bremsujöfnun
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- 16" álfelgur
- Þvottakerfi fyrir framljós
- Öryggisstilling fyrir barnabílstól
- 40/60 afturbekkur með armpúða
- 462 lítra farangursrými
B&L Með bílinn handa þér
Lúxusbíll á fólksbílaverði
1. sæti í IQS gæðakönnun JD Power



Nýr Hyundai SONATA GSL 2.0l
kr. 2.290.000
HYUNDAI hefur gæðin
B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is
Keflavík 421 4444 Selfoss 575 1460 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524

# Arftaki flaggskipsins

Farsímaframleiðandinn Motorola kynnti á dögunum til sögunnar arftaka RAZR-símtækisins, Motorola KRZR K1, sem væntanlegur er á markað á seinni hluta ársins.

Þegar Motorola RAZR kom til sögunnar árið 2004 þótti hann hafa afar sérstakt og nýstárlegt útlit og féll vel í kramið hjá notendum. Síminn átti að vera flaggskip fyrirtækisins en var síður en svo hugsaður fyrir fjöldaframleiðslu. Síminn náði hins vegar miklum vinsældum og í júní á þessu ári hafði Motorola selt 50 milljón eintök af RAZR-farsímum.

Nýi síminn er jafnþunnur og RAZR en nokkuð mjórri og skartar tveggja megapixla myndavél, mp3-spilara og styður jafnframt steríó-heyrnartól með þráðlausri Bluetooth-tengingu.


**KRZR K1** Arftaki Motorola RAZR-símtækisins þykir ekki síðri en fyrirmyndin.

# Nokia vill Loudeye



Nokia-samsteypan ætlar sér stóra hluti á markaðnum með stafræna tónlist fyrir GSM-síma. Fyrirhuguð kaup á bandaríska tónlistardreifingarfyrirtækinu Loudeye Corporation fyrir um 69 milljónir bandaríkjadala, um 4,25 milljarða íslenskra króna, eru liður í þessu.

Fréttastofa AP hefur eftir forsvarsmönnum Nokia að með þessu móti geti Nokia boðið viðskiptavinum sínum enn betri tónlistarupplifun í gegnum GSM-síma sína en fyrr. Loudeye á í viðskiptum við mörg af stærstu tónlistarfyrirtækjum heims. Er talið að með kaupunum sé Nokia fyrst og fremst að verjast aukinni samkeppni, sérstaklega frá Sony Ericsson.

Samningurinn um kaupin gengur í gegn í lok ársins, að því gefnu að hluthafar og samkeppnisyfirvöld samþykki hann. - hhs

Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?
ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI á www.mentis.is
Microsoft CERTIFIED Partner
Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is
mentis HUGBÚNAÐUR


STÓRÚTSALA Í ÁGÚST
50-70% AFSLÁTTUR
Veggkertastjaki
~~KR. 2.500~~
NÚ 1.900
Hornsófaborð m/ hillu og skúffu
60x60x47cm
~~KR. 15.500~~
NÚ 7.900
Sófaborð með hillu og skúffu
1200x600x470 cm
~~KR. 24.500~~ NÚ 9.900
Funkistóll
~~KR. 29.900~~
NÚ 19.900
Skammel 5.900
Sporöskjulaga borð m/ skúffu og hillu.
54x43x70cm
~~KR. 12.900~~
NÚ 6.500
Glerskápur
47x5x35,5x190cm
~~KR. 29.900~~
NÚ 14.950
Bókaskápur m/ skúffu
80x39x187cm
~~KR. 39.900~~
NÚ 19.950
Sófaborð m/ blaðahillu og skúffu
81x43x55cm
~~KR. 13.900~~
NÚ 6.950
Kommóða
52,5x36x95cm
~~KR. 29.900~~
NÚ 14.950
Náttborð m/ skúffu og blaðahillu
55x39x76cm
~~KR. 19.700~~ NÚ 9.850
Náttborð
40x38x64cm
~~KR. 15.700~~ NÚ 7.850
Kommóða
89x42x90cm
~~KR. 39.000~~ NÚ 19.500
Náttborð
34x30x76cm
~~KR. 15.000~~
NÚ 7.500
Hálfmáni m/ lyklaskúffu og hillu
83,5x35x76cm
~~KR. 15.900~~ NÚ 7.950
Kollur/blómaborð
36x30x46,5cm
~~KR. 6.900~~
NÚ 3.500
Innskotsborð 3 saman
L 52x45x51cm
M 39x39x47cm
S 27x33,5x43cm
~~KR. 17.000~~ NÚ 8.500
UPPSELT
Gangaborð/ Snyrtiborð
85x42x78cm
~~KR. 23.000~~
NÚ 11.500
80x99x55cm
~~KR. 11.500~~
NÚ 5.750
94,5x61x18cm
~~KR. 16.900~~ NÚ 8.450
1928
VERSLUN • VÖRUHÚS
www.1928.is
Laugavegi 20b • Sími 552 2515 • Auðbrekku 1 • Sími 544 4480
Opnun • Mán.-fös. 10-18 • Laugard. 11-16

MARKAÐURINN

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**141** prósenta aukning hagnaðar Sjóvá á fyrri helmingi ársins 2006.

**40%** samdráttur í fjölda þinglýstra kaupsamninga á einu ári.

**37** milljarða króna yfirtökutilboð Avion Group í kanadíska kælifyrirtækið Atlas Cold Storage.

## BANKAHÓLFIÐ



### Heimsmeistarar í innherjaviðskiptum

Larry Page og Sergey Brin, stofnendur internetrisans Google, hafa selt 24 milljónir hluta í Google á síðustu tveimur árum fyrir alls fimm hundruð milljarða íslenskra króna. Það telst óopinbert heimsmet í innherjaviðskiptum. Æðstu stjórnendur íþróttavörurisans Nike hafa einnig verið duglegir og innleyst bréf fyrir tæpa sjötíu milljarða. Þá hefur Larry Ellison, stofnandi Oracle, selt fyrir sextíu og fimm milljarða króna í fyrirtækinu. Til að fyrirbyggja algengan misskilning eiga innherjaviðskipti ekkert skylt við innherjasvik, og eru fullkomlega löglegur viðskiptamáti sé rétt staðið að málum.

### Klappa hver öðrum

Bankarnir hafa um allnokkurt skipst á að klappa hver öðrum með því að mæla með kaupum á hlutabréfum hvers annars og sjá sumir einkenni verðsamráðs. Eftir því sem gengi bankanna hefur lækkað á markaði því betri hafa kauptækifærin orðið miðað við verðmatsgengi. Í dag hefur nýtt verðmat, sem er vel yfir markaðsgengi, langt í frá sömu áhrif og það hafði snemma á árinu. Margir muna þegar Glitnir gaf út verðmat á KB banka upp á 1.014 krónur á hlut. Rauk gengi KB banka upp úr öllu valdi og sleikti eitt þúsund stiga múrinn. Þóttu forsendur verðmatsins æði bjartsýnar og var talað um eilífðarvélina KB banka.

### Vangaveltur um blogg

Í nýjasta tölublaði Economist er að finna um margt merkilegar vangaveltur um blogg hagfræðinga. Þar segir að margir hagfræðingar, líkt og milljónir annarra, eyði á hverjum degi umtalsverðum tíma í að skrifa í vefdagbækur og fái sumir hverjir þúsundir gesta á vefi sína til að lesa skrifin. Þykir skjóta skökku við að þeir sem jafnvel eru að sér í vægi þess að nýta auðlindir, hámarka afköst og ágóða skuli þannig eyða tíma sínum án þess að fá nokkuð í aðra hönd. Í hópi hagfræðibloggara er Brad DeLong, hagfræðingur við Kaliforníuháskóla. Hann segir skrifin snúast um að hafa áhrif, en einsetur sér þó að nota ekki meira en einn og hálfan tíma í blogg á dag. Önnur vinsæl hagfræðingablogg eru becker-posner-blog.com og gregmankiw.blogspot.com.






FAGÞAK
Alhliða lausnir á flötum þökum
Yfir 20 ára reynsla af PVC dúkum
Sími 820 3415
fagthak@fagthak.is

**Prýði sf. HÚSAVIÐGERÐIR**
Steypuviðgerðir, lekavandamál, þakrennuuppsetningar, þakásetningar, þak- og gluggamálning. Trésmíðavinna, sólpallasmíði. Tilboð eða tímavinna.
**Áratugareynsla og fagmennska í fyrirrúmi. S. 854 7449, 864 7449 og 565 7449.**

HÚSEIGNAÞJÓNUSTAN
Sími 892-1565

892 1565 - Húseignaþjónustan - 552 3611. Lekaþéttingar - þakviðg. - múrviðg. - húsakl. - öll málningarvinna - háþrýstiþv. - þakþéttiefni (500% teygjanl.).

**Steypusögun og Kjarnaborun JIS ehf.**
Steypusögun, kjarnaborun fljót og góð þjónusta. Geri föst verðtilboð - Gerið verðsamanburð.
**Upplýsingar í síma 659 6343.**

Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

**Fagþjónustan ehf. S. 860 1180**
Glerísetningar, gluggaviðgerðir, almenn smíðavinna, móðurhreinsun glerja, háþrýstiþvottur, þakmálun og fleira. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

Pípulagningarmeistari getur bætt við sig verkefnum, uppl. í síma 892 8720.

Tökum að okkur hverskonar múrbrot, fjarlægja efni, frágangur og pípulagnir Uppl. í s. 892 8720.

## Stífluþjónusta

Stíflulosun Röramyndun
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
Skolphreinsun Ásgeirs sf.
S. 892 7260 & 567 0530.

Fjarlægum stíflur úr WC, vöskum og fl. Röramyndavél og viðgerðir á frárennslislögnum. Stífluþjónusta Geirs, s. 697 3933.

## Tölvur

Vefhýsing, www.allraatta.is

Vefsíðuhönnun, Vefumsjónarkerfi, Veftilboð, Heimasíðuráðgjöf www.allraatta.is

Vefhýsing, Heimasíðugerð, Heimasíðuráðgjöf, Vefsíðulausnir www.allraatta.is

**Tölvuviðgerðir**
Kem samdægurs. 8-20 alla daga. Uppl. í s. 697 8725.

## Spádómar

ALSPÁ
Miðlun, draumar, ráðgjöf heilun, fyrirbænir, NLP Símaspá, einkatímar og m.fl
908 6440
FINN TÝNDA MUNI

908 6116
Er spákonan Sirrý
Ástir - fjármál heilsa
Einkatímar í S.845 4009

Kærleiks-ljósið
Spámiðill, Tarot-lestur og kristalkúla
566 7311 905 2005

Laufey 908 2200
Hvað viltu vita um einkamálin, peninga og atvinnu?
Bein miðlun, ráðgjöf og símaspá.
Opið frá 18-01 eftir miðnætti alla daga.
Laufey spámiðill.

SPÁMIÐILL
LÆKNAMIÐILL-HEILUN
TEK FÓLK Í EINKATÍMA
905-7010 697-8602

**Reyki heilun**
Er með reyki heilun, þeir sem vilja leita til mín hafið samband í síma 862 8715. Björg.

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

**Englaljós til þín 908 5050**
Eru málin í ólagi. Vantar þig hjálp. Viltu prófa eitthvað nýtt. Er með ný spil. Trúnaður. Opið til 2 á næturnar og 3 eftir miðnætti um helgar. Lára.

## Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

## Viðgerðir




Smávélaviðgerðir: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, garðlýsing, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, hekkklippur, rafstöðvar. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

## HEILSA

## Heilsuvörur







Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Missti 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Shape Works. Rannveig 862 5920 www.321.is/rannveig

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is s. Ásta. 891 8902

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019/ 868 4876.

## TIL SÖLU




GRANÍT HÚSIÐ
- borðplötur
- handlaugar
- flísar
Helluhraun 2 - 220 Hafnarfjörður - Sími: 544 5100 www.granithusid.is



RÚNAR RÓBERTSSON
13-16 ALLA VIRKA DAGA

HLUSTAR ÞÚ Á VINSÆLUSTU ÚTVARPSSTÖÐ LANDSINS?
Bylgjan er vinsælasta útvarpsstöð landsins skv. nýjustu fjölmiðlakönnun Gallup. Það eru sérlega ánægjuleg tíðindi á afmælisárinu sem eru okkur hvatning til frekari afreka.

BYLGJAN 20 ÁRA
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

## TIL SÖLU




allt
auglýsingasími
550 5880

Árangur með Herbalife! Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg www.lifsstill.is S. 896 4662.

Frábær líðan. Alveg síðan. Herbalife. www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183

## Líkamsrækt

Óska eftir lyftingalóðum - handlóð, stöng, laus lóð, bekkur. gg@mf.is - 5511508

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Ný verslun með fæðubótarefni. Vaxtarvörur ehf. Kaplahrauni 19, Hafnarf. Opið 14-19.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

Stutt nám, vel launuð störf Kerfisstjóranám Rafiðnaðarskólans hefst 4. sept. www.raf.is s. 863 2186

## Kennsla

### Viltu verða stílisti?

Nám í útlitsráðgjöf. The Academy of Colour and Style - útlits-og förðunarskóli. Uppl. í síma 533 5101.

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



Til sölu þriggja sæta sófi með þremur áklæðum á aðeins 25.000 kr. S. 698 5625.

Óska eftir Rococco húsgögnum, sófum, stólum og borðum. Ath. eingöngu Rococco kemur til greina. Sími 616 6013 á milli kl 13 & 18. rex@rex.is

Hornsófi með tauáklæði fæst gefins gegn því að vera sóttur. Uppl. í s. 898 9854 eftir kl. 19.

## Heimilistæki




### Ryksugukerfi

Heimili, sumarhús, fyrirtæki og stofnanir. www.rafheimilid.is Rafheimilið ehf. s. 567 8909. Hamraborg 5. Opið 09-12.

Mjög lítið notuð þvottavél, enn í ábyrgð, til sölu. S. 557 2775 e. kl. 16.00.

Eins og hálfs árs 170 cm LG ísskápur til sölu v/flutninga. Uppl. í s. 865 5115.

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

## Dýrahald



Er með Beagle hvolpa til sölu. Þeir verða tilbúnir til afhendingar 10 ágúst þá heilsufarsskoðaðir, örmerktir og ættbókafærðir hjá Íshundum. Allar upplýsingar er hægt að fá í síma 897 8382 og á birnako@simnet.is http://www.123.is/vestfjardar



Stóru dan Hvolpar til sölu hvolpar undan Emblu og Blue, fyrsta og eina got Emblu. Hvolparnir verða skráðir hjá Hrfí. Uppl í síma 662 2700.

1 læða fæst gefis gul og hvít á lit. Uppl. í s. 821 1498.

Hvolpar fást gefins. Uppl. í s. 486 5608 & 896 8881.

Til sölu 3 yndilsegir Chihuahua hvolpar verða tilbúnir til afhendingar strax. Uppl. með ættbók frá Íshundum, bólusettir og örmerktir, til afhendingar strax. Uppl. í s. 824 2864.

## Ýmislegt




Heitir pottar og Kamínur. Auðbrekka 6, 200 Kóp, NORM - X S. 565 8899 www.normx.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn
















Stórir maðkar til sölu! Silungs og laxa. Margra ára reynsla. S. 692 5133.

Laxa og silungamaðkar til sölu uppl. í s. 557 4483 & 867 8045.

## Gisting



Við bjóðum fallega nýja 2 herb 55 m2 íbúð á Akureyri verð pr. nótt 11.900 kr, fjórða og 6 nótt frí. Bókanir í síma 822 - 9952, sjá myndir á www.hoepfner.is

## Ýmislegt

Góður matur á góðum stað - Hreðavatnsskáli.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

### Glæsileg íbúð!

Í reisulegu einbýli í grónu hverfi (108). Fullbúin. Þvottavél, ísskápur arin, rúm og húsgögn. Nýuppgerð, aðeins einstaklingar eða barnlaus hjón/par koma til greina.
**Upplýsingasími 892 9888. Sjá heimasíðu www.mmedia.is/tilleigu og/eða leigulista.**

Til leigu einbýlishús við Háseilu í Reykjanesbæ 140 fm ásamt 30 fm bílskúr. S. 893 4890

Herb. til leigu á svæði 107. Aðeins reglusamir koma til greina. Uppl. í s. 865 9637.

### Herbergi til leigu

2 x herbergi í einbýlishúsi til leigu með afnot af eldunaraðstöðu. í Vogum 190 á Vatnsleysuströnd. Leigist saman eða í sitthvoru lagi. Reglusemi skilyrði. Uppl í s. 892 8030

### Herbergi 105 til leigu

Nýstandsett 16 fm herb. með aðgang að salerni, sturtu og þvottavél. Örbylgjuloftnet. Leiga 40 þús. Innifalið rafm. og hiti. 2 mán. í tryggingu. Áhugasamir sendi póst á herbergi105@gmail.

Húsnæði til leigu á Selfossi frá september, 4 svefnherbergi. Uppl. í síma 897 1768.

## Húsnæði óskast

Mjög reglusamur 27 ára maður óskar eftir íbúð í miðbænum. Uppl. í s: 692 6606

Ungt par með hund óskar eftir íbúð á h.b sv. 60 fm+ Fyrirframgreiðsla, meðmæli, trygging, tryggingavíxill. Uppl.í s. 690 8138.

27 ára verkfræðingur óskar eftir íbúð miðsvæðis í Reykjavík frá 1. sept. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 822 4451.

Hjón í námi með 2 börn óska eftir 4 herb. íbúð til leigu á höfuðborgarsv. Skilvísum greiðslum heitið. Hafið samband í s. 663 7858 & 663 2858.

## Sumarbústaðir




Falegar lóðir undir sumarbústaði frá kr. 1 250 000 www.hrifunes.is eða hrifunes@hrifunes.is

## Atvinnuhúsnæði

Til Leigu v/smiðjuveg jarðh. 562m 2 verslunar/iðnaðar húsn. Góðir gluggar innkeirsludyr, sér bílast., lofth. 3,3m, Leiguverð per m. 2kr1100 uppl. 893 0420 & 587 1590.

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 19 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Bílskúr

22 fm bílskúr til leigu (hiti, rafm. og vat )í Álfaskeiði í Hfj. Laus strax. Uppl. í s.898 8894.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

### Skalli Vesturlandsvegi

Óskum eftir að ráða duglegt starfsfólk, dagvinna, kvöldvinna, vaktavinna. Góð laun fyrir gott fólk.
**Upplýsingar á staðnum milli 17-19.**

### Veiingahúsið Nings Hlíðasmára 12

Óskar eftir vaktstjóra í fullt starf. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Ekki yngri en 18 ára. Vantar einnig starfsfólk í kvöld og helgarvinnu. Upplagt fyrir skólafólk.
**Upplýsingar á staðnum eða á andri@nings.is**

aktu taktu

### Afgreiðsla og Vaktstjórn Viltu vinna með skemmtilegu fólki?

Ertu dugleg/ur og mætir á réttum tíma í vinnu? Góð laun fyrir líflegt og skemmtilegt starf í afgreiðslu. Hentar best fólki 18-40 ára en allir umsækjendur velkomnir! Hvort sem þú vilt vera í fullu starfi eða kvöldvinnu þá höfum við eitthvað fyrir þig. Aktu Taktu er á fjórum stöðum á höfuðborgarsvæðinu.
**Umsóknir á aktutaktu.is og á stöðunum.**

BÆJARBAKARÍ

Bakarí í Hfj. óskar eftir starfskrafti í afgreiðslu. Vinnutími 07-13 og 13-18.30 virka daga og önnur hver helgi, ekki sumarvinna. Einnig vantar manneskju aðra hvora helgi. Umsóknareyðublöð á staðnum & S. 555 0480.

### Jolli Hafnarfirði

Jolli óskar eftir reyklausu og reglusömu fólki, 18 ára og eldra. Fullt starf og hlutastarf.
**Upplýsingar og umsóknareyðublöð á staðnum, Líney.**

### Starfskraftur óskast

Óskum eftir fólki í fullt starf í sal 20 ára og eldri sem fyrst. Góð laun fyrir duglegt fólk. Skemmtilegur vinnustaður. Einnig vantar fólk í kvöld og helgarvinnu.
**Upplýsingar á staðnum Café Milanó, Faxafeni 11.**

### Lagerstarf og vörumeðhöndlun

Hýsing-Vöruhótel óskar eftir starfskrafti í meðhöndlun á sérvöru. Um er að ræða talningu, flokkun, merkingu og meðhöndlun á fatnaði, skóm, leikföngum og búsáhöldum. Vinnutími er frá 08.00 -16.30. Einnig vantar okkur fólk í hefðbundinn lagerstörf.
**Nánari upplýsingar veitir Guðmundur eða Dagný á staðnum, að Skútuvogi 9, eða í s. 530 5680.**

### Jolli Hafnarfirði

Vantar þig vinnu í Hafnarfirði og ertu 18 ára eða eldri? Geturðu verið reyklaus þegar þú ert í vinnunni? Viltu vinna í góðu fyrirtæki þar sem gott andrúmsloft skiptir máli? Þá er Jollinn rétti staðurinn fyrir þig. Okkur vantar fólk í fullt- og hlutastarf.
**Umsóknareyðiblöð á staðnum. Upplýsingar veitir verslunarstjóri Líney (844-7376) alla virka daga milli 14-18**

ATVINNA

BM ráðgjöf
www.bm.is

**Akureyri, Reykjavik og Reykjanesbær.**
Óskum eftir starfsfólki á öllum aldri til starfa við fjölbreytt verkefni á sviði inn og úthringiþjónustu. Sveigjanlegur vinnutími. Góð laun í boði.
Sendið okkur umsókn á bm@bm.is eða fáið upplýsingar í s. 590 8000

ATVINNA

# Eldri borgarar!

Fjórir einstaklingar eða pör óskast í sveit.
Létt vinna(12klst á viku)
Lítil laun – gott uppihald.
Skilyrði – Geðgóð.
Þið sem hafið áhuga sendið umsókn til Fréttablaðsins, Skaptahlíð 24, , merkt "hagkvæmt fyrir báða"
Fyrir 1. ágúst nk.







**Er fasteignin þín ekki í mest lesna fasteignablaðinu?**
Þegar hægist um á fasteignamarkaði er mikilvægara en nokkru sinni að auglýsa á besta staðnum. **Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* lesa 40% fleiri Íslendingar á aldrinum 25–49 ára Allt-fasteignir en Fasteignablað Morgunblaðsins.** Vertu viss um að eignin þín nái athygli sem flestra!

*Samkvæmt könnun Gallup, maí 2006

FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

ATVINNA

# VERSLUNARFÓLK ÓSKAST

## Í ágúst opnar ný og spennandi „lífstílsverslun“ við Laugarveg

**Verslunin mun hafa einstakt úrval af því besta sem er að gerast í fatahönnun, gjafavöru, tónlist og mat.**

**Við leitum að skemmtilegu, skapandi og kurteisu fólki sem hefur ánægju af því að vinna við verslunarþjónustu. Jafnframt, er óskað eftir einstaklingi sem hefur áhuga á matargerð, til að sjá um lítið kaffihús sem býður upp á léttar, hollar og fallegar veitingar.**

**Áhugasamir, vinsamlegast sendið umsókn merkt „lífstíll“ til Fréttablaðsins fyrir 10 ágúst.**

TILKYNNINGAR

Skipulagsstofnun

## Mat á umhverfisáhrifum – Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br. Breyting á starfsemi Íslandslax hf, að Núpum, Sveitarfélaginu Ölfuss. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: www.skipulag.is. Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til 8. september 2006.

**Skipulagsstofnun**





vísir

ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT


ÚTBOÐ

# Útboð

RARIK óskar eftir tilboðum í :

RARIK 06010

**Aflspennir, 12 MVA, 69/6,3 kV fyrir Lagarfossvirkjun**

Útboðsgögn verða til sölu á skrifstofu RARIK, Rauðarárstíg 10, Reykjavík frá og með miðvikudeginum 9. ágúst 2006 og kostar hvert eintak 5.000 kr.

Skila skal tilboðum á skrifstofu RARIK, Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 12. september 2006. Tilboðin verða þá opnuð í viðurvist þeirra bjóðenda, sem óska að vera viðstaddir.

RARIK

**Sími 528 9000 • www.rarik.is**

ATVINNA

Sveitarfélagið ÁRBORG

# Bæjarritari

Sveitarfélagið Árborg er ört vaxandi bæjarfélag þar sem í dag búa yfir 7000 manns. Hjá sveitarfélaginu starfa um 500 starfsmenn og er það sameiginlegt verkefni starfsmanna og stjórnenda að veita metnaðarfulla og framsækna þjónustu.

Sveitarfélagið Árbog óskar eftir að ráða bæjarritara. Bæjarritari heyrir beint undir bæjarstjóra.

**Helstu verkefni bæjarritara eru m.a.:**

- Umsjón og afgreiðsla almennra stjórnsýsluverkefna og erinda.
- Tengsl við önnur stjórnvöld, hagsmunaaðila, stofnanir og fyrirtæki vegna stjórnssýluverkefna og einstakra erinda og verkefna.
- Almenn lögfræðistörf í þágu sveitarfélagsins.
- Aðkoma og/eða gerð samninga almennt.
- Málflutningur eftir því sem við á.
- Yfirumsjón og ábyrgð með leyfisveitingum, uppfærslum á samþykktum, reglum og gjaldskrám.
- Umsýsla fundarboða, fundargerða og afgreiðsla erinda bæjarráðs og bæjarstjórnar.
- Ábyrgð á undirbúningi og framkvæmd verkþátta sem snúa að sveitarfélaginu vegna kosninga.
- Önnur verkefni sem bæjarstjóri felur bæjarritara

**Hæfniskröfur:**

- Menntun á sviði lögfræði
- Lögmannsréttindi æskileg
- Mjög góð íslenskukunnátta og hæfni í framsetningu á texta
- Hæfileikar í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnu
- Skipulögð og öguð vinnubrögð
- Góð þekking á upplýsingatækni
- Þekking á málefnum sveitarfélaga og/eða stjórnsýslu æskileg

Umsóknum um stöðu bæjarrita skal fylgja ítarleg ferilskrá ásamt meðmælendum. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem allra fyrst.

Allar nánari upplýsingar veitir Stefanía Katrín Karlsdóttir, bæjarstjóri Árborgar í síma 480 1900 eða í tölvupósti stefania@arborg.is.

Umsóknir skulu berast bæjarstjóra Árborgar, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, 800 Selfossi, eða á netfangið stefania@arborg.is í síðasta lagi 14. ágúst 2006. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu.

Reykjavíkurborg

# GRUNNSKÓLAR

## Grunnskólakennarar

Foldaskóli, sími 540-7600 / 664-8180
- Stærðfræðikennari óskast á unglingastigi. Um er að ræða 100% stöðu næsta skólaár.

Hvassaleitisskóli, sími 570-8800
- Kennari í tæknimennt / smíði óskast.
- Landafræðikennari óskast í 8. og 9. bekk.

## Stuðningsfulltrúar

Korpuskóli, sími 411-4880
- Stuðningsfulltrúi óskast

## Skólaliðar

Foldaskóli, sími 540-7600 / 664-8180
- Skólaliði óskast í 90-100% starf.

Hvassaleitisskóli, sími 570-8800
- Skólaliði óskast

# SKÓLASAFNAMIÐSTÖÐ

Óskað er eftir starfsmanni í skólasafnamiðstöð í 50% starf eftir hádegi. Starfið er tímabundið til 31.des. 2006.
Starfið felur í sér m.a. plöstun bóka og annarra gagna, innfærslu bóka, tímarita og annarra gagna ásamt almennum ritarastörfum.
Leitað er eftir starfsmanni sem er nákvæmur í vinnubrögðum, með góða tölvukunnáttu og hæfni í mannlegum samskiptum.
Nánari upplýsingar gefur Margrét Björnsdóttir s. 6648481eða margret.bjornsdottir@reykjavik.is .

Frekari upplýsingar um hverja stöðu og umsóknarfresti eru á heimasíðu Menntasviðs. www.menntasvid.is.
Upplýsingar veita skólastjórar og aðstoðarskólastjórar í viðkomandi skólum. Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög.

# LEIKSKÓLAR

## Deildarstjóri

Kvarnarborg, Árkvörn 4
Upplýsingar veitir Sigrún Baldursdóttir leikskólastjóri í síma 567-3199

## Leikskólakennarar/leiðbeinendur

Hof, Gullteigi 19
Upplýsingar veita Sigrún Sigurðardóttir leikskólastjóri og Særún Ármannsdóttir aðstoðarleikskólastjóri í síma 553-9995

Klambrar, Háteigsvegi 33
Upplýsingar veitir Ingibjörg Kristleifsdóttir leikskólastjóri í síma 511-1125

Kvarnarborg, Árkvörn 4
Upplýsingar veitir Sigrún Baldursdóttir leikskólastjóri í síma 567-3199

Ægisborg, Ægisíðu 104
Upplýsingar veitir Hafdís Runólfsdóttir aðstoðarleikskólastjóri í síma 551-4810.

Ösp, Iðufelli 16
Upplýsingar veitir Svanhildur Hákonardóttir leikskólastjóri í síma 557-6989

## Aðstoð í eldhúsi

Hof, Gullteigi 19
Upplýsingar veita Sigrún Sigurðardóttir leikskólastjóri og Særún Ármannsdóttir aðstoðarleikskólastjóri í síma 553-9995

## Yfirmaður í eldhúsi

Kvarnarborg, Árkvörn 4
Upplýsingar veitir Sigrún Baldursdóttir leikskólastjóri í síma 567-3199

Nánari upplýsingar um þessi störf veita leikskólastjórar í viðkomandi leikskólum. Einnig veitir starfsmannaþjónusta Menntasviðs upplýsingar í síma 411-7000. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög. Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar um laus störf er að finna á heimasíðunni www.menntasvid.is

Öll laus störf á Menntasviði eru auglýst á www. menntasvid.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

# TOPP 5: TIM BURTON

Tim Burton þykir skera sig frá öðrum bandarískum leikstjórum vegna sérstæðs stíls og almenns annarleika og hefur skilið eftir sig margar perlur sem fanga ímyndunaraflið. Hér eru þær bestu:

**1. Edward Scissorhands (1990).** Einlæg úrvinnsla á sögunni um ófreskju Frankensteins. Gerði Johnny Depp að stjörnu.

**2. The Nightmare Before Christmas (1993).** Konungur Hrekkjavökubæjar stelur hlutverki jólasveinsins. Sadísk söngvamynd þar sem misþyrmingum á jólasveininum er slegið upp í grín.

**3. Sleepy Hollow (1999).** Það var tímaspursmál hvenær Burton gerði gotnesku verki skil á hvíta tjaldinu og sagan um hauslausa riddarann hentaði vel. Teljið hversu oft líður yfir leikarann Johnny Depp.

**4. Batman Returns (1992).** Forsvarsmenn McDonald's urðu að afturkalla leikföng gerð eftir persónum myndarinnar og áttu að fylgja barnamáltíðum, vegna kvartana yfir tvíðræðu tungutaki og ofbeldisfullu innihaldi hennar.

**5. Beetlejuice (1988).** Lifandi og dauðir takast á um fallegt einbýlishús í smábæ. Lagið Banana Boat Song með Harry Belafonte fær nýja merkingu í myndinni.




# Verðhrun Útsölulok

## Föt á 0-16 ára

RÓBBI...

Hlíðarsmári 17 • S. 555 6688


## VISSIR ÞÚ...

... að banvænasti og raunar fyrsti fuglaflensufaraldur sem vitað er um að hafi lagst á menn kom upp í Hong Kong árið 1997? Sex manns létust af þeim átján sem sýktust af veiru af H5N1-stofni.

... að Bretinn Steve Redgrave hefur unnið flest gullverðlaun í róðri á Ólympíuleikum? Hann hefur unnið fimm verðlaun: á feræringi með stýrimanni (árið 1984), tvíæringi án stýrimanns (1988, 1992 og 1996) og á feræringi án stýrimanns (árið 2000).

... að fjölmennasta lautarferðin var þegar 8.000 manns hittust undir berum himni á Plaza de Espana í Tenerife á Spáni 2. maí árið 1999 og borðuðu nestið sitt? Það var gert í tilefni maíhátíðarhalda.

... að mjóhundurinn Ballyregan Bob hefur unnið flesta sigra í röð í hlaupum? Hann vann 32 hlaup í sínum flokki frá 15. apríl 1985 til 9. desember 1986.

... að hálfrar mínútu langur auglýsingatími, í beinni útsendingu NBC-stöðvarinnar á XXXV Super Bowl-leiknum 28. janúar 2001, kostaði 156 miljónir króna? Það er hæsti auglýsingataxti sögunnar.

... að Aretha Franklin hefur oftast söngkvenna hampað Grammy-verðlaununum? Hún hefur fimmtán sinnum hlotið þessi verðlaun síðan árið 1967.

... að kæliturninn sem stendur við Uentrop-kjarnorkuverið í Þýskalandi er sá stærsti í heimi? Smíði turnsins lauk árið 1976, en hann gnæfir 180 metra yfir umhverfi sitt.

... að Vredefort-gígurinn sem er nærri Jóhannesarborg í Suður-Afríku er stærsti gígur sem myndast hefur vegna geimárekstra? Hann er um 300 km í þvermál og er því sá stærsti sem loftsteinar eru taldir hafa myndað. Hann varð til fyrir tveimur miljónum ára.

... að Ástralinn Michael Tuck hefur oftast orðið deildarmeistari í áströlskum fótbolta? Hann varð sjö sinnum deildarmeistari með liði sínu Hawthorn á árunum 1967-1991?

... að tölvuleikurinn Tetris, sem Rússin Alexey Pajitnov hannaði, hefur verið þýddur á flest forritunarmál? Síðan leikurinn var fyrst kynntur til sögunnar hefur hann verið þýddur á yfir 70 forritunarmál.

... að Thug Behram hlaut þann vafasama titil versti morðingi sögunnar? Hann var sagður hafa kyrkt 931 fórnarlamb með gulum og hvítum klút í Oudh-héraði á Indlandi á árunum 1790-1840, en viðurkenndi sjálfur 125 morð. Hann tilheyrði klíku sem kallaði sig Thuggees og myrti þá sem á vegi hennar urðu. Klíkan skelfdi Indverja frá miðri sextándu öld fram til um 1830.

... að Lettland og Georgía eru þau lönd þar sem fæðingartíðni er lægst? Átta lifandi börn fæddust þar á hverja þúsund íbúa árið 2002. Heimsmeðaltalið var 21.




Hreinsar loftið
Eyðir lykt
Drepur bakteríur








**Kröftug ryksöfnun.** Ryðfrí stálblöð safna á sig ryki og öðrum óhreinindum í stað hefðbundins filters. **Öflugt jónastreymi.** Gefur frá sér mínus hlaðnar jónir sem hjálpa til við að eyða bakteríum, ryki, mengun, veirum og frjódufti. Heldur herbergisloftinu hreinu og bætir heilsuna. **Bakteríudrepandi útfjólublár lampi.** Útfjólubláa ljósið drepur ýmsa sýkla og bakteríur. **Áhrifamikil lyktareyðing.** Tækið eyðir lykt auðveldlega svo sem reykingalykt, matarlykt og fúkalykt. **Ljóshvatasía.** Ljóshvati er efni sem sýnir hvötunarviðbrögð þegar ljós skín á það. Þessi sía eyðir lífrænum efnasamböndum eins og köfnunarefnisoxíði, úrgangsgasi, ýmsum bakteríum, vondri lykt o.s.frv. **Þrjú skref.** HI, MED og LOW stillingar og Turbo stilling fyrir mismunandi aðstæður. (Blá ljós sýna stillingu). **Gaumljós.** Ljós sýna hvort þrífa þarf filterinn (stál blöðin) eða hvort tækið þarfnast annars viðhalds. **Falleg og hentug hönnun.** Tækið er afar vel hannað bæði með útlit og notagildi í huga. **Orkusparandi hönnun.** Vegna orkusparandi hönnunar notar tækið aðeins 28W á klst.

ECC Skúlagötu 63 – Sími 511 1001

**Ný sending komin.**

www.ecc.is

ECC

# Opið boðsbréf til áhrifafólks

UMRÆÐAN
VIRKJANIR



ÓMAR RAGNARSSON
FJÖLMIÐLAMAÐUR

Þetta opna boðsbréf sendi ég ykkur, ellefu manns, sem hafið það hlutverk að þjóna allri þjóðinni en ekki aðeins ótilgreindum meirihluta- eða minnihlutahópum, - einnig það að kynna ykkur eftir föngum fyrir hönd þjóðarinnar mikilsverðustu mál hennar. Þið eruð: Forseti Íslands, forsætisráðherra, utanríkisráðherra, iðnaðarráðherra, umhverfisráðherra, ritstjórar þriggja dagblaða, Morgunblaðsins, Fréttablaðsins og Blaðsins, og stjórnendur eða fréttastjórar Ríkisútvarpsins, NFS og Skjás 1.

Ég býðst til að kynna ykkur virkjanasvæði Kárahnjúkavirkjunar í dagsferð á þann eina hátt sem getur veitt ykkur á svo skömmum tíma yfirsýn með eigin augum yfir mannvirkin og stærstan hluta áhrifasvæðis virkjunarinnar en ekki aðeins lítinn hluta þess. Ég hygg að þið öll hafið farið í að minnsta kosti daglangar boðsferðir á svæðið, skoðað stöðvarhúsið og sýningu í Végarði og farið á útsýnispall við Kárahnjúkastíflu. Sum hafa kannski ekið svonefndan Kárahnjúkahring allan eða að hluta en hann liggur í átt frá aðaláhrifasvæði virkjunarinnar. Í auglýsingum Landsvirkjunar um Végarð er sagt að þar séu fólki sköpuð skilyrði til að mynda sér sjálfstæða skoðun. Sú sjálfstæða skoðun byggir á því að fólk sjái þar vel gerð gögn og myndir af mannvirkjunum sjálfum en lítið sem ekkert af myndum af aðaláhrifasvæði virkjunarinnar né leiðbeiningar um það hvernig hægt sé að kynna sér það. Til dæmis kemur fram að miðlunarlónið eigi að heita Hálslón en ekki eru sýndar myndir af Hálsinum sjálfum, sem lónið heitir eftir, hvað þá úr Hjalladal sem fara mun á kaf.

Af útsýnispallinum sér fólk aðeins lítinn hluta lónstæðisins, mest grjót og urð, og þegar ekið er frá því um Kárahnjúkahring liggur leiðin að mestu um berangur og auðn. Ég hef sjálfur farið sem leiðsögumaður í tveimur vönduðum boðsferðum í þessum dúr þar sem í boði voru glæsilegar veitingar og viðurgjörningur allan daginn, flogið í Boeing 757 millilandaþotum austur með göngu í gegnum sérstak VIP-tollhlið á Reykjavíkurflugvelli; síðan farið í fimm rútum með sérstakri útvarpsstöð, setinn gala-kvöldverður í Valaskjálf með skemmtiatriðum og flogið til baka um kvöldið.

Ég get ekki boðið ykkur svona þjónustu, heldur aðeins leiðsögn mína, samlokur og gosdrykki og beðið ykkur að hafa meðferðis góða skó og sæmilegan útifatnað. Undanfarin sumur hef ég farið með fólki gangandi, akandi og fljúgandi um svæðið á tveimur litlum flugvélum og gömlum jeppadruslum. Hoppað hefur verið á milli lendingarbrauta á völdum útsýnisstöðum þar sem stuttar gönguferðir hafa verið í boði. Lengd gönguferðanna hefur fólk ráðið sjálft. Á Sauðármelsflugvelli við Brúarjökul er hægt að setjast að snæðingi í gömlum húsbílsgarmi. Margt af þessu fólki hafði áður farið í hefðbundnar ferðir með endastöð á útsýnispalli Landsvirkjunar. Ég hef ráðið af viðbrögðum þess við því sem það upplifði í ferðunum með mér að þær hafi veitt því nýja og dýrmæta sýn, bæði á mannvirkin og áhrifasvæðin.

Ég veit að þið eruð önnum kafið fólk og hver dagur dýrmætur. Þið gátuð þó séð af degi eða jafnvel lengri tíma til að kynna ykkur með eigin augum allvel aðra hlið málsins en að litlu leyti hina hliðina. Ég býð ykkur að sjá báðar hliðarnar með eigin augum á dagstund eftir því sem kostur er meðan það er ennþá hægt. Ég játa að ferð mín er safari-ferð en ekki glæsiboðsferð en ferðatilhögun getur verið einstaklingsbundin eftir ykkar þörfum. Nánari upplýsingar getið þið fengið á vefsíðunni hugmyndaflug.is eða í síma 699-1414. Ég tel það skyldu mín sem fjölmiðlamanns að gefa ykkur kost á að kynna ykkur virkjunarsvæðið á fyrrgreindan hátt. Síðan er ykkar að meta hverjar þið teljið að ykkar skyldur séu.

## AF NETINU

### Evran til vandræða

En hinn spænski forsætisráðherra á við vanda að glíma, sem við eigum sem betur fer ekki við að etja hér á landi. Spánn er nefnilega aðili að Evrópusambandinu og þar í landi er heldur ekki sjálfstæður gjaldmiðill, heldur Evra. Því er svigrúm hans til efnahagsaðgerða takmarkað af þeim völdum. Gengi gjaldmiðilsins ræðst einfaldlega ekki af aðstæðum á Spáni, þar sem hagvöxtur er yfrinn, heldur af hagsmunum efnahagsmaskína stórveldanna innan evrusvæðisins, Frakklands og Þýskalands, sem hjökta og ganga ekki á öllum sílendurunum.
Og þó öll kennileiti í spænsku efnahagslífi segi að skynsamlegast sé að vextir séu hækkaðir, taka þeir ekki mið af þeim heldur ástandinu í hægagangshagkerfunum í Frakklandi og Þýskalandi.

**Einar Kristinn Guðfinnson af ekg.is**

### Umferðin

Á leiðinni suður þurfti ég að aka á löglegum hraða alla leiðina og komst þá að því að það gerði enginn annar. Við norðurenda Hvalfjarðarganga stóð ábúðarfullur fréttamaður í beinni útsendingu RÚV í tilefni dagsins og flutti fréttir af þungri umferð sem var reyndar ámóta þung og á hefðbundnum sunnudegi um kvöldmatarleytið.

**Páll Ásgeir Ásgeirsson af malbein.net/pallasgeir**

### Menningarhús á Akureyri

Ekki var orð um það að nokkuð myndi kosta að reka húsið þegar það loks hefði verið byggt, enda ekki vani að nefna slíkt þegar hið opinbera styrkir húsbyggingar. En þegar þar að kemur verður þess auðvitað krafist að séð verði til þess að skattgreiðendur fjármagni líka alls kyns starfsemi í húsinu sem þeir nú eru látnir byggja. Verður þar sunginn sami söngur og er til dæmis reglulegur úr þjóðarbókhlöðunni, þar sem spurt er hvers vegna bókhlaða hafi verið byggð fyrir of fjár ef hún á svo að standa lokuð um kvöld og nætur.

**Vefþjóðviljinn af andriki.is**

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**
Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn áskveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.





**Isuzu** hefur fyrir löngu sannað öryggi og endingu á íslenskum vegum. Nú kynnum við nýjan og stórglæsilegan Isuzu D-MAX pallbíl. Hann er þjáll og lipur í akstri, en jafnframt rammbyggður og traustur félagi og á alveg ótrúlega góðu verði.

**Isuzu D-MAX** hefur fengið alveg nýtt útlit og er staðalbúnaður eins og hann gerist bestur, þar má nefna loftkælingu, ABS hemlakerfi, álfelgur o.fl. Isuzu er með 3.0 lítra dísilvél með túrbínu og millikæli og skilar 130 hestöflum.

*Isuzu D-MAX er farkostur fjölskyldunnar, vinsæll vinnufélagi og verðið ráða allir við!*



Verð á Isuzu D-MAX Crew Cab — Sjálfskiptur 2.590.000 kr. — Beinskiptur 2.490.000 kr.

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00

Umboðsmenn um land allt | Selfossi 482 3100 | Njarðvík 421 8808 | Akranesi 431 1376 | Höfn í Hornafirði 478 1990 | Reyðarfirði 474 1453 | Akureyri 461 2960

# Misskipting og valdníðsla hefur stóraukist

**UMRÆÐAN**
VÖLD



**BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON**
VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR

*Skattar á þeim lægst launuðu hafa verið hækkaðir en lækkaðir á þeim hæst launuðu. Skattleysismörk hafa hvorki fylgt verðlagi né launum. Ef skattleysismörk hefðu hækkað í samræmi við launavísitölu frá 1988, er staðgreiðslukerfið var tekið upp, ættu þau að vera 130 þúsund krónur á mánuði í dag en þau verða 90 þúsund um næstu áramót.*

Nú styttist í næstu alþingiskosningar. Þær fara fram næsta vor. Núverandi stjórnarflokkar hafa verið við völd í 11 ár. Það er því ekki úr vegi, að gera örlitla úttekt á störfum þeirra. Eftirfarandi kemur m.a. í ljós:

Misskipting í þjóðfélaginu hefur stóraukist í stjórnartíð Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins. Ójöfnuður hefur aukist um 10 Gini-stig á sl. 10 árum eða um 1 stig á ári og er nú 31 stig hér á landi. (Gini-stuðull er í hagfræðinni notaður til þess að mæla jöfnuð eða ójöfnuð í tekjuskiptingunni. Gini-stuðullinn er reiknaður úr gögnum um tekjur manna, yfirleitt skv. skattframtali, og tekur í minnsta lagi gildið 0, ef allir hafa sömu tekjur (fullkominn jöfnuður), og í mesta lagi 100, ef allar þjóðartekjurnar falla einum manni í skaut (fullkominn ójöfnuður). Hefur ójöfnuður hvergi aukist eins mikið í Vestur-Evrópu og hér á landi á umræddu tímabili. Fátækt hefur aukist mikið. Hið rangláta kvótakerfi á einn stærsta þáttinn í auknum ójöfnuði í þjóðfélaginu. Kerfið hefur flutt gífurlega fjármuni til í þjóðfélaginu og gert tiltölulega fáa mjög ríka á meðan aðrir hafa staðið í stað varðandi tekjur eða lækkað. Það verður engin sátt um kvótakerfið fyrr en það hefur verið leiðrétt á fullnægjandi hátt.

Mismunun og ranglæti hefur stóraukist í þjóðfélaginu. Eldri borgarar og öryrkjar hafa ekki fengið sömu hlutdeild í auknum launum og láglaunafólk. Öryrkjar hafa ítrekað þurft að fara í mál við ríkisstjórnina til þess að fá greiddan lögmætan lífeyri. Hæstiréttur dæmdi, að ríkisstjórnin hefði brotið stjórnarskrána á öryrkjum. Það var dæmt ólögmætt, að skerða lífeyri öryrkja vegna tekna maka. Það var dæmt stjórnarskrárbrot. Hvarvetna í vestrænum lýðræðisríkjum hefði ríkisstjórn orðið að segja af sér vegna slíks brots. En hér sat ríkisstjórnin sem fastast þrátt fyrir brot á stjórnarskránni og ekki nóg með það: Ríkisstjórnin gerði sér lítið fyrir og ákvað að skerða lífeyri öryrkja áfram að hluta til vegna tekna maka þrátt fyrir dóm Hæstaréttar! Til viðbótar þessu sveik ríkisstjórnin samkomulag við Öryrkjabandalag Íslands um að bæta kjör öryrkja um 1.500 milljónir króna. Ríkisstjórnin ákvað að láta öryrkja aðeins fá 1.000 milljónir þrátt fyrir samkomulagið. Þannig má áfram telja.

Ríkisstjórnin hefur stanslaust níðst á öldruðum og öryrkjum. Árið 1995 var skorið á sjálfvirk tengsl milli ellilífeyris og lágmarkslauna á almennum vinnumakraði. Þáverandi forsætisráðherra lýsti því þá yfir, að þessi breyting mundi ekki skerða kjör aldraðra. Það loforð var svikið. Frá þessum tíma hafa kjör aldraðra stöðugt rýrnað í samanburði við kjör verkafólks. Samkvæmt útreikningum hafa stjórnarflokkarnir haft 40 milljarða af öldruðum á þeim 11 árum sem liðin eru síðan umrædd breyting var gerð. Sú hungurlús, sem ríkisstjórnin af miskunnsemi sinni færir 400 öldruðum nú vegur lítið upp í þessa miklu kjaraskerðingu.

Skattar á þeim lægst launuðu hafa verið hækkaðir en lækkaðir á þeim hæst launuðu. Skattleysismörk hafa hvorki fylgt verðlagi né launum. Ef skattleysismörk hefðu hækkað í samræmi við launavísitölu frá 1988, er staðgreiðslukerfið var tekið upp, ættu þau að vera 130 þúsund krónur á mánuði í dag en þau verða 90 þúsund um næstu áramót. Þessi rýrnun skattleysismarka þýðir það, að þó skattprósentan sé eitthvað lækkuð þá eyðast þau áhrif jafnóðum og rúmlega það. Matvælaverð er hærra hér á landi en í nokkru öðru landi Evrópska efnahagssvæðisins. Ástæðan er vörugjöld sem lögð eru á fjölda matvæla og tollar, sem leggjast á innfluttar landbúnaðarvörur til verndar íslenskum landbúnaði. Ríkisstjórnin fæst ekki til þess að leiðrétta þetta. Þess vegna verður íslenskur almenningur að sæta hæsta matvælaverði í Evrópu og láglaunafólk verður að greiða hæstu skatta í Evrópu.

Hin langa valdaseta stjórnarflokkanna hefur leitt til þess að valdníðsla og misbeiting valds hefur stóraukist. Vinir og flokksbræður hafa verið settir í mikilvæg embætti enda þótt aðrir væru hæfari og jafnréttislög segðu, að aðrir ættu að fá embættin. Í tvígang hafa hæstaréttardómarar verið skipaðir samkvæmt geðþóttaákvörðun stjórnvalda. Í fyrra skiptið voru bæði jafnréttislög og stjórnsýslulög brotin, þegar gengið var fram hjá konu við skipan hæstaréttardómara en hún var jafn hæf eða hæfari en karlmaðurinn, sem skipaður var. Þegar rætt var við ráðherra um að vera kynni, að hann bryti jafnréttislög og stjórnsýslulög með því að ganga framhjá umræddri konu svaraði hann kæruleysislega: Ja, þá verður bara farið í skaðabótamál við ríkið! Það var ekkert mál. Þannig spillir valdið og þannig spillir löng valdaseta. Ráðherrum finnst allt í lagi að brjóta lög og stjórnarskrá! Báðir stjórnarflokkarnir eru sekir um misbeitingu valds við embættaveitingar. Framsóknarflokkurinn bolaði framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar úr starfi til þess að koma einum gæðinga sinna þar fyrir. Og hið sama gerðist er forstjóra Samkeppnisstofnunar var boðið burtu og rétt ættaður flokksgæðingur var settur í staðinn. Þannig mætti áfram telja.

Það er orðin brýn nauðsyn að koma ríkisstjórninni frá. (Upplýsingar um Gini-stuðul byggjast á heimasíðu Þorvaldar Gylfasonar prófessors.)

# Formaðurinn

**UMRÆÐAN**
FRAMSÓKNARFLOKKURINN



**ÓSKAR BERGSSON**
VARABORGARFULLTRÚI

Framundan er flokksþing Framsóknarflokksins þar sem kosinn verður nýr formaður sem tekur að sér það mikilvæga hlutverk ad leiða flokkinn inn í 21. öldina. Í það hlutverk þarf ad veljast einstaklingur sem er mörgum kostum búinn og hefur víðtæka reynslu af stjórnmálastarfi. Næsti formaður þarf að þekkja flokkinn sinn og skynja hvað hægt er að leggja á flokkinn í pólitískum stefnumálum og hvað ekki. Nýi formaðurinn þarf að hafa reynslu af því að leiða flokk í kosningabaráttu og hafa lýðhylli. Síðast en ekki síst þarf nýi formaðurinn að ráða yfir tengslaneti bæði innan flokksins og yfir í aðra flokka sem er ómissandi til þess að stjórnmálaleiðtogi geti sinnt hlutverki sinu.

Þegar allt er skoðað og allir einstaklingar sem til greina koma eru vegnir og metnir þá hefur Siv Friðleifsdóttir mikla yfirburði. Hún var oddviti Neslistans á árunum 1990-1998. Hún sigraði í opnu prófkjöri á Reykjanesi sem hún fylgdi eftir með glæsilegum sigri í alþingiskosningunum 1995. Siv er með 20% af fylgi flokksins á bak við sig og hennar kjördæmi ásamt Reykjavíkurkjördæmunum er lykilkjördæmi í því endurreisnarstarfi sem framundan er hja Framsóknarflokknum. Reynsla Sivjar sem ráðherra allt frá árinu 1999 bæði sem umhverfisráðherra, samstarfsráðherra Norðurlanda og nú sem heilbrigðisráðherra gefur henni verulegt forskot á við aðra sem orðaðir hafa verið til formannsframboð. Siv hefur verið ritari Framsóknarflokksins frá 2001 og þarf ekki annað en að vísa inná www.siv.is til þess að sjá hvað hún leggur mikið á sig í flokksstarfinu.

Af pólitískum stefnumálum má sjá að hún víkur sér ekki undan í erfiðum deilumálum. Það var hennar ákvörðun ad verja rjúpuna í gífurlegri andstöðu forystumanna Skotvís. Þessi umdeilda ákvörðun var til þess ad rjúpnastofninn tvöfaldaðist og enginn efast lengur um réttmæti þeirrar ákvörðunar. Hún átti frumkvæðið að reykingafrumvarpinu þar sem hugsjón hennar um bætta lýðheilsu kom skýrt fram. Hún er með myndugleik að taka á lyfjaverðsmálum í heilbrigðisráðuneytinu og stefnir að stórbættri heimaþjónustu fyrir aldraða.

Þrátt fyrir farsæl störf fyrir Framsóknarflokkinn var Siv vikið úr embætti þegar Halldór Ásgrímsson varð forsætisráðherra. Þá voru brotnar hefðir og venjur sem lengi höfðu verið við lýði í flokknum en við val á ráðherra hafði jafnan verið miðað við varaformann og ritara auk oddvita í kjördæmum. Þessi ákvörðun reyndist ekki vel fyrir Framsóknarflokkinn og er hugsanlega upphafið að þeim ógöngum sem flokkurinn hefur glímt við um árabil. Hinsvegar styrktist Siv mikið pólitískt í þessum hremmingum með því að sýna hófsemd og stillingu og taka því sem að höndum bar.

Fyrir mig er málið einfalt. Flokkurinn þarf að velja sér nýjan formann. Það er hlutverk flokksmanna og það vald megum við aldrei láta frá okkur. En til þess að hægt sé að kjósa formann með lýðræðislegum hætti þá þarf a.m.k. tvö sterk framboð. Ég skora á Siv Friðleifsdóttur að bjóða sig fram til formanns í Framsóknarflokknum. Hún hefur allt sem prýtt getur öflugan stjórnmálaleiðtoga og hefur stundum verið kölluð baneitruð blanda af pólitískum andstæðingum sínum. Þessi blanda er samsett af því að vera glæsilegur fulltrúi síns flokks og sinnar þjóðar hvar sem hún kemur auk þess að vera einn reynslumesti þingmaður flokksins. Ekki skemmir það fyrir að hún er kona og getur orðið fyrsta konan sem verður formaður Framsóknarflokksins. Það er þessi blanda sem Framsóknarflokkurinn þarf á að halda núna til þess að vinna aftur það fylgi sem tapaðist í síðustu sveitarstjórnarkosningum.

Það er margt líkt með stjórnmálunum og skáklistinni. E.t.v. hefur okkur framsóknarmönnum yfirsést ad drottningin á taflborðinu hefur verið vitlaust staðsett. Rétt staðsett drottning getur ráðið úrslitum í skákinni og það sama á við í stjórnmálunum. Biðleikur í þessari stöðu getur reynst okkur dýrkeyptur. Gefum drottningunni tækifæri og teflum til sigurs.




# Er komið stríð?

**UMRÆÐAN**
MÓTMÆLENDUR Á KÁRAHNJÚKUM



**INGA RÓSA ÞÓRÐARDÓTTIR**
KENNARI

Íslendingar eru friðsöm þjóð. Leiðsögumenn segja gjarnan frá því með stolti að hér á landi hafi ekki verið barist síðan á Sturlungaöld. En almennt viðhorf þjóðarinnar virðist vera að forðast átök. Við látum meira að segja ýmislegt yfir okkur ganga athugasemdalaust. Þó kemur fyrir að fólk finnur sig knúið til að tjá andstöðu sína við ákveðin málefni. Þannig voru Keflavíkurgöngurnar á sínum tíma táknræn mótmæli við hersetu hér á landi og nokkrum sinnum hefur fólk safnast saman við og á Alþingi til að sýna viðhorf sitt í verki, með friðsömum hætti þó.

Mótmæli hafa almennt verið með friðsælum hætti og ekki verið tekist á að ráði vegna málefna síðan í Gúttóslagnum fræga um árið. Eigi að síður virðast ýmsir telja ástæðu til að bregðast við mótmælum vegna Kárahnjúkavirkjunar eins og stórhætta sé á ferðinni. Það hefur verið áhugavert að fylgjast með fréttaflutningi af „lögreglu í viðbragðsstöðu“ og „viðbúnaði lögreglunnar“ vegna tjaldbúða við Snæfell í sumar. Stundum mætti ætla að þarna væri hryðjuverkafólk á ferðinni og almenningur í hættu. Raunin hefur þó verið sú að þarna hefur verið friðsamt fólk á ferðinni sem með nærveru sinni einni hefur tjáð skoðun sína og staðið með henni. En nærvera þess virðist hafa ógnað ýmsum. Þannig hefur ferðafólk til dæmis verið elt á ferðum sínum um Fljótsdalsheiði í sumar og engu verið líkara en njósnir væru viðhafðar. Það var dálítið spaugilegt þegar maður, sem virtist starfsmaður Impregilo, birtist í Snæfellsskála einn daginn og tók mynd af opnu í gestabók skálans. Tilgangurinn blasir ekki við og er eiginlega nokkuð ógnandi að vita til slíks athæfis. Nokkrir mótmælendur virkjunar við Kárahnjúka hafa farið inn á starfsvæði virkjunarinnar á síðustu dögum og tafið þar framkvæmdir og voru handteknir fyrir, enda ólöglegt og efalaust hættulegt athæfi sem síst skal borið í bætifláka fyrir. Á baksíðu Morgunblaðsins á laugardaginn er mynd af vettvangi þar sem einn mótmælandi liggur á grúfu á jörðinni og tveir lögreglumenn virðast standa yfir honum með kylfu í hendi, eftir því sem best verður séð. Annarri kylfunni virðist haldið að þeim sem liggur. Í frétt með myndinni má eigi að síður lesa að kylfum hafi ekki verið beitt gegn fólki. Nú kann það að vera skilningur lögreglunnar að kylfum sé ekki beitt nema til barsmíða með þeim komi en í mínum huga er kylfum beitt ef þær eru hafðar um hönd. Þetta er kannski túlkunaratriði en áhugavert umhugsunarefni þó. Lýsingar ferðafólks á atburðum mánudagskvöldsins eru með ólíkindum og vart að venjulegur Íslendingur geti séð fyrir sér tjaldbúðir á hálendinu umkringdar með þeim hætti sem þar gerðist. Tíu lögreglubílar sem nálgast úr öllum áttum samtímis minna meira á ameríska hasarmynd en íslenskan raunveruleika.

En þetta er ekki í fyrsta skipti sem skiptar skoðanir eru um stórar framkvæmdir á Íslandi og ekki í fyrsta skipti sem einstaklingar beita sér gegn virkjunum. Sigríði í Brattholti hefur verið reistur minnisvarði við Gullfoss og almennt er nafni hennar haldið á lofti fyrir að koma í veg fyrir virkjun Gullfoss. Á sínum tíma hafa vafalaust einhverjir talið hana afturhaldssinna sem berðist gegn framförum í landinu. Nú virðist skoðun hennar óumdeild. Skemmra er síðan gripið var til þess að sprengja við Laxá í Aðaldal til að stöðva virkjunarframkvæmdir þar. Afstaða okkar samtíma virðist almennt sú að ánni hafi verið bjargað en ekki að stórfelldum hagsmunum hafi verið fórnað með því að stöðva framkvæmdir. Svona sýnist sitt hverjum og framtíðin ein getur skorið úr um hvort Kárahnjúkasvæðinu var fórnað fyrir skammtímahagsmuni eða hvort ávinningurinn verður sá sem vænst er. Það verða líklega börn þeirrar kynslóðar sem nú er að vaxa úr grasi sem meta þessar framkvæmdir og árangur þeirra til lengri tíma litið. Vonandi verða þau þakklát.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.303 **-0,41%**

**Fjöldi viðskipta:** 138
**Velta:** 1.326 milljónir

| MESTA HÆKKUN | |
|---|---|
| **Marel** | +0,65% |
| **Actavis** | +0,49% |

| MESTA LÆKKUN | |
|---|---|
| **Atlantic Petroleum** | 3,17% |
| **FL Group** | -1,27% |
| **Avion** | -1,24% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 62,00 +0,49% ... Alfesca 4,06 +0,00% ... Atlantic Petroleum 550,00 -3,17% ... Atorka 5,85 -0,85% ... Avion 32,00 -1,24% ... Bakkavör 47,90 -0,83% ... Dagsbrún 5,27 +0,00% ... FL Group 15,50 -1,27% ... Glitnir 17,30 -1,14% ... KB banki 706,00 -0,14% ... Landsbankinn 20,60 -0,96% ... Marel 77,50 +0,65% ... Mosaic Fashions 16,80 +0,00% ... Straumur-Burðarás 15,80 +0,00% ... Össur 106,50 -0,47%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# *Peningaskápurinn...*

### Finnair fatast flugið

Í uppgjöri flugfélagsins Finnair fyrir annan ársfjórðung þessa árs sem birt var í gærmorgun kemur fram að hagnaður fyrirtækisins hafi dregist saman um 99 prósent frá sama tíma í fyrra. Hagnaðurinn var langt undir væntingum, 0,4 milljónir evra. Því er ef til vill ekki að undra að gengi hlutabréfa flugfélagsins lækkaði um 6,3 prósent í gær og stóð í lok dags í 10,48 evrum. Frá áramótum hefur gengi bréfa í félaginu lækkað um 11,2 prósent.

Jukka Hienonen, forstjóri flugfélagsins, taldi þó að bjartara yrði yfir á seinni hluta ársins þar sem launakostnaður yrði minni auk þess sem bæta ætti sætanýtingu. Ástæður hraklegs uppgjörs nú eru meðal annars raktar til harðnandi samkeppni.

### Bankar senda tóninn

Í morgunkorni Glitnis í gær, þar sem greint var frá kaupum Landsbankans á Cheshire Guernsey Limited(CGL), var ranglega sagt að innlánsbankinn breski ræki 49 útibú og að starfsmenn hans væru ríflega 700 talsins. Greiningardeild Glitnis gaf út leiðréttingu og baðst velvirðingar á mistökunum, en seljandi CGL, Cheshire Building Society, rekur umrædd útibú og hefur þennan fjölda starfsmanna á sínum snærum. Einhvern tón var þó að finna í leiðréttingunni en þar segir: „Um leið og mistökin eru góðfúslega viðurkennd er rétt að benda á að tilkynning Landsbankans til Kauphallar Íslands þykir villandi og að upplýsingar um seljanda CGL fá fullmikinn sess í tilkynningunni að okkar mati.“

## MARKAÐSPUNKTAR...

Á föstudaginn verða birtar verðbólgutölur fyrir ágúst. Greiningardeild KB banka gerir ráð fyrir 0,4 prósenta hækkun vísitölunnar milli mánaða og að 12 mánaða verðbólga fari upp í 8,6 prósent.

Verð á olíutunnu fór hæst í 77,3 Bandaríkjadali í gær. Fréttir frá næststærsta olíuframleiðenda í heimi, BP, voru ástæða hækkunarinnar. Ein stærsta olíuleiðsla fyrirtækisins í Alaska þarfnast viðgerðar og mun að öllum líkindum verða óstarfhæf á meðan.

Heildarvelta á skuldabréfamarkaði nam í gær 2,3 milljörðum króna. Mest voru viðskipti með skuldabréfaflokkinn RIKB 13 og hækkaði krafa flokksins um 7 punkta.

# Murdoch og Google saman

Google mun framvegis sjá notendum stefnumótasíðunnar MySpace fyrir leitarvél. Google greiðir MySpace 65 milljarða króna fyrir réttinn, sem felur einnig í sér heimild til að ráðstafa auglýsingum á síður MySpace.

MySpace er í eigu NewsCorp, fyrirtækis fjölmiðlamógúlsins Rupert Murdoch, og eru skráðir notendur síðunnar um hundrað milljónir. Tvö hundruð og fimmtíu þúsund nýir notendur skrá sig á MySpace á dag. NewsCorp keypti MySpace á síðasta ári fyrir um fjörutíu milljarða íslenskra króna. Google mun einnig sjá öðrum vefsíðum NewsCorp fyrir leitarvél.

Google var ekki eitt um hituna því Microsoft og Yahoo vildu einnig sjá MySpace fyrir leitarvél. Google er réttnefndur internetrisi en um sextíu prósent allra netgesta nota leitarvél fyrirtækisins.



**RUPERT MURDOCH** Stefnumótavefurinn MySpace sem er í eigu NewsCorp, fyrirtækis Ruperts Murdochs, verður með leitarvél frá Google.

Rupert Murdoch hefur verið að færa út kvíar fjölmiðlaveldis síns undanfarin misseri. NewsCorp hefur hingað til lagt megináherslu á rekstur dagblaða, útvarps- og sjónvarpsstöðva. Murdoch hefur fjárfest í internetfyrirtækjum fyrir tæpa hundrað og tíu milljarða króna síðastliðið ár. **- jsk**

# Segja meira aðhalds vera þörf

Þörf er á frekari hækkun stýrivaxta Seðlabanka Íslands til að slá á þenslu og draga úr verðbólgu. Þetta kom fram í viðræðum sérfræðinga Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF) við sérfræðinga og embættismenn hér sem fram fóru fyrir helgi í tilefni af útgáfu nýrrar skýrslu sjóðsins um íslensk efnahagsmál. Þá segir Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn að stjórnvöld verði að breyta skipulagi íbúðalánasjóðs því öðrum kosti vinni samkeppni hans við bankanna á lánamarkaði á móti peningastefnu Seðlabankans.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn telur þó í skýrslu sinni að hér séu horfur almennt góðar, enda undirstöður efnahagslífins sterkar og markaðir sveigjanlegir og opnir. Vaxandi ójöfnuður í þjóðarbúskapnum þykir þó áhyggjuefni, en hann kemur meðal annars fram í auknum viðskiptahalla og verðbólguþróun á undanförnum mánuðum.

Þannig telur sjóðurinn að frekari aðhald í ríkisfjármálum sé nauðsynlegt til að draga úr þenslu og verðbólgu, sem þó er spáð að verði yfir verðbólgumarkmiði Seðlabankans í eitt og hálft ár til viðbótar. Meðal þess sem lagt er til er að fjárlög verði gerð til margra ára í senn þar sem það ýti undir stöðugleika og stefnufestu í opinberum útgjöldum.

Þá hrósar framkvæmdastjórn sjóðsins Seðlabankanum fyrir stefnu sína í vaxtamálum og fagnar vísbendingum um að peningastefnan sé farin að hafa aukin áhrif. Sjóðurinn telur að gengisvísitala krónunnar sé nú nálægt jafnvægisgildi og spáir 4 til 5 prósenta hagvexti, auk þess sem viðskiptahalli verði 12,5 prósent af vergri landsframleiðslu á þessu ári. Hagvöxtur og viðskiptahalli minnki svo hratt á næsta ári. **- óká**



**BENJAMIN HUNT FRÁ IMF** Sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sótti landið heim í annarri viku maí og í gær var gefin út skýrsla sjóðsins um efnahagsmál hér.





Sex til 7
Guðrún og Felix eru byrjuð aftur eftir sumarfrí
Þátturinn er sýndur alla virka daga á SkjáEinum milli 18 og 19
og endursýndur milli 7 og 8 alla virka morgna.
Nú nærðu SKJÁEINUM í gegnum Digital Ísland

MELANIE GRIFFITH FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1957.

*„Mér finnst ég ekki vera falleg, þegar ég lít í spegilinn þá sé ég bara mig og ér er orðin nokkuð vön sjálfri mér.“*

***Melanie Griffith er leikkona og gift spænska leikaranum Antonio Banderas.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST 9. ÁGÚST 1945

## *Kjarnorkusprengju varpað á Nagasaki*



Í lok seinni heimsstyrjaldarinnar var tveimur kjarnorkusprengjum varpað á Japan, þeirri fyrri á borgina Hiroshima hinn 6. ágúst en þeirri seinni á Nagasaki þremur dögum síðar. Sprengjunni átti upphaflega að varpa á borgina Kokura en vegna slæmra veðurskilyrða var henni varpað á varaskotmarkið, Nagasaki.

Sprengjan var gerð úr plútoni og nefndist „Fat Man“ og er talið að á milli sextíu og áttatíu þúsund manns hafi látist í Nagasaki af völdum hennar. Það hefur þó reynst erfitt að meta nákvæman fjölda fórnarlamba þar sem mikið af gögnum eyðilagðist við sprenginguna. Það er þó talið að um fjörutíu þúsund manns hafi dáið samstundis af völdum sprengjunnar en á næstu mánuðum hafi tugþúsundir manna dáið af meiðslum sínum, brunasárum og vegna geislunar. Í sprengingunum tveimur sem varpað var á Japan er talið að um 210 þúsund manns hafi látist.

Fyrstja kjarnorkusprengjan var smíðuð í seinni heimsstyrjöldinni af Bandaríkjamönnum en fjárveiting til smíði hennar fékkst á fyrsta ári stríðsins. Vegna tafa við smíði kjarnorkusprengjunnar varð hún ekki fullgerð fyrr en um mitt sumar árið 1945 en þá höfðu Þjóðverjar þegar gefist upp og var því ákveðið að senda sprengju á Japan í staðinn. Fyrsta sprengjan var sprengd hinn 16. júlí 1945 í Nýju Mexíkó í Bandaríkjunum en tæpur mánuður leið þar til önnur sprengjan var sprengd í Hiroshima.

Kjarnorkusprengjan er öflugasta vopn sem fyrirfinnst á jörðinni og á meðan á kalda stríðinu stóð var óttast um að til kjarnorkustyrjaldar kæmi á milli stórveldanna tveggja, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna.

## MERKISATBURÐIR

**1851** Þingmenn Þjóðfundarins í Reykjavík hrópa „Vér mótmælum allir“ við slit fundarins.

**1908** Jóhannes Sveinsson (Kjarval) opnar sína fyrstu málverkasýningu 22 ára gamall í Góðtemplarahúsinu í Reykjavík.

**1942** Indverski leiðtoginn Mohandas Gandhi er handtekinn í Bombay af breskum hersveitum.

**1969** Sharon Tate ásamt fjórum öðrum er myrt af Charles Manson genginu í Los Angeles.

**1974** Gerald Ford verður 38. forseti Bandaríkjanna eftir afsögn Richards Nixon.

**1999** Boris Jeltsín Rússlandsforseti rekur ríkisstjórn sína í fjórða skipti.

## ÚTFARIR

**13.00** Hjörtur S. Hannesson frá Herjólfsstöðum í Álftaveri, Árskógum 8, verður jarðsunginn frá Seljakirkju.

**13.00** Ingigerður Ingibjörg Helgadóttir, frá Eskifirði, áður Hæðargarði 38, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju.

**13.00** Njörður Svansson, Fellsmúla 15, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Langholtskirkju.

**14.00** Magnús Kristján Guðmundsson, fyrrverandi bóndi í Tröð, Önundarfirði, verður jarðsunginn frá Holtskirkju í Önundarfirði.




Rúnar Geirmundsson · Sigurður Rúnarsson · Elís Rúnarsson

**Þegar andlát ber að**

**Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara.**
**Alhliða útfararþjónusta**
**Símar: 567 9110,**
**893 8638 og 897 3020**

Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990


## AFMÆLI



**Eiríkur Smith** listmálari er 81 árs.



**Eiríkur Bjarnason** er sextugur.



†

*Elskuleg móðir okkar,*

**Guðrún Steina Magnúsdóttir**
(Gógó), *Þórðarsveigi 1, Reykjavík,*

lést á heimili sínu þann 6. ágúst.
Jarðaförin auglýst síðar.

**Gunnar Jóhann Júlíusson**
**Hafdís Una Júlíusdóttir** **Sigmundur Ágústsson**
**Börn, barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Jón Aðalsteinn Jónsson**
fyrrverandi orðabókarstjóri,

verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 10. ágúst kl. 15.00.

**Vilborg Guðjónsdóttir**
**Jón Viðar Jónsson**
**Guðjón Jónsson** **Elísabet Sólbergsdóttir**
**Sigríður Sía Jónsdóttir** **Birgir Karl Knútsson**
**og barnabörn.**



†

*Okkar ástkæri*

**Steinn Jónsson**
Ólafsvegi 8, Ólafsfirði,

lést á Hornbrekku í Ólafsfirði miðvikudaginn 26. júlí s.l.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Valgerður Sigtryggsdóttir.**



**ERNA KAABER** Ætlar ásamt hópi fólks að setja á fót tvo veitingastaði þar sem áherslan verður lögð á fisk. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## ERNA KAABER: SKIPTIR UM STARFSVETTVANG

# Tilbreyting af hinu góða

„Ég er ásamt fleirum að opna tvo veitingastaði, annan hérna í Reykjavík og hinn í New York,“ segir Erna Kaaber blaðamaður, sem ætlar að söðla um og hefja veitingarekstur. Erna segir hugmyndina vera að bjóða upp á bæði gómsætan skyndibita og hollan mat þar sem fiskur verður í aðalhlutverki.

„Eiginlega var þetta fullkomin tilviljun, þetta er hópur af fólki sem stendur í þessu og við fengum húsnæði eiginlega bara upp í hendurnar úti í New York og ákváðum þá að fara þá leið líka,“ segir Erna þegar hún er spurð um hvernig það hafi komið til að veitingastaðurinn verði opnaður á tveim stöðum. Staðurinn vestra verður opnaður um mánuði seinna en sá íslenski sem verður opnaður í haust í Bankastræti.

„Það hefur verið í umræðunni að fólk vantar svolítið að komast í fisk þó að það sé kannski meira úrval af fiski en fólk gerir sér grein fyrir og það er greinilega meiri áhugi fyrir fiski en hefur verið um tíma,“ segir Erna og bætir við að staðurinn ætli að bjóða upp á sem flestar tegundir fisks. „Uppáhaldið mitt er þorskur sem ég held að sé steik hafsins. Ég held að fólk kunni alls ekki að meta hann nógu mikið en mér er nú sagt af fisksölunum að það sé að breytast töluvert,“ segir Erna.

„Satt að segja var það þannig að ég gekk inn á belgískan stað í New York sem bauð eingöngu upp á franskar og þar var boðið upp á mjög margvíslegar sósur og mér fannst alveg meiriháttar að geta losnað við kokkteilsósuna og geta smakkað ógrynni af sósum,“ segir Erna þegar hún er spurð um það hvernig hugmyndin hafi komið til og viðurkennir að hún sé svolítið veik fyrir frönskum kartöflum.

„Þetta er dálítið taugastrekkjandi en ég hef undirbúið mig núna í nokkra mánuði og ég er náttúrlega með hóp af fólki sem veit hvað það er að gera en þetta er bara spennandi og maður lærir eitthvað nýtt,“ segir Erna glöð í bragði en þetta er frumraun hennar í veitingahúsarekstri.

„Ég hugsa að ég geri bara allt, allt sem ég mögulega get gert, elda, sópa gólfin, bara hvað sem er. Ég er búin að stúdera olíur, hvaða olíur eru einómettaðar og hvaða olíur eru fjölómettaðar, svona til þess að átta mig á því hvernig er hægt að gera skyndibitann heilsusamlegri,“ segir Erna.

Erna hefur að undanförnu starfað sem fréttastjóri á Blaðinu en segist hafa skipt um starfsvettvang vegna barnanna sinna. „Þó að þetta hljómi eins og mikið fyrirtæki þarf ég að hafa sveigjanlegan vinnutíma,“ segir Erna og bætir við að smá tilbreytingu í lífinu sé bara af hinu góða.

**gudrun@frettabladid.is**






Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.
Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000**.



**ELGUR** Þessi elgur unir hag sínum vel í Texas í Bandaríkjunum og lætur mikla hita ekki skaprauna sér. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Jói FEL

# Spennandi nýjungar

***Við kynnum með stolti þrjár nýjungar frá Jóa Fel, sósur sem frábært er að nota:***

- á salatið
- sem brauðdýfu
- á reyktan og grafinn lax




*Þessar verður þú að prófa!*

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla






## STUÐ MILLI STRÍÐA Nefhár

**KRISTJÁN HJÁLMARSSON** ER FARINN AÐ SÆTTA SIG VIÐ ALDURINN.



Eitt af því sem gerist hjá körlum þegar aldurinn færist yfir er að hár fara að vaxa í meiri mæli en áður. Ég er ekki undanskilinn þessari breytingu og hef meðal annars fundið fyrir auknum hárvexti á baki, bringu, höndum, ristum og svo mætti lengi telja. Ég er mishrifinn af þessum breytingum sem orðið hafa á mér en verst þykir mér þó að hárin í eyrum og nefi eru einnig farin að þykkna og lengjast.

Um tíma voru nefhárin á mér orðin það löng að þau löfðu frá nösum og langt niður á efri vör. Til að bregðast við þessum breytingum keypti ég mér svokallaðan nefljá – tæki sem stungið er upp í nasir og á að vinna á mesta strýinu sem þar er að finna. Það var ekki að sökum að spyrja – ljárinn stóð fyrir sínu og hárin hurfu eins og dögg fyrir sólu.

Með komu nefljásins var ég sannfærður um að ég myndi hætta að hugsa um þessi löngu og leiðinlegu hár. Svo reyndist hins vegar ekki vera. Ég varð heltekin af hárunum, bæði mínum eigin og annarra. Ég fór að taka eftir nefhárum manna sem ég átti á tali við, varð starsýnt á þau og dáðist annað hvort að vel eða illa hirtu nefinu.

Ég áttaði mig fljótlega á því að ég þyrfti að bregðast við þessum leiðindakvilla sem nefháraáhugi minn var orðinn, enda var hann farinn að hafa áhrif á samræður mínar. Ég ákvað því að lesa mér til um hlutverk nefhára og kannski sem betur fer. Því meira sem ég hef lesið um þau, því meira veit ég um mikilvægi þeirra. Fyrir vikið er ég hættur að líta á nefhár sem illgresi sem þarf að slá – heldur lít á þau sem fallega vin í eyðimörkinni sem heldur burt allskyns óþverra sem vill lauma sér inn í nasir og jafnvel enn lengra upp.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Við erum Mazda

mazda




sóltilboð

| Mazda6 Touring 2,0i 4 dyra, sjálfskiptur* | Mazda6 Touring 2,0i 5 dyra, sjálfskiptur* | Mazda6 Touring 2,0i Wagon, sjálfskiptur* |
|---|---|---|
| Sóltilboð 2.525.000 kr. | Sóltilboð 2.575.000 kr. | Sóltilboð 2.625.000 kr. |
| Bílasamningur 34.726 kr. | Bílasamningur 35.414 kr. | Bílasamningur 36.102 kr. |
| Rekstrarleiga 46.100 kr. | Rekstrarleiga 47.100 kr. | Rekstrarleiga 48.700 kr. |

## Sumarið er komið í Brimborg. Vertu Mazda.

Nú er rétta tækifærið til að fá sér nýjan bíl fyrir sumarfríið á sérstöku sóltilboði Brimborgar. Gerðu samanburð á japönskum gæðum. Berðu saman verð og búnað Mazda6 Touring, 4 dyra, sjálfskiptum og Toyota Avensis Sedan Sol, sjálfskiptum. Mazda6 kostar núna aðeins frá 2.525.000 kr. á sérstöku sóltilboði til þín. Verð á sjálfskiptum Toyota Avensis Sedan Sol er frá 2.860.000 kr.* Veldu annan stíl. Núna Mazda - á sérstöku sóltilboði Brimborgar.

**Það sem er umfram í Mazda6 Touring:**

- *2,0 lítra vél*
- *5 þrepa sjálfskipting*
- *16" Álfelgur*
- *Hraðastillir*

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.mazdabrimborg.is

## Við staðgreiðum gamla bílinn þinn.

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu sóltilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Við erum Mazda. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Mazda á sóltilboði Brimborgar.

## Skoðaðu úrval Mazda á sóltilboði.

| Mazda2 Core 1,4i 5 dyra, 5 gíra* | Mazda3 Touring 1,6i 4 dyra, 5 gíra* | Mazda5 Touring 2,0i 7 manna, 5 gíra* |
|---|---|---|
| Sóltilboð 1.590.000 kr. | Sóltilboð 1.920.000 kr. | Sóltilboð 2.390.000 kr. |
| Bílasamningur 19.670 kr. | Bílasamningur 26.307 kr. | Bílasamningur 32.748 kr. |
| Rekstrarleiga 31.900 kr. | Rekstrarleiga 35.200 kr. | Rekstrarleiga 43.400 kr. |

## Við erum Mazda

**Komdu núna. Sóltilboð Brimborgar gildir meðan birgðir endast.**

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Sumarið er í Brimborg

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.mazdabrimborg.is

*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. Aukabúnaður á mynd: sóllúga. Skv. verðlista Toyota 07/06. **Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# menning

menning@frettabladid.is

**Kl. 20.30**
*Arna Kristín Einarsdóttir flautuleikari og Elísabet Waage hörpuleikari halda tónleika í Bláu kirkjunni á Seyðisfirði. Þema tónleikanna eru þjóðlög og sögur úr ýmsum áttum og frá ólíkum tímum.*

# Síðasta sýningin á Hellu

Leikhúsgestum gefst allra síðasta tækifæri til þess að berja angistarfyllta en ægispaugilega tilveru Ástríðar Jónu augum en síðasta sýningin á gamanleiknum Alveg brilljant skilnaður verður haldin annað kvöld á Hellu. Leikkonan Edda Björgvinsdóttir hefur sýnt þetta grátbroslega verk fyrir fullu húsi á höfuðborgarsvæðinu og ferðast víða um land með verkið í sumar.

Leikkonan þykir fara á kostum í lífsspekingsins Ástríðar sem verður fyrir þeirri lukku/ólukku að eiginmaður hennar til 30 ára fer frá henni vegna yngri konu. Ástríður segir hádramatíska og viðburðaríka sögu sína í verkinu og veitir áhorfendum einlægan og opinskáan aðgang að sínum innstu hugarfylgsnum.



**SÍÐASTI SKILNAÐURINN** Leikför Eddu Björgvins um landið að ljúka.

Verkið skrifaði leikskáldið Geraldine Aron árið 2001 og tileinkar það af kærleika og samúð öllum þeim sem orðið hafa einhleypir fyrirvaralaust. Um þýðingu og staðfærslu sá Gísli Rúnar Jónsson en leikstjóri sýningarinnar er Þórhildur Þorleifsdóttir.

Sýningin hefst kl. 20 á fimmtudagskvöldið og fer fram í Árhúsum og er liður í svokölluðum Töðugjöldum sem nú er fagnað á Hellu.

## >Ekki missa af...

listahátíðinni **Art Fart** í húsi Ó. Jónson & Kaaber sem hefst á fimmtudaginn. Tilraunamennska og **ungæði** í rúma viku.

**Máfinum** í Elliðaárdalnum. Leikfélagið Sýnir sýnir **Tsjekhov** í náttúrulegu umhverfi, leikstjóri er **Guðjón Þorsteinn Pálmarsson.**

myndlistarsýningu **Tedda** í **Perlunni** þar sem hann sýnir tréskúlptúra af ýmsum stærðum og gerðum.





Aðsóknarmesta sýning síðasta leikárs!

Drepfyndinn gamanleikur í Reykjavík!

Miðasala er þegar hafin!

| | | |
|---|---|---|
| Laugardaginn | 12. ágúst | kl. 20:00 |
| Föstudaginn | 18. ágúst | kl. 20:00 |
| Laugardaginn | 19. ágúst | kl. 20:00 |
| Laugardaginn | 26. ágúst | kl. 19:00 |
| Laugardaginn | 26. ágúst | kl. 22:00 |

Á ÞAKINU — LEIKFÉLAG AKUREYRAR

Miðasala í síma 551 4700 // opið 13:00-17:00 // www.midi.is //Austurbæjarbíó – Snorrabraut 37




**KERTAFLEYTING VIÐ REYKJAVÍKURTJÖRN OG VIÐ POLLINN Á AKUREYRI Í KVÖLD** Hátíðlegt sjónarspil þar sem ungir og aldnir minnast fórnarlamba stríðsreksturs. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Ævarandi friðarboðskapur

**Árleg kertafleyting til minningar um fórnarlömb kjarnorkusprenginganna í Hiroshima og Nakasaki fer fram við Reykjavíkurtjörn í kvöld.**

„Þetta er í 22. sinn sem kertafleytingin fer fram en það eru nokkur samtök sem sameinast um þennan viðburð,“ segir Steinunn Þóra Árnadóttir, einn af skipuleggjendum fleytingarinnar. „Segja má það sé ákveðinn kjarni ár eftir ár en öllum félagasamtökum sem hafa áhuga á að leggja þessu málefni lið er velkomið að setja sig í samband við okkur og taka þátt. Það eina sem sem þarf er að vera friðarsinni og trúa á málefnið.“ Félögin sem standa að fleytingunni í kvöld eru Friðarhópur leikskólakennara, Friðar- og mannréttindahópur BSRB, Menningar- og friðarsamtök íslenskra kvenna, Samtök herstöðvaandstæðinga og Friðarhópur búddista en fundarstjóri verður Freyr Eyjólfsson.



**GUÐRÚN MARGRÉT GUÐMUNDSDÓTTIR, MANNFRÆÐINGUR** Ræðumaður kvöldsins fjallar um stríðsmenningu í samhengi við ástandið í Líbanon. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Andrúmsloftið við tjörnina er mjög hátíðlegt og Steinunn segir að stundin sé jafnan mjög falleg og tilfinninganæm. „Þetta er mikið sjónarspil en líka sorgleg stund í ljósi minningarinnar um fólki í Hiroshima sem varð fyrir kjarnorkueldunum og kastaði sér logandi í ána. Það eru skelfileg hugrenningatengsl og því mjög táknrænt að fleyta kertum.“

„Við teljum mikilvægt að tengja þetta við samtímann og því mun Guðrún Margrét Guðmundsdóttir mannfræðingur vera aðalræðumaður kvöldsins en hún mun meðal annars ræða um ástandið í Líbanon. Þess er til dæmis vert að minnast að vitað er að Ísrelsmenn ráða yfir kjarnorkuvopnum,“ segir Steinunn.

Guðrún Margrét kveðst munu ræða um stríðsmenningu í samhengi við Hiroshima og Líbanon í kvöld. „Það eru þær hugmyndir um að beinlínis sé hægt að leysa vandamál með því að drepa saklaust fólk, og hvaðan slíkar hugmyndir koma. Friðarsinnar eru oft álitnir óraunsæir draumóramenn en í raun er það óraunsæi að vera stríðsglaður,“ segir hún og bendir á að stríðshugmyndirnar, líkt og þær sem eimi hvað sterkast af hjá núverandi ríkisstjórn Bandaríkjanna, geri óvin úr 1,2 milljörðum múslima með því að tengja sífellt saman hugmyndir um hryðuverk og íslam. „Hvaða skynsemi og raunsæi er í því?“ spyr Guðrún Margrét.

Hún segir enga brú vera í framgöngu Ísraelsmanna í Líbanon. „Þetta mun sannarlega ekki skila þeim meira öryggi heldur auka á ólguna og staðfesta það sem Líbanar almennt eru að upplifa, allt frá venjulegum múslimum sem flestir eru eins og ég og þú, hafa sína trú sem eru langt frá því að vera einhverjar öfgaskoðanir, það fá skilaboð um að þau séu eðlilegur fórnarkostnaður í stríði.“

Steinunn Þóra bendir á að fólk sé vinsamlegast beðið um að mæta snemma í athöfnin við Tjörnina er allra jafna fremur stutt. Líkt og fyrri ár verða flotkerti og friðarmerki seld á staðnum. „Við verðum með extra mikið að kertum í kvöld því undanfarin ár hafa þau hreinlega klárast. Svo viljum við endilega hvetja fólk til að koma með börnin sín, það er yndislegt að sjá fjölskyldurnar mæta saman. Þetta er líka gott tækifæri til þess að tala við börnin um það sem er miður gott í heiminum en í fallegu og öruggu umhverfi,“ segir Steinunn.

Kertafleytingin við Reykjavíkurtjörn hefst kl. 22.30 í kvöld en á sama tíma verður kertum einnig fleytt á Akureyri, á flötinni fyrir framan minjasafn bæjarins en ræðumaður þar verður Ragnar Stefánsson jarðskjálftafræðingur.

kristrun@frettabladid.is


5 LISTAMENN Í GRÓTTU
www.eiland.is

EI LAND

OPIÐ
Í DAG 10.00 - 15.30
Á MORGUN 10.00 - 16.00
EILANDSKAFFI ER OPIÐ
Á SÝNINGARTÍMUM

SJÓVÁ

Allra síðasti séns!



Alveg brilljant skilnaður

Einleikur Eddu Björgvinsdóttur

SÍÐASTA SÝNING SELDIST UPP. PANTIÐ STRAX!

Missið ekki af ógleymanlegri skemmtun!

TÖÐUGJÖLDUNUM Á HELLU Í ÁRHÚSUM
fimmtudaginn 10. ágúst
kl. 20:00

Miðasala í síma 487-5577

Landsbankinn — Viðskiptavinir Landsbankans fá 500 króna afslátt af miðaverði




Sýnt í Landnámssetri í Borgarnesi
Sýningar í ágúst og september

Laugardagur 19. ágúst kl. 20 uppselt
Sunnudagur 20. ágúst kl. 15 örfá sæti laus
Sunnudagru 20. ágúst kl. 20 örfá sæti laus

Föstudagur 25. ágúst kl. 20 örfá sæti laus
Laugardagur 26. ágúst kl. 15 uppselt
Laugardagur 26. ágúst kl. 20 uppselt

Laugardagur 2. sept kl. 20
Sunnudagur 3. sept kl. 15
Sunnudagur 3. sept kl. 20

KVÖLDVERÐARTILBOÐ
Tvíréttaður matur og leikhúsmiði 4300 - 4800
Pantið miða tímanlega í síma 437 1600 Staðfesta þarf miða með greiðslu viku fyrir sýningardag.

Footloose

17. ágúst - kl.20:00 - Uppselt
18. ágúst - kl.20:00 - Örfá sæti
24. ágúst - kl.20:00 - laus sæti
25. ágúst - kl.20:00 - laus sæti
31. ágúst - kl.20:00 - laus sæti
01. sept - kl.20:00 - laus sæti

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# **NÝTT** TÖLUBLAÐ KOMIÐ ÚT!




**VEGGFÓÐUR.**

ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS







fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Draggkeppnin í Kjallaranum í kvöld

Keppt verður um draggdrottningu og draggkóng Íslands í kvöld. Keppnin verður haldin í Þjóðleikhúskjallaranum en ekki á Gauki á Stöng eins og venjan hefur verið, enda var Gauknum lokað á dögunum. Sú breyting hefur einnig verið gerð að keppnin heitir nú Draggkeppni og er rituð með tveimur g-um. Þetta er gert í samráði við Orðabók Háskólans.

„Í fyrra vorum við á Gauknum og þurftum að vísa fólki frá því staðurinn var orðinn svo fullur. Þjóðleikhúskjallarinn er aðeins minni staður þannig að við reiknum með að það verði fullt hús,“ segir Björn Gunnlaugsson, listrænn stjórnandi Draggkeppni Íslands. Miðasalan verður opnuð klukkan níu og segir Björn að þeir sem ætli að verða öruggir með sæti ættu í síðasta lagi að vera komnir þá.

„Það verður örugglega mikil stemning enda erum við með fleiri keppendur en í fyrra og fleiri titla í boði,“ segir Björn um keppnina. Hann útskýrir að í fyrra hafi verið gerð tilraun með að leyfa konum í karlagervum að keppa við hlið draggdrottninganna. „Í fyrra vissum við því ekki hvort yrði kosinn kóngur eða drottning. Það heppnaðist svo vel að í ár erum við með fjóra kónga og fjórar drottningar sem keppa,“ segir Björn.

Felix Bergsson er kynnir kvöldsins en auk keppninnar verða skemmtiatriði af ýmsum toga, leynigestir og fleira til að kæta draggunnendur. - at


**KEPPENDUR Í DRAGGKEPPNI ÍSLANDS 2005** Mikið verður um dýrðir í Draggkeppni Íslands 2006 sem fer fram í kvöld enda eru fleiri keppendur en í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# Frábær fjölskyldustemning á Suðurlandi

Mikill fjöldi fólks var saman kominn á Suðurlandi um verslunarmannahelgina. Um fimm þúsund manns voru á vímulausri hátíð í Galtalæk þar sem fólk og dýr af öllu landinu komu saman og skemmtu sér vel. Hápunktur hátíðarinnar var að margra mati þegar Sumargleðin með Ragga Bjarna, Hemma Gunn, Ómari Ragnarssyni og Þorgeiri Ástvaldssyni steig á stokk en félagarnir hafa ekki spilað saman í mörg ár.

Félag harmonikkuunnenda í Reykjavík hélt mikið harmonikkumót í Árnesi um helgina. Þátttakendur voru á öllum aldri og var meðal annars boðið upp á þrjá dansleiki ásamt öðrum uppákomum.


**DARRI FRÁ ÞORLÁKSHÖFN** Hundurinn Darri var glaður með hátíðina í Galtalæk sem og eigendur hans, þau Kristján og Sigrún frá Þorlákshöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/SNÆFRÍÐUR


**TÍU ÁRA Á NIKKUNNI** Flemming Viðar Valmundsson, sem er tíu ára gamall, var yngsti þátttakandinn á móti harmonikkuunnenda í Árnesi um helgina. Hann hefur lært á harmonikku í fjögur ár og þykir afar efnilegur.


**KÚREKARNIR MÆTTIR** Andrea Rúnarsdóttir, Sigurþór Eiðsson og Halla Kristinsdóttir voru með þessi flottu höfuðföt í Galtalæk.


**LÆKNING VIÐ HJARTASÁRUM** Kristjana, Guðjón og Sigurður frá Hjálparsveit skáta í Hveragerði voru að vinna í sjúkratjaldinu í Galtalæk. Þar var hægt að fá plástra, smokka og lækningar við hjartasárum.


**FJÖLSÓTT HÁTÍÐ** Fjölskylduhátíðin í Galtalæk var fjölsótt enda nóg við að vera fyrir alla fjölskylduna. Kristófer og Arnar úr Kópavogi skemmtu sér vel en þeir voru að koma í fyrsta sinn í skóginn.


**LÆRISSNEIÐAR Í SKÓGARRJÓÐRI** Rúnar Gunnarsson, Elín Vala Arnórsdóttir, Sigrún Bára Eggertsdóttir og Heiðrún Berglind eyddu helginni í Galtalæk en þau búa á Hellu og Selfossi. Þau höfðu það notalegt og grilluðu lambalærissneiðar í skógarrjóðri.




# Pamela sögð ólétt

Þrálátur orðrómur er uppi um að Pamela Anderson eigi von á þriðja barninu. Leikkonan brjóstgóða ýjaði að því í viðtali við bandaríska útvarpsstöð á dögunum að hún væri barnshafandi.

Eins og kunnugt er giftist Pamela tónlistarmanninum Kid Rock á dögunum og spurði þáttastjórnandinn hana að því hvort skötuhjúin væru í barneignarhugleiðingum. „Það gæti verið eitt þarna inni núna,“ svaraði Pamela, sem á fyrir tvo syni með rokkaranum Tommy Lee.


**PAMELA ANDERSON ER NÝGIFT** Leikkonan brjóstgóða ýjaði að því í útvarpi á dögunum að þriðja barnið væri á leiðinni.

# Neitaði Aniston

Jennifer Aniston er í sárum eftir að Vince Vaughn neitaði að kvænast henni. Þau hafa verið á föstu í eitt ár og eftir rómantískt frí í Mexíkó vildi Jennifer ræða framtíðina. Það tók Vince ekki í mál og vinir parsins segja hann hafa útilokað það að þau muni nokkurn tímann ganga í hjónaband. „Jen bjóst við svo miklu af þessu sambandi og það særir hana að Vince skuli ekki vilja bindast henni,“ sagði vinur leikkonunnar.

**ANISTON OG VAUGHN** Vince er ekki tilbúinn að kvænast Jennifer og hún er í sárum eftir að hann tilkynnti henni það. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# AFSÖKUN: Á LITLUM HRAÐA ÞARF ÉG EKKI AÐ NOTA BÍLBELTI

Artwork by BertvanderMeij © 2003 COMIC HOUSE NETHERLANDS




# NOTAÐU ALLTAF BÍLBELTI

FIA Foundation for the Automobile and Society

UMFERÐARSTOFA




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| MIAMI VICE | kl. 5, 8 og 10.50 B.I. 16 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 5, 8 og 10.50 |
| THE SENTINEL | kl. 5.40, 8 og 10.20 B.I. 14 ÁRA |
| ÁSTRÍKUR OG VÍKINGARNIR ÍSL. TAL | kl. 4 og 6 |
| SILENT HILL | kl. 10 B.I. 16 ÁRA |
| OVER THE HEDGE ÍSL. TAL | kl. 4 og 6 |
| OVER THE HEDGE ENSKT TAL | kl. 4 og 8 |
| STICK IT | kl. 8 og 10.20 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| A PRAIRIE HOME COMPANION | kl. 5.45, 8 og 10.15 |
| ÁSTRÍKUR OG VÍKINGARNIR ÍSL. TAL | kl. 6 og 8 |
| SILENT HILL | kl. 8 og 10.40 B.I. 16 ÁRA |
| CLICK | kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 10 ÁRA |
| DA VINCI CODE SÍÐ. SÝNINGAR | kl. 5 og 10 B.I. 14 ÁRA |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| MIAMI VICE | kl. 8 og 10.40 B.I. 16 ÁRA |
| THE SENTINEL | kl. 8 og 10 B.I. 14 ÁRA |
| ÁSTRÍKUR OG VÍKINGARNIR ÍSL. TAL | kl. 6 |
| STORMBREAKER | kl. 6 |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað







**INNIPÚKINN** Frábær stemning var meðal áhorfenda. Íslensku listamennirnir voru þeir sem héldu hátíðinni uppi að þessu sinni.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Traustur Innipúki að vanda

Innipúkinn í ár leið að nokkru fyrir það hversu frábær hátíðin var í fyrra. Eitthvað mikið þurfti að gerast til þess að hægt yrði að toppa hátíðina á síðasta ári og eins og við var að búast tókst það ekki. Hátíðin var samt sem áður frábær í alla staði og í raun er hálf ósanngjarnt að miða hátíðina í ár við fyrirrenna sinn.

Því miður verður samt að segjast að mestu vonbrigðin voru erlendu gestirnir. Television lenti reyndar í nokkrum vandræðum með hljóð en virtist samt sem áður þreytt uppi á sviði og nær áhugalaus. Í nokkrum lögum náði sveitin þó ágætis flugi en þau augnablik voru því miður of fá. Throwing Muses var hins vegar mun skárri en Television, þétt og vel spilandi. Kristin Hersh, söngkona og gítarleikari sveitarinnar, var gífurlega örugg í öllum sínum aðgerðum og í raun hálf ógnvekjandi. Hersh hafði geysilega gott vald yfir rödd sinni en hið hrjúfa yfirborð raddar Hersh var alveg hreint magnað að hlusta á. Hinir erlendu gestirnir skildu lítið eftir sig.



**MAGNAÐIR** Fjölskyldustuðsveitin Ghostigital var ein af íslensku hljómsveitum sem sýndu frábæra spretti á Innipúkanum í ár.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Íslensku listamennirnir voru þess vegna þeir sem héldu hátíðinni upp að þessu sinni. Of tímafrekt væri hins vegar að fara yfir frammistöðu þeirra allra en þessi frábæra frammistaða segir margt um gæði íslensks tónlistarlífs. Þó hefði mátt haga uppröðinni á sveitunum á annan hátt. Þekkt „partíbönd“ á borð við Donna Mess, Nortón og Hermigervill þurftu öll að sætta sig við að spila mjög snemma auk þess sem salurinn var nær tómur, þar sem lang flestir tónleikagesta mættu ekki fyrr en þeir voru allavega búnir að fá sér í aðra tána í heimahúsum.

Innipúkinn er samt rækilega búinn að stimpla sig inn í íslenska tónlistarmenningu og því hlýtur það að vera ósk allra að þessi frábæra hefð haldist við, þó að það væri ekki nema bara til þess að gefa fólki fleiri valkosti varðandi verslunarmannahelgina. Stemningin er alltaf einstök og að fá alla þessa frábæru tónlistarmenn beint í æð er gjöf af guðs náð.

**Steinþór Helgi Arnsteinsson**

# Jodie Foster til varnar Mel Gibson

Stóru stjörnurnar í Hollywood hafa komið Mel Gibson til varnar en leikarinn var handtekinn 28. júlí fyrir að hafa verið ölvaður undir stýri. Gibson hefur lengi háð harða baráttu við áfengisdjöfulinn en fjölmiðlar hafa þó gert meira veður úr þeim ummælum sem Gibson lét hafa eftir sér við handtökuna. Þar er hann sagður hafa látið falla niðrandi orð um gyðinga og sagt þá vera ábyrga fyrir öllum styrjöldum í heiminum. Gibson kemur fyrir dómstóla í lok september og gæti átt yfir höfði sér sex mánaða fangelsi vegna ölvunaraksturs.



**MEL GIBSON** Var handtekinn vegna ölvunaraksturs en orð hans um gyðinga hafa þó valdið meira fjölmiðlafári.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Óskarsverðlaunaleikkonan Jodie Foster sagði í samtali við Los Angeles Times að Mel Gibson væri bæði heiðarlegur og góður. „Hann og fjölskylda hans hafa þó háð langa og erfiða baráttu við alkóhólisma,“ sagði Foster, sem bætti því við að hún hefði viljað vera með Gibson þegar hann tók fyrsta sopann til að segja honum að drekka ekki.

Foster og Gibson kynntust við gerð myndarinnar Maverick og Foster dáðist að því hvernig Gibson tókst á við sinn vanda. „Hann var ungur og á uppleið en tókst samt að hafa sigur. Gibson er eitt besta dæmið um það hvernig þú getur farið niður á botninn en náð þér aftur upp,“ sagði Foster, sem var fullviss um að Gibson myndi ná sér aftur. „Ég trúi því ekki að hann noti alkóhólisma sem afsökun fyrir gyðingahatri,“ bætti hún við.

Framleiðandinn Dean Devlin, sem vann með Gibson við kvikmyndina The Patriot, sagði leikarann ekki vera á móti gyðingum. „Ef hann væri það þá eyðir hann full miklum tíma með okkur. Þetta nær engri átt,“ sagði Devlin. „Hann er alkóhólisti og þótt það sé engin afsökun fyrir því sem hann sagði trúi ég því að þarna hafi það verið sjúkdómurinn sem talaði en ekki maðurinn,“ bætti Devlin við en frá þessu er greint á fréttavef BBC.



**JODIE FOSTER** Hefur komið vini sínum Mel Gibson til varnar en leikarinn hefur átt erfitt uppdráttar að undanförnu vegna niðrandi ummæla um gyðinga.

# Lokað fyrir Mills

Aukin harka virðist vera hlaupin í skilnað Paul McCartney og Heather Mills en fréttavefur BBC greinir frá því að Mills hafi ekki getað komist inní hús þeirra hjóna í London þar sem skipt hafi verið um skrár. Lífvörður Mills er sagður hafa klifrað yfir vegg en það varð til þess að starfsfólk McCartney hringdi á lögregluna, sem bað Mills vinsamlegast um að hafa sig á brott. Talsmaður McCartney neitaði að tjá sig við fjölmiðla um þetta tiltekna atvik en Mills er sögð hafa verið að koma á fyrir fram ákveðinn fund.

Samkvæmt Scotland Yard var lögreglan kölluð til vegna ferða konu við landareign í London. „Lögreglumennirnir ræddu við konuna, sem fór án þess að til einhverra vandræða kæmi,“ sagði í yfirlýsingu frá embættinu.

Paul McCartney og Heather Mills tilkynntu um skilnað sinn í maí og kenndu þá fjölmiðlum um, sem höfðu verið duglegir við að birta fréttir um Mills og meðal annars kallað hana „gullgrafara“ sem sæktist bara eftir peningum bítilsins, en McCartney er einn ríkasti listamaður Bretlands. Eftir að McCartney og Mills skildu að borði og sæng hafa birst ansi svæsnar fréttir um fortíð Mills þar sem hún er sögð hafa verið nektarfyrirsæta og vændiskona fyrir ríka karla. Í síðasta mánuði bárust síðan fréttir af því að Mills hefði hafnað ansi rausnarlegu boði McCartney sem býr sig nú undir erfiðan skilnað en hann gæti orðið sá dýrasti í sögu Bretlands.



**MCCARTNEY** Er sagður hafa misst þolinmæðina gagnvart fyrrverandi konu sinni en hann hefur nú breytt um skrár á húseign sinni svo að Mills komist ekki þar inn.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

# Paris í kattarlíki

Hótelerfingjann Paris Hilton er nú hægt að kaupa í kattarlíki. Japanskur leikfangaframleiðandi sem selur kattardúkkurnar Hello Kitty hefur hafið sölu á slíkri dúkku sem minnir um margt á Paris.

Kattardúkkan er hvít með ljóst hár og klædd í bleika yfirhöfn, en eins og margir vita er bleikur uppáhaldslitur Parisar Hilton. Agnarsmár Chihuahua-hundur kemur með í kaupunum og er hann vísun í hund Parisar, Tinkerbell.

Einnig er hægt að fá alls konar fylgihluti með nýju Hello Kitty dúkkunni, handtöskur og hárspangir svo fátt eitt sé talið.

Því miður þurfa heitir aðdáendur Parisar Hilton að leggja á sig langferð til að festa hendur á dúkkunni því hún er einungis til sölu í Japan.



**KONA EÐA KÖTTUR?** Japanskur leikfangaframleiðandi átti ekki í miklum vandræðum með að skapa Hello Kitty dúkku sem minnir um margt á Paris Hilton.







**MAGNI** Fékk nýjan Gibson og flutti lagið Dolphin's Cry fyrir Supernova í gærnótt. Atkvæðin verða talin í kvöld og þá kemur ljós hver hinna tíu þarf að taka pokann sinn.

# Magni fékk nýjan Gibson - gítar

Magni Ásgeirsson söng lagið Dolphin's Cry með hljómsveitinni Live í þættinum Rock Star: Supernova í nótt. Magni var einn á sviðinu og flutti lagið með nýjum Gibson-gítar en þeir tíu þátttakendur sem eftir eru fengu allir gefins slíkt hljóðfæri frá umboðinu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins tókst Magna að venju vel upp en Eyrún Huld, unnusta hans, var meðal áhorfenda í salnum.

Mikil spenna er hlaupin í keppnina og á spjallsvæðunum er nú keppst við að hrósa eða hallmæla þeim sem líklegastir þykja til að hreppa hnossið. Magni sker sig nokkuð úr því flestir virðast kunna nokkuð vel við þennan söngvara frá Borgarfirði eystri. Sagt er að hann sé sá eini sem sé í keppninni af einhverri alvöru enda láti hann öll fíflalæti vera. Forskot Magna í vinsældakosningunni á supernovafans.com hefur minnkað snarlega en hann er þó enn með rúmlega helming allra atkvæða. Dilana Robichaux hefur saxað allverulega á hann með góðri frammistöðu að undanförnu og er nú komin með fimmtung atkvæða en rúmlega 27 þúsund hafa látið skoðun sína í ljós.

Í raunveruleikaþættinum var nýtt próf lagt fyrir keppendurna en þeim var gert að semja texta og laglínu við nýtt lag Supernova. Þá sást einnig mjög hjartnæmt stund þegar Magni hitti Eyrúnu og son sinn Marínó eftir að þau lentu í Los Angeles eftir átján tíma ferðalag. Þátttakendurnir sátu og snæddu hádegisverð þegar mæðginin birtust í villunni. „Að hitta þau hleður öll batteríin í líkama mínum," sagði Magni af þessu tilefni. „Ég er fyrst og fremst fjölskyldufaðir og að sjá þau þarna er það besta sem hefur komið fyrir mig í fimm vikur," bætti Magni við. Í kvöld verður síðan kosið um hver verði sjötti keppandinn til að fara en þátturinn verður sýndur í beinni útsendingu á Skjá einum.

# Stílbrögð og töffaraskapur

**[KVIKMYNDIR]**

**UMFJÖLLUN**

Sjónvarpsþættirnir Miami Vice (1984-1989) eru tengdir „eitís" tískunni órjúfanlegum böndum og Don Johnson sem fór þar með hlutverk löggunnar Sonny Crockett var aðaltöffari þessara ára, í bleikum stuttermabol með þriggja daga skegg.

Þættirnir sjálfir hafa elst mun betur en fatatíska þessa tíma. Michael Mann var einn framleiðenda þáttanna og er óumdeildur stílisti þeirra.

Það má segja margt gott um Mann en hann er fyrst og fremst brjálæðislega góður stílisti. Hann hefur getið sér gott orð fyrir myndir á borð við Manhunter, The Last of the Mohicans, Heat, The Insider og Collateral. Allar bera þessar myndir vott um stílfimi hans en með nýju Miami Vice myndinni toppar hann öll sín fyrri verk.

Mann sleppir því blessunarlega að reyna að fanga stemningu og áferð níunda áratugarins en tekst samt að halda öllum helstu stíleinkennum sjónvarpsþáttanna. Töffið lekur því af hverjum ramma, með útpældum sviðsmyndum, fimleikum með tökuvélarnar og öðrum tæknilegum stílbrögðum. Þá eru aðalpersónurnar eitursvalar, bruna um á hraðskreiðum bílum, enn hraðskreiðari bátum og munda frethólka af öllum stærðum og gerðum af mikilli list eins og lög gera ráð fyrir í Miami. Þessi mynd er þvottekta Miami Vice fyrir nýja tíma og laus við alla nostalgíu.

Löggutvíeykið Crockett og Tubbs er lausbyggt á nöfnum sínum úr sjónvarpinu. Þeir sigla sem fyrr undir fölsku flaggi og stunda stórviðskipti við eiturlyfjabaróna með það fyrir augum að uppræta dóphring sem teygir anga sína meðal annars til Kúbu og Kólumbíu.

Mann eyðir engum tíma í kynningar á persónum og byrjar myndina á fullu gasi og maður þarf ekki að hafa séð einn einasta Miami Vice þátt til að njóta myndarinnar í botn. Hún er samt langt því frá að vera hasarmynd í hefðbundnum skilningi og eins og svo oft áður skrúfar Mann söguna áfram hægt og bítandi en þó af öryggi og krafti.

Stílsnilli hans tryggir svo að manni leiðist aldrei og þeir sem vilja hasar verða síður en svo sviknir enda býður Mann upp á hressilega skotbardaga sem jafnast fyllilega á við djöfulganginn í Heat. Þá er myndin dæmigerð Mann-mynd fyrir þær sakir að hún vinnur á að sýningu lokinni, sækir á mann og kveikir löngun til þess að sjá hana aftur sem fyrst, þó ekki væri nema bara til þess að dást að stíliseraðri umgjörðinni.

Jamie Foxx og Colin Farrell skila Tubbs og Crockett með sóma og fá báðir svigrúm til að kafa ofan í persónurnar, sem fá pláss til að njóta sín á kostnað hamagansins. Farrell er mátulega klístraður Crockett með hormottu og sítt að aftan. Þessi nýi Crockett er nógu ólíkur Don Johnson til þess að maður er fljótur að gleyma töffaranum í bleika bolnum og kaupir Farrell í hlutverkinu með húð og hári. Tubbs var alltaf hálf bjánalegur í þáttunum og stóð ætíð í skugga Johnsons. Foxx er hins vegar miklu öflugri leikari en Philip Michael Thomas og þeir Farrell skipta myndinni bróðurlega á milli sín og það má vart á milli sjá hvor sé meiri töffari.

Miami Vice er eðal löggudrama sem bregst hvorki gömlum aðdáendum þáttanna né þeim sem kunna að meta góðar spennumyndir án þess að hafa hundsvit á bleikum bolum og hvítum pokabuxum.

**Þórarinn Þórarinsson**



**MIAMI VICE**

LEIKSTJÓRI: MICHAEL MANN

AÐALHLUTVERK: COLIN FARRELL, JAMIE FOXX, LI GONG, NAOMIE HARRIS

**Niðurstaða:** Stílsnilli Michaels Mann nýtur sín í botn í þessari bestu aðlögun sjónvarpsefnis að kvikmyndaforminu síðan The Untouchables voru og hétu. Þetta er Miami Vice nýrra tíma. Töff mynd sem er sótthreinsuð af öllu daðri við níunda áratuginn.

# Lordi í hjónaband

Tomi Putaansuu, forsprakki skrímslasveitarinnar Lordi, hefur gengið að eiga æskuást sína, Jóhönnu. Athöfnin fór fram í heimabæ þeirra Rovaniemi og þótti ansi virðuleg miðað við útganginn á hljómsveitinni. Upphaflega ætlaði parið að ganga í það heilaga í maí en frestaði brúðkaupinu enda var hljómsveitin þá á barmi heimsfrægðar eftir að hafa unnið Eurovision, sællar minningar.



**LORDI** Þrátt fyrir búninganna og heldur ófrýnilegt útlit er Lordi nú genginn út en hann giftist æskuást sinni Jóhönnu nú um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Bond í Sunspel-nærbuxum

Daniel Craig mun klæðast Sunspel-nærbuxum í nýjustu Bond-myndinni, Casino Royale, en frá þessu er greint á fréttavefnum Contactmusic.com. Meðal aðdáenda Sunspel er leikarinn Johnny Depp en buxurnar urðu frægar eftir að karlkyns fyrirsætan Nick Kamen klæddist þeim í auglýsingu frá Levi's árið 1985. Samkvæmt talsmanni Sunspel er fyrirtækið mjög spennt fyrir þessari nýju ímynd. „Þetta er mjög stór samningur fyrir okkur. Það er mikill áhugi á þessari kvikmynd um allan heim og við treystum því að áhuginn á nærbuxunum eigi eftir að aukast samfara því," sagði talsmaðurinn eftir að tilkynnt hafði verið um samninginn.

Nýjasta Bond-myndin verður frumsýnd í nóvember og má reikna með metaðsókn enda vekur það allaf athygli þegar nýr leikari bregður sér í hlutverk leyniþjónustumannsins James Bond. Daniel Craig mátti þola mikla háðsglósur í fyrstu en nú þegar myndbrot úr Casino Royale hafa birst eru flestir orðnir sannfærðir um að leikarinn hafi verið hárrétt val.



**JAMES BOND** Mikil eftirvænting ríkir í kringum nýjustu Bond-myndina, Casino Royale, en þar bregður Daniel Craig sér í líki leyniþjónustumannsins lífseiga.



## Tap í fyrsta leik Viggós

Þýska handknattleiksliðið Flensburg tapaði á mánudagskvöld æfingaleik gegn danska liðinu Skjern, 37-29. Þetta var fyrsti leikur Flensburg undir stjórn Viggós Sigurðssonar. Aron Kristjánsson þjálfar Skjern en Vignir Svavarsson skoraði fjögur mörk fyrir liðið í leiknum og Jón Þorbjörn Jóhannsson tvö.

sport

sport@frettabladid.is

ERNA B. SIGURÐARDÓTTIR: SKORAÐI ÞRENNU OG LAGÐI EITT UPP Í STÓRSIGRI BREIÐABLIKS Í GÆR

# *Betra liðið frá upphafi til enda*



„Við hefðum vel getað unnið þennan leik stærra, við klúðruðum fullt af færum," sagði Erna B. Sigurðardóttir eftir að kvennalið Breiðabliks vann 4-0 sigur á portúgölsku meisturunum í SU 1° Dezembro í undankeppni Evrópumóts félagsliða kvenna í gær. „Mér fannst við vera betra liðið allan leikinn, þær eru fljótar og tekniskar en áttu ekki möguleika gegn okkur."

Erna átti sannkallaðan stórleik fyrir Breiðablik í gær, skoraði fyrstu þrjú mörk leiksins og lagði það fjórða síðan upp fyrir Elínu Önnu Steinarsdóttur, sem innsiglaði sigur Blikastúlkna eftir að hafa komið inn sem varamaður. Allt liðið stóð sig mjög vel að sögn Ernu en það fer vel um Blikastúlkur í Austurríki þar sem riðillinn þeirra er spilaður.

„Við erum staðráðnar í því að ná að vinna þennan riðil. Það er mikil stemning í hópnum og allar aðstæður hérna eru mjög góðar. Hótelið sem við gistum á er mjög fínt og við getum ekki kvartað yfir neinu," sagði Erna en næsti leikur liðsins er gegn austurríska liðinu SV Neulengach á fimmtudag. „Sigurinn gegn portúgalska liðinu gefur okkur mikið sjálfstraust fyrir leikinn á fimmtudag."

Síðasti leikur Breiðabliks í riðlinum er síðan gegn Newtownabbey Strikers frá Norður-Írlandi á sunnudag. Alls er leikið í níu riðlum þar sem sigurvegarar hvers riðils fara áfram í aðra umferð sem fer fram dagana 12.-17. september. Í annarri umferð eru riðlarnir fjórir og komast tvö efstu lið úr hverjum riðli í fjórðungsúrslit. Þegar hefur verið dregið í þá riðla og er ljóst að ef Breiðablik sigrar í Austurríki þá leikur liðið m.a. gegn meisturum Frankfurt. Neulengagh vann sinn leik í gær örugglega, með fimm mörkum gegn einu.

## > KR - Keflavík í kvöld



Þrettánda umferð Landsbankadeildar karla hefst í kvöld þegar KR tekur á móti Keflavík klukkan 19:15. Umferðinni lýkur síðan á fimmtudag með fjórum leikjum. KR-ingar eiga harma að hefna en þeir töpuðu leiknum í Keflavík 3-0 í fjórðu umferð deildarinnar þar sem Magnús Þorsteinsson, Daniel Severino og Simun Samuelsen skoruðu mörkin. Bjarnólfur Lárusson verður í banni hjá KR og hjá Keflavík vantar tvo lykilmenn, Baldur Sigurðsson og Guðmund Mete, en þeir verða einnig í banni.

Arsenal komið í lykilstöðu:

## Góður útisigur

**FÓTBOLTI** Arsenal er komið langleiðina í aðalkeppni Meistaradeildar Evrópu eftir að hafa unnið Dinamo Zagreb örugglega 3-0 á útivelli í gær. Þetta var fyrri viðureign liðanna í þriðju umferð forkeppninnar en mörk Arsenal komu öll í seinni hálfleik. Cesc Fabregas skoraði tvö af mörkunum en mínútu eftir að hann braut ísinn á 63. mínútu skoraði Robin van Persie eftir að hafa fengið langa sendingu frá Alexander Hleb.

Jose Antonio Reyes sat allan tímann á varamannabekk Arsenal og þykir það benda til þess að hann verði seldur til Real Madrid. Ef hann hefði komið við sögu hefði hann ekki orðið löglegur með öðru liði í Evrópukeppninni þetta tímabil. **- egm**



**ÁFRAM Í ENGLANDI** Campbell ákvað að taka boði Portsmouth.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Félagaskipti á Englandi:

## Campbell til Portsmouth

**FÓTBOLTI** Portsmouth tilkynnti það í gær að varnarmaðurinn Sol Campbell væri orðinn leikmaður félagsins. Þessi 31 árs enski landsliðsmaður fékk samningi sínum við Arsenal rift í júlí og mun samningur hans við Portsmouth vera til tveggja ára. Arsene Wenger, stjóri Arsenal, segir þessar fréttir koma sér á óvart því upphaflega hafi Campbell beðið um að losna frá samningi sínum til að spila utan Englands.

Campbell lék 197 leiki fyrir Arsenal og vann fimm stóra titla eftir að hafa komið til félagsins frá Tottenham árið 2001. Harry Redknapp, stjóri Portsmouth, er ekki hættur að reyna að styrkja leikmannahóp sinn en hann beinir nú sjónum sínum að Sylvain Distin hjá Manchester City eða Ryan Nelsen hjá Blackburn. **- egm**

# Veigar Páll framlengdi samninginn við Stabæk

**Framherjinn Veigar Páll Gunnarsson hefur framlengt samning sinn við norska úrvalsdeildarliðið Stabæk þrátt fyrir að erlend lið hafi sýnt honum mikinn áhuga. Veigar Páll hefur átt frábært tímabil í Noregi og er markahæstur.**

**FÓTBOLTI** Landsliðsmaðurinn Veigar Páll Gunnarsson hefur framlengt samning sinn við norska úrvalsdeildarliðið Stabæk út tímabilið 2009. Gamli samningur Veigars átti að renna út nú í lok tímabilsins og bjuggust flestir við því að hann myndi þá semja við nýtt lið enda hefur honum verið sýndur mikill áhugi víða í Evrópu. En Veigar ákvað frekar en að bíða að ganga að tilboði Stabæk-manna.

„Það eru í raun þrjár ástæður fyrir þessu," sagði Veigar við Fréttablaðið. „Fyrir það fyrsta líður mér mjög vel í Stabæk og leikstíll liðsins hentar mér fullkomnlega. Þetta eru fínir strákar í liðinu og allt í kringum klúbbinn er til fyrirmyndar. Í öðru lagi fékk ég mjög góðan samning sem ég er afar sáttur við. Og í þriðja lagi fékk ég aldrei neitt tilboð frá öðru félagi þó svo að það hafi verið áhugi til staðar hjá erlendum liðum. Þá fer maður að hugsa um hversu lengi maður á að bíða, hvað gerist ef maður meiðist í næsta leik og svo framvegis. Fyrir utan það geta lið enn gert tilboð í mig þó svo að ég sé búinn að skrifa undir nýjan samning. Það hefur ekkert breyst."

Veigar hefur átt ótrúlegt tímabil í Noregi. Hann er markahæstur í deildinni með 11 mörk eftir 16 leiki og er efstur í einkunnagjöf þriggja stærstu dagblaða Noregs af núverandi leikmönnum deildarinnar.



**VEIGAR PÁLL GUNNARSSON** Fagnar hér einu marka sinna í sumar ásamt liðsfélögum sínum en hann er fyrir miðri mynd.
FRÉTTABLAÐIÐ/SCANPIX

En Veigar segist vera ánægður í Stabæk og það sé það sem skipti mestu máli. „Ég veit nákvæmlega hversu mikils ég er metinn hér og eins og er á ég fast sæti í byrjunarliðinu. Þetta mál var líka farið að vera þungur baggi á mínum herðum og var ég orðinn leiður á að vera sífellt að velta þessu fyrir mér og hvort það væri verið að fylgjast með mér og fleira í þeim dúr. Ég vil einfaldlega njóta þess að spila fótbolta enda er ég eins og er að eiga mitt allra besta tímabil síðan ég byrjaði í fótbolta. Það er frábært að sjá hvað er skrifað og sagt um mann hér í fjölmiðlum," bætti hann við. **eirikur.asgeirsson@frettabladid.is**

Franck Ribery á förum:

## Þrjú lið berjast um Ribery

**FÓTBOLTI** Umboðsmaður Franck Ribery segir að þrjú lið séu að berjast um vængmanninn. Það eru franska liðið Lyon, Arsenal og Real Madrid. Ribery er 23 ára franskur landsliðsmaður og sló algjörlega í gegn á HM í sumar en hann er hjá Marseille í heimalandinu. Ribery hefur látið það í ljós að hann vilji fara í annað lið og er talið að Marseille vilji þá selja hann úr landi. **- egm**

Kristjáns Arnar sárt saknað:

## Verður með á sunnudag

**FÓTBOLTI** Neyðarástand hefur gripið um sig í herbúðum Brann í Noregi síðan Kristján Örn Sigurðsson fór meiddur af velli í toppslag deildarinnar gegn Lilleström fyrir skömmu. Óttast var að hann yrði frá svo vikum skipti en stuðningsmönnum liðsins til mikillar ánægju sagði hann í gær að hann myndi spila gegn núverandi meisturum Vålerenga á sunnudag. Hann missir þó af leik Brann í UEFA-bikarkeppninni gegn Åtvidaberg frá Svíþjóð á morgun.

Í þær 129 mínútur sem Kristján hefur verið fjarverandi hefur Brann fengið á sig þrjú mörk og tapað enn fleiri stigum. Liðið er enn með þriggja stiga forystu á Lilleström en síðarnefnda liðið á leik til góða. Það er því mál manna í Noregi að Kristján Örn Sigurðsson gegni algeru lykilhlutverki hjá Brann í titilslag liðsins í ár. **- esá**

Eyjólfur Sverrisson hefur valið tuttugu manna æfingahóp fyrir leikinn gegn Spáni:

# Tveir nýliðar og fimm heimamenn valdir

**FÓTBOLTI** Alls eru fimm leikmenn í Landsbankadeild karla og fimmtán atvinnumenn í ýmsum Evrópulöndum í landsliði Íslands sem mætir Spáni í vináttulandsleik í knattspyrnu á þriðjudagin kemur. Þá eru tveir nýliðar, þeir Ármann Smári Björnsson og Matthías Guðmundsson, sem áttu sjálfsagt alls ekki von á því að verða valdir í landsliðið.

„Þessir strákar hafa verið að standa sig vel og eru því valdir í landsliðið að þessu sinni," sagði Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari við Fréttablaðið. Hann getur þó aðeins notað átján leikmenn í leiknum og verða því tveir í hópnum að víkja á leikdag.

Þá vakti það einnig athygli að Eyjólfur valdi hinn þrítuga Sigurvin Ólafsson og Ólaf Inga Skúlason sem er nýbúinn að jafna sig á erfiðum meiðslum. „Sigurvin hefur einfaldlega verið einn besti leikmaður deildarinnar í sumar," sagði Eyjólfur. „Það er traust að hafa hann í þessum hópi," bætti hann við.

Í liðið vantar marga leikmenn sem leika á Norðurlöndunum sem hafa verið í landsliðinu undanfarin ár og segir Eyjólfur að hann hafi rætt við alla þá leikmenn en ákveðið að velja þá ekki þar sem flestir þeirra eru að leika á sunnudagskvöldið með sínum liðum.

„Þeim er enginn greiði gerður með því að boða þá í leik strax á þriðjudag. Ég vil frekar að þeir einbeiti sér með sínum liðum og tek þá aðra sem geta gefið sig 100% í þetta verkefni."

Nokkrar undantekningar eru þó á þessu eins og í tilfelli Kára Árnasonar og Veigars Páls Gunnarssonar. „Ég valdi Veigar þar sem hann var ekki með síðast og býst ég við að hann fái hálftíma í leiknum. En þetta er mikið púsluspil og nú fá margir leikmenn tækifæri til að sýna sig með landsliðinu. Við erum með breiðan hóp og það er samkeppni um að komast í liðið sem er auðvitað hið besta mál."

Eyjólfur býst ekki við öðru en að Eiður Smári Guðjohnsen verði með íslenska liðinu en hann er í æfingaferð með Barcelona í Mið- og Norður-Ameríku. „Eins og málin standa í dag lítur út fyrir að hann ferðist hingað til lands með þeim leikmönnum Barcelona sem verða valdir í spænska landsliðið."



**FYRSTA LANDSLIÐ EYJÓLFS** Byrjunarliðið sem mætti liði Trínidad og Tóbagó í Lundúnum í lok febrúar. Var það fyrsti leikur Íslands undir stjórn Eyjólfs Sverrissonar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Íslenska liðið hefur leik í undankeppni EM í byrjun september en verður fyrsti leikur liðsins í Belfast, gegn Norður-Írum. Eyjólfur hefur fengið tvo leiki til undirbúnings, gegn Trínidad og Tóbagó í febrúar síðastliðnum og nú gegn Spáni. Fyrir báða þessa leiki kom landsliðið aðeins saman í tvo daga áður en leikur hófst. „Jú, þetta er lítill undirbúningur, það verður að segjast," sagði Eyjólfur aðspurður um málið. „Við hjá KSÍ erum ekki sáttir við þetta en við fengum bara enga leiki. Það er erfitt að koma á æfingaleikjum og verðum við því að nýta þessa daga sem í boði eru eins vel og mögulegt er. Það þýðir ekkert að kvarta undan þessu, við ætlum okkur að vera tilbúnir gegn Norður-Írum og ætlum að sýna okkar rétta andlit." **- esá**

**LANDSLIÐSHÓPURINN GEGN SPÁNI**

| | |
|---|---|
| **MARKVERÐIR** | |
| ÁRNI GAUTUR ARASON | VÅLERENGA |
| **DAÐI LÁRUSSON** | **FH** |
| **AÐRIR LEIKMENN** | |
| HERMANN HREIÐARSSON | CHARLTON |
| **BRYNJAR BJÖRN GUNNARSSON** | **READING** |
| ARNAR ÞÓR VIÐARSSON | FC TWENTE |
| **EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN** | **BARCELONA** |
| HEIÐAR HELGUSON | FULHAM |
| **INDRIÐI SIGURÐSSON** | **KR** |
| JÓHANNES KARL GUÐJÓNSSON | AZ ALKMAAR |
| **ÍVAR INGIMARSSON** | **READING** |
| MAREL BALDVINSSON | BREIÐABLIK |
| **VEIGAR PÁLL GUNNARSSON** | **STABÆK** |
| GRÉTAR RAFN STEINSSON | AZ ALKMAAR |
| **KÁRI ÁRNASON** | **DJURGÅRDEN** |
| GUNNAR H. ÞORVALDSSON | HANNOVER 96 |
| **SIGURVIN ÓLAFSSON** | **FH** |
| HANNES Þ. SIGURÐSSON | STOKE CITY |
| **ÓLAFUR INGI SKÚLASON** | **BRENTFORD** |
| ÁRMANN SMÁRI BJÖRNSSON | FH |
| **MATTHÍAS GUÐMUNDSSON** | **VALUR** |

515 6100 I SYN.IS I SKÍFAN I OG VODAFONE

GOTT FÓLK McCANN

Í KVÖLD KL. 18:55

# LIVERPOOL
# MACCABI HAIFA

UNDANKEPPNI

UEFA CHAMPIONS LEAGUE

# KEMST LIVERPOOL Í MEISTARADEILDINA?



FRAMUNDAN Í ÁGÚST

BOLTINN
Chelsea - Liverpool
Espanyol - Barcelona
Barcelona - Espanyol

LANDSLEIKIR
Norður Írland - Ísland
England - Grikkland
England - Andorra

GOLFIÐ
The PGA Championship
The International

LANDSBANKADEILDIN

NÖRDARNIR
Hefjast 31. ágúst

sýn
*besta sætið*

## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„Is that how you want to play it, Brooke? Because I can play it like that. I can play it like Lionel Richie, „All night long.““**

Svar: Gary úr The Break-Up frá 2006

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON SÁ AFLEIÐINGAR FRAMHJÁHALDS Á SKJÁNUM**

## Enginn skyldi vanmeta Alex Forrest

Fyrir tæpum nítján árum var frumsýnd kvikmynd sem átti eftir að gera bandaríska sem og aðra karlmenn fráhuga framhjáhaldi. Glenn Close sauð kanínu og hundelti Michael Douglas, sem þráði ekkert heitar en að gleyma einnar nætur gamaninu með brjálæðingnum. Sjálfur hafði ég aldrei séð þessa ágætu mynd sem fékk víst hárinn að rísa hjá ansi mörgum. Fatal Attraction er gott dæmi um það þegar sjónvarpsstöðvarnar taka til í myndbandasafninu sínu og einhver rekst á sígildan spennutrylli sem löngu er kominn tími á að sýna aftur.

Leikstjórinn Adrian Lyne er þarna í sínu besta formi en árið áður hafði honum tekist að gera venjulegan heimilismat að hjálpartæki ástarlífsins þegar Mickey Rourke kynnti Kim Basinger lystisemdir holdsins með eftirminnilegum hætti. Í Fatal Attraction er erótíkin vissulega enn fyrir hendi þótt Close sé ekkert að tvíóna við hlutina þegar rekkjunauturinn svíkur hana.

Close á það sameiginlegt með stöllu sinni Meryl Streep að geta brugðið sér í allra kvikinda líki. Í fyrstu kemur persónan Alex Forrest fyrir sem ákaflega gáfuð og framagjörn kona sem veit nákvæmlega hvað hún vill. „Við erum bæði fullorðin," segir hún við Douglas þegar þau hafa snætt hádegisverð eftir hlaup í rigningunni. Douglas lætur freistast í miðju syndaflóðinu og fær svo sannarlega að sjá eftir því að hafa leyft sér að svala fýsninni. Close sættir sig ekki við höfnunina og krefst þess, með frekar óhefðbundnum hætti, að Douglas rjúfi heit sín og taki saman við sig.

Eflaust er Fatal Attraction fín forvörn gegn framhjáhaldi fyrir ung pör sem hafa nýlega látið hnýta hnútana í kirkju á fögrum sumardegi því það vill engin hafa Alex Forrest í símanum hjá sér.



**FATAL ATTRACTION** Michael Douglas og Glenn Close áttu sjónvarpið á föstudaginn með forvarnarmyndinni Fatal Attraction.



▶ 19.35 *Dægurmál*

KASTLJÓS



▶ 20.05 *Uppeldi*

NEYÐARFÓSTRURNAR



▶ 21.00 *Gaman*

STACKED



▶ 21.30 *Tónlist*

ROCK STAR: SUPERNOVA



▶ 17.00 *Fréttir*

5FRÉTTIR

### SJÓNVARPIÐ

**15.05** EM í frjálsum íþróttum **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** EM í frjálsum íþróttum

**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
▶ **19.35 Kastljós**
**20.10 Tískuþrautir (12:13)** (Project Runway II) Nú líður að lokum þessarar syrpu af Tískuþrautum. Þetta er þáttaröð um unga fatahönnuði sem keppa sín á milli og er einn sleginn út í hverjum þætti. Kynnir í þáttunum er fyrirsætan Heidi Klum.
**21.00 Græna álman (9:9)** (Green Wing) Bresk gamanþáttaröð um starfsfólk á sjúkrahúsi þar sem allt getur gerst.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Íþróttakvöld**
**22.35 Mótorsport** Þáttur um íslenskar akstursíþróttir. Dagskrárgerð: Birgir Þór Bragason.

**23.05** Vesturálman (15:22) **23.50** Kóngur um stund (9:12) **0.20** Kastljós **0.50** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah Winfrey **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Strong Medicine

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi **13.05** Home Improvement **13.30** How I Met Your Mother **13.55** Medium **14.40** Las Vegas **15.25** Blue Collar TV **16.00** Sabrina – Unglingsnornin **16.25** BeyBlade **16.50** Cubix **17.15** Könnuðurinn Dóra **17.40** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 The Simpsons (6:22)** (Simpson-fjölskyldan)
▶ **20.05 Neyðarfóstrurnar (3:16)** (Paul Family) Hjónin Cindy og Tim eiga fjögur börn, 8 ára dóttur og 4 ára þríbura sem þau hafa algjörlega misst tökin á.
**20.50 Oprah (84:145)** (Eight Women Oprah Wants You to Know) Að þessu sinni velur Oprah með góðri aðstoð frá Diane Sawyer og Alicu Keys átta konur sem allir ættu að þekkja deili á.
**21.35 Medium (20:22)** (Miðillinn) Alison dreymir ítrekað konu sem er fórnarlamb gluggagægis. 2005. Bönnuð börnum.
**22.20 Strong Medicine (20:22)**

**23.05** Footballers' Wives (B. börnum) **23.55** Cold Case **0.40** Autopsy **1.35** An American Rhapsody (B. börnum) **3.20** Avenging Angelo (B. börnum) **4.55** The Simpsons (e) **5.20** Fréttir og Ísland í dag

### SIRKUS TV

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Pípóla (4:8) (e)**
**20.00 Seinfeld (13:22)** (The Marine Biologist)
**20.30 Sirkus RVK**
▶ **21.00 Stacked (9:13)** (You're Getting Sleepy) Önnur serían um Skyler Dayton og vinnufélagana hennar í bókabúðinni.
**21.30 Ghost Whisperer (4:22)** Aðalhlutverk: Jennifer Love Hewitt.
**22.20 Jake in Progress (12:13)** (Jake Or The Fat Man)
**22.45 Rescue Me (6:13)** (Reunion) Frábærir þættir um hóp slökkviliðsmanna í New York borg þar sem alltaf eitthvað er í gangi.

**23.35** Seinfeld (13:22)

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e)

**15.40** All About the Andersons (e) **16.15** Brúðkaupsþátturinn Já (e) **17.15** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Beverly Hills 90210**
**19.45 Beautiful People**
**20.30 Emily's Reasons Why Not! – NÝTT!** Emily fer á stefnumót með Stan samstarfsmanni sínum.
▶ **21.30 Rock Star: Supernova – raunveruleikaþátturinn** Íslendingur er nú með í fyrsta sinn í einum vinsælasta þætti í heimi sem í ár er kenndur við hljómsveitina Supernova.
**22.00 Rock Star: Supernova – tónleikarnir** Hver verður söngvari Supernova með þungarokkurunum; Tommy Lee úr Motley Crüe, Jason Newstead úr Metallica og Gilby Clarke úr Guns N'Roses?

**23.00** The L Word **0.00** Rock Star: Supernova – úrslit vikunnar **1.00** Love Monkey (e) **1.45** Beverly Hills 90210 (e) **2.30** Óstöðvandi tónlist

### NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið – fréttaviðtal. **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin

▶ **17.00** 5fréttir
**18.00** Íþróttir og veður
**18.30 Kvöldfréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.
**20.10 Brot úr fréttavakt**
**21.00 Fréttir**
**21.10 Panorama 2006** (Cannabis)
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður
**22.30 Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.

**23.10** Kvöldfréttir **0.10** Fréttavaktin **3.10** Fréttavaktin **6.10** Hrafnaþing

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.05** Beethoven's 5th **8.00** I Capture the Castle **10.00** My Boss's Daughter **12.00** The Perez Family **14.00** Beethoven's 5th **16.00** I Capture the Castle **18.00** My Boss's Daughter **20.00 The Perez Family (e)** (Perez-fjölskyldan) Víðfræg rómantísk gamanmynd sem fjallar um ástir og örlög kúbverskra flóttamanna. Aðalhlutverk: Anjelica Huston, Alfred Molina, Marisa Tomei. Leikstjóri: Mira Nair. 1995. Leyfð öllum aldurshópum. **22.00 The Last Shot** (Síðasta skotið) Kolsvört stjörnum hlaðin gamanmynd þar se gert er hárfínt grín að bíóbransanum og spillingunni sem þar tröllríður öllu. Aðalhlutverk: Alec Baldwin, Matthew Broderick, Toni Collette. **0.00** American Wedding (Bönnuð börnum) **2.00** Order, The (Sin Eater) (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** The Last Shot (Bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **14.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **15.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **16.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **17.00** Sexiest Celebrity Blondes **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** THS Naomi Campbell **20.00** 101 Most Starlicious Makeovers **21.00** Girls of the Playboy Mansion **21.30** Girls of the Playboy Mansion **22.00** Wild On Tara **22.30** Wild On Tara **23.00** Sexiest Celebrity Brunettes **0.00** THS Naomi Campbell **1.00** 101 Most Starlicious Makeovers **2.00** 101 Most Awesome Moments in Entertainment

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15




A&Ú Anna & útlitið & The Academy of Colour and Style

ALÞJÓÐLEGT NÁM Í ÚTLITSRÁÐGJÖF

ÚTLITS- OG FÖRÐUNARSKÓLI

The Academy of Colour and Style er alþjóðlegur skóli sem kennir útlitsráðgjöf. Námið byggir á helstu atriðum útlitshönnunar og er meðal annars tekið fyrir litgreining, fatastíll og textíll. Eftir nám fá nemendur alþjóðlegt diplóma í útlitsráðgjöf (fashion consultant).

Starfsmöguleikar eftir nám eru margir og spennandi og geta nýst á ýmsum sviðum og atvinnugreinum.
Hver önn tekur þrjá mánuði og fylgja öll kennslugögn með náminu. Kennsla fer fram í Iðnskólanum í Reykjavík einu sinni í viku frá 18–22.



Skjöldur Mio, tískuráðgjafi
Ég taldi mig vita flest allt um tísku og útlit áður en ég fór í skólann. En annað kom á daginn. Ég hef lært heilmikið um fatasamsetningu, textíl, litafræði, líkamsbyggingu og flest allt um útlit. Námið nýtist mér frábærlega í því sem ég er að gera.



Birna, verslunareigandi – Stílistinn
Það hefur alltaf verður draumur hjá mér að stofna verslun með fatnað. Námið gaf mér það sjálfstraust sem ég þurfti til að fara út í reksturinn. Einnig nýti ég námið til þess að ráðleggja viðskiptavinum mínum hvaða snið og litir hentar þeim í val á fatnaði.

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533-5101

INNRITUN ER HAFIN FYRIR HAUSTÖNN

## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Ghost Whisperer Sirkus kl. 21.30

### *Dulmögnuð spenna*



Þættirnir Ghost Whisperer hafa komið nokkuð á óvart. Þættirnir fjalla um Melinda Gordon en hún hefur þá einstöku hæfileika að ná sambandi við þá látnu. Sálirnar sem hún nær sambandi við eiga það sameiginlegt að þurfa á hjálp Melindu að halda. Hún notar því hæfileikana til að fá mikilvægar upplýsingar að handan og kemur skilaboðunum til þeirra sem er ætlað að fá þau, en stundum getur það reynst erfitt þar sem ekki trúa allir því sem þeim er sagt. Hefst þá barátta Melissu fyrir alvöru enda gætu upplýsingarnar oft bjargað mannslífum. Með aðalhlutverk í þættinum fer hrollvekjuprinsessan Jennifer Lowe Hewitt en hún sló fyrst í gegn í unlignahrollvekjunni I Know What You Did Last Summer.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | | | | 9 | | | |
| 7 | | | 3 | | | | | 4 |
| | | | 8 | | | 5 | | |
| | | | | | | 8 | | 5 |
| | 9 | | 5 | | 3 | | 1 | |
| 6 | | 2 | | | | | | |
| | | 1 | | | 2 | | | |
| 4 | | | | | 5 | | | 1 |
| | | | 4 | | | | 3 | 8 |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 7 | 5 | 2 | 6 | 8 | 1 | 4 | 3 |
| 3 | 2 | 8 | 7 | 4 | 1 | 5 | 6 | 9 |
| 4 | 1 | 6 | 5 | 3 | 9 | 7 | 2 | 8 |
| 8 | 9 | 3 | 6 | 7 | 4 | 2 | 1 | 5 |
| 5 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 | 6 | 9 | 7 |
| 7 | 6 | 1 | 9 | 2 | 5 | 3 | 8 | 4 |
| 1 | 3 | 9 | 4 | 5 | 2 | 8 | 7 | 6 |
| 2 | 8 | 7 | 3 | 9 | 6 | 4 | 5 | 1 |
| 6 | 5 | 4 | 1 | 8 | 7 | 9 | 3 | 2 |



▶ 18.55

*Fótbolti*

MEISTARADEILDIN

SÝN besta sætið

**16.20** Meistaradeild Evrópu 2006 – forkeppni 3. umferð **18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 Timeless** (Íþróttahetjur) Íþróttahetjur eru af öllum stærðum og gerðum.

▶ **18.55 Meistaradeildin 2006 – forkeppni 3. umferð** Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu 2006/2007 er hafin. Útsending frá leik í forkeppninni en leiknar eru þrjár umferðir áður en riðlakeppnin hefst.

**20.55 NBA – Bestu leikirnir** (LA Lakers – Boston Celtics 1987) Los Angeles Lakers og Boston Celtics háðu mörg eftirminnileg einvígi á níunda áratugnum. Liðin mættust m.a. í úrslitum NBA árið 1987 og fjórði leikur einvígsins gleymist seint.

**22.35 Hápunktar í PGA mótaröðinni** (PGA Tour highlights)

**23.30** Meistaradeildin 2006 – forkeppni 3. umferð

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Óvissuferð – allir velkomnir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Sakamálaleikritið: Tími nornarinnar **13.15** Á sumarvegi **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Bókmenntir og landafræði **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.25** Spegillinn **19.00** Á sumarvegi **19.40** Laufskálinn **20.20** Norrænt **21.00** Á ferðaslóðum: Norðurland **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Tónlistarhornið **22.15** Kvöldsagan **23.05** Tónlistarstundir í gömlu Reykjavík **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Geymt en ekki gleymt **22.10** Popp og ról

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður




Útsala

20-50% afsláttur

af hjólum, línuskautum, hjólafatnaði golfkerrum o.fl. o.fl.

Allir reiðhjólahjálmar

2.990.-

Komdu núna...

ÖRNINN

STOFNAÐ 1925

Skeifunni 11d, Sími 588 9890

Verkstæði Sími 588 9891

Opið laugard. 10-16 | Visa- og Eurorað gr. | www.orninn.is

KORTER.IS



## HRÓSIÐ

*... fær Logi Bergmann Eiðsson sem er eins og nýr maður með alskegg sem hann safnaði í fríi sínu.*

# Konur hertaka mýrarboltann

„Það stefnir í metþátttöku hjá okkur,“ segir Óli Karlsson, formaður Mýrarboltafélags Íslands, en um næstu helgi fer fram óformlegt Evrópumeistaramót í þessari sérstæðu útfærslu af vinsælustu íþrótt heims í Tungudal á Ísafirði. „Ég er reyndar ekki með staðfesta tölu en mér skilst að liðin séu orðin vel yfir tuttugu,“ bætir Óli við.

Mýrarboltinn á ættir sínar að rekja til Finnlands þar sem finnski herinn og síðar landsliðið í skíðagöngu voru látin hlaupa í mýrum. Til að gera æfinginguna enn skemmtilegri var farið að sparka í bolta en nú er svo komið að þessi „íþrótt“ er orðin ein sú allra vinsælasta þar í landi. „Heimsmeistaramótið er haldið í Finnlandi og þar keppa yfir 270 lið en þetta er einn stærsti íþróttaviðburður Finnlands,“ segir Óli. Reglurnar eru mjög áþekkar því sem flestir þekkja frá knattspyrnunni en það er engin rangstaða og þá er „hæfilegur tuddaskapur“ leyfilegur.

Mótið er hið þriðja í röðinni en það var fyrst haldið árið 2004. Að þessu sinni stefnir allt í að konur verði áberandi á mótinu og segist Óli hafa heimildir fyrir því að kvennalið frá Súðavík stundi nú æfingar af kappi. „Strákarnir þurfa því að girða sig í brók ef þeir vilja ekki verða undir í ár,“ bætir hann við en auk Evrópumeistaratitilsins verða veitt verðlaun fyrir drullugasta leikmanninn og flottasta búninginn.

Mýrarboltafélagið stefnir ótrautt að því að gera þennan viðburð enn stærri og segir Óli að hugmyndin sé að færa mótið yfir á verslunarmannahelgina að ári. Þá séu einnig hugmyndir um að markaðssetja mótið erlendis en þeir vilji þó fyrst selja hugmyndina enn betur hér á landi áður en sú útrás hefst. „Við höfum reyndar heyrt af því að danskt lið hafi skráð sig til leiks núna,“ segir Óli. - fgg



**ALLT Í DRULLU** Mýraboltinn er feykilega vinsæll í Finnlandi og vinsældir hans virðast hafa ratað uppá Ísland en um næstu helgi fer fram óformlegt Evrópumeistaramót í greininni. FRÉTTABLAÐIÐ/SÓLVEIG

| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | 13 | | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2** eymsl **6** klafi **8** klæðalaus **9** nögl **11** þreyta **12** henda **14** seglskip **16** tölvuverslun **17** hækkar **18** maðk **20** ónefndur **21** umrót.

**LÓÐRÉTT**
**1** tónlistarstefna **3** í röð **4** matarlím **5** traust **7** gera óvandlega **10** þrá **13** ferð **15** kjáni **16** al **19** fyrirtæki.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2** bágt, **6** ok, **8** ber, **9** kló, **11** lú, **12** kasta, **14** skúta, **16** bt, **17** rís, **18** orm, **20** nn, **21** rask.
**LÓÐRÉTT: 1** rokk, **3** áb, **4** gelatín, **5** trú, **7** klastra, **10** ósk, **13** túr, **15** asni, **16** bor, **19** ms.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Jóhanna K. Eyjólfsdóttir.
2. Chivas Guadalajara.
3. World Trade Center.

allt
bílar
Alla laugardaga

CATE BLANCHETT: NÝTUR LÍFSINS Á ÍSLANDI MEÐ FJÖLSKYLDUNNI

# Alþýðleg stjörnuleikkona vekur hrifningu

Stórleikkonan Cate Blanchett er stödd hér á landi ásamt eiginmanni sínum, Andrew Upton, og tveimur sonum þeirra. „Hún er jafn falleg og í kvikmyndunum,“ sagði heimildarmaður blaðsins á Búðum. Blanchett lét lítið fyrir sér fara og var mörgum ekki ljóst að þarna væri á ferð heimsfræg kvikmyndastjarna en rólegt var á Búðum um helgina enda áttu hvers kyns útihátíðir hug og hjörtu landsmanna.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins keypti leikkonan nokkra stóla á Hótel Búðum eftir listamanninn Sigga á Risi en þeir eru þrífóta með lambaskinni. Leikkonan naut í gær lífsins á Snæfellsnesi og var væntanleg aftur á Búðir í kvöldverð.

Blanchett fór á Innipúkann síðastliðið sunnudagskvöld og sá þar rjómann úr íslensku tónlistarlífi, meðal annars Mugison og Ghostigital. Samkvæmt heimildarmanni blaðsins mætti Blanchett snemma og hafði fest kaup á miða áður. Nærvera hennar fór ekki framhjá neinum á Nasa en leikkonan krafðist engrar sérmeðferðar og þakkaði kærlega fyrir sig á leiðinni út.

Blanchett snæddi einnig kvöldverð á veitingastaðnum Við Tjörnina, þjónunum þar til mikillar gleði. Fæstir þeirra snæddu á staðnum könnuðust við leikkonuna en einn þjónanna var aðdáandi leikkonunnar og „hoppaði hæð sína af kæti“ að sögn viðstaddra. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er ekki óalgent að hinir ríku og frægu leggi leið sína á þennan veitingastað á Templarasundi þannig að veitingafólkið er öllu vant. Reyndar var ekkert borð laust fyrir Blanchett en leikkonunni þótti ekki mikið tiltökumál að bíða eftir að röðin kæmi að sér og var hún mjög sátt við máltíðina.

Blanchett er einhver virtasta leikkona Hollywood um þessar mundir enda hlaut hún Óskarsverðlaunin fyrir túlkun sína á Katharine Hepburn í The Aviator. Hún leikur meðal annars stórt hlutverk í nýjustu mynd Steven Soderbergh, The Good German, þar sem George Clooney er í aðalhlutverki og þá hefur verið tilkynnt um kvikmyndina The Curious Case of Benjamin Button. Þar leikur hún á móti sjálfum Brad Pitt en leikstjóri er David Fincher.

freyrgigja@frettabladid.is



**HJÓNAKORNIN** Cate Blanchett og Andrew Upton hafa verið gift í rúm níu ár og eiga tvo syni saman. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**BÚÐIR** Blanchett kom þar við á meðan hún dvaldist á Snæfellsnesi og keypti íslenska stóla.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Fegurðardrottningin **Unnur Birna Vilhjálmsdóttir** var í fríi á Íslandi um verslunarmannahelgina og nýtti hana vel. Á föstudagskvöldinu var drottningin mætt á Innipúkann á Nasa og dansaði fram á nótt á tónleikum Jeff Who? Daginn eftir var Unnur Birna svo komin á Þjóðhátíð í Vestmanneyjum ásamt vinkonu sinni, Jónu Kristínu Heimisdóttur, Ungfrú Reykjavík. Þar voru þær stöllur í hópi góðs fólks á borð við Jón Arnór Stefánsson körfuboltamann, Emblu Grétarsdóttur fótboltakonu og kærustu Jóns, Robba Chronic plötusnúðs og fjölda tónlistarmanna og skemmtikrafta sem komu fram á hátíðinni.



Og meira af Þjóðhátíð þar sem fjölmargar skemmtilegar hefðir hafa skapast í gegnum árin. Ein þeirra tengist **Guðjóni Hjörleifssyni**, alþingismanni og fyrrum bæjarstjóra í Eyjum. Guðjón býður gestum og gangandi jafnan í humarsúpuveislu á miðnætti á sunnudagskvöldinu og engin breyting var þar á í ár. Mikil örtröð var í hvíta tjaldið hjá Guðjóni að þessu sinni, röðin út úr tjaldinu var svo löng að talað var um aldrei hefðu fleiri þegið súpu hjá þingmanninum.



Sagt var frá því á þessum stað fyrir helgi að fegurðardrottningin **Chloe Ophelia Gorbulew** heldur úti bloggsíðu þar sem hún segir frá ævintýrum sínum á Indlandi um þessar mundir. Chloe hafði að vísu ætlað að hvíla sig á bloggskrifunum en hún ákvað þó að greina frá dauða hundsins síns, Prince. Chloe skrifar hjartnæma færslu um hundinn. „Þú varst einn af okkur! Ég mun alltaf sakna geltsins þíns og gleðinnar í augum þínum þegar ég hitti þig eftir langan aðskilnað. Það fer alveg með mig að ég muni aldrei hitta þig aftur, en þú ert á góðum stað, ég veit það!“ - hdm



Stór humar, túnfiskur og úrval fiskrétta á grillið

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 11-14

# Ingólfur á krossgötum

Lítið hefur farið fyrir Ingólfi Hannessyni síðustu þrjú árin. Eftir að hafa starfað sem íþróttastjóri Ríkissjónvarpsins söðlaði hann um og hefur búið í Sviss og starfað hjá Sambandi evrópskra sjónvarpsstöðva. Þar hefur hann fengist við samningsgerð og undirbúning fyrir mót í innanhúss- og vetraríþróttum. Um næstu mánaðamót rennur út þriggja ára starfssamningur Ingólfs hjá EBU og hann stendur því á krossgötum um þessar mundir.

„Um mánaðamótin lýkur líka þriggja ára launalausu leyfi mínu hjá Ríkisútvarpinu og ég er þessa dagana að gera upp við mig hvað tekur við,“ segir Ingólfur, sem hefur dvalist á Íslandi að undanförnu. „Mér hefur verið boðið fast starf úti hjá EBU og í því felst bæði stöðuhækkun og starfstitilsbreyting,“ segir Ingólfur, sem býst við að taka ákvörðun um framtíðina í lok vikunnar. Honum hafa verið gerð fleiri starfstilboð erlendis og á því síður von á því að taka aftur við fyrri stöðu hjá RÚV. „Sú staða er ágætlega mönnuð af mínum góða félaga Samúel Erni Erlingssyni.“

Taki Ingólfur tilboði EBU hefur hann umsjón með átta alþjóðlegum samtökum og stýra samningsgerð upp á nokkra milljarða. Hann viðurkennir þó að starfið í Sviss bitni vissulega á fjölskyldulífinu.

„Ég er nú þannig settur að konan mín er að kenna á Íslandi í vetur, sonur minn er í Háskólanum og dóttir mín er í Danmörku að klára læknisfræði. Þetta er sem sagt Sviss, Ísland og Danmörk. Svo er bara reynt að sameina þetta einhvern veginn. Reynslan hefur nú samt sýnt mér að hamingjan felst ekki í flugferðum,“ segir Ingólfur Hannesson. - hdm



**INGÓLFUR HANNESSON** Hefur búið og starfað í Sviss síðustu þrjú árin. Samningur hans við EBU er að renna út en honum bjóðast ýmis tækifæri erlendis.


MORRISSEY
Í LAUGARDALSHÖLL 12. ÁGÚST 2006
Miðasala stendur yfir í verslunum Skífunnar, BT á Akureyri, Selfossi, Egilsstöðum og á midi.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



Drögum á morgun Átt þú miða?



HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
800 6611 - www.hhi.is




## BAKÞANKAR


GERÐAR KRISTNÝJAR


## *SVAÐILFÖR Í SURTSEY*

Sniglarnir bönkuðu upp á hjá samgönguráðherra á dögunum og kynntu honum hugmyndir um hraðakstur. Ein þeirra er að útbúa æfingasvæði fyrir bifhjólaakstur þar sem gerð yrði braut fyrir hraðakstur „sem myndi leiða til þess að bifhjólamenn þyrftu ekki að fá útrás á götunum“.

**EKKI** sést á umfjölluninni um fundinn á vef samgönguráðneytisins hvort orðalagið kemur frá Sniglunum eða ráðuneytinu sjálfu en kúnstugt er það. Talað er um menn sem „þurfa að fá útrás á götunum“ eins og um sé að ræða þörf sem sé þeim jafnmikilvæg og að nærast og því hljóti ríkið að eiga að útbúa þeim aðstöðu til lögbrotanna. Við sem gætum orðið svo óheppin að verða á vegi þessara manna í umferðinni getum þá bara kennt ríkinu um örkumlin sem af geta hlotist. Svo gætu reyndar sum okkar látið lífið í viðureign okkar við þessa þurftafreku menn og þá getum við ekki kennt neinum um. Við verðum dauð.

**Í SUMAR** hefur fjöldi ofbeldisbrota verið framinn. Einna frægast er líklega eyrnabitið á Kaffibarnum. Eins og Íslendingasögurnar sýna hafa handalögmál verið stunduð mun lengur hér á landi en hraðakstur. Því er eflaust löngu kominn tími til að ríkið útbúi eyrnabítum, hnífavingsurum og magaspörkurum aðstöðu til að þeir fái útrás fyrir höfnunina sem þeir urðu fyrir þegar mæður þeirra tóku þá ekki með sér að versla í Vörumarkaðinum eða þegar eldri bræður þeirra leyfðu þeim ekki vera með í rommí á öndverðum 9. áratugnum. Í þessari aðstöðu mætti koma fyrir boxpúðum með ámáluðum andlitum sem lumbra mætti á. Þetta gæti orðið atvinnuskapandi því eflaust tækju leikmynda- og búningahönnuðir landsins því fegins hendi að komast í svona verkefni.

**KANNSKI** verður einkageirinn fyrri til. Í fyrradag birtist frétt á mbl.is þar sem sagt var frá kínverskum bareigenda sem hafði „fundið óvenjulega aðferð við að aðstoða fólk við að losa við innri spennu“. Bargestir fá að brjóta glös, öskra og síðast en ekki síst að lemja starfsfólkið. Því fylgdi reyndar sögunni að það hefði fengið sérstaka þjálfun í að taka við barsmíðunum – ólíkt okkur hér á Íslandi sem vitum ekkert hvernig á að bregðast við þegar við mætum bifhjólamanni á 210 km hraða eða finnum hvernig fótunum er skyndilega sparkað undan okkur í miðbænum. Komum öllum þessum mönnum endilega upp aðstöðu! Úti í Surtsey!


www.toyota.is




**Yaris risaSMÁR – aftur og aftur**

**Yaris er enginn venjulegur bíll.**
risaSMÁ hönnun hans og tækni gerir það að verkum að hann hefur eiginleika stærri bíla hvað varðar rými og getu en jafnframt eiginleika smærri bíla hvað varðar lipurð og eyðslu. Núna færðu risaSMÁAN Yaris 1.0 l með frábærum aukahlutum sem gera tilfinninguna risaSMÆRRI.
Yaris er bíll sem fólk vill eiga og keyra. **Aftur og aftur.**

Það er gott að vera lítill. Það er gott að vera stór.
En risaSMÁR er snilld.

risaSMÁR **aukahlutapakki**
- Filmur í rúður
- Krómlisti á hlera
- Krómstútur á púst
- Vindskeið

**Verð frá 1.585.000 kr.**

TODAY TOMORROW **TOYOTA**

| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
|---|---|---|---|---|
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |

SPARI DAGAR
Í FIMM VERSLUNUM OG HJÁ UMBOÐSMÖNNUM
KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP!

TEFAL
Pottar og pönnur
25–40% afsláttur



TEFAL
Strjáujárn
20% afsláttur



AEG
ÞVOTTAVÉLAR
ÞURRKARAR
UPPÞVOTTAVÉLAR
KÆLISKÁPAR
OFNAR - VIFTUR
HELLUBORÐ
15% AFSLÁTTUR

Pioneer
HEIMABÍÓ
Nýtt módel 2006/2007



Verð áður: 59.900 kr.
TILBOÐSVERÐ: 49.900 kr.
ORMSSON

SJÁ NÁNAR Á WWW.ORMSSON.IS | AKUREYRI · Sími 461 5000 | KEFLAVÍK · Sími 421 1535 | SMÁRALIND · Sími 530 2900 | SÍÐUMÚLA 9 · Sími 530 2800 | LÁGMÚLA 8 · Sími 530 2800